
Vettel hinn nýi Schumacher?
**kappakstur** 36


Sykursætir pastellitir
**tíska** 44


Undir stjörnubjörtum Saharahimni
**marokkó** 32


**spottið** 16


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**
**17. mars 2012**
65. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Nýtt líf í Dyngjunni
*Edda V. Guðmundsdóttir veitir forstöðu eina áfangaheimili landsins sem er eingöngu fyrir konur.*
**samfélagsverðlaun** 28



## Furðumeiðsl í fótbolta
*Skringileg íþróttameiðsl eru býsna algeng, sérstaklega hjá markmönnum.*
**íþróttir** 40

## Upp á líf og dauða
*Heimsbyggðin fylgist með Hungurleikunum.*
**menning** 38

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fermingargjafir | Fólk | Atvinna






**GRÍNBRÆÐUR** Sýningar á nýrri þáttaröð grínhópsins Mið-Íslands, sem Ari Eldjárn er hluti af, hefjast senn á Stöð 2. Ari segir Fóstbræðraþættina, sem sýndir voru á sömu stöð fyrir rúmum áratug og skörtuðu meðal annarra Þorsteini Guðmundssyni, hafa haft mikil áhrif á sig. Þeir félagarnir ræða vítt og breitt um grín í Fréttablaðinu. **Sjá síðu 26**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 200 einstaklingar utangarðs

**Um 200 manns sem koma árlega á meðferðarheimilið Vog hafa áður fengið þar meðferð tíu sinnum eða oftar. Mjög margir búa við óviðunandi aðstæður. Um 40 til 50 manns eru taldir heimilislausir í Reykjavík.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Um tvö hundruð manns sem koma árlega á Vog hafa sótt sér meðferð þangað áður tíu sinnum eða oftar. Flestir glíma við geðræn vandamál. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins þurfa hátt í 150 af þessum 200 frekari úrræði frá heilbrigðis- eða félagsmálayfirvöldum eftir áfengis- og vímuefnameðferðina á Vogi.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru um tíu prósent með veruleg andfélagsleg vandamál eða hafa verið í fangelsi 2 ár eða lengur. Um 15 prósent eru með alvarlega, virka geðsjúkdóma og um 20 prósent með alvarlegar geðraskanir. Um 50 manns úr þessum hópi geta gert sér vonir um bata með leiðum sem boðið er upp á á Vogi.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir erfitt að skilgreina þann hóp sem er talinn „utangarðs“. Um 40 til 50 einstaklingar sem eru í daglegri neyslu og stöðugri vímu koma árlega á Vog. Margir þeirra eiga í engin hús að venda.

„Sumir yfirgefa heimili sín, aðrir geta ekki stofnað sín eigin,” segir Þórarinn. „Oftar en ekki er þetta fólk með geðræn vandamál, fíkniefnatengd vandamál eða aðra sjúkdóma sem koma í veg fyrir að fólk geti verið í sínu eigin húsnæði.“

Reykjavíkurborg mun verja 40 milljónum króna í samfélagsverkefnið Borgarverði, þar sem utangarðsfólki verður veitt ýmis þjónusta.

Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi VG í velferðarráði, segir þó brýnt að auka úrræðin enn frekar. Meðal annars telur hann nauðsynlegt að endurskoða rekstur Gistiskýlisins við Þingholtsstræti 25, en áframhaldandi samstarfssamningur við Samhjálp var lagður fram á fundi velferðarráðs á miðvikudag. **- sv**









**SPURNING DAGSINS**



*Jóhann, er golfíþróttin komin út um víðan völl í Grímsnesi?*

„Já, enda legg ég til að nafni sveitarfélagsins verði breytt í Grímsness- og Golfvallarhrepp.“

Jóhann Friðbjörnsson er formaður Golfklúbbsins Kiðjabergs sem kært hefur Grímsness- og Grafningshrepp fyrir að ætla að byggja nýjan golfvöll á Minni-Borg.

Mannskæð átök milli skipulagðra glæpahópa í Svíþjóð:

# Sænskur glæpaforingi myrtur

**SVÍÞJÓÐ** Jörgen Lindskog, foringi vélhjólasamtakanna Outlaws í bænum Ronneby í Suður-Svíþjóð, fannst látinn fyrr í vikunni.

Augljóst var af verksummerkjum að um morð var að ræða og telur lögregla flest benda til þess að morðið tengist skipulagðri glæpastarfsemi, annað hvort átökum milli glæpagengja eða innan Outlaws.

Lindskog, sem var 49 ára gamall og fjögurra barna faðir, átti að mæta fyrir rétt í Karlskrona á þriðjudag, ákærður fyrir hótanir og ofbeldisverk. Hann hefur áður hlotið dóma en þó ekki vegna ofbeldismála.



JÖRGEN LINDSKOG

Lindskog mætti hins vegar ekki fyrir réttinn, en fannst svo látinn sex tímum síðar undir bifreið á þjóðvegi í skóglendi skammt utan við Ronneby. Tvö skotsár voru á hnakka hans, en hann hafði verið látinn í nokkurn tíma þegar vegfarendur urðu hans varir og hringdu á lögreglu.

Aftonbladet í Svíþjóð segir í umfjöllun sinni um málið að Lindskog hafi verið augljóslega taugatrekktur af einhverjum ókunnum sökum. Heimildir blaðsins herma að ummerki á vettvangi hafi bent til þess að um aftöku hafi verið að ræða.

Lögregla útilokar ekki að morðið tengist illdeilum Outlaws við annan klúbb, Red and White Crew að nafni, sem er stuðningsklúbbur Hells Angels í Svíþjóð, en einnig hafa verið átök innan Outlaws upp á síðkastið. **- þj**

Handtekinn á vinnustað:

## 600 grömm af kannabis tekin

**LÖGREGLUMÁL** Lagt var hald á sex hundruð grömm af kannabis í húsleit lögreglu á Selfossi á miðvikudag. Grunur lék á um ræktun og gaf fíkniefnahundurinn Buster vísbendingu um að í húsinu væru fíkniefni. Húsráðandi, sem handtekinn var á vinnustað sínum, viðurkenndi að hafa stundað ræktun síðustu mánuði. Hann hafði verið í fjárhagskröggum og ætlaði að selja efnin.

Lögregla áætlar að virði efnanna nemi rúmum tveimur milljónum króna. **- óká**



**STOKKHÓLMUR** Norðmenn eru ósáttir við nafngiftina „Höfuðborg Skandinavíu“.

Slagorð veldur titringi:

## Norðmenn eru fúlir út í Svía

**SVÍÞJÓÐ** Stokkhólmsborg hefur frá árinu 2005 kallað sig „The Capital of Scandinavia“, það er að segja höfuðborg Skandinavíu. Þetta slagorð fór í taugarnar á fulltrúum annarra höfuðborga Norðurlanda á fjárfestinga- og fasteignamessu 200 stærstu borga Evrópu í Cannes á dögunum, að því er greint er frá á vef Svenska Dagbladet.

Norðmenn eru sagðir hafa verið sérstaklega pirraðir. Einn fulltrúa þeirra, Erling Fossen, sagði þetta dæmigert sænskt mikilmennskubrjálæði.

Svíar benda á að Stokkhólmur sé stærsta borg Norðurlanda. **- ibs**

Líkamsárás á Smiðjustíg:

## Sparkað ítrekað í liggjandi mann

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild eftir fólskulega líkamsárás fyrir utan veitingahús við Smiðjustíg um klukkan eitt í fyrrinótt.**

**Maðurinn var með áverka í andliti eftir að árásarmaðurinn sló hann niður og kenndi eymsla í kviðarholi en árásarmaðurinn sparkaði ítrekað í hann liggjandi.**

**Þolandinn veit ekki hver árásarmaðurinn er og hafði sá forðað sér áður en lögregla kom á vettvang. Árásin virðist hafa verið tilefnislaus, því hvorugur átti eitthvað sökótt við hinn.**

# Lögreglan gagnrýnir frumvarp Ögmundar

**Frumvarp Ögmundar Jónassonar um forvirkar rannsóknarheimildir gengur allt of skammt, að mati lögreglu. Formaður Landssambands lögreglumanna segir að einungis sé kallað eftir sams konar heimildum og tíðkist í nágrannalöndum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla telur frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um forvirkar rannsóknarheimildir ganga allt of skammt og bæti litlu sem engu við þær heimildir sem hún hefur nú þegar. Yfirmenn hennar hafa lýst þessu sjónarmiði í samtölum við ráðherra og allsherjarnefnd Alþingis, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Frumvarpið var lagt fram í vikunni og samkvæmt því bætist við nýtt ákvæði í lög um meðferð sakamála sem kveður á um að lögreglu sé heimilt að hefja rannsókn ef grunur vaknar um að menn ætli sér að fremja brot sem varðar fjögurra ára fangelsi og að brotið sé liður í skipulagðri glæpastarfsemi.

Til þessa hefur einungis verið heimilt að hefja rannsókn á broti sem enn hefur ekki verið framið að því gefnu að það varði við átta ára fangelsisvist.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, vill ekki tjá sig um málið að svo stöddu. „Við þurfum að skoða þetta frumvarp og munum síðan væntanlega gera allsherjarnefnd grein fyrir okkar afstöðu til þess áður en við látum eitthvað uppi formlega á öðrum vettvangi. Við þurfum að vega það og meta hvað, ef eitthvað, er sett til viðbótar í okkar vopnabúr með þessu ákvæði,“ segir Stefán.

„Miðað við það sem ég hef heyrt um þetta frumvarp innan úr okkar röðum er ljóst að það gengur alls ekki nógu langt,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, en tekur þó fram að hann hafi ekki kynnt sér efni þess sjálfur.




**SKIPULÖGÐ GLÆPASAMTÖK** Vítisenglar eru skilgreindir sem skipulögð glæpasamtök og lögreglan hefur miklar áhyggjur af uppgangi þeirra hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



STEFÁN EIRÍKSSON



SNORRI MAGNÚSSON

„Það sem lögreglan hefur verið að kalla eftir, og Landssamband lögreglumanna styður heilshugar, eru sams konar heimildir og lögregluliðið í löndunum í kringum okkur hefur, aðallega á hinum Norðurlöndunum,“ segir Snorri. „Þær eru nokkuð víðtækari. Þar þurfa málin ekki endilega að vera komin á það stig að tiltekið brot sé yfirvofandi. Þar getur lögregla, á fullkomlega löglegan hátt, fylgst með ákveðnum hópum í samfélaginu án þess að þeir séu endilega að fara að fremja brot í dag eða á morgun og safnað um þá upplýsingum sem síðan geta leitt til opinberra mála,“ útskýrir hann.

Þetta sé hins vegar allt undir ströngu eftirliti opinberra aðila og þingnefnda. **stigur@frettabladid.is**



**RAUÐHUMLA** Um rauðhumlur er fjallað á pödduvefnum. Þær nefnast líka ryðhumlur. MYND/ERLING ÓLAFSSON

Stöðug fjölgun á pödduvef:

## Hafa náð 250 tegunda marki

**NÁTTÚRUFAR Um miðjan þennan mánuð náðist 250 tegunda markið á pödduvef Náttúrufræðistofnunar. Vefnum var hleypt af stokkunum 14. ágúst 2009, en þá voru kynntar til sögunnar 80 tegundir.**

**„Stefnan var sett á það í upphafi að bæta tveim nýjum tegundum á vefinn í viku hverri. Það hefur gengið þokkalega eftir ef undanskilin eru hlé vegna sumarleyfa og flutninga aðseturs Náttúrufræðistofnunar frá Reykjavík til Garðabæjar haustið 2010,“ segir á vef Náttúrufræðistofnunar.** **- óká**

Nýjar upplýsingar um PIP:

## Enn fleiri gætu verið gallaðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðuneytið býður nú öllum konum sem hafa fengið PIP-brjóstafyllingar síðan árið 1992 að koma í ómskoðun. Ástæðan er sú að frönsk yfirvöld gáfu út í vikunni að ekki sé hægt að útiloka að PIP-fyllingarnar sem framleiddar voru fyrir árið 2001 séu gallaðar. Framleiðsla á púðunum hófst árið 1992. Þetta kemur fram í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu.

Ljóst er að sá fjöldi kvenna, sem yfirvöld hafa gefið út að séu með fyllingarnar, geti nú farið hækkandi, en upphaflega var konum sem fengu púðana í sig á tímabilinu 2001 til 2011 boðið að koma í skoðun. Þær eru um 440 talsins. **- sv**


1 ÁRS AFMÆLISVIKA
VIÐ ENDURTÖKUM ÖLL VINSÆLUSTU TILBOÐIN
GILDIR Í 24 TÍMA

Fjögurra rétta vetrarveisla á aðeins 4.900 kr. Freyðivín, humarsúpa, carpaccio, lamba-prime og súkkulaðikaka!




4.900 kr.
Verð ~~8.800~~ kr.
Afsláttur
3.900 kr. 44%

30x40 cm strigaprentun og blindrammi á 2.990 kr. (kostar 5.990 kr.). Persónuleg strigaprentun er gjöf sem gleður!




2.990 kr.
Verð ~~5.990~~ kr.
Afsláttur
3.000 kr. 50%

HÓPKAUP
hopkaup.is

1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréf!


Fyrirtaka í málinu gegn Kaupþingsmönnum vegna Al Thani-kaupanna:

# Sigurður sagðist vera saklaus

**DÓMSMÁL** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, lýsti yfir sakleysi sínu í dómsal í gær við fyrirtöku í Al Thani-málinu svokallaða. Hinir þrír sakborningarnir; Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson, sem allir eru í hópi stjórnenda og eigenda Kaupþings, mættu ekki fyrir dóminn.

„Ég lýsi mig saklausan af þeim ávirðingum sem á mig eru bornar,“ sagði Sigurður í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær, þar sem hann yfirgaf réttarsal. Sigurður er ákærður ásamt Hreiðari Má fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í tengslum við meint sýndarviðskipti Mohamed Bin Khalifa Al Thani, bróður emírsins frá Katar, á fimm prósenta hlut í Kaupþingi rétt fyrir hrun.

Málið var fyrst tekið fyrir hinn sjöunda þessa mánaðar, en þá mætti enginn sakborninganna fyrir dóminn og var málinu því frestað.

Brotin geta varðað allt að sex ára fangelsi og allt að níu ára fangelsi verði þeir sakfelldir og dómari ákveði að bæta við refsingu allt að helming hennar, en heimild er fyrir slíku í hegningarlögum.



**NEITAR SÖK** Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings, lýsti yfir sakleysi sínu þegar mál gegn honum og þremur öðrum Kaupþingsmönnum var tekið fyrir í gær. MYND/STÖÐ 2

Málinu verður fram haldið 29. mars næstkomandi. Í fréttum Stöðvar 2 kom fram að lögmenn þremenninganna, sem ekki mættu í gær, hygðust mæta þá. **- þj**


Kringlan
Fimmtudag til mánudags
Kringlukast
Nýtt kortatímabil
Nýjar vörur
20–50% afsláttur
Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

**GENGIÐ 16.03.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,14 | 127,74 |
| Sterlingspund | 199,94 | 200,92 |
| Evra | 165,92 | 166,84 |
| Dönsk króna | 22,312 | 22,442 |
| Norsk króna | 21,944 | 22,074 |
| Sænsk króna | 18,667 | 18,777 |
| Japanskt jen | 1,5176 | 1,5264 |
| SDR | 194,57 | 195,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,468

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ársreikningur samstæðu Landsbankans sýnir 16,9 milljarða króna hagnað á síðasta ári:

# 38 milljarðar afskrifaðir vegna gengisdóms

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn færði eignir sínar niður um 38 milljarða króna vegna endurreiknings á gengislánum eftir dóm Hæstaréttar frá í síðasta mánuði. Þetta kemur fram í ársreikningi bankans sem gefinn var út í gær.

Í tilkynningu frá bankanum er tekið fram að í þessum útreikningi, sem sé í samræmi við óskir Fjármálaeftirlitsins, felist engin afstaða til þess hversu víðtækt fordæmisgildi umræddur dómur hefur. Steinþór Pálsson bankastjóri segir í tilkynningunni að nýfallnir dómar hafi ekki verið nægjanlega skýrir og hafi því „valdið óvissu um hvernig fara á með ólögmæt lán og haga endurútreikningi þeirra“.

Steinþór segir bankann sýna ýtrustu varúð í mati á áhrifum dómsins. „Ljóst er að fleiri dómar þurfa að falla áður en myndin skýrist.“

Þess vegna, að því er kemur fram í tilkynningunni, gæti þessi upphæð komið til með að breytast eftir því sem mál þróast.

Fram kom í ársreikningi Arion banka sem gefinn var út á fimmtudag að þar hafi 13,8 milljarðar verið afskrifaðir, en Íslandsbanki hefur ekki enn skilað ársreikningi.

Meðal annars sem fram kemur í ársreikningnum er að hagnaður bankans á síðasta ári nam 16,9 milljörðum og arðsemi eiginfjár bankans eftir skatta á síðasta ári var 8,8%.

Heildareignir Landsbankans um síðustu áramót voru 1.135 milljarðar króna og höfðu þá vaxið um 55 milljarða á árinu 2011. Íslenska ríkið á rúmlega 80 prósenta hlut í bankanum og hefur verðmæti hlutarins aukist um 33 milljarða umfram fjármagnskostnað. - þj



**MILLJARÐA NIÐURFÆRSLA** Landsbankinn færði eignir sínar niður um 38 milljarða vegna gengislánadóms Hæstaréttar í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

LA mögulega sameinað öðru:

## Leitað suður eftir samstarfi

**AKUREYRI** Leikfélag Akureyrar hefur leitað til Magnúsar Geirs Þórðarsonar, leikhússtjóra Borgarleikhússins, í viðleitni við að sameina tímabundið samvinnu milli LA, Borgarleikhússins og Menningarfélagsins Hofs. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Akureyrarstofu.



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON**

„Þannig gæti félagið ráðist í umfangsmiklar sparnaðaraðgerðir þegar í stað sem felast m.a. í því að nýta sameiginlega þann mannauð sem LA og Menningarhúsið Hof hafa yfir að ráða og minnka þannig yfirbyggingu LA tímabundið,“ segir í tilkynningunni. - sv

Áætluð virkjun í Hverahlíð:

## Mannvirkin fari aftur til OR

**ORKUMÁL** Tryggt verður að eignarhald á mannvirkjum fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirkjunar, sem og rekstri þeirra, muni falla til Orkuveitu Reykjavíkur (OR) eftir ákveðinn tíma ef samningar nást um samstarf við lífeyrissjóði og Norðurál um byggingu virkjunarinnar.

Þetta kom fram í tillögu sem Haraldur Flosi Tryggvason stjórnarformaður lagði fram á stjórnarfundi í gær. Þar er líka tekið fram að ekkert framsal verði á eignarrétti á auðlindum.

Afgreiðslu tillögunnar var frestað til næsta fundar. - þj

# Rekstrarniðurstaða OR batnaði til muna

**Orkuveita Reykjavíkur birti í gær ársreikning fyrir 2011. Rekstrartekjur fyrirtækisins hækkuðu um 20% og rekstrarkostnaður lækkaði um rúm 11%. Gríðarháar skuldir sliga enn fyrirtækið en sparnaðaráætlun stjórnar hefur staðist til þessa.**

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur (OR) tapaði 556 milljónum króna á árinu 2011 samanborið við 13,7 milljarða hagnað á árinu 2010. Viðsnúningurinn skýrist að stærstu leyti af veikingu krónunnar á árinu sem hefur hækkað virði erlendra skulda fyrirtækisins. Áætlanir stjórnar OR um tiltekt í rekstri fyrirtækisins hafa hins vegar staðist og gott betur en rekstrarhagnaður fyrirtækisins rúmlega tvöfaldaðist á milli ára.

Rekstrartekjur hækkuðu þannig úr 27,9 milljörðum í 33,6 milljarða á meðan rekstrarkostnaður lækkaði úr 14,0 milljörðum í 12,4 milljarða.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársreikningi OR fyrir árið 2011 sem birtur var í gær. Sem fyrr ber að skoða rekstur OR með hliðsjón af þungri skuldastöðu fyrirtækisins en í mars á síðasta ári var kynnt aðgerðaáætlun sem miðar því að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins. Þar á meðal samþykktu sveitarfélögin sem eiga fyrirtækið að veita því 12 milljarða króna víkjandi lán.

Áætlun OR nefnist „Planið“ og nær til ársins 2016. Í henni hefur fyrirtækið sett sér markmið um hagræðingu í rekstri á hverju ári til og með 2016. Stefnir það að því að ná fram sparnaði sem nemur rétt rúmum 50 milljörðum króna á tímabilinu umfram fyrri áætlanir, meðal annars með sölu eigna, frestun fjárfestinga og hagræðingu í rekstri.

Mun fyrirtækið framvegis birta skýrslu um hvernig miðar að ná settum markmiðum samhliða birtingu ársfjórðungsuppgjöra. Slík skýrsla var birt í annað sinn í gær.

Kemur þar fram að markmið OR um að bæta sjóðflæði fyrirtækisins um 11,5 milljarða á árinu 2011 náðist en alls var það bætt um 12,7 milljarða þrátt fyrir óhagstæða þróun ytri breyta. Var raunárangur í flestum tilfellum talsvert betri en stefnt var að en sérstaka athygli vekur þó að rekstrarkostnaður var lækkaður um tæpar 750 milljónir sem er langt umfram markmið stjórnar sem hljóðaði upp á 300 milljónir.

Í tengslum við lækkun rekstrarkostnaðar hefur starfsfólki verið fækkað nokkuð hjá OR eða um alls 68 á árinu. Þá hefur starfsmönnum fækkað um 154 frá því þegar mest var árið 2008.

magnusl@frettabladid.is



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** OR tókst á árinu 2011 að ná markmiðum sínum um verulega bætt sjóðflæði. Þungir gjalddagar bíða fyrirtækisins á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Stórir gjalddagar lána á næstu árum

Alls voru vaxtaberandi skuldir OR rétt rúmir 230 milljarðar í lok árs 2011 og höfðu hækkað um fimm milljarða milli ára. Eigið fé OR var til hliðsjónar tæpir 62 milljarðar króna og hækkaði um tæpa 9 milljarða.

OR stendur frammi fyrir stórum gjalddögum á næstu árum en samanlagt nema afborganir hátt í 100 milljörðum til og með árinu 2016. Þar af eru 14,3 milljarðar á gjalddaga á þessu ári og 29,3 milljarðar á því næsta.



**LOÐNA** Stóraukinn loðnuveiði í febrúar í ár hækkar heildaraflann um 100.000 tonn milli ára og verðmæti um 28%. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fiskafli í febrúarmánuði:

## Aflaverðmæti jókst um 28%

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa í nýliðnum febrúarmánuði nam alls 312.221 tonni sem er umtalsvert meira en í febrúar í fyrra þar sem aflinn var 210.005 tonn. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Þessi aukning felst að langmestu leyti í tæplega 270.000 tonna loðnuafla í febrúar samanborið við 173.000 tonn í febrúar 2011. Aflaverðmæti á föstu verði var 28,7% meira í síðasta mánuði en í febrúar 2011. Það sem af er árinu hefur aflinn aukist um 33,6% miðað við sama tímabil 2011. - þj

Herflugvél horfin af ratsjá:

## Brak úr vélinni kannski fundið

**SVÍÞJÓÐ Gríðarlega erfiðar aðstæður eru til leitar á því svæði sem talið er að norsk herflugvél hafi farist á fimmtudag.**

**Vélin hvarf af ratsjá yfir norðurhluta Svíþjóðar en fimm manna áhöfn var um borð í vélinni. Í gærkvöldi bárust fréttir af því að fundist hefði brak sem gæti verið úr vélinni í fjallshlíðum en þó var ekki hægt að fullyrða um hvort að það væri úr vélinni.**

**Leitarsvæðið er afar erfitt yfirferðar, en norsk fjallabjörgunarsveit hefur boðið fram aðstoð sína.** - þj






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FALLEGUR DAGUR**
Við skulum njóta veðursins í dag og á morgun en síðdegis á morgun kemur lægð með stífri suðaustanátt með úrkomu um sunnan- og vestanvert landið. Snjókoma í fyrstu og síðan slydda eða rigning en það hlýnar heldur til mánudags.



Á MORGUN
Vaxandi SA-átt, víða allhvasst annað kvöld.

MÁNUDAGUR
8-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 10° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 12° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 14° |
| París | 12° |
| San Francisco | 8° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is





**Túlípanar**
Stórkostleg sýning á fjölda tegunda í anda gamla Sigtúnsins!



# Blómasýning
## ársins í Blómavali Skútuvogi



**Orkideur**
Mikill fjöldi tegunda á magnaðri Orkideusýningu.



## BLÓMASÝNING ÁRSINS

**þema sýningarinnar er íslensk eyðibýli**

Komdu og sjáðu ótrúlega blómasýningu í Skútuvogi.

Sýningin er fyrir alla fjölskylduna og unnendur blóma og garðræktar!

Fjöldi afbrigða af túlipönum, orkideum, gerberum og liljum.

**TAKTU ÞÁTT!
Veldu fallegasta túlipanann, orkideuna og liljuna og þú gætir unnið veglegt gjafabréf!**

Ekki láta þessa einstöku sýningu framhjá þér fara!



tilboð
10 stk.
Túlípanar
**990kr**

tilboð
Gerberur
og rósabúnt
**999kr**

tilboð
Orkideur
**1.990kr**



**Liljur og Gerberur**
verða líka á sýningunni.



**999kr**
Prímúlur 3 stk.



tilboð
Tet a tet 1 stk.
**199kr**
takmarkað magn
Tet a Tet
páskaliljur í potti



**399kr**
Perlulilja í potti
(Muscari)

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

## Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 9

# Segir allar ásakanir á hendur Geir rangar

**Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar koma í veg fyrir að Geir H. Haarde verði gerð refsing vegna Landsdómsmálsins vegna óljósra heimilda í lögum, sagði verjandi Geirs í gær. Hann gagnrýndi saksóknara fyrir að sýna ekki fram á hvað Geir hefði átt að gera og hverju það hefði breytt.**

Heimildir til að refsa Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir þau ákæruatriði sem fjallað hefur verið um fyrir Landsdómi eru svo óljósar og matskenndar að þær brjóta gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta fullyrti Andri Árnason, verjandi Geirs, í málflutningi sínum fyrir Landsdómi í gær.

Í gær lauk tveggja vikna aðalmeðferð málsins í Þjóðmenningarhúsinu með munnlegum málflutningi Andra. Málið var að því loknu dómtekið. Ekki er sagt fyrir um hversu langan tíma dómstóllinn hefur til að kveða upp dóm í lögum, en búist er við því að dómur falli um eða eftir miðjan apríl.

Andri sagði allt rangt sem Geir sé sakaður um í ákæru saksóknara Alþingis og að saksóknara hafi ekki tekist að sanna að Geir hafi á nokkurn hátt brotið gegn lögum í starfi sínu sem forsætisráðherra.

Þrjú skilyrði verður að uppfylla til að sannað þyki að Geir hafi gerst brotlegur við lög og saksóknaranum tókst ekki að uppfylla neitt þeirra, sagði Andri.

Þannig hafi ekki verið sýnt fram á að sú hætta hafi verið til staðar sem ógnað hafi heill íslenska ríkisins. Ekki hafi verið sýnt fram á að slík hætta hafi verið fyrirsjáanleg. Þaðan af síður hafi verið sýnt fram á að Geir hafi ekki gert allt sem í hans valdi stóð til að afstýra hættunni eða takmarka tjón af hennar völdum.

Andri benti á að hvorki Rannsóknarnefnd Alþingis né settum ríkissaksóknara hafi þótt yfirmenn Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafa sýnt af sér gáleysi í aðdraganda hrunsins. Því skjóti skökku við að Alþingi hafi sakað ráðherrann um vanrækslu þegar sama hafi ekki átt við um embættismennina. Hann sagði fráleitt að Geir eða aðrir hefðu getað séð kreppuna og áhrif hennar fyrir. Jafnvel æðstu yfirmenn Seðlabanka Evrópu og bandaríska seðlabankans hafi viðurkennt að hafa ekki séð hamfarirnar fyrir. Þá hafi verið viðurkennt á alþjóðavettvangi að viðbrögð íslenskra stjórnvalda í hruninu hafi takmarkað verulega áhrif hrunsins. Andri gagnrýndi saksóknara Alþingis harðlega fyrir að rannsaka ekki málið til fullnustu áður en það var flutt fyrir Landsdómi. Ekkert liggi fyrir hvað Geir hafi átt að gera til að afstýra tjóni, eða hverjar afleiðingarnar hefðu verið hefði hann gert eitthvað það sem saksóknarinn hafi nefnt sem mögulegar aðgerðir stjórnvalda.

Þá sagði hann saksóknarann ekki hafa lagt mat á beint tjón sem Geir eigi að hafa valdið. Andri vísaði í vitnisburð Steingríms J. Sigfússonar, sem tók við sem fjármálaráðherra eftir hrunið. Steingrímur sagði fyrir Landsdómi að beint tjón ríkisins hafi einskorðast við endurfjármögnun Seðlabankans.

Andri sagði þá endurfjármögnun hafa verið nauðsynlega vegna svokallaðra ástarbréfaviðskipta bankans. Bankastjórar Seðlabankans hafi tekið allar ákvarðanir um þau viðskipti og Geir hvergi komið nærri. Þá verði að líta til þess að Seðlabankinn sé sjálfstæð stofnun og ekki undir beinu boðvaldi ráðherra. Því beri Geir ekki ráðherraábyrgð á aðgerðum bankans.

### Vanræksla samráðshópsins

**Í fyrsta ákæruliðnum, lið 1.3, er Geir ákærður fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika væru markviss og skiluðu árangri.**

Andri sagði saksóknara hafa mistekist algerlega að skýra hvað átt sé við með þessum ákærulið. Þar með talið hvað hafi vantað upp á til að starf samráðshópsins teldist markvisst, og hvað hafi verið tilætlaður árangur af starfi hópsins.

Tilgangur hópsins var einfaldur, og kemur fram í samkomulagi sem gert var þegar hann var stofnaður, sagði Andri. Hópnum hafi verið ætlað að vera samráðsvettvangur milli Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og þeirra ráðuneyta sem hafi haft með fjármálastöðugleika að gera. Þessu samráði sagði Andri að hafi verið sinnt af hópnum og hann því skilað tilætluðum árangri.

Það er síðari tíma spuni hjá Rannsóknarnefnd Alþingis að hópurinn hafi átt að semja einhvers konar viðbragðsáætlun, sagði Andri. Hann sagði fráleitt að álykta að hópurinn hefði átt að gera eitthvað sem ekki hafi verið á hans verksviði, og tala svo um vanrækslu þegar hópurinn hafi ekki sinnt því verkefni. Slíkt geti ekki bakað Geir refsiábyrgð.

### Smækka banka og senda úr landi

**Í öðrum ákæruliðnum, lið 1.4, er Geir ákærður fyrir að hafa ekki haft frumkvæði að virkum aðgerðum ríkisvaldsins til að draga úr stærð bankakerfisins, til dæmis með því að einn bankanna flytti höfuðstöðvar sínar úr landi.**

Geir hafði enga lagaheimild til að grípa til beinna aðgerða gegn bönkunum til að selja eignir eða flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, og fráleitt hefði verið að reyna slíkar aðgerðir í aðdraganda hrunsins, sagði Andri.

Hann átaldi saksóknara Alþingis fyrir að hafa ekki á nokkurn hátt sýnt fram á hvernig Geir hefði átt að fara að því að þvinga bankana til slíkra aðgerða.

„Það blasir við að aðgerðir af hálfu ákærða voru bæði óheimilar og ólöglegar,“ sagði Andri. Hann sagði að afar vanhugsað hefði verið að setja lög sem hefðu heimilað slíka valdbeitingu, og raunar óvíst að slík lög hefðu komist í gegnum Alþingi á þessum tíma.

Andri benti á að allar eftirlitsstofnanir hafi talið bankana trausta, en með því að þvinga bankana til að selja eignir langt undir raunvirði hefðu stjórnvöld mögulega getað ýtt bönkunum í þrot sumarið 2008, og vafasamt væri að slíkt hafi verið hlutverk stjórnvalda.

Engar sönnur hafa verið færðar um að flutningur Kaupþings úr landi á árinu 2008 hafi verið mögulegur, sagði Andri. Engu að síður sé það talið refsivert að mati saksóknara. Hann sagði bæði Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið hafa vitað að slíkur „hreppaflutningur“ á banka væri ómögulegur á þessum tíma, og því hafi þessar stofnanir ekki eytt tíma eða fyrirhöfn í þau áform.

### Flytja Icesave í breskt dótturfélag

**Í þriðja ákæruliðnum, lið 1.5, er Geir ákærður fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri að flutningi Icesave-reikninganna frá útibúi Landsbankans í Bretlandi í dótturfélag með virkri aðkomu ríkisvaldsins.**

Ekki er á nokkurn hátt raunhæft eða eðlilegt að ætla að Geir hafi sem forsætisráðherra átt að vera í forystusveit þeirra sem unnu að því að færa Icesave-reikninga Landsbankans í dótturfélag, sagði Andri.

Hann sagði að Geir hefði sem forsætisráðherra vitað að málið hafi verið í vinnslu hjá Landsbankanum fyrir atbeina Fjármálaeftirlitsins. Ekkert hafi gefið til kynna að málið fengi ekki viðeigandi meðferð hjá eftirlitinu. Flutningur reikninganna í dótturfélag hafi verið flóknir eins og langdregnar samningaviðræður stjórnenda Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins hefðu borið með sér, sagði Andri. Þau mál hafi einfaldlega verið í ferli þar til fjármálakerfið hafi hrunið.

„Það var ekki þannig að það væri hægt að ýta á takka og klára þetta,“ sagði Andri. Hann benti á að samráðshópur stjórnvalda hefði fundað ítrekað um málið, en alltaf ályktað að rétt væri að Fjármálaeftirlitið héldi áfram að vinna í málinu, og óþarfi hefði verið að kalla ráðherra að málinu.

### Ræða ógn á ríkisstjórnarfundum

**Í fjórða ákæruliðnum, lið 2, er Geir ákærður fyrir að hafa látið fyrir farast á ríkisstjórnarfundum að ræða um þá ógn sem steðjað hafi að íslenska fjármálakerfinu.**

Ekki er hægt að segja að Geir hafi brotið lög með því að hafa ekki rætt yfirvofandi fjármálakreppu á nægilega mörgum ríkisstjórnarfundum, enda ekki tiltekið í stjórnarskrá að ræða þurfi mál oft, sagði Andri. Hann benti á að í stjórnarskrá segi að fjalla eigi um mikilvæg málefni á fundum ríkisstjórnarinnar, en ekki gerð krafa um að málið sé sett á formlega dagskrá.

Andri sagði vitni sem komu fyrir Landsdóm, sem sátu með Geir í ríkisstjórninni, hafa tekið af öll tvímæli um að ástandið á fjármálamörkuðum hafi sannarlega verið rætt í ríkisstjórn, og því útilokað að sakfella Geir í þessum ákærulið.



**LOKADAGURINN** Andri Árnason, verjandi Geirs H. Haarde, átti sviðið í Landsdómi á síðasta degi aðalmeðferðar í málinu á hendur Geir í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## „Ég er saklaus af þessu öllu saman“

„Ég er mjög feginn að þessum þætti málsins er lokið,“ sagði Geir H. Haarde, sem ákærður er fyrir Landsdómi, þegar aðalmeðferð málsins var lokið fyrir dóminum í Þjóðmenningarhúsinu seinnipart dags í gær.

„Ég mun bíða úrslita þessa máls alveg ókvíðinn. Ég er saklaus af þessum ákæruliðum öllum saman og er bjartsýnn hvað varðar niðurstöðu dómsins,“ sagði Geir. „Nú tekur dómstóllinn málið í sínar hendur, og leggur mat á hvort ég hafi framið refsiverð afbrot í mínum störfum. […] Ég treysti þessum dómstóli fullkomlega til að ráða fram úr því,“ sagði Geir.

„Ég tel að þetta ferli sem hefur átt sér stað hér í Þjóðmenningarhúsinu sé mjög lærdómsríkt. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með vitnaleiðslunum, og málflutningi sækjanda og verjanda. En ég geri ráð fyrir því að ýmsir sem stóðu að þessum ákærum og þessum réttarhöldum hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með margt af því sem hér hefur komið fram,“ sagði Geir.

## Orðrétt

**Það voru engin ráð fyrirsjáanleg til bjargar, hvorki hér á landi né erlendis.**

Andri Árnason sagði varla von til þess að forsætisráðherra Íslands hefði kunnað leiðir til að sjá kreppuna fyrir og bregðast við henni þegar hún hafi komið erlendum sérfræðingum í opna skjöldu.

**Það er ekki hægt að skipa mönnum í sjálfsmorð.**

Andri sagði stjórnvöld ekki hafa haft neinar heimildir til að skipa bönkunum að selja eignir.

**Fullyrðingar ákæruvaldsins um að hægt sé að flytja banka milli landa eða selja eignir með því að ýta á takka eru auðvitað fráleitar.**

Andri sagði að meira hafi þurft til en viljann til að flytja Kaupþing úr landi.

**Maður veltir fyrir sér, hvað hélt byggingariðnaðurinn að hann gæti framleitt mikið af íbúðum á ári án tillits til þess hversu margir gætu keypt?**

Andri sagði að líta yrði fram hjá óbeinu tjóni af völdum hrunsins, enda ómögulegt að segja til um hvað hafi valdið því tjóni.



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is




FYRIR HVERJA
NTV hefur í meira en 10 ár verið í fararbroddi hvað varðar kennslu á grafísk forrit. Hér er um að ræða spennandi námskeið þar sem áherslan er á prentið. Kennt er á þau forrit sem hvað mest eru notuð við grafík og auglýsingagerð í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign.

INNTÖKUSKILYRÐI
Nemendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Windows stýrikerfinu og reynslu af Internet notkun. Ekki er krafist þekkingar á teikniforritum, myndvinnslu- eða umbrotsforritum. Nemendur þurfa að geta lesið ensku þar sem námsefni er að hluta til á ensku.

HELSTU NÁMSGREINAR (Stundir í sviga)
Mismunandi gerð kynningarefnis (6) Adobe Illustrator (42) Adobe Photoshop (36) Adobe InDesign (30) Meðhöndlun lita (6) Letur og leturfræði (6) Skipulag, vistun og frágangur (6) Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur (12) Lokaverkefni (12)

NÆSTU NÁMSKEIÐ
Morgunnámskeið hefjast 26. mars og lýkur 31. maí.

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




# TAX FREE DAGAR

## *Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 15. - 18. mars afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 18. mars 2012.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Hræðist þú uppgang glæpagengja hér á landi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 88% |
| NEI | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú iPad eða annars konar spjaldtölvu?*

Segðu skoðun þína inni á Vísi.is VÍSIR

Breytingar á Vestfjörðum:

## Erlendum íbúum fækkar

**VESTFIRÐIR** Íbúum Vestfjarða með erlent ríkisfang fækkaði um 12 prósent milli áranna 2010 og 2011, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta.

Á síðasta ári voru 622 íbúar á Vestfjörðum með erlent ríkisfang, 321 kona og 301 karl. Á sama tíma ári fyrr voru 709 erlendir ríkisborgarar skráðir til heimilis í fjórðungnum og hefur þeim því fækkað um 87 milli ára.

Erlendum ríkisborgurum fækkaði mest milli ára í Bolungarvík. Árið 2010 bjuggu 166 innflytjendur í Bolungarvík en árið 2011 voru 102 innflytjendur skráðir til heimilis í bænum. Hæst er hlutfall innflytjenda á Tálknafirði eða tæplega 20 prósent, en þar eru 60 af 302 íbúum með erlent ríkisfang.

# Fimm milljarða sparnaður

**Forgreiðslur á um 20% lána frá AGS og Norðurlöndum sparar um fimm milljarða króna í vaxtagreiðslur, að sögn seðlabankastjóra. Hann segir greiðslurnar ekkert hafa með tafir á afléttingu gjaldeyrishafta að gera.**

**EFNAHAGSMÁL** Forgreiðsla á lánum Ríkissjóðs Íslands og Seðlabankans upp á 116,1 milljarð króna, sem tilkynnt var um á fimmtudag, munu spara hinu opinbera um fimm milljarða króna í vaxtagreiðslur. Um er að ræða lán sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og Norðurlöndin veittu Íslendingum í tengslum við efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins lækkar um 6,6% af landsframleiðslu við greiðsluna. Endurgreiðslan nær til gjalddaga sem áttu að falla á árinu 2013 í tilfelli AGS-lána, og til gjalddaga sem myndu falla á árunum 2014, 2015 og 2016 í tilfelli Norðurlanda-lána.

Alls námu lán AGS og Norðurlandanna til Íslands í upphafi um 3,4 milljörðum evra, eða 564 milljörðum króna miðað við núverandi gengi. Endurgreiðslan sem innt var af hendi nemur því um fimmtungi af þeim lánum sem Ísland fékk í tengslum við áætlunina.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að ljóst hafi verið að ekki hafi verið þörf á jafnstórum forða og var til staðar á þessu ári. Endurgreiðslan hafi því staðið til í lengri tíma. „Það kostar mikið að vera með þennan forða. Með því að greiða hluta hans til baka getum við sparað um fimm milljarða króna í vaxtakostnað án þess að veikja á nokkurn hátt okkar erlendu lausafjárstöðu. Með því að greiða þetta niður erum við ekki að breyta nettó-forðanum mikið en hins vegar að spara heilmikinn kostnað.“

> Með því að greiða þetta niður erum við ekki að breyta nettó-forðanum mikið…
>
> **MÁR GUÐMUNDSSON** SEÐLABANKASTJÓRI

Í lok árs 2011 var síðasti hluti lána frá Norðurlöndum til ríkissjóðs og Seðlabankans, sem bætt var við gjaldeyrisforðann, greiddur út. Um var að ræða um 141 milljarð króna. Gjaldeyrisforðinn, sem er að fullu skuldsettur, var 1.081 milljarður króna í lok janúar síðastliðins og hefur aldrei verð meiri í sögu þjóðarinnar.

Greining Íslandsbanka hélt því fram í gær að endurgreiðslan kæmi í beinu framhaldi af því að fyrr í vikunni voru lög um gjaldeyrishöft hert. Í Morgunkorni greiningarinnar í gær segir að eðlilegt sé að þegar „losun haftanna virðist vera að dragast á langinn sé minni áhersla lögð á að vera með stóran gjaldeyrisforða en áður“.

Már segir forgreiðsluna ekkert hafa með tafir á afléttingu gjaldeyrishafta að gera. „Það er ekkert sem segir að afnám haftanna sé að dragast meira á langinn en var útlit fyrir í lok síðasta árs. Þá töldum við rétt að draga á öll lánin, annars hefði aðgangur að þeim lokast, og fara svo í þessa aðgerð. Með þessu lengjum við í lánum okkar en borgum niður stysta hlutann.“ thordur@frettabladid.is



**EVRUR** Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að ekki hafi verið þörf á jafn stórum gjaldeyrisforða og var til staðar á þessu ári. Forðinn hefur aldrei verið stærri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Breytingar á gjaldeyrishöftum

Lögum um gjaldeyrismál var breytt 13. mars síðastliðinn. Í fyrsta lagi fela breytingarnar í sér að undanþága á greiðslum úr þrotabúum og samningskröfum samkvæmt nauðasamningi í íslenskum krónum er felld úr gildi. Slíkar greiðslur eru nú háðar samþykki Seðlabanka Íslands. Þessi breyting var gerð til að koma í veg fyrir að útgreiðslur innlendra þrotabúa valdi óstöðugleika í greiðslujöfnuði eða dragi úr áætlun um losun gjaldeyrishafta.

Í öðru lagi var gert óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir verðbætur og afborganir af höfuðstóli skuldabréfa. Í þriðja lagi var undanþága skilanefnda og slitastjórna gömlu bankanna frá banni við fjármagnshreyfingum milli landa í erlendum gjaldeyri afnumin.




# Gefðu sparnað í fermingargjöf og Landsbankinn bætir 5.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn leggja** 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 5.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.





**STUND MILLI STRÍÐA** Formúlu 1-ökuþórinn Sebastian Vettel beið rólegur á annarri æfingu fyrir kappaksturinn í Ástralíu sem fer fram um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérstaða Íslands skaðar samkeppnisstöðu Össurar að mati Niels Jakobsen stjórnarformanns:

# Segir rekstrarumhverfinu hafa hrakað

**VIÐSKIPTI** Fljótfærnisleg, tíð og ófagleg lagasetning og vilji til þess að búa til séríslenskar lausnir sem ekki hafa verið reyndar annars staðar grefur undan stöðugleika og fyrirsjáanleika sem nauðsynlegur er í alþjóðaviðskiptum. Þetta sagði Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, á aðalfundi félagsins sem fram fór í gær.

Jacobsen ítrekar með orðum sínum gagnrýni á rekstrarumhverfi íslenskra stórfyrirtækja sem hann setti fram á aðalfundi Össurar fyrir ári síðan.

„Fyrirtækja- og lagaumhverfinu á Íslandi hefur hrakað síðustu ár,“ sagði hann og benti á að Össur starfaði nú á almennri undanþágu frá ríkjandi gjaldeyrishöftum.

Yrði undanþágan afnumin myndi það hins vegar kippa fótunum undan rekstri fyrirtækisins.

„Við þurfum að sætta okkur við þvingaða skráningu á hlutabréfamarkað hér, minnkandi seljanleika og tvöfalt hlutabréfaverð. Við þurfum að þreifa okkur áfram í umhverfi alls kyns óvenjulegra reglugerða sem samkeppnisaðilar okkar þurfa ekki að taka tillit til.“

Jacobsen sagði síðasta ár annars hafa verið fyrirtækinu gjöfult. „Frá skráningu árið 1999 hefur stærð Össurar aukist tuttugu og tvöfalt miðað við sölu og fyrirtækið orðið eitt af arðbærustu fyrirtækjum Evrópu á sviði heilbrigðistækjabúnaðar.“ - óká



**Á FUNDI** Niels Jacobsen stjórnarformaður Össurar á fundi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hermaðurinn vildi ekki til Afganistan

**Hermaður sem skaut sextán manns til bana í Afganistan síðastliðinn sunnudag hafði misst framan af fæti og hlotið heilaskaða í herþjónustu í Írak, segir lögmaður hans. Hann hélt að hann yrði ekki sendur til frekari herþjónustu.**

**AFGANISTAN, AP** Bandaríski hermaðurinn sem myrti sextán Afgana í síðustu viku hafði misst hluta af fæti og hlotið heilaskaða í Írak. Þetta sagði lögfræðingur hans, John Henry Browne, sem greindi frá högum hans í bandarískum fjölmiðlum í gær. Hann hefur rætt við fjölskyldu mannsins og manninn sjálfan.

Maðurinn fór út af herstöðinni um klukkan þrjú aðfaranótt síðasta sunnudags. Hann réðst svo inn á heimili í nágrenninu og skaut á þá sem þar voru. Níu þeirra sem létust voru börn. Maðurinn brenndi nokkur líkanna einnig.

Rannsakendur málsins greindu frá því í gær að maðurinn hefði neytt áfengis áður en hann fór af herstöðinni. Hermönnum er bannað að neyta áfengis í landinu.

Nafn mannsins hefur ekki verið gefið upp en hann var yfirheyrður á fimmtudag þótt hann sýni ekki samstarfsvilja við rannsókn málsins. Hann er 38 ára gamall og hafði verið í hernum í ellefu ár. Hann er giftur og á tvö ung börn, þriggja og fjögurra ára gömul. Fjölskylda hans hefur nú verið flutt frá heimili sínu á herstöð í nágrenni borgarinnar Tacoma í Washington vegna ótta hersins um öryggi þeirra.

Maðurinn hefur fengið margar orður fyrir störf sín í hernum að sögn lögmannsins. Hann hefur þrisvar sinnum farið til Íraks og slasaðist tvisvar. Hann hlaut heilahristing í bílslysi sem varð í kjölfar bílasprengju. Þá meiddist hann á fæti í átökum og þurfti að fara í aðgerð þar sem hluti af öðrum fæti hans var fjarlægður.

Hermaðurinn hafði staðið í þeirri meiningu að hann yrði ekki sendur með herdeild sinni til Afganistan í lok síðasta árs. „Hann var ekki spenntur fyrir því að fara í nýtt verkefni. Honum var sagt að hann færi ekki, og svo sagt að hann færi,“ sagði Browne. Það væri skrítið að þrátt fyrir allt hafi hann verið sendur til herþjónustu á ný.

Maðurinn kom til Afganistan í desember síðastliðnum. Fyrsta febrúar var hann sendur til Panjwai í nágrenni Kandahar. Á laugardag, daginn fyrir skotárásina, varð hermaðurinn vitni að því þegar annar hermaður missti fótinn í sprengjuárás. Þessar upplýsingar fékk Browne frá fjölskyldu mannsins, en þær höfðu ekki verið sannreyndar hjá hernum.

Hermaðurinn var fluttur frá Afganistan til Kúveit á miðvikudag og flytja á hann í herfangelsi í Bandaríkjunum.

thorunn@frettabladid.is

## Gagnrýndi Bandaríkjamenn harðlega



Hamid Karzai, forseti Afganistan, gagnrýndi Bandaríkjamenn harðlega í gær. Hann fundaði með fjölskyldum þeirra sextán sem létust í skotárás bandaríska hermannsins í Kabúl í gær. Fjölskyldurnar telja að fleiri en einn skotmaður hafi tekið þátt í árásinni og segjast ekki hafa fengið fullnægjandi upplýsingar hjá bandarískum yfirvöldum á staðnum.

Á fimmtudag tilkynntu talíbanar að þeir hygðust slíta öllum viðræðum við Bandaríkjamenn og Karzai tilkynnti að hann vildi flýta brottför þeirra frá landinu. Það hefur hann krafist þess að erlend herlið fari frá strjálbýlum svæðum í landinu strax. „Svona hegðun getum við ekki liðið. Tíminn fyrir slíkt er liðinn,“ sagði Karzai í gær. Hann sagðist vilja eiga í góðu sambandi við Bandaríkin en það væri sífellt erfiðara.

**14 létust í þyrluslysi**

Tyrknesk herþyrla hrapaði á hús í Kabúl í gær með þeim afleiðingum að tólf tyrkneskir hermenn og tvö börn létu lífið. Ekki er vitað hvað varð til þess að þyrlan hrapaði en ekkert er talið benda til þess að árás hafi verið gerð á hana.


NÁMSKEIÐ

Velkomin í núið
– frá streitu til sáttar
Mindfulness-based Stress Reduction

Árvekni, stundum kallað gjörhygli, byggist á hugleiðsluaðferðum búddískrar sálfræði. Í árvekniþjálfun er tvinnað saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku. Rannsóknir hafa sýnt fram á að árvekniþjálfun hefur jákvæð áhrif á vellíðan, bætir heilsufar, dregur úr streitu, kvíða og depurð.

Áherslan er að læra að nema staðar „hér og nú“, láta af sjálfstýringu hugans og sættast betur við það sem er. Með fræðslu, stuttum hugleiðsluæfingum og annarri hugarþjálfun er markmiðið að öðlast meiri hugarró og njóta betur líðandi stundar.

Námskeiðið er í 6 vikur og hefst miðvikudaginn 21. mars í ráðstefnusal Nordica Hótel kl.17:30 til 19:00.
Athugið: Engin kennsla verður 4. apríl í dymbilviku.

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á http://nordicaspa.is

Verð: 36.000 kr.
Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Innifalið 1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

Leiðbeinendur:
Margrét Bárðardóttir og
Herdís Finnbogadóttir sálfræðingar

Nordica Spa&Gym



KALT ÚTI MÚRBÚÐARVERÐ

Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
8.690

Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
5.890

Rafmagnshitablásari 2Kw
1.995

Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.990

Panelofnar í MIKLU ÚRVALI! FRÁBÆRT VERÐ!
EN 442 EURONORM
KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afsláttur eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is





Námskeið um ræktun
matjurta og kryddjurta með lítilli fyrirhöfn!

HEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR kennir hve auðvelt er að rækta grænmeti og kryddjurtir og gefur góð ráð sem nýtast byrjendum jafnt sem lengra komnum.

Fimmtudaginn 22. mars
Kl. 19.30 - 22.30

Á námskeiðinu verður þessum spurningum m.a. svarað:
- Hvernig er best að byrja?
- Hvernig á að sáforrækta?
- Hvernig er plantað út?
- Hvaða áhöld þarf?
- Hvernig fá plönturnar næringu?
- Hvað þarf til að fá uppskeru allt sumarið?
- Hvaða jurtir eru fjölærar?

Hægt er að skrá sig á námskeiðið með tölvupósti á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 milli kl. 10 -18 virka daga. Verð kr. 6.100,-

Námskeiðsgögn fylgja sem hægt er að nota ár eftir ár!

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið





Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

BYLGJAN 989 25 ÁRA
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0675

# Ert þú með læst fyrir tölvuþrjótum?

## – Öryggi tölvukerfisins þíns er okkur mikilvægt

**Mörg fyrirtæki freistast til að spara í öryggismálum tölvukerfa sinna. Við mælum ekki með því.** Kostnaður við að hafa öryggismálin í lagi er hverfandi hjá því tjóni sem tölvuárás getur valdið í beinu tapi og glötuðu orðspori. Sem betur fer eru til öflugar varnir sem við mælum með að þú kynnir þér.



### Advania býður

- Öryggisráðgjöf
- Rafræn skilríki
- Öruggan tölvupóst
- Gagnavernd
- Dulritun
- Rafrænar undirritanir
- Örugg starfsmannakort
- Hýsingu
- Rekstrarþjónustu
- Varnir gegn árásum

### Raunveruleg hætta

„Það er svolítið um það að hótanir berist: „Heyrðu við ætlum að skemma tölvukerfið þitt nema þú borgir þetta mikið fjármagn inn á þessa reikninga.“ Og það eru raunverulega flest fyrirtæki sem enda með því að gera það.“

**Ýmir Vigfússon**
lektor í tölvunarfræði við HR í Kastljósi 14.03.2012

### Hafðu samband

Starfsmenn öryggislausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000. Nánari upplýsingar má finna á **www.advania.is/oryggi**.

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is







Landsvirkjun birti í gær ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2011:

# Stjórn leggur til metarðgreiðslu

**VIÐSKIPTI** Stjórn Landsvirkjunar mun á aðalfundi félagins leggja til að 1,8 milljarða króna arður verði greiddur til ríkissjóðs, eiganda Landsvirkjunar. Hefur Landsvirkjun aldrei greitt svo háa upphæð í arð. Frá þessu var greint í gær samhliða framlagningu Landsvirkjunar á ársreikningi fyrir árið 2011.

Eftir skatta hagnaðist Landsvirkjun um jafngildi 3,4 milljarða króna á árinu. Minnkaði hagnaður fyrirtækisins því um rúm 60 prósent milli ára. Rekstrartekjur námu jafngildi 55,4 milljarða á

**1,8** milljarðar króna er sú upphæð sem stjórn Landsvirkjunar leggur til að verði greidd út sem arður til ríkissjóðs. Landsvirkjun hefur ekki áður greitt út svo háa upphæð í arð.

árinu sem er aukning um 15,5 prósent frá 2010. Rekstrargjöld jukust á móti um rúm 14 prósent og nam rekstrarhagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði jafngildi 43,8 milljarða.

Í tilkynningu sem Landsvirkjun sendi frá sér í gær segir að lausafjárstaða fyrirtækisins sé sterk og hafi fyrirtækið í árslok haft aðgang að jafngildi 82 milljarða króna. Þessi sterka lausafjárstaða geri það að verkum að fyrirtækið geti staðið straum af afborgunum lána á næstu árum.

Skuldir fyrirtækisins numu í árslok 2011 jafngildi 317,9 milljarða króna og lækkuðu um 21,7 milljarða á árinu 2011.

- mþl

Kofi Annan hvetur Öryggisráð Sþ til að tala einni röddu í málefnum Sýrlands:

# Viðbrögð stjórnvalda vonbrigði

**SVISS, AP** Kofi Annan, sérstakur erindreki Arababandalagsins og Sameinuðu þjóðanna vegna Sýrlands, segir að ef ekki verði tekið á málum þar muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir öll ríkin í kring. Aðstæðurnar séu flóknari en í Líbíu.

Annan átti símafund með Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær. Hann ætlar að senda teymi til Damaskus og reyna að koma á koppinn alþjóðlegri eftirlitsnefnd. Í kjölfarið hyggst hann sjálfur snúa aftur til Sýrlands.

Hann hvatti öryggisráðið til þess að tala einni röddu í málefnum Sýrlands, en Rússar og Kínverjar hafa komið í veg fyrir samþykktir ráðsins gegn Assad Sýrlandsforseta.

Annan sagði að viðbrögð sýrlenskra stjórnvalda hefðu valdið vonbrigðum hingað til.

Tyrknesk yfirvöld hvöttu í gær fólk til að koma sér frá Sýrlandi. Þá



**MÓTMÆLI Í IDLIB** Þessi mynd er sögð vera af mótmælum í Idlib í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verður í næstu viku dregið úr diplómatískum samskiptum Tyrklands við Sýrland. Þá hafa Sádí-Arabía, Kúveit og Barein greint frá því að sendiráðum þeirra í Sýrlandi verði lokað.

Greint var frá því í gær að átök hefðu brotist út í nágrenni Damaskus í gær, í fyrsta skipti í margar vikur. Tugir þúsunda mótmæltu víða um landið eftir föstudagsbænir í gær.

- þeb



HONDA
The Power of Dreams

# Frumsýning



Verð frá kr. 3.490.000

# Ef Við Hættum Okkur
## ALDREI INN Á ÓKUNNAR SLÓÐIR
## HVERNIG UPPGÖTVUM VIÐ ÞÁ NÝJAR?

Við hjá Honda leggjum ástríðu okkar í að skoða nýjar slóðir og nýjar hugmyndir. Það er einmitt þar sem allir nýju möguleikarnir liggja. Þetta er hugmyndin á bakvið nýjan Civic. Hönnuðir okkar vildu hanna besta Civic frá upphafi, þannig að þeir lögðu af stað í stærsta ferðalag sitt til þessa.

## FRUMSÝNUM NÝJAN CIVIC UM HELGINA

**Laugardag** milli kl. **10:00** og **16:00**
**Sunnudag** milli kl. **13:00** og **16:00**

www.honda.is

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTA

# BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ
# KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR




**398** KR. BOXIÐ




**598** KR. BOXIÐ




**595** KR. PK

**FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR**
4 STK. 80 GRAMMA / M. BRAUÐI




**1995** KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**




**1195** KR. KG

**FERSKT 100% NAUTAHAKK**



**1359** KR. KG

**KS FROSIÐ LAMBALÆRI**




**1995** KR. KG

KJÖRFUGL **FERSKAR**
**KJÚKLINGABRINGUR**



**3598** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**



**1398** KR. KG

ÞÝSKAR FROSNAR
**GRÍSALUNDIR**




**698** KR. KG

ALI GRÍSAKJÖT
**FERSKUR GRÍSABÓGUR**




**129** KR. 200G

EUROSHOPPER
**STEIKTUR LAUKUR**

## SKÚFFUKAKA



**359** KR. 380G

MYLLU
**SÚKKULAÐI SKÚFFUKAKA**




**BÓNUS PYLSUR 10 STK**
**359 KR.** ca. 480 gr.
**PYLSUBRAUÐ 5 STK**
**139 KR.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | | 2 |
| | 6 | 2 | 8 | 9 | 4 | | | 5 |
| | 9 | | | 2 | | | 6 | |
| | | | 6 | | | 8 | | |
| 2 | | | 9 | | 7 | | | 4 |
| | | 9 | | | 1 | | | |
| | 8 | | | 5 | | | 9 | |
| 5 | | | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | |
| 9 | | | | | | 5 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 54

**OPNUM KL.10**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

169 KR. KG
RAUÐAR **VATNSMELÓNUR**

439 KR. KG
**STEINALAUS RAUÐ VÍNBER**

195 KR. KG
**GULAR MELÓNUR**

## FERSKT ÍTALSKT BLAÐSALAT

298 KR. 100G
ROCOLA WILD

298 KR. 100G
MESCLUM BLANDAÐ

298 KR. 100G
BABY SPINAT

398 KR. KG
**MANGÓ**

698 KR. 500 GR
HEIMA **MÖNDLUR**

159 KR. 500 GR
DANSKAR **GULRÆTUR**

498 KR. 600 GR
600G FERSKAR **DÖÐLUR**

195 KR. KG
**STÓRAR PERUR Í LAUSU**

359 KR. 200 GR
**BONUS SPÍNAT**
FERSKT FRÁ SPÁNI

495 KR. 750G
LÁRPERA
**AVÓCADÓ 750G**

298 KR. 250 ML
**FROOSH SMOOTHIE 250 ML.**
ÓSVIKINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR

195 KR. KG
**STÓRAR APPELSÍNUR Í LAUSU**

259 KR. 330ML
HIMNESKUR
**ENGIFER-DRYKKUR**

359 KR. 1 LTR.
ALMOND DREAM
**MÖNDLUMJÓLK MEÐ KALKI**

298 KR. 1 LTR.
RICE DREAM
**RÍSMJÓLK MEÐ KALKI**

498 KR 750 ML
598 KR 750 ML
HIMNESKT:
**RAUÐRÓFUSAFI**
**EPLA & MANGÓSAFI**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
MATVÖRUVERSLANIR
BÓNUS 1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki á að sýna glæpagengjum neina linkind:

## Stjórnmálamenn standi sig betur

Starfsemi skipulagðra glæpahópa á Íslandi hefur verið í brennidepli í vikunni. Lögreglan handtók hóp manna, sem talinn er tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, grófum líkamsárásum, hótunum, innbrotum og þjófnuðum. Annar hópur, tengdur glæpasamtökunum Hells Angels, hefur verið ákærður fyrir yfirgengilega hrottalega árás á konu, með tilheyrandi hótunum í garð fórnarlambsins og fjölskyldu hennar.

Starfsemi skipulagðra glæpagengja, sem sum hver tengjast alþjóðlegum glæpahringjum eins og Hells Angels og Outlaws er staðreynd á Íslandi. Lögreglan telur að fleiri slíkar glæpaklíkur reyni nú að ná hér fótfestu og nefnir sérstaklega Bandidos og Mongols, sem eru klúbbar glæpamanna á mótorhjólum, líkt og þær fyrrnefndu.


SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Full ástæða er til að hafa áhyggjur af þessari þróun. Reynslan frá nágrannalöndunum sýnir að ofangreindum vélhjólagengjum fylgir fíkniefnasala, mansal og vændi, morð og aðrir ofbeldisglæpir, hótanir og kúgunaraðgerðir. Starfskonur Stígamóta hafa sett fram þá tilgátu að fjölgun hópnauðgana hér á landi sé til komin vegna vaxandi gengjamyndunar og -menningar í íslenzkum undirheimum.

Lögreglan þarf að vera í stakk búin að taka fast á ræflunum í leðurjökkunum. Það er traustvekjandi að sjá að lögreglan sópar þeim upp eins og gert var í vikunni. Og áfram á að nýta heimildir Schengensamningsins til að meina þekktum meðlimum glæpagengja inngöngu í landið. En stjórnmálamennirnir þurfa að standa sig betur.

Þeir þurfa í fyrsta lagi að tryggja að lögreglan hafi næga fjármuni og mannskap til að fylgjast með þessari vaxandi ógn við öryggi borgaranna. Að tryggja það er fyrsta skylda ríkisvaldsins, sem kemur á undan flestum öðrum verkefnum þess. Það er ekki hægt að beita endalaust flötum niðurskurði á löggæzluna þótt spara þurfi í ríkisrekstrinum.

Í öðru lagi þarf lögreglan að hafa sömu heimildir og lögreglulið í öðrum Evrópulöndum til að fylgjast með skipulagðri brotastarfsemi. Nýtt frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu gengur of skammt. Ráðherrann segir beinlínis að hann vilji ekki láta lögreglunni í té sömu heimildir og til dæmis lögregla í hinum norrænu ríkjunum hefur. Hvers vegna ekki? Hver eru rökin fyrir því? Getur verið að vaxandi áhugi glæpagengjanna á Íslandi sé einmitt tilkominn vegna þess að lögreglan hefur ekki sömu tækin til að taka á þeim og í nágrannalöndunum?

Í þriðja lagi þarf að taka aftur upp áform Rögnu Árnadóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra, um að banna glæpagengin og meina þannig meðlimum þeirra til dæmis að ganga um í fatnaði merktum þeim. Einhverra hluta vegna hefur það mál verið lagt til hliðar. Stjórnarskráin heimilar að félög með ólögmætan tilgang séu leyst upp og sjálfsagt er að nýta þá heimild.

Það á að beita öllum tiltækum ráðum, innan ramma laga og réttar, til að uppræta þennan ófögnuð og ekki sýna neina linkind eða umburðarlyndi. Stjórnmálamenn þurfa að sýna að þeir standi fast við bakið á lögreglunni í þeirri baráttu.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871





Sigrún Stella Einarsdóttir lögg. fasteignasali GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

**Glæsilegt 173 fm verslunarhúsnæði á götuhæð við Hamraborg í hjarta Kópavogs.**

Húsnæðið var innréttað mjög nýlega á afar smekklegan hátt. Það skiptist í tvo bjarta sali, lagerpláss og góða eldhúsaðstöðu. Allt er fyrir hendi s.s. tvö salerni fyrir viðskiptavini og góð aðstaða fyrir starfsfólk. Gólfefni eru keramikflísar og plankaplastparket með extra sterkri 33 punkta húð , dúkflísar á eldhús-, lager- og starfsmannaaðstöðu. Húsnæðið hentar fyrir margskonar starfsemi, verslun, þjónustu og skrifstofurekstur.




Í plássinu eru nú fyrir hendi skápar, hillur og afgreiðsluborð úr eik, afgreiðsluskenkur, glerhillur á vegg, borð og stólar svo og tæki og tól sem henta til kaffihúsa- og veitingareksturs. Um er að ræða nýlega muni sem hægt er að leigja með húsnæðinu.

Mikil umferð og atvinnustarfsemi er í hjarta Kópavogsbæjar

**Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs í síma 575-8585 og 824-0610**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is





AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Níutíu og níu árum síðar

Ég held að það sé stórt vafamál hvort í víðum heimi sé samankomið meira vit, mannvit, á jafnstórum bletti sem Reykjavík. En það skrýtilega um leið er það, að þar er meiri óláns-bjánaskapur, slysinn aulaskapur, en á nokkrum öðrum stað í veröld hér."

Þessar tvær setningar eru úr bréfi til Stefáns G. árið 1913. Kristján Albertsson lýsir bréfritara, Rögnvaldi Péturssyni, sem einum merkasta Vestur-Íslendingi á sinni tíð og tryggðarvini ættjarðar sinnar. Níutíu og níu árum síðar vekur orðræða vikunnar um Landsdóm, gjaldeyrishöft og peningamálastefnu þessa spurningu: Hefur eitthvað breyst?



ÞORSTEINN PÁLSSON

Steingrímur J. Sigfússon hafði forystu um þá sögulegu pólitísku ákvörðun að ákæra Geir H. Haarde fyrir Landsdómi. Frá þeirri kröfu féll hann ekki á Alþingi þó að Samfylkingin, sem bar ábyrgð á bankamálum og Íbúðalánasjóði á því eina ári sem ákærurnar ná til, kæmi sínum mönnum í var. Á dögunum lagði hann síðan líf ríkisstjórnarinnar að veði til að koma í veg fyrir að ákæran yrði afturkölluð.

Þegar fréttamenn báðu Steingrím J. Sigfússon að segja þjóðinni frá því sem hann hefði haft við dóminn að segja sem forvígismaður ákæruvaldsins vafðist honum tunga um tönn. Hann sagði að öll hefðu þessi mál verið erfið og flókin og ekki væri unnt að staðhæfa að einhverjar tilteknar aðgerðir hefðu bjargað einhverju þegar þar var komið sögu.

Með öðrum orðum: Aðalákærandinn gat ekki fært fram lítilvægustu rök fyrir ákærunni. Orð hans var ekki unnt að skilja á annan veg en hann vildi engar staðhæfingar hafa uppi um sök. Það eina sem máli skipti væri að hann hefði sjálfur séð þetta allt fyrir.

### „Óláns bjánaskapur"

Engin efni standa til að andmæla ráðherranum um þessi atriði. En furðu sætir hins vegar að engum úr stórum skara fréttamanna skyldi hugkvæmast að spyrja forvígismann ákæruvaldsins á Alþingi hvernig það mætti vera að hann gæti ekki í skýrslu sinni sýnt fram á orsakasamhengi milli einstakra ákæruliða og hruns krónunnar og falls bankanna. Það er þó það eina sem málareksturinn snýst um.

Enginn spurði hvort ekki væri tilefni til að kalla ákæruna til baka fyrst ákærandinn hefði engin rök þegar á hólminn væri komið. Enginn spurði saksóknara meirihluta Alþingis hvernig unnt væri að halda áfram málarekstri þegar aðalákærandinn gæti ekki fyrir dóminum sjálfum haldið fram sekt þess ákærða.

Fréttaflutningur af landsdómsyfirheyrslunum hefur að því leyti verið ágætur að enginn fjölmiðill hefur reynt að draga taum annars málsaðila á kostnað hins. Pólitískar og sálfræðilegar greiningar hafa sumar verið ágætar og segja sína sögu um eðli málsins. Á hinn bóginn hafa fjölmiðlarnir brugðist í því að fá löglærða sérfræðinga til að skýra vitnisburði og skýrslur aðila og hvað það er í þeim sem hefur þýðingu fyrir sakarefnið og hvað ekki. Það hefði verið miklu meira virði en bein útsending.

Trúlega hefur sjaldan verið saman komið jafn mikið vit á jafn litlum bletti eins og þessa stund sem efnahagsráðherrann staldraði við á Þjóðmenningarreitnum eftir skýrslugjöfina. En hitt að enginn skyldi spyrja hvernig það færi saman að vera aðalákærandi og geta ekki fært rök fyrir sakfellingu minnir óþyrmilega á það sem í gömlu bréfi kallaðist: „Óláns-bjánaskapur."

### „Slysinn aulaskapur"

Þegar tölur voru birtar í síðustu viku um aukinn hagvöxt kom efnahagsráðherrann í fjölmiðla og staðhæfði að þær bæru árangursríkri efnahagsstjórn fagurt vitni. Hagvöxturinn fyrir hrun reyndist vera froða að stórum hluta til. Spurningin er hvort tölurnar nú séu meira virði en í aðdraganda hrunsins?

Í þessari viku þótti nefnilega bera brýna nauðsyn til að lögfesta hertar gjaldeyrishaftareglur. Ástæðan var sú að verðmætasköpun útflutningsgreinanna dugði ekki fyrir gjaldeyrisútstreymi sem áður var löglegt. Enginn spyr efnahagsráðherrann hvernig það rími við boðskapinn um óbreytta stefnu í peningamálum þegar herða þarf höft þrátt fyrir tölur um aukinn hagvöxt.

Öfugt við efnahagsráðherrann segir fjármálaráðherrann í tilefni hertra hafta að eina lausnin sé að taka upp evru. Hann hefur hins vegar frestað áformum um jöfnuð í ríkisfjármálum og fréttir herma að nú ætli hann að heimila veðsetningu á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs eins og bankastjóri fyrir hrun. Hvort tveggja er leiðin í hina áttina, frá evrunni. Enginn spyr um þennan tvískinnung. Enginn spyr forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna sem andmæla hertum höftum hvaða ráð þeir eigi uppi í erminni.

Ástandið skýrist líklega helst með því sem í gömlu bréfi kallaðist: „Slysinn aulaskapur."


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Stofnfundur breiðfylkingar um lýðræði og almannahag

## sunnudaginn 18. mars, kl. 14 - 17 á Grand hóteli

Á fundinum verða kjarnastefna og lög félagsins borin undir atkvæði. Valið verður í framkvæmdaráð og úrskurðarnefnd. Kosið verður um nafn á samtökunum. Á staðnum verður hægt að skrá sig sem stofnfélaga, taka þátt í afgreiðslu mála og gefa kost á sér til frekari starfa.

Kaffi og meðlæti.



Heimilin



Réttlæti




Stjórnarskrá



Auðlindir



Siðvæðing

# Þjóðarsátt um nýjan gjaldmiðil

Fjármál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Stærsti vandi atvinnulífs og heimila í landinu um þessar mundir er veikburða króna. Ekkert hefur valdið jafn miklum búsifjum á síðari árum og gríðarlegt fall krónunnar samfara hruni bankanna haustið 2008. Þótt gengisskuldir heimilanna minnki hratt hefur fall krónunnar og hækkun verðlags í kjölfarið rýrt kaupmátt svo mjög að tvísýnt er um greiðslugetu stórra hópa af íbúðalánum.

Helmingur skulda fyrirtækja í landinu er í erlendum gjaldmiðlum. Fyrirtæki, sem aðeins hafa tekjur í íslenskum krónum, eru illa í stakk búin til að mæta frekara gengissigi.

Hvort tveggja, gengisvandi heimila og fyrirtækja, er sífellt viðfangsefni stjórnvalda og stofnana sem verja dýrmætum tíma, kunnáttu og fé í að leysa viðfangsefni sem beint eða óbeint má rekja til ótryggs gjaldmiðils og yfirvofandi verðbólguskota.

Þótt krónan hafi vissulega hjálpað útflutningsgreinum okkar og ferðaþjónustu eftir hrunið gengur ekki til lengdar að búa við örmynt sem kostar samfélagið, heimilin, fyrirtækin og hið opinbera ofurvexti og sveiflukenndari og lakari lífskjör en ella væri.

## Verðum að marka stefnu

Síðastliðinn mánudag þurfti Alþingi að glíma við þennan innbyggða vanda; veikburða íslenska krónu. Þá brá svo við að ágæt samstaða náðist í þinginu um að herða enn gjaldeyrishöftin vegna vaxandi útstreymis á gjaldeyri og aukinnar hættu á gengissigi krónunnar. En gjaldeyrishöft eru eins og lyfjameðferð við erfiðum sjúkdómseinkennum. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er raunveruleg lækning fólgin í róttækum uppskurði. Gjaldeyrishöft, verðtrygging og önnur hjálpartæki krónunnar tala sínu máli og sýna svart á hvítu hvers konar stuðningsumhverfi þarf sífellt að búa henni með ærinni fyrirhöfn.

Stærsta verkefnið framundan er að undirbúa upptöku nýs gjaldmiðils og losa um höftin sem samofin eru krónunni. Skýr stefnumótun um framtíðarskipan í gjaldmiðilsmálum er því eitt af brýnustu verkefnum stjórnmálanna á næstu misserum.

Enginn stjórnmálaflokkur getur lokað augunum fyrir því að haldið er uppi fölsku gengi krónunnar og ef engin væru gjaldeyrishöftin þyrfti ekki að spyrja um afleiðingarnar: Aukna verðbólgu, rýrari kaupmátt og aukna skuldsetningu heimila og fyrirtækja.

> Enginn stjórnmálaflokkur getur lokað augunum fyrir því að haldið er uppi fölsku gengi krónunnar...

Þótt Samfylkingin sé eini flokkurinn sem talað hefur skýrt í þessum efnum og hvatt til aðildar að Evrópusambandinu og upptöku evru hafa stjórnmálamenn úr nær öllum flokkum stigið fram og viðurkennt mikilvægi þess að ráða fram úr gjaldmiðilsvandanum. Umræða um einhliða upptöku annarra gjaldmiðla ber þessu glöggt vitni. Veigamikil rök hníga að því að besti kosturinn sé þó eftir sem áður að taka upp evru samfara aðild að Evrópusambandinu, ekki síst vegna þess að langstærstur hluti viðskipta okkar er við lönd innan evrusvæðisins, eða 42 prósent þeirra. Til samanburðar eru viðskipti okkar í Kanadadollurum innan við 2 prósent. Með sama hætti eru viðskiptin 10 prósent í Bandaríkjadölum sem og í breskum pundum og dönskum krónum. Loks er á það að líta að í ályktun Alþingis um aðildarviðræður við ESB er ekki gert ráð fyrir að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir upptöku annarra gjaldmiðla meðan viðræður standa yfir.

## Setjumst við samningaborðið

Hreinskiptin og opin umræða um nýjan gjaldmiðil er þjóðarnauðsyn og mikilvægt er að ræða og meta þá kosti sem í stöðunni kunna að vera. Þetta á líka við um Samfylkinguna sem verður líka að vera opin fyrir umræðu um kosti og galla annarra gjaldmiðla ef svo illa færi að aðildarumsókn að ESB yrði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu. Að mínu viti kemur enda ekki til álita að búa við óbreytt ástand til framtíðar. Því skora ég á forystumenn allra stjórnmálaflokka að koma með opnum huga að þessu verkefni. Við þurfum þjóðarsátt um lausn á gjaldmiðilsvandanum.

Ríkisstjórnin ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í þessu efni. Á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra hefur nú verið skipuð samráðsnefnd allra flokka og aðila vinnumarkaðarins um mótun gengis- og peningamálastefnu. Nefndinni er ætlað að skila greinargerð til ráðherra fyrir lok maímánaðar. Viðfangsefni hennar eru að fara yfir helstu kosti þjóðarinnar í gjaldeyris- og peningamálum, hvort heldur sem þeir felast í því að halda krónunni eða taka upp aðra mynt.

Jafnframt vinnur Seðlabanki Íslands að viðamikilli skýrslu um leiðir í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar og er þess vænst að hún komi út með vorinu eða snemma sumars.

## Með opnum huga

Ýmislegt bendir til þess að meiri ró sé að færast yfir evrusvæðið og góðar fréttir eru teknar að berast af mörkuðum beggja vegna Atlantsála eftir kreppuástand undanfarinna ára. Lánveitingar til heimila í löndum Evrópusambandsins hafa aukist á þessu ári. Þótt of snemmt sé að slá því föstu að tekist hafi að koma böndum á skuldakreppuna í evrulöndunum er þó ýmislegt sem bendir í þá áttina.

Batnandi ytri skilyrði koma íslensku þjóðinni til góða. En ávaxtanna af fórnum sínum undanfarin ár myndi hún njóta í enn ríkari mæli ef hún þyrfti ekki að glíma við gjaldmiðilsvanda sem samofinn er efnahagslegum óstöðugleika. Stjórnvöld geta ekki lengur skotið sér undan því að ræða í fullri alvöru og með opnum huga um stærsta vanda þjóðarinnar; gjaldmiðil sem nauðsynlegt er að hafa í gjaldeyrishöftum. Hagsmunir samfélagsins alls eru í húfi.




# Líffæragjöf – ljós í myrkrinu

Heilbrigðismál

Áslaug Björt Guðmundardóttir
aðstandandi



Í erindi Runólfs Pálssonar, yfirlæknis nýrnalækninga á Landspítalanum, á Málþinginu „Líffæri fyrir lífið“ sem haldið var fyrir stuttu, kom fram að samkvæmt skoðanakönnunum vilja 80-90 prósent Íslendinga gefa líffæri eftir andlát sitt. Þó neita aðstandendur líffæragjöf í 40 prósentum tilfella. Sem aðstandandi líffæragjafa langar mig að deila reynslu okkar fjölskyldunnar ef það kynni að verða til þess að breyta viðhorfum einhverra. Málið varðar okkur öll því enginn veit hvenær við gætum staðið í sporum aðstandenda mögulegs líffæragjafa – eða í þeim sporum að þurfa sjálf á líffæragjöf að halda.

Fyrir einu og hálfu ári síðan lést dótturdóttir mín, Rebekka Ýr, aðeins 6 vikna gömul. Banamein hennar var vöggudauði, sem þrátt fyrir miklar rannsóknir er enn óútskýrð ráðgáta læknisfræðinnar. Afar sjaldgæft er að hans verði vart fyrr en barnið hefur verið látið það lengi að ekkert er hægt að gera.

Í tilfelli Rebekku varð röð tilviljana til þess að þessu var öfugt farið og snör viðbrögð foreldra hennar og sjúkraliðs urðu til þess að hið ótrúlega gerðist. Hjarta hennar fór aftur að slá en hún komst þó ekki til meðvitundar. Við tóku erfiðir dagar mikilla rannsókna sem leiddu í ljós að þrátt fyrir endurlífgunina var útilokað að hún myndi nokkru sinni vakna til okkar á nýjan leik. Jafnvel heilastofn hennar sýndi engin viðbrögð sem þýddi að heiladauðinn var algjör.

Tilfinningunni sem fylgir slíkum fréttum verður best lýst eins og þungu höggi eða holskeflu sem sópar í einu vetfangi burt öllum björtum vonum varðandi þetta litla líf sem draumur okkar allra var að vernda og elska um ókomna tíð. Erfiðar spurningar leita á hugann um tilgang okkar hér á jörð og um lífið sjálft, dauðann og almættið. Ungir foreldrar stóðu nú frammi fyrir þeirri staðreynd að dóttir þeirra myndi aldrei vakna aftur til lífsins. Þó lá hún þarna hjá okkur og hjarta hennar sló ákveðið í litlu brjósti. Svartnættið var algjört þegar foreldrarnir voru boðaðir á fund lækna sem nefndu við þau þann möguleika að gefa líffæri. Þeim var gefin stutt stund til umhugsunar, en þau þurftu ekki nema að líta hvort á annað áður en ákvörðun var tekin.

Eitthvað mjög mikilvægt gerðist við að þessi möguleiki opnaðist. Af þessum fundi komu þau með nýtt blik í augum. Blik, sem gaf okkur öllum von um að ljós væri í myrkrinu sem fram að þessu hafði virst algjört. Skugginn sem lagst hafði yfir tilveruna var skyndilega upplýstur gleði yfir því að geta nú, mitt í allri sorginni, veitt ljósi til annarra sem lá lífið á. Sorgin var vissulega sár, en gleðin var líka fölskvalaus yfir þessu kraftaverki sem litla stúlkan okkar gat með sínu stutta lífi komið til leiðar. Getur lífstilgangur okkar orðið mikið stærri þegar öllu er á botninn hvolft? Eftir að ákvörðun um líffæragjöf hafði verið tekin voru næstu skref í ferlinu unnin hratt og fumlaust. Daginn eftir kom teymi lækna til landsins frá Svíþjóð sem undirbjó það sem til stóð á meðan við aðstandendur kvöddum litla ljósið okkar. Að nokkrum klukkustundum liðnum höfðu læknarnir lokið sínu verki og flugu með líffærin til þeirra sem á þurftu á halda og við tóku langar aðgerðir sama kvöld þar úti.

Nokkrum mánuðum síðar barst bréf frá Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg þar sem fréttir fengust af þeim sem líffærin þáðu. Mánaðargamall drengur hafði fengið hjartað, en frá fæðingu höfðu vélar haldið honum á lífi þar sem hans eigið hjarta var óstarfhæft. Fram að þessu hafði von um heppilegan hjartagjafa verið lítil. Hann dafnaði nú eðlilega og var hraustur. Lifrin hafði verið grædd í 9 mánaða gamla stúlku sem einnig hafði átt við lífshættuleg veikindi að stríða. Einhver vandamál höfðu komið upp við ígræðsluna en góð von var um framhaldið.

Kona með sykursýki á mjög háu stigi hafði fengið brisið og bæði nýrun. Aðgerðin hafði gengið mjög vel og konan hafði ekki lengur þörf fyrir insúlín. Líffæragjafadeild Sahlgrenska sjúkrahússins þakkar í bréfinu fyrir samstarfið við Landspítalann og foreldrum líffæragjafans eru færðar sérstakar þakkir fyrir að hafa átt þennan stóra þátt í að gefa þremur manneskjum tækifæri til lífs.

> Skugginn sem lagst hafði yfir tilveruna var skyndilega upplýstur gleði yfir því að geta nú, mitt í allri sorginni, veitt ljósi til annarra sem lá lífið á.

Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga um að taka upp ætlað samþykki fólks fyrir líffæragjöf, en samkvæmt núgildandi lögum frá 1991 um ákvörðun dauða og brottnám líffæra til ígræðslu, er gert ráð fyrir ætlaðri neitun eða upplýstu samþykki. Ætlað samþykki eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þýðir að allir verða mögulegir líffæragjafar við andlát nema þeir hafi sjálfir tilgreint annað, líkt og tíðkast í Noregi og víðar. Ákvarðanir um líffæragjöf þarf oft að taka hratt og þær eru teknar undir erfiðum kringumstæðum. Ástvinur okkar liggur fyrir dauðanum eða er nýlátinn. Líffæragjöf er ekki það sem við hugsum helst um við slíkar aðstæður. Nái umrædd þingsályktunartillaga fram að ganga, þarf ekki að koma til þessara ákvörðana. Gengið væri út frá því að við værum öll mögulegir líffæragjafar eins og meirihluti fólks vill vera.



## Viltu fá aðstoð við skattframtalið þitt?

Hér er tækifærið því lögfræðiþjónusta Lögréttu í samstarfi við Arion banka, Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar og KPMG veitir endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala sunnudaginn 18. mars frá kl. 11-17 í Háskólanum í Reykjavík, aðalbyggingu.

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á arionbanki.is/fraedsla
eða facebook.com/logfrodur

Arion banki

arionbanki.is – 444 7000

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



30% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir, erlendar



20% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr. kg

ÍM ferskar kjúklingabringur

# FREISTANDI TILBOÐ!



1380 kr. kg

Goða lambalæri, frosið



20% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg

Lambalærissneiðar



30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísagúllas og snitsel



799 kr. pk.

Coke, 4x2 lítrar



89 kr. stk.

Toppur með sítrónubragði, 0,5 l



579 kr. pk.

Krónu bragðarefur



289 kr. pk.

Trolli gúmmíbaukur, 6 teg.

GJAFA KORT KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO · www.expo.is

# ÚRVAL GRÆNMETA!

**Nýtt kortatímabil!**

**30% afsláttur**



**349 kr. kg**
Verð áður ~~499~~ kr. kg
Avocado





**479 kr. kg**
Rauð paprika



**2 fyrir 1**




Myllu ráðskonubrauð

**499 kr. pk.**
Hollt og gott spínatpoki, 200 g



**949 kr. stk.**
Gulrótarkaka, 2ja hæða




**339 kr. pk.**
Allra kleinur, 10 stk. í pk.

## ávaxta-markaður Krónunnar

**Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.**

**AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ**






Gættu þess að láta ávaxtafjöldann standa á heilum tug.
Stykkjaverð er 49 kr. ef ekki er verslað á heilum tug.







KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

**Verktakar og hönnuðir !**

**BIM – Frá hönnun til framkvæmdar**

BIM ÍSLAND

BIM Ísland stendur fyrir kynningarfundi um notkun (BIM) upplýsingalíkana við mannvirkjagerð þann 22. mars 2012 í Laugardalshöll, fundarsal 1 - inngangur A

**ALLIR VELKOMNIR OG AÐGANGUR ÓKEYPIS**

**Dagskráin er eftirfarandi og hefst stundvíslega kl.13.00**

| | |
|---|---|
| 13:00 – 13:10 | |
| **Inngangur** | Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins lýsir næstu skrefum í notkun BIM líkana frá hönnun til framkvæmda |
| 13:10 – 14:20 | |
| **FMOS** | Hönnuðir kynna BIM líkan vegna hönnunar Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Jóhann Örn Guðmundsson starfandi „BIM developer“ í Noregi kynnir gerð verkáætlana úr BIM- líkani |
| 14:20 – 15:00 | |
| **Ice consult** | Kynning á notkun BIM líkana við rekstur mannvirkja |
| 15:00 – 15:20 | |
| **Kaffi – hlé** | Kaffiveitingar |
| 15:20 – 15:35 | |
| **Kynning frá Tækniskólanum** | Ingibjörg Birna Kjartansdóttir kennari við Tækniskólann kynnir fyrirhuguð námskeið skólans um BIM fyrir verktaka , þ.e. hvernig verktakar geta nýtt sér BIM líkön í framkvæmdum |
| 15:35 – 17:00 | |
| **Pihl a/s** | Reynsla Pihl a/s af notkun BIM líkana í framkvæmdum erlendis |

**www.bim.is**


# 19. aldar iðnvæðing á Suðurnesjum?


Orkumál

Magnús Rannver Rafnsson

lektor í verkfræði við HiST University College í Þrándheimi




Fyrir hvern er hagkvæmnin reiknuð, þegar kemur að því að reikna kostnað af raforkuflutningskerfum? Hversu mikið kostar vond ímynd? Margar þjóðir eyða miklum fjármunum í að markaðssetja sig sem best þær geta. Ef við viljum að Suðurnes verði vitnisburður um 19. aldar iðnvæðingu á 21. öldinni, þá er vitaskuld best að halda áfram á þeirri braut sem Landsnet hefur markað. Eftir tíu ár verður þessi ímynd enn fjarlægari nútímanum sem gerir hana enn sérstæðari. E.t.v. er þetta í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar.

Af hverju þykir það sjálfsagt (sbr. það sem komið hefur fram í máli forstjóra Landsnets) að það skili sér beint í hærra orkuverði til almennings ef raforkuflutningskerfi sem byggt er fyrir einkafyrirtæki í Helguvík verður dýrara en Landsnet gerði ráð fyrir? Í fyrsta lagi hefur viðkomandi einkafyrirtæki væntanlega samið sérstaklega um annað og lægra orkuverð en við hin borgum. Í öðru lagi, hefði ekki átt að taka tillit til þessa í hagkvæmniútreikningum fyrirtækisins? Var það kannski hugmyndin að almenningur stæði undir kostnaði sem snýr að umhverfi, aðlögun eða auknum gæðum almennt? Eru umhverfismál og gæði kannski alfarið á kostnað almennings – eitthvað sem greiðist eftir skatt en ekki með sköttum?

**Þriðja leiðin**

Það er eitt að byggja álver og annað hvernig það er gert. Það er eitt að byggja raforkuflutningskerfi fyrir loftlínur og annað hvernig það er gert. Iðnaðarmannvirki þarf ekki að hanna með sama hætti og gert var snemma á tuttugustu öld – tímarnir eru breyttir. Auðvitað er hægt að aðlaga iðnaðarmannvirki að nútímanum, landslaginu og samfélaginu – og í sátt við það – með umhverfisvæn sjónarmið í huga. Til þess þarf bara vilja og það kostar ekki meira ef rétt er að farið. Þriðja leiðin felur í sér lausnir sem uppfylla bæði tæknilegar og umhverfislegar kröfur á hagkvæman hátt.

Þrýstingur á breytingar eykst nú hratt með vaxandi umhverfisvakningu og tilheyrandi umhverfiskröfum í mannvirkjahönnun. Það er e.t.v. ráð að hafa þetta í huga, þar sem mannvirkin sem nú stendur til að reisa á Reykjanesskaganum munu standa þar um margra áratuga skeið.

Til að forðast misskilning er rétt að taka fram að háspennumöstur í formi „skúlptúra“, eins og oft vill verða niðurstaðan í arkitektasamkeppnum um háspennumöstur, eru ólíkleg til þess að vera lausn á vandamálinu sem hér er rætt. Það krefst þekkingar að greina á milli skúlptúra annars vegar og lausna hins vegar, sem ekki bara uppfylla kröfur til tæknilegs hlutverks, umhverfis og kostnaðar, heldur jafnframt bæta þær aðferðir sem notaðar hafa verið í gegnum tíðina.

**Háspennustrengir í jörðu**

Háspennustrengur í jörðu er krefjandi framkvæmd í umhverfislegu tilliti. Vegagerð fyrir þungavinnuvélar, stórir skurðir og fyllingar tilheyra slíkri framkvæmd. Breitt svöðusár verður eftir í landslaginu sem í íslenskum aðstæðum er oft viðkvæmt. Í samhengi við Suðvesturlínur er um að ræða mosa og hraun, svöðusár sem ekki verður lagað eftir á. Um þetta hefur verið skrifað í Fréttablaðinu (Gústaf Adolf Skúlason, 25. nóvember 2011). Engu að síður ber að ígrunda þennan valkost vel, ef valið stendur á milli þess og þeirrar lausnar sem Landsnet býður upp á. Hér þarf bráðnauðsynlega að kanna þriðju leiðina.

**Að lokum**

Hér er ekki mælt gegn loftlínum sem slíkum, við þurfum rafmagn. Hér er bent á að valkostirnir eru fleiri en tveir. Í þriðju leiðinni er að finna aðrar lausnir sem gætu verið grundvöllur að meiri sátt um framkvæmdir en þær sem hér er rætt um – stóriðnaðarframkvæmdir. Það má ekki gleyma því að niðurgrafinn háspennustrengur út eftir Reykjanesskaganum veldur óafturkræfu umhverfisraski. Jarðstrengur er því frá umhverfissjónarmiðum að vissu leyti vafasöm framkvæmd. Kostnaðarhliðin er þekkt og hefur verið rædd mikið í fjölmiðlum.

Fjárfesting í orkuflutningskerfum er skv. sérfræðingum áhættuminnsta fjárfestingin sem hægt er að gera í orkugeiranum í dag. Umhverfisslys vofir nú yfir Reykjanesi og með breyttri hugsun má enn koma í veg fyrir það. Um leið er fjárfest í nýrri sýn, forsendum og aðferðum – þekkingu. Nútíma verkfræði býr yfir mýmörgum möguleikum til þess að skapa nýjar raunverulega hagkvæmar og umhverfisvænar lausnir sem endurspegla samtímann og getu hans til að leysa flókin verkefni vel. Forðumst umhverfisslys á Reykjanesskaga.

Greinina má lesa í fullri lengd á: www.linudans.org

# Blóðpeningar.is


Fjármál

Óðinn Sigþórsson

Einarsnesi




Menn afla sér peninga með ýmsum hætti. Langflestir stunda heilbrigða atvinnustarfsemi sem gagnast þeim sjálfum og þá ekki síður þeim sem hjá þeim vinna og þjóðfélaginu öllu. Það köllum við atvinnuvegi landsins. Aðrir brjóta lög og reglur samfélagsins til að afla fjár. Þeir tilheyra gjarnan undirheimum þjóðfélagsins og eru ekki hluti af atvinnulífinu. Svo eru enn aðrir sem stunda atvinnustarfsemi sem lög ná ekki yfir en samræmist ekki vitund okkar sem viljum siðað þjóðfélag. Undir þennan flokk vil ég fella svokölluð smálánafyrirtæki sem bjóða lán á okurvöxtum.

Það er langt handan eðlilegra viðskiptahátta að á Íslandi skuli vera opinberlega boðið upp á lánveitingu gegn vöxtum sem eiga sér varla aðra samsvörun hvað vaxtakjör varðar en þegar innheimtir eru vextir á fíkniefnaskuldir í þeim ógeðfellda heimi. Á heimasíðu smálánafyrirtækis er tafla yfir þau vaxtakjör sem í boði eru. Þar eru ársvextir vegna smálána á vegum þess tilgreindir frá 390,9% þeir lægstu, en allt upp í 657,0% þeir hæstu. Þessi fjárplógsstarfsemi lýtur hvorki gildandi lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem smálánafyrirtækin lána fyrir eigin reikning, eða lögum um neytendalán vegna þess hve lánstíminn er skammur.

Markhópur þessara aðila er unga fólkið okkar. Þú bara skráir þig og svo bíða þeir eftir að þú sendir þeim sms og þá renna blóðpeningarnir inn á reikninginn samstundis. Einfalt, auðvelt og freistandi. Hagur lánveitandans er augljós. Ef þú getur ekki borgað að fullu þá er ekkert vandamál að slá lán ofan á lán.

Engir lánasamningar eru undirritaðir og engin athugun er gerð á því hvort lántakinn sé fyllilega meðvitaður um afleiðingar lántökunnar eða hvort hann sé borgunarmaður fyrir skuldinni. Ég held að það dytti t.d. engum bankastarfsmanni í hug að veita drukknum einstaklingi lán. En það gerist þarna. Afleiðingarnar af þessari starfsemi hafa verið skelfilegar í nágrannalöndum okkar þar sem nokkur reynsla er komin á. Fjölmörg ungmenni hafa tapað fjárhagslegu sjálfstæði sínu í viðskiptum við þessi „fyrirtæki“.

Þetta má ekki gerast hér á Íslandi líka. Fyrrverandi efnahagsráðherra, Árni Páll Árnason, sá þessa hættu og lýsti því yfir að hann vildi beita sér fyrir löggjöf sem setur þessari ógeðfelldu starfsemi lagaumgjörð. Því miður entist hann ekki í embætti til að koma því í verk. Nú vil ég skora á alþingismenn að taka sér í hár og lyfta höfði upp úr dægurþrasinu. Þarna er verk að vinna og það strax áður en illa fer. Brýn nauðsyn er á löggjöf sem heimilar ekki óbreytta starfsemi af þessu tagi. Sú löggjöf verður að fela í sér tvennt. Að þessum aðilum verði óheimilt að gera lánasamninga sem ekki eru skriflegir, og hitt að lánveitingar fari ekki fram utan opnunartíma fyrirtækjanna. Skítt með allar tilskipanir ESB í þessum efnum. Framtíð fjölmargra íslenskra ungmenna skiptir hér öllu máli. Fjarvera Talsmanns neytenda í þessu máli er illskiljanleg enda þótt hann hafi verið utan þjónustusvæðis vegna anna sinna undanfarið eins og alþjóð hefur séð og heyrt.


**ÞÆGINDI & GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!**

HÚSGAGNAHÖLLIN



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**MODENA** sófasett.
2 sæta sófi B:156 D:90 H:82 cm.
3 sæta B:218 D:90 H:82 cm.

2 SÆTA **167.990** FULLT VERÐ: 209.990

3 SÆTA **183.990** FULLT VERÐ: 229.990

NÚNA 20% AFSLÁTTUR



LAZBOY

**ASPEN** La-z-boy stóll.
B:85 D:85 H:100 cm.
Fæst svörtu eða brúnu leðri.

**111.980** FULLT VERÐ: 139.980

HÚSGAGNAHÖLLIN Bildshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200
OPIÐ Virka daga 10-18 • laugardaga 12-18 • sunnudaga lokað
0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða VISA




## Nýttu þér ókeypis námskeið Íslandsbanka í Meniga heimilisbókhaldinu



Meniga heimilisbókhaldið, sem nú er hluti af Netbanka Íslandsbanka, hjálpar þér að ná yfirsýn yfir fjármál heimilisins og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar.

Næstu námskeið verða í húsnæði Íslandsbanka að Suðurlandsbraut 14, 3. hæð (inngangur á vesturgafli).

- **Miðvikudaginn 21. mars kl. 17.30 - 19.30**
- **Fimmtudaginn 22. mars kl. 17.30 - 19.30**
- **Miðvikudaginn 28. mars kl. 17.30 - 19.30**

MENIGA | Allar nánari upplýsingar og skráning á **islandsbanki.is**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Næsta þorskastríð

Sjávarútvegsmál

Jónas Bjarnason
efnaverkfræðingur

Lýður Árnason
læknir





Þeir sem taka ekki mark á sögunni eru dæmdir til að endurupplifa hana," segir málshátturinn. Við höfum háð stríð við aðrar þjóðir um fisk eins og allir vita. Oft voru fjölmörg útlend skip á miðunum og öllum ljóst, að auðlindin gæti ei þolað fjölþjóðlegan ágang til langframa. Það var því látið sverfa til stáls.

Nú er vitað að flestir nytjastofnar í heiminum hafa látið á sjá og sumir svo um munar. Þorskur er ekki svipur hjá sjón og stærstu nýtingaraðilar afneita stöðugt eigin þætti í fiskleysinu. Því er hampað að utanaðkomandi þættir liggi að baki og einnig er hamrað á hagræði óbreytts fyrirkomulags. Hagsmunaaðilar veraldarvítt viðhalda þannig eigin aðgengi og einokun yfir auðlindum til sjávar.

Þekktur vísindamaður sagði að botnvörpuveiðar væru eins og veiðar á íkornum með skógareyðingu fyrst. Botnvarpa jafnar út misfellur á sjávarbotni, kórallar muldir, svampagróðri eytt og eftir standa plógförin ein. Það hefur verið sýnt og staðfest með neðansjávarmyndum að kóralrifum, sem tekur hundruð ára að byggjast upp, er eytt í einni svipan. Slík kóralrif eru hluti af viðkvæmu vistkerfi hafsins og afskiptaleysi stjórnvalda illskiljanlegt. Botnvörpusjómenn, sumir hverjir, halda fram skaðleysi þessara veiða og segja útjöfnun bara til bóta og að ekkert líf sé á botni á miklu dýpi. Í þessu sambandi má nefna ráðstefnu um margbreytileika hafdjúpanna í Kúala Lúmpúr 2004. Í framhaldinu var birt bænaskjal undirritað af 1.136 vísindamönnum frá 69 löndum. Þeir lögðu að ríkisstjórnum og SÞ að botnvörpuveiðar á úthöfum verði bannaðar til að bjarga vistkerfum í hafdjúpunum og þar með nytjafiski. Vísindamenn höfðu þá nýlega uppgötvað skóga af kóröllum og kórallarif á djúpu og jafnvel köldu vatni og kalla þá regnskóga hafdjúpanna.

Nú er svo komið að um þriðjungur allra nytjafiska í heiminum líður fyrir rányrkju og er í hættu. Vísindamenn spá eyðingu allra fiskistofna um miðja öldina ef ekkert verði að gert og áfram haldið á sömu braut. En hver á að annast varnir fyrir náttúruna? Í ýmsum löndum eru sérstakar stofnanir sem upplýsa um líf hafdjúpanna, en þær mega sín lítils gegn hagsmunaaðilum sem eiga sitt undir veiðum. Hingað til hefur sönnunarbyrðin verið þeirra sem nýta náttúruna og tala fyrir verndunarsjónarmiðum, en varðandi hafdjúpin eru mál nú víða að breytast og yfirvöld farin að viðurkenna, að náttúruvernd eigi ekki að staðnæmast við sjávarmál.

Á Íslandsmiðum eru notaðir krókar á handfæra- og línuveiðum, netaveiðar hafa reglugerðarmöskva og botnvörpuveiðar eru með misstórum vörpum og hlerum. Útgerðarmenn hafa þannig í hendi sér hvaða veiðarfæri eru notuð. Og veiðileyfi þeirra gilda um öll Íslandsmið fyrir utan staka bletti eða firði í skamman tíma og sem friðaðir eru vegna smáfisks og hrygninga. Annars ríkir frjálsræði í aðalatriðum til veiða og ábyrgð á veiðarfærum er í höndum útgerðarmanna einna.

Hvenær ætla íslenzk stjórnvöld að taka afstöðu til botnvörpunnar? Treysta þau á að LÍÚ dreifi upplýsingum til einstakra útgerða um skaðsemi veiðarfæra? Hvers vegna er staðreyndum um alheimsrýrnun botnfiska ekki haldið til haga? Í þessu sem mörgu öðru njóta útgerðirnar vafans og halda áfram sínum mokstri óáreittar.

Rányrkja auðlinda tíðkast um heim allan í skjóli þröng- og skyndihagsmuna. Gróðinn er þvílíkur að auðvelt er að hafa áhrif á ríkisstjórnir og snúa þeim á sveif með hagsmunaaðilum. Á meðan blæðir heildinni og við hættum afkomu komandi kynslóða. Næsta þorskastríð á Íslandi er í nánd og mun snúast um þetta.




# Ójöfnuður hindrar bætt heilsufar

Heilbrigðismál

Ingimar Einarsson
ráðgjafi um stefnumótun í heilbrigðismálum



Evrópuskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) vinnur nú að mótun evrópskrar heilbrigðisstefnu (Health 2020) og samtímis eru aðildarríki hennar að útfæra sínar eigin langtímaáætlanir í heilbrigðismálum. Á Íslandi mun heilbrigðisáætlun til ársins 2020 leysa af hólmi sambærilega áætlun sem rann sitt skeið árið 2010. Í byrjun aldarinnar virtist sem aðildarríki WHO í Evrópu væru að þróa sína stefnumótun og áætlanagerð hvert í sína áttina, en með tilkomu nýrrar forystu á Evrópuskrifstofu WHO í Kaupmannahöfn í ársbyrjun 2010 er nú lögð áhersla á að þessi vinna sé byggð á sömu undirstöðum.

Að því er varðar gerð íslensku heilbrigðisáætlunarinnar er mikilsvert að læra af öðrum og skoða þá sérstaklega atriði eins og félagslega áhrifaþætti heilsu, eflingu nærsamfélagsins og lýðheilsuþversnið (folkehelseprofil) þjóðarinnar.

### Félagslegir áhrifaþættir

Á árunum 2005-2008 starfaði á vegum WHO nefnd undir forystu Englendingsins Sir Michael Marmot og beindi hún sjónum sínum að félagslegum áhrifavöldum heilsu (CSDH, Commission on Social Determinants of Health). Úttekt nefndarinnar og kannanir annarra aðila sýna að helstu áhrifaþættir heilsufars eru af félagslegum toga og sennilega hafa þeir mest að segja um þá byrði sem sjúkdómar og dauði valda í heiminum í dag. Myndin er alls staðar sú sama. Einstaklingar sem hafa lág laun, stutta skólagöngu að baki, gegna ófaglærðum störfum eða eru atvinnulausir búa við meira heilsuleysi og lifa skemur en aðrir. Í lokaskýrslu sinni, Closing the gap in a generation frá árinu 2008, undirstrikar nefndin mikilvægi þess að bæta lífsskilyrði fólks sem býr við lakar aðstæður. Víða um lönd er þessi skýrsla nú orðin grundvallarrit við mótun heilbrigðisáætlana og annarra viðeigandi aðgerða sem miða að því að efla heilsu og velferð fólks.

### Nærsamfélag

Í allri stefnumótun er núorðið lögð áhersla á víðtækt samráð við fólkið í landinu og félagasamtök þess. Slagorð Öryrkjabandalagsins „Ekkert um okkur, án okkar!" er einkennandi fyrir þessi viðhorf. Umfjöllun tillagna á stórfundum, formlegt umsagnarferli og hugarflugsfundir eru tæki til þess að ná til þeirra er málefnin varða. Flutningur allrar nærþjónustu á sviði heilbrigðis- og félagsmála til sveitarfélaganna er áfangi á þeirri leið að skapa hér eiginlegt nærsamfélag og tryggja að borgararnir hafi áhrif á þjónustuna. Á Íslandi hafa sveitarfélögin Hornafjörður og Akureyri tekið að sér rekstur heilsugæslu og öldrunarmála og samþætt þessa málaflokka félagslegri þjónustu sveitarfélaganna. Í ársbyrjun 2011 tóku sveitarfélögin í landinu yfir málefni fatlaðra frá ríkinu og áformað er að flytja málefni aldraðra og jafnvel heilsugæsluna í heild sinni til sveitarfélaganna á næstu árum.

### Lýðheilsuþversnið

Í Noregi tóku ný lýðheilsulög gildi 1. janúar sl. og eru þau liður í að framfylgja áætlun um umbætur og samráð í heilbrigðisþjónustunni (Samhandlingsreformen). Þessi nýja löggjöf er liður í að styrkja ábyrgð og aðgerðir sveitarfélaga á sviði forvarna og heilsueflingar á öllum sviðum samfélagsins. Lýðheilsustofnun Noregs er svo falið að halda saman upplýsingum á samræmdu formi um ástandið í heilbrigðismálum í sérhverju sveitarfélagi, fylki og í landinu sem heild, svonefndu lýðheilsuþversniði eða lýðheilsuprófíl. Þetta á að auðvelda allar aðgerðir til að bæta heilsufar á hverjum stað fyrir sig og svo geta allir farið inn á netsíðu stofnunarinnar í leit að frekari fróðleik. Þarna er t.d. að finna upplýsingar um algengi sykursýki, ofþyngd og offitu, sálræn vandamál, slys o.fl. Nálgun sem þessi gæti e.t.v. komið að góðum notum hér á landi.

### Heilsa 2020

Ný heilbrigðisáætlun verður að hafa að meginmarkmiði að bæta heilsu og vellíðan fólks, draga úr ójöfnuði og tryggja sjálfbært notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi. Upplýsingar um félagslega áhrifaþætti heilsu, efling nærþjónustu og gleggri þekking á lýðheilsu landsmanna eru öll lykilatriði sem nauðsynlegt er að styðjast við þegar mótuð er heildstæð framtíðarsýn og markmið fyrir heilbrigðisáætlun til ársins 2020 eru skilgreind.

# Kjarnakonu á Bessastaði

Forsetaembættið

Ragnheiður Davíðsdóttir
háskólanemi og blaðamaður



Margir eru kallaðir sem álitlegir forsetaframbjóðendur. Í mínum huga er Auður Guðjónsdóttir skurðhjúkrunarfræðingur afar vænlegur frambjóðandi í forsetakjöri. Hún er vel þekkt sem óbreytandi baráttukona í þágu lækninga við mænuskaða. Sem stofnandi Mænuskaðastofnunar Íslands hefur henni tekist að fá færustu sérfræðinga heims til að horfa út fyrir rammann. Nýlega átti Auður frumkvæði að því að Norðurlandaráð samþykkti að Norðurlöndin hefðu forgöngu um að hrinda af stokkunum skipulagðri leit að lækningu við mænuskaða. Það þarf ekki lítið þrek og hugsjón til að halda slíku til streitu og hafa í gegn.

Ef það er eitthvað eitt sem prýðir Auði öðru fremur, þá er það leiðtogahæfileikinn. Hún hefur einstakt lag á að koma málum áfram, hrífa fólk með sér með mælskunni og halda stefnunni. Forseti er þjóðarleiðtogi og Auður á svo sannarlega heima í slíku hlutverki.

Ef svona dugmikil og framsækin kona yrði kosin í þetta mikilvæga embætti gæti hún beint sjónum að mannúðarmálum, heilbrigðismálum og jafnréttismálum; málaflokkum sem eru henni afar hugleiknir og skipta þjóðina og allt mannkynið afar miklu máli. Þannig yrði hún forseti allrar þjóðarinnar.

Það er engin spurning að þessi dugmikla, heiðarlega og hláturmilda kona mundi njóta sín vel sem gestgjafi þjóðarinnar. Mín tilfinning er sú að Auður mundi bera með sér ferska vinda inn á Bessastaði og leiða þjóðina til góðra verka.

Vonandi fyrirgefur Auður mér þessa framhleypni. Ég tel mig þó þekkja hana nógu vel til þess að vita að ef hún telur að hún geti látið enn meira gott af sér leiða sem forseti, þá mun hún íhuga málið. Hún hefur aldrei verið hrædd við að taka slaginn.

# VORTILBOÐ

**25-50%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**



RúmGott

**Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.**

**Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-**

## FERMINGARTILBOÐ

Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Bólugrafnar drengjagrúppíur

**Ari Eldjárn** og félagar í Mið-Íslandi byrja með nýjan þátt á Stöð 2 í næstu viku. Ari er mikill aðdáandi Fóstbræðraþáttanna sem skörtuðu **Þorsteini Guðmundssyni** og hófu göngu sína fyrir fimmtán árum. *Kjartan Guðmundsson* hlýddi á spjall spaugaranna.



**VINIR** Ari Eldjárn og Þorsteinn Guðmundsson hafa starfað talvert saman í gegnum tíðina, meðal annars við kvikmynd, Áramótaskaup og auglýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Þekkist þið tveir grínistarnir?*

**Þorsteinn:** „Já. Ég hef fylgst með Mið-Íslandshópnum úr fjarlægð og man að ég sá ykkur fyrst koma fram á skemmtistaðnum Karamba við Laugaveg. Ég sá strax að þarna voru liðtækir menn sem kunnu uppistandsfagið en voru líka með eitthvað nýtt. Dóri DNA er mér sérstaklega minnisstæður þetta kvöld. Hann æddi um með bjórglas og einhverja miða sem hann hafði skrifað á og öskraði í sífellu: „Hvað er körrent? Hvað er körrent?“ Svo bullaði hann bara um fréttir dagsins, sem mér fannst alveg frábært. Þetta sýndi frumlega hugsun og mikinn kjark, því hann hefur varla haft mikinn tíma til að undirbúa sig. Manstu eftir þessu, Ari?“

**Ari:** „Já, mjög vel. Dóri talaði í fimmtíu mínútur.“

**Þorsteinn:** „Þetta var heilmikið stuð. Svo gerðum við saman auglýsingar fyrir Nova þar sem þú lékst Gary Duncan, knattspyrnumanninn frá Scunthorpe United.“

**Ari:** „Einmitt. Sá karakter var nú fundinn upp og auglýsingar samdar hér við eldhúsborðið þitt. Þær voru í þessum kennslumyndbandastíl sem þú hefur tileinkað þér. Menn sem segja fólki hvernig hlutirnir virka, hvort sem þeir vita það eða ekki.“

**Þorsteinn:** „Já, þetta YouTube-heilkenni sem er svo frábært. Þá var ég að læra á gítar á YouTube og þú sagðir mér að þú hefðir lært að spila fótbolta á YouTube, sem mér þótti hrikalega fyndið og ætlaði varla að trúa því. En svo sýndirðu mér einhvern tannlausan Breta sem var rosalega harður við börnin sem hann var að kenna knattspyrnu.“

**Ari:** „Þessar auglýsingar blésu miklu lífi í vináttu okkar. En við kynntumst reyndar fyrst árið 2006 þegar við sömdum Áramótaskaupið saman, ásamt fleirum.“

**Þorsteinn:** „Alveg rétt. Ég var búinn að gleyma því.“

**Ari:** „Og svo leyfðirðu mér að leika í bíómyndinni sem þú skrifaðir handritið að og lékst aðalhlutverkið í, Okkar eigin Osló.“

**Þorsteinn:** „Já. Ég var búinn að steingleyma því líka.“

**Ari:** „Það er mitt fyrsta og hingað til eina hlutverk í kvikmynd. Það var stórkostlegt að eyða fjórum dögum í að bulla með þér og Ladda. Besta djobb í heimi.“

## Gerðu hlé á bekkjarpartíinu

*Ari, varst þú aðdáandi Fóstbræðra á yngri árum?*

**Ari:** „Já mjög mikill aðdáandi. Ég var sextán ára þegar Fóstbræður hófu göngu sína og sautján þegar þú birtist mér fyrst í seríu númer tvö. Á fullkomnum aldri. Í 5. bekk í MR vorum við með bekkjarpartí og allir voru vel hressir, en ég man að það var gert hlé á öllu til að horfa á Fóstbræðraþátt sem var í sjónvarpinu. Þá sá ég í fyrsta skipti sketsinn með sértrúarsöfnuðinum sem Benedikt Erlingsson leiðir. „Ég drap föður minn og ég nauðgaði móður minni en Guð MUN fyrirgefa mér!“ Ég átti erfitt með að skilja allt því ég var orðinn svo drukkinn, en við hlógum og hlógum.“

**Þorsteinn:** „Það eru helst strákar á aldrinum 12 til 23 ára sem eru móttækilegir fyrir nýjum grínþáttum. Þeir eru grúppíurnar okkar, þessir bólugröfnu drengir sem vilja láta taka mynd af sér með okkur á iPhone-inn sinn. En þættirnir mættu mikilli andstöðu hjá stórum hluta almennings. Við í Fóstbræðrum vorum til dæmis hötuð af símastelpunum á Stöð 2, því þær vissu að þær fengju tvö hundruð kvörtunarsímtöl í hvert skipti. En svo snerist þetta við á einhvern undarlegan hátt. Þættirnir hættu að verða költ og urðu dálítið vinsælir. En ég held að margar aðrar grínþáttaraðir hafi fengið meira áhorf, til dæmis Stelpurnar og Svínasúpan. Þannig er það oft með eitthvað svona nýtt.“

**Ari:** „Jón Gnarr sagði mér eitt sinn að einna mest hefði verið kvartað yfir atriðinu „Hvað á að gera við afa?“, sem fjallaði um mann sem vill ekki setja afa sinn á elliheimili og ákveður frekar að skjóta hann. Svo hættir maðurinn við á ögurstundu og setur afa á elliheimili, en kvartanirnar snerust allar um að það væri ljótt að sýna atriði þar sem gamall maður væri skotinn. En hann var ekkert skotinn. Það var eins og margir hefðu alveg misst af punktinum í atriðinu. Nú til dags eru auðvitað miklu fleiri leiðir til að tjá ónægju sína með allt, Facebook, vefsíður, spjallvefir og svo mætti lengi telja.“

**Þorsteinn:** „Þá var það bara Velvakandi.“

**Ari:** „Já, og Þjóðarsálin á Rás 2, fyrir utan að hringja beint í Stöð 2 og skammast. En Fóstbræðraþættirnir höfðu mikil áhrif á mig. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á gríni en ætlaði samt alltaf að vera kvikmyndaleikstjóri og gera einhverjar skandinavískar og þunglyndar bíómyndir. Líklega hef ég alltaf verið uppistandari í eðli mínu en var rosalega seinn að fatta að færa það upp á svið. Ég var 28 ára þegar ég tróð fyrst upp og þá var ég í raun ekki að hegða mér neitt öðruvísi en ég gerði í partíum.“

**Þorsteinn:** „Fyrir utan að þú fékkst borgað fyrir það.“

**Ari:** „Þetta var reyndar algjör sjálfboðavinna til að byrja með, en í dag er ég svo gæfusamur að geta lifað á því að skrifa og koma fram og vonandi endist það sem lengst. Ég vann áður á frábærri auglýsingastofu sem heitir Jónsson og Le'Macks og þegar ég byrjaði að skemmta á fullu fékk ég að vera áfram með aðstöðu þar. Allir þar hvöttu mig til dáða og hafa hjálpað mér margvíslega. Til að mynda fékk ég ómetanlegan stuðning frá eigendum og starfsmönnum stofunnar þegar ég gerði litla grínplötu fyrir jólin 2009. Ég var alltaf hálfgerður vinnustaðagrínisti þar. Varst þú ekki svoleiðis líka?“

**Þorsteinn:** „Svona af og til, jú. Ég er með smá athyglisbrest og þegar ég finn að ég er að tapa athyglinni þá byrja ég stundum með eitthvað rugl til að ná henni aftur. Þetta hófst þegar ég var í MR og leiddist stundum í tímum. Þá byrjaði ég að fela mig bak við gardínur og það endaði þannig að ég var heilan tíma bak við gardínur. Svo gerði ég samning við einn kennarann um að fá að glósa á töfluna hjá honum því ég hefði sofnað yfir bókunum. Ég skil þessa tilfinningu mjög vel.“

> Ef mér finnst fyrsti þátturinn rosa góður er ekkert víst að ég nenni að horfa á þann næsta.“

## Fékk ógeð á sketsaþáttum

*Hver er helsti munurinn á að skrifa fyrir sketsaþætti annars vegar og uppistand hins vegar?*

**Ari:** „Það eru milljón sinnum fleiri ákvarðanatökur í sketsaþáttum, meira um millibilsástand, lengra ferli og þú sérð afraksturinn af því sem þú skrifar kannski ekki fyrr en mörgum mánuðum síðar. Þetta er að minnsta kosti mín reynsla. Í uppistandi ertu sífellt að prófa eitthvað nýtt og henda út gömlu. Og þú veist strax hvort eitthvað virkar eða ekki og getur þá lagað eða hent út. Ef eitthvað virkar ekki í sjónvarpi veistu það ekki nema af afspurn. Ég vildi óska þess að ég gæti setið heima hjá hverjum einasta manni sem horfir á Mið-Íslands þættina og horft á hann horfa.“

**Þorsteinn:** „Já, og útskýra hvers vegna atriðin eru fyndin. Ég hef ekki séð Fóstbræður síðan þættirnir voru sendir út á sínum tíma og hef engan áhuga á því. Við unnum mjög hratt og kannski voru vinnubrögðin okkar voðalega óvönduð.“

**Ari:** „En er það ekki kostur að geta tekið hraðar ákvarðanir?“

**Þorsteinn:** „Jú, kannski. En ég fékk ógeð á því að skrifa sketsaþætti. Fékk ógeð á að vinna með þetta form. Þetta er dálítið eins og að yrkja ljóð og semja alltaf ferskeytlur aftur og aftur. Fyrr eða síðar vill maður gera eitthvað annað, smásögubók eða eitthvað slíkt.“

**Ari:** „Það er mikil hætta á að endurtaka sig ef maður er ekki duglegur að finna nýjar nálganir á hlutina. Sjálfur á ég til að vera dálítið takmarkaður. Ég er góður í að skrifa ákveðna tegund af sketsum en lakari í öðrum. Flestir sketsarnir mínir eru bíólegir. Ég er svona form-pervert. En svo er svo mikið af góðum sketsum sem ganga bara út á tvo menn að tala. Ég væri til í að gera meira af því.“

**Þorsteinn:** „Já, það er mikið til í því. Þannig sketsar eiga til að lifa lengi. Einn skets úr Fóstbræðrum sem fór lágt á sínum tíma en hefur lifað er Maður í lyftu, þar sem Jón Gnarr var fastur í lyftu með Benedikt Erlingssyni og vill sýna honum gyllinæð, læknamistök og hár sem vex út úr vörtu. Þessi innilokunarkennd virkar vel.“

**Ari:** „Já, og svo er skítlétt að taka svona atriði. Bara redda lyftu og þá er það komið. Fullkominn skets.“

## Sköpunargleðin situr eftir

*Þorsteinn, ertu spenntur fyrir nýju Mið-Íslands þáttunum?*

**Þorsteinn:** „Já, það er ég. Mín reynsla er sú að mínir uppáhaldsþættir eru þeir sem ég kveiki ekki á alveg strax, svo ég vona að fyrsti Mið-Íslands þátturinn veiti mér smá mótspyrnu. Ef mér finnst fyrsti þátturinn rosa góður er ekkert víst að ég nenni að horfa á þann næsta.“

**Ari:** „Þú hefur örugglega gaman af súrari hlutanum af þáttunum. Það er fullt af hefðbundnu gríni í þeim en annað sem er mjög óhefðbundið og skrýtið. Ragnar Hansson, leikstjórinn sem skrifar þættina með okkur, er mjög metnaðarfullur og kemur með nýja vídd inn í efnið okkar. Það er ekkert uppistand, engar eftirhermur og alls ekki „körrent“ heldur frekar hliðstæður veruleiki.“

**Þorsteinn:** „Þættirnir eru auglýstir þannig að nú fái Mið-Ísland tækifæri lífs síns!“ Hvað meina þeir með þessu? Hefur ekkert merkilegra gerst í ykkar lífi en að fá að gera þætti á Stöð 2? Er verið að stilla ykkur upp við vegg og segja ykkur að gjöra svo vel að standa ykkur?“

**Ari:** „Það er verið að segja ákveðna sögu með þessu, ekki endilega úr okkar veruleika.“

**Þorsteinn:** „Já, þetta vekur athygli. En ef mér leyfist að tala eins og gamall karl í bransanum, þá vona ég að Mið-Ísland fylgi sinni sannfæringu eins og við gerðum í Fóstbræðrum. Það er vel hægt að skrifa fyrir aðra en það verður aldrei sannfærandi. Það er kikk að fá viðbrögð og nýjabrumið er skemmtilegt, en það hverfur og sköpunargleðin er það sem situr eftir þegar fram í sækir.“

**Ari:** „Algjörlega. Það er frábær tilfinning að fá hugmynd og búa eitthvað til. Pabbi minn á sérstaka bókahillu sem í eru allar bækurnar sem hann hefur skrifað og þýtt. Það er svo gaman að sjá hversu mikill tími liggur að baki þessarar litlu hillu. Það finnst mér fallegt.“

**Þorsteinn:** „En ég er viss um að pabbi þinn er að hugsa um næstu bók.“

**Ari:** „Já, hann er byrjaður að skrifa hana.“



Öll Jotun innimálning

20% afsláttur

Allar gólfflísar

20% afsláttur

# Allt fínt fyrir páska!

## Hreinsefna kynning

Í Skútuvogi
kl 13:00- 17:00
Ný öflug hreinsiefnalína fyrir heimilið á frábæru verði.



NÝTT!

## GLÖS

3 fyrir 2
af völdum glösum



6 glös í setti
699

18 glös
1.398



979 kr/m²

VERÐ VERND

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Eikarplastparket**
Kaindl, 6 mm, slitþolsflokkur 31.
147049



74.890

**Þvottavél**
EWF10641OW.
1000sn. Tekur 6 kg.
Stærð 85x60x60cm.
1805650

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Greina- og hekkklippur

20 % afsláttur





4.590

VERÐ VERND

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Hreinlætistæki**
Emmevi, Giglio.
7900011



Kaupauki ljós fylgir með borvél

Meðan birgðir endast!

29.995

HITACHI
**Rafhlöðuborvél DS14DCL**
14,4V, hleðslutími 60 mín.
Lithium rafhlöður 1,5Ah 2 stk.
5247014

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.



Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.

Pylsa eða pizza og kók 199 kr.

HÚSASMIÐJAN




**FORSTÖÐUKONA DYNGJUNNAR** Edda V. Guðmundsdóttir hefur veitt Dyngjunni forstöðu í tíu ár. Hún segir starf sitt gefandi, enda sjái hún árangur af því á hverjum einasta degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# *Búa sig undir nýtt líf í Dyngjunni*

Á undanförnum 24 árum árum hefur 971 kona og að minnsta kosti jafn mörg börn dvalið á áfangaheimilinu Dyngjunni, sem í vikunni hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Þar byggja konur á öllum aldri upp líf sitt að nýju í öruggu umhverfi eftir áfengis- og fíkniefnameðferð. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti forstöðukonuna **Eddu V. Guðmundsdóttur** í Dyngjuna.

Dyngjuna er að finna í stóru einbýlishúsi í Vogunum, sem stingur ekkert í stúf við önnur fjölskylduhús í hverfinu. Innan dyra er heimilislegur andi og það er augljóst að þarna ráða konur ríkjum. Gangurinn er fullur af skóm og íbúðin er hrein og hlýleg. Á móti blaðamanni tekur forstöðukonan Edda Guðmundsdóttir og býður hann inn á skrifstofuna sína, sem er í einu herbergjanna á neðri hæðinni. Hún segir þennan góða anda koma til af því að Dyngjan er raunverulegt heimili, þar sem íbúunum líður vel. „Konurnar sem hér búa eru ekki í meðferð hérna, heldur á þessu mikilvæga millistigi, þar sem þær æfa sig í því að lifa sem eðlilegustu lífi,“ útskýrir hún. Hún segir það oft koma gestum Dyngjunnar þægilega á óvart hversu eðlilegt heimilislífið er. „Kannski skilur fólk þá betur að þetta er bara heimili og að konurnar sem hér búa eru bara venjulegar manneskjur, haldnar sjúkdómi sem hefur leikið þær illa. Þetta eru ekki vondar manneskjur.“

## Hafa börnin sín hjá sér

Í heild hefur 971 kona skráð sig inn í Dyngjuna frá því árið 1988, þegar heimilið var opnað. Þá tölu má að minnsta kosti tvöfalda til að áætla heildarfjölda þeirra sem þar hafa dvalið í gegnum árin, því margar kvennanna hafa börnin sín með sér, ýmist að hluta eða alfarið. Þetta er eitt það mikilvægasta við starf Dyngjunnar, að mati Eddu. „Konurnar eru oft meiddar í móðurhjartanu og þess vegna er svo mikilvægt að þær fái tækifæri til að nálgast sín börn. Stundum eru þær búnar að missa börnin sín, en oft eru þær í því ferli að vinna þau til sín aftur. Við reynum að leyfa þeim að hafa börnin hjá sér eins og hægt er. Stundum þarf að takmarka það vegna plássleysis en við reynum alltaf að koma til móts við þær. Börnin þeirra fá alltaf að koma í heimsókn, hvenær sem er, og þá er ekki verið að spögulera hvort barnið sé 3 eða 35 ára. Mæður eru bara þannig gerðar að börnin þeirra verða alltaf börnin þeirra, sama hvað þau eru gömul.“

Hún segir það jafnframt gera þeim gott, sem eiga börn, en fá ekki að umgangast þau, að umgangast börn hinna kvennanna. „Móðurhjarta þeirra allra krumpast þegar þær fá börn í heimsókn. Ef konurnar vilja hafa börnin sín hjá sér yfir nótt þurfa þær alltaf að spyrja herbergisfélaga sinn leyfis. Það hefur gerst einu sinni frá því ég byrjaði hér að kona hafi verið treg til þess. Hér ríkir mikil samkennd.“

## Konur á öllum aldri

Heimiliskonur í Dyngjunni hafa margar hverjar átt við erfiða fíkn að stríða. Það eru alla jafna ráðgjafar á meðferðarstöðum á borð við SÁÁ, Hlaðgerðarkot eða Krýsuvík, sem beina þeim inn í Dyngjuna. Þeir meta stöðu kvennanna eftir meðferð svo að það sé ekki gott fyrir þær að snúa aftur heim því þá sé hætt við að þær falli aftur í sama farið. Oft eiga þær heldur ekkert heimili til að snúa aftur til. Í Dyngjunni finna þær öruggan samastað, sem þær eiga vísan á meðan þær eru að koma undir sig fótum í nýju lífi.

Á heimilinu búa að jafnaði 14 konur í senn og dreifast á herbergin í þessu stóra fjölskylduhúsi. Oftast eru þær tvær saman í herbergi, en aðeins tvö af átta herbergjum í húsinu eru einstaklingsherbergi. Þær eru á öllum aldri, eins og þverskurður af konunum í þjóðfélaginu, eins og Edda segir. „Það er langbest jafnvægi þannig að aldursbilið sé sem breiðast, því svoleiðis virðast þær geta gefið mest hver til annarrar. Yfirleitt raðast þetta líka þannig, því það eru konur á öllum aldri sem eru að koma úr meðferð.“

## Mynda sterk tengsl

Margar konur dvelja frá átta til tíu mánuði í Dyngjunni, jafnvel í heilt ár. Aðrar dvelja þar skemur, enda er misjafnt hversu mikinn stuðning hver og ein þarf til að geta skapað þann grunn til að fara aftur út í lífið. Þar sem þær eyða svo miklum tíma saman myndast oft sterk tengsl þeirra á milli. Eftir að þær útskrifast halda margar þeirra áfram að koma í heimsókn og bjóða jafnvel nýjum heimiliskonum í heimsókn til sín. „Það er alveg yndislegt að sjá þetta og mjög hvetjandi fyrir þær sem dvelja hér að sjá hvað gengur vel hjá hinum sem voru hér einu sinni, að sjá hvað getur gerst hjá þeim ef þeim tekst að halda sér edrú.“

Hún segir samkenndina milli kvennanna sterka og þeim þyki mjög slæmt ef eitthvað kemur upp á, svo sem ef einhver ónáðar þær á heimilinu eða ein úr hópnum fellur. „Þær halda mjög vel utan um hver aðra, fara í flokkum á AA-fundi, eyða miklum tíma saman og peppa hver aðra upp. Auðvitað getur líka fokið í þær, það er ekki alltaf tóm blíða, en öllu jöfnu leggja þær sig allar fram við að halda hlutunum góðum.“

## Skýr verkaskipting á heimilinu

Innanhúss gegna konurnar allar sínum embættum, sem er útdeilt vikulega á húsfundi. Ein fær það verkefni að vekja hinar og hella upp á könnuna á morgnana, önnur sér um að elda kvöldmatinn, sú þriðja um að þrífa sameiginleg rými og þar fram eftir götunum. Í heild eru húsfundirnir þrír í viku, auk þess að konurnar mæta á þrjá AA-fundi á viku. Auk þess að útdeila heimilisverkunum á húsfundunum ræða konurnar markmið sín, sem geta verið allt frá því að taka betur til í kringum sig, hreyfa sig meira, eða hafa samband við fólkið sitt. Edda er eins og verkstjóri yfir öllu saman og segist halda uppi ansi stífri reglu, sem hafi sýnt sig að reynist best. Hún er á heimilinu á milli 9 og 5 á daginn, en er alltaf á bakvakt, hvort sem er að nóttu eða um helgar. „Ef eitthvað kemur upp á kem ég strax, til dæmis ef einhver dettur í það. Þá verð ég að koma og setja þær út,“ segir Edda og játar að það geti verið erfitt að gera.

## Samfélagsástandið hefur áhrif

Undanfarin misseri hefur verið setið um hvert pláss Dyngjunnar og rekur Edda það til samfélagsástandsins. Þá hafa lifnaðarhættir heimiliskvenna einnig breyst á þann veg að þær dvelja lengur í Dyngjunni og fara sjaldnar út en áður, á meðan á dvölinni stendur. „Þær eru mun meira heima, borða til dæmis nær alltaf hér en áður fyrr fóru þær oft út í mat. Það gildir það sama hér og annars staðar í þjóðfélaginu, þær hafa úr minna að moða.“

Ástandið hefur líka sett strik í reikninginn í rekstri Dyngjunnar, sem er háður framlögum frá ríki, borg og hinum ýmsu sjóðum. Það kom sér því vel fyrir Dyngjuna að fá peningaverðlaunin sem fylgdu samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins, en þau námu 1 milljón króna. „Fyrir það fyrsta var gott að fá viðurkenninguna. Í því er fólgin mikil hvatning fyrir okkur. En peningaverðlaunin eru ekki minna mikilvæg, því reksturinn hjá okkur er orðinn erfiður. Ég leita alltaf í þá styrki sem eru í boði, en nú er orðið minna um þá. Þá gerast hlutir eins og þessi, sem mér finnst jaðra við að vera einhvers konar forsjón. Þá reddast málin, í það minnsta í smá tíma.“

## Árangur en stundum vonbrigði

Ár Eddu í Dyngjunni eru orðin ansi mörg, en fyrir utan að hafa verið þar fastur starfsmaður í tíu ár var hún ráðgjafi hússins um nokkurra ára skeið, og sat vikulega á fundum með konunum. Hún segir starfið mjög gefandi, þó það eigi sínar dökku hliðar líka. „Hér gerist margt og ég sé árangur á hverjum degi. En auðvitað sé ég líka allt skúffelsið. Það er erfitt að sjá konurnar falla, þegar sjúkdómurinn tekur sig upp hjá þeim aftur. En yfirleitt er þetta gaman og það er svo gefandi að sjá þegar batinn fer að koma hjá þeim, þær verða þægilegri í umgengni og líf þeirra fer að fyllast af góðum hlutum. Þá kemur í ljós að þetta eru bara venjulegar, góðar konur sem fríkka með hverjum deginum. Það er sko engin lygi — það er mikill fegurðarauki í því fólginn að vera edrú, það er alveg á hreinu. Og svo þurfa þær bara að vinna að því að halda sjúkdómnum niðri. Borða, sofa, hafa sæmilega hreina samvisku og mæta á AA-fundi. Þannig er uppskriftin, þetta er nú ekki mikið flóknara en það.“

> Börnin þeirra fá alltaf að koma í heimsókn, hvenær sem er, og þá er ekki verið að hugsa um hvort barnið er 3 eða 35 ára.

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

# NÝR AVEO

## Sigurvegari!

bílasamningur ergo

Mánaðargreiðsla*
**32.158**kr.
AVEO LTZ bsk.



## Best in Class

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Euro NCAP er virtasta eftirlitsstofnun Evrópu um öryggismál í bílaiðnaðinum. Þegar sérfræðingar Euro NCAP kveða upp sinn árlega dóm, vekur það athygli um allan heim. *(sjá www.euroncap.com).*

**Nýlega var kunngert að nýr Aveo stæði uppi sem sigurvegari í sínum flokki, „Best in Class 2011", eftir ítarlega úttekt á öryggisþáttum í 53 nýjum bílum á Evrópumarkaði.** Og við fullyrðum að ef dæmt hefði verið um hönnun bílsins í leiðinni væri annar bikar kominn í hús.

**Við gætum reynt að lýsa nýjum Aveo í löngu máli, en við viljum heldur að þú upplifir hann á eigin forsendum. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Aveo, - það er öruggast.**

AVEO LTZ • 1.6l • bsk • **kr. 2.790 þús.**
AVEO LTZ • 1.6l • sjsk • **kr. 2.990 þús.**
Aveo kemur vel útbúinn staðalbúnaði. sjá benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Komdu og reynsluaktu Chevrolet í dag - Opið í dag frá kl. 12-16.**



SPARK AVEO CRUZE ORLANDO CAPTIVA CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

*AVEO LTZ beinskiptur - Miðað við Gullvildarkjör Ergo á óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 30% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.25%. **Bíll á mynd: AVEO LTZ með aukabúnaði.**



**ÞUNGT HUGSI** Geir H. Haarde fylgist einbeittur með vitnisburði Steingríms J. Sigfússonar í vikunni. Hann hefur setið í dómnum í á sjöunda tug klukkustunda undanfarnar tvær vikur ásamt verjanda sínum, Andra Árnasyni, og aðstoðarfólki hans.

# Landsdómur undir feld

Vitnaleiðslum og málflutningi fyrir **Landsdómi** í máli Geirs H. Haarde er nú lokið. Réttarhöldin hafa staðið í tvær vikur og fyrir dóminn hafa komið fjörutíu vitni. *Gunnar V. Andrésson* hefur setið löngum stundum í Þjóðmenningarhúsinu og tekið myndir í velflestum réttarhléum.



**NÓG AÐ GERA** Blaða- og fréttamenn sátu um allan sal frá morgni og fram eftir degi og greindu frá því sem fram fór fyrir dómnum. Hér sjást hvorki fleiri né færri en fjórir fréttamenn Ríkisútvarpsins. Í baksýn er pistlahöfundurinn Ólafur Arnarson.



**ÞÉTTSKRIFAÐ** Geir hefur verið óþreytandi við að punkta hjá sér nær allt sem gerist í dómnum. Stílabækur hans eru þéttskrifaðar og skipulagðar og hafa eflaust nýst vel við undirbúning málflutnings verjanda hans í gær.



**RÍSIÐ ÚR SÆTUM** Fimmtán dómarar munu næstu vikur liggja yfir því sem fram hefur komið í málinu og að lokum dæma um sekt eða sýknu Geirs.



**DYGGILEGA STUDDUR** Fjölskylda og vinir Geirs áttu fastan sess á fremsta bekk á meðan á réttarhöldunum stóð. Kona hans, Inga Jóna Þórðardóttir, vék varla úr áhorfendasalnum.




Mikið úrval af fermingargjöfum í **Ellingsen**. Útivistarfatnaður, gönguskór, bakpokar, veiðivörur, sleðavörur og margt fleira. Komdu og skoðaðu úrvalið!



**DEVOLD** ACTIVE BUXUR
KK og KVK
**9.990 KR.**

**DEVOLD** ACTIVE BOLUR
KK og KVK
**10.990 KR.**



**DEVOLD**
EXPEDITION BUXUR
KK og KVK
**10.990 KR.**

**DEVOLD**
EXPEDITION BOLUR
KK og KVK
**10.990 KR.**



**TATONKA** CONA BAKPOKI
25 l, 1,3 kg
**19.192 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 23.990 KR.**



**TATONKA** HITABRÚSI 750 ml.
**4.990 KR.**



**COLEMAN PAKKI**
Svefnpoki, dýna og tjald.
**16.016 KR.**
**FULLT VERÐ ÁÐUR 22.880**



**ABU** DIPLOMAT
FLUGUSTANGARSETT
**17.592 KR.**
**FULLT VERÐ 21.990 KR.**



**TATONKA** GÖNGULEGGHLÍFAR
**VERÐ FRÁ**
**5.990 KR.**



**HAWKE** SJÓNAUKAR
**VERÐ FRÁ**
**4.990 KR.**



**BERGANS** SKEL VETTLINGAR
Stærðir S–XL
**11.192 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Munið gjafabréfin!**




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 120774



**ÆVAGAMALT ÞORP** Heimsóknin í hið ævagamla þorp Kasbah Aït Benhaddou var forvitnileg og skemmtileg. Í þorpinu búa enn um tíu fjölskyldur þó flestar séu þær fluttar í nálæg og nýrri þorp skammt frá.

# Stjörnubjartur Sahara-himinn

Í **Marokkó** má finna himinhá fjöll með snæviþöktum tindum, hvítar strendur, eyðimerkur og vinalegt fólk. *Sara McMahon* dvaldi í þrjár vikur í Marokkó í byrjun árs og heillaðist af menningu landsins, fólkinu sem þar býr og síðast en ekki síst; matnum.

Ef ætti að lýsa Marokkó í einu orði yrði orðið „andstæðukennt“ líklega fyrir valinu. Á einum degi er hægt að aka frá Sahara-eyðimörkinni, þvert yfir Atlasfjöllin þar sem snæviþaktir tindar blasa við manni, í gegnum ys og þys Marrakech og niður að strönd þar sem Suður-Atlantshafið sleikir hvítar strendur.

Ég heimsótti landið í fyrsta sinn í byrjun árs og var það jafnframt í fyrsta sinn sem ég ferðaðist til annarrar heimsálfu en Evrópu. Ætli marokkósk matargerð og svolítil ævintýraþrá hafi ekki verið það sem lokkaði mig til landsins í upphafi og ekki varð ég fyrir vonbrigðum í þeim efnum; maturinn var dásamlegur og hver dagur lumaði á nýjum ævintýrum og upplifunum.



**MORGUNKAFFI Í TODRA-GLJÚFRINU** Hótelið í Todra-gljúfrinu var að hluta byggt inn í klettana. Það var ansi kalt í matsalnum um morguninn og því gott að ná sæti nálægt hitaranum. En útsýnið var einstakt.

### Lífleg stræti Marrakech

Fyrsti áfangastaður minn var borgin Marrakech þar sem gist var í gamla bænum, svonefndri Medinu, aðeins steinsnar frá markaðsgötunum og hinu fræga torgi Jamal el Fna. Gist var í Riad, hefðbundnu marokkósku húsi, sem breytt hafði verið í gistiheimili. Eigendur þess, Adil og Andrea El Qadimi, reyndust ómetanleg þegar kom að því að undirbúa óreyndan Evrópubúa fyrir marokkóska menningu og kenndu þau mér listina að prútta, nokkur þörf orð í arabísku og hvernig forðast mætti ágenga sölumenn.

Í hverjum bæ í Marokkó má finna markaðstorg, eða souq, og er markaðstorgið í Marrakech sannkallað völundarhús lítilla, krókóttra stræta sem forvitnilegt er að þræða í gegnum. Áreitið er þó mikið og stanslaust því auk þess að banda burt sölumönnum verður fólk að vara sig á umferð hjóla, skellinaðra og hestvagna sem æða um þessi þröngu og háværu stræti.

Þar sem matarmenning heimamanna heillaði mig ákvað ég að sækja matreiðslunámskeið á meðan á dvöl minni stóð. Það fór fram á gamalgrónum veitingastað í Marrakech er nefnist La Maison Arabe og þar lærði ég að elda klassískan kjúklingarétt í tagine-potti. Kokkurinn og lærimeistari minn var afskaplega fróður um allt er viðkom marokkóskri matargerð og kynnti okkur meðal annars fyrir kryddblöndu sem nefnd er „king of house“ og inniheldur hvorki meira né minna en fjörutíu og fimm ólík krydd. Þetta nota heimamenn á flesta kjöt- og grænmetisrétti.

### Stjörnubjartur Sahara-himinn

Eftir þrjá daga í Marrakech var ferðinni heitið út í eyðimerkursvæði Marokkó undir leiðsögn Adils. Fyrsti viðkomustaður okkar var Kasbah Aït Benhaddou sem er gamalt berbaþorp eða virki. Þó flestar fjölskyldurnar hafi nú flutt sig um set búa enn um tíu fjölskyldur í þessu ævagamla þorpi í húsum sem byggð eru úr leir og krefjast lagfæringar ár hvert svo þau veðrist einfaldlega ekki burt. Mér var boðið inn í eitt þessara húsa og í setustofunni, sem var byggð inn í helli, blasti við mér öflugt vopnabúr í eigu húsráðanda sem útskýrði fyrir skelkuðum gesti að vopnin væru hættulaus með öllu. Þau höfðu verið notuð við gerð stórmynda á borð við The Mummy, Gladiator, Alexander og Kingdom of Heaven, en Aït Benhaddou er vinsæll tökustaður slíkra kvikmynda.

Næst var ferðinni heitið í gegnum Dal rósanna og Hin þúsund Kasbah og um nóttina var gist í Todra-gljúfrinu þar sem 200 metra háir klettar gnæfðu yfir náttstað okkar. Það var ólýsanleg tilfinning að vakna daginn eftir, líta út um gluggann á þessa klettaborg og upplifa svo agnarsmáa gegn náttúrunni.

Að morgunmat loknum lá leiðin til Sahara-eyðimerkurinnar nálægt landamærum Alsír. Við mörk sandhólanna beið mín úlfaldi, sem ég gaf nafnið Pési, og ungur berbi að nafni Muhammed sem fór fyrir okkur út í eyðimörkina. Við komum að búðunum stuttu eftir sólsetur og Muhammed hófst þá strax handa við gerð kvöldmatarins á meðan vinur hans, Hammed, sá um að skemmta ferðalöngunum sem höfðu þá fengið þjálli nöfn upp á arabíska vísu; Fatima og Ali Baba. Kvöldinu var svo eytt í spjall og trommuleik við ylinn af svolitlu báli undir stjörnubjörtum Saharahimni og þurftu ferðalangarnir að svala forvitni piltanna, sem ekki höfðu gengið í skóla eða ferðast út fyrir eyðimörkina, um heimaland sitt og daglegt líf á norðlægum slóðum og auðvitað öfugt, því við vorum jafn forvitin um lífið í Sahara.



**SAHARA EYÐIMÖRKIN** Mohammed, leiðsögumaður okkar um Sahara eyðimörkina, í hefðbundnum marokkóskum klæðum. Hettufatið kallast jellaba og er notað sem yfirfat víða í Marokkó. Hvíta yfirklæðið er þó sérstakt fyrir íbúa Sahara og kallast gandora og varnar því að fólki verði of heitt undir heitri eyðimerkursólinni. Túrbaninn þykir alveg nauðsynlegur í eyðimörkinni, hann ver fólk fyrir sandfoki auk þess að halda á því hita þegar kalt er og kæla þegar heitt er.

Næsta dag var Tuareg-Húsið heimsótt sem er eins konar samyrkjubúð þar sem seldar eru vörur heimamanna. Orðið „tuareg“ er samheiti yfir þann hóp fólks sem byggir Sahara og á ættir að rekja til Malí, Alsír og Níger. Einn starfsmanna samyrkjubúðarinnar leiddi okkur um húsakynnin og sýndi okkur meðal annars gólfteppi sem ofin voru af konum frá ólíkum svæðum Marokkó. Hann útskýrði fyrir okkur að berbar eiga ekkert ritmál og því hafi þeir ofið skilaboð eða sögu fjölskyldu sinnar í teppi og þannig mætti lesa úr munstri teppanna ferðalög og atburði í lífi hverrar fjölskyldu fyrir sig. Eftir kynninguna hófust svo teppakaupin. Líkaði mér ekki teppið sem mér var sýnt sagði ég „houzz“, sem þýðir burt. Þótti mér teppið aftur á móti fallegt sagði ég „khaly“ sem þýðir að setja ætti teppið til hliðar. Eftir miklar vangaveltur stóðu loks eftir tvö teppi og var mér þá boðið sæti og upp á myntute og með því hófust samningaviðræður. Að lokum urðum við ásátt um verð, gengið var frá kaupunum og mér boðinn hádegisverður.

### Háskaferð yfir Atlasfjöllin

Eftir ævintýraferðina út í hrjóstrugar eyðimerkur landsins lá leiðin aftur til Marrakech og þaðan til strandbæjarins Mirleft. Bærinn stendur við Suður-Atlantshafið og þar hafði franski herinn eitt sinn bækistöðvar. Mirleft er rólegur og vinalegur bær og andrúmsloftið þar ólíkt því sem ríkir í Marrakech. Þangað sækja einnig innlendir ferðamenn í nokkrum mæli auk þess sem staðurinn er þekktur meðal brimbrettafólks. Skammt frá Mirleft má líka finna Gzira-klettana, sem mætti kalla Dyrhólaey þeirra Marokkóbúa.

Á leiðinni til baka frá Mirleft til Marrakech var ákveðið að fara yfir Atlasfjöllin í stað þess að aka eftir nýju hraðbrautinni. Stefnan var tekin á Taroudant, borg sem gengur undir nafninu „amma Marrakech“, og þaðan í átt til fjalla. Ferðin gekk vel í fyrstu; vegurinn var sæmilegur og útsýnið alveg einstakt. En eftir því sem leið á ferðina varð vegurinn þrengri, lélegri og fjallshlíðin þverhníptari – en útsýnið áfram alveg jafn einstakt. Hæst fór vegurinn upp í 2100 metra hæð, en hæsti tindur Atlasfjallanna heitir Toubkal og trónir í 4167 metra hæð. Að lokum komust þó ferðalangarnir heilu og höldnu til Marrakech, en bílferð sú mun seint líða mér úr minni.

Eftir vikurnar þrjár í Marokkó var ég orðin forfallinn aðdáandi lands og þjóðar og lofaði sjálfri mér hátíðlega að hingað mundi ég koma aftur. Þó ekki væri nema til að kaupa stærra tagine-pott og heilsa upp á gamla vini.






## MAROKKÓ

- Landið er ríkt af auðlindum og þar má finna auðugar gullnámur sem eru þó allar í eigu konungsins, Mouhammeds VI. Sá hefur hins vegar oft verið sakaður um spillingu auk þess sem mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfi landsins er nánast ekkert.
- Riad er hefðbundið marokkóskt hús þar sem híbýlin eru byggð í kringum einkagarð fjölskyldunnar og veitir þannig skjól fyrir hita og vondum veðrum. Orðið má rekja til arabíska orðsins „ryad“ sem merkir einmitt garður.
- Fjórir ættflokkar byggja Marokkó. Berbar eru þar fjölmennastir, eða um 70 prósent þjóðarinnar. Næst koma arabar, touregar og loks gyðingar.



70% afsláttur
á nýjum og stærri
nammibar!



Kynning
frá OSUSHI!






Ginger
býður þér
að smakka!



# Breytt og bætt 10-11 í Lágmúla!



Nýjungar!
Nachos, popp
og krap



## Opnunarpartí í dag!

Það verður mikið um dýrðir í dag í 10-11 í Lágmúla þar sem við fögnum glæsilegum endurbótum á versluninni. Við viljum endilega fá sem flesta í heimsókn – það er nóg um að vera!

Kynningar frá OSUSHI, Ginger og Myllunni kl. 12–16
DJ. Dettifoss og kynning á orkudrykknum Burn kl. 16–17:30

Kaffi, kleinur, ís og Svali fyrir alla frá kl. 10:11

## Sjáumst í Lágmúlanum!

10-11

...alltaf opið!

Fíton ehf./SÍA

# COSTA BRAVA

## 4, 7, 10, 11 OG 14 DAGA FERÐIR Í BOÐI

Lloret de Mar á Costa Brava er nýr áfangastaður Express ferða á Spáni. Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, sólarstrendur, golfvelli og barnvæn leiksvæði. Fjöldi góðra veitingastaða er á svæðinu og njóta hefðbundnir spænskir fiskréttir mikillar hylli ferðamanna. Lloret de Mar er í Katalóníu-héraði og þar er að finna margar minjar frá tímum Rómverja sem áhugavert er að skoða. Flogið er með Iceland Express til Barcelona og farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.




**FERÐA LEIKUR**

**Skráðu þig í Netklúbb Express ferða og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Costa Brava!**

Flug og gisting í viku.

**Dregið 15. júní.**

# GÓÐA VEÐRIÐ

**LÁTTU OKKUR GERA TILBOÐ Í HÓPAFERÐINA ÞÍNA!**

# GOLF

## Vilníus

**7 daga ferðir frá 26. júní-28. ágúst**

7 daga golf-, spa- og menningarferðir til Vilníus. Vilníus, höfuðborg Litháens, er ein af elstu borgum Evrópu og af mörgum talin með þeim fegurstu. Hótelið Lemeridien Vilníus er glæsilegt 5* hótel um 20 mín. frá miðbænum.

**Verð frá:**

**189.500 kr.**

**Innifalið í netverði:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Lemeridien Vilníus í 7 nætur með morgun- og kvöldverði, golf (5 hringir) á þremur völlum, akstur til og frá flugvelli og akstur til og frá golfvöllum.





## Prag

**7 daga ferðir frá 20. júní-29. ágúst**

7 daga menningar- og golfferðir til Prag í Tékklandi. Þar gefst fólki kostur á að kynnast spennandi menningu borgarinnar og spila golf við bestu aðstæður. Boðið verður upp á akstur til fimm glæsilegra golfvalla. Perla Hotel 4* er frábærlega staðsett í hjarta borgarinnar.

**Verð frá:**

**198.900 kr.**

**Innifalið í netverði m.v. 8 fullorðna:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Perla Hotel 4* í 7 nætur með morgunverði, 5 hringir á 5 völlum, akstur til og frá flugvelli og akstur til og frá golfvöllum.

## Kraká

**7 daga ferðir frá 7. júní-28. ágúst**

Kraká er ein stærsta og fallegasta borg Póllands. Þessi tæplega 1.000 ára gamla borg var eitt sinn höfuðborg Póllands og er ein af háborgum pólskrar menningar. Hótelið Villa Pacoldi 3* er staðsett á golfvellinum og er aðeins 40 mín. frá miðbæ Krakár.

**Verð frá:**

**166.900 kr.**

**Innifalið í netverði:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Villa Pacoldi 3* í 7 nætur með morgun- og kvöldverði, ótakmarkað golf, akstur til og frá flugvelli.



## Don Juan Hotel ★★★

**Verð á mann í 7 daga, frá:**

# 79.930 kr.

**Með fullu fæði**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,
2-11 ára. Flogið út 4. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 91.900 kr.



## Costa Encantada Aparthotel ★★★★

**Verð á mann í 7 daga, frá:**

# 78.400 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,
2-11 ára. Flogið út 8. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 95.100 kr.

## Guitart Central Park Silver ★★★

**Verð á mann í 7 daga, frá:**

# 84.950 kr.

**Með hálfu fæði í standard herbergi**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn,
2-11 ára. Flogið út 4. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 92.600 kr.



BÓKAÐU NÚNA!
TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

## Guitart Central Park I Gold ★★★★

**Verð á mann í 7 daga, frá:**

# 98.200 kr.

**Allt innifalið!**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn,
2-11 ára í Junior-svítu. Flogið út 8. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 117.800 kr.

# Á GÓÐU VERÐI



## Garda-vatnið

**16. júní-23. júní**

Fáir staðir í Evrópu hafa notið jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Upplifðu ævintýralega menningarferð til Garda-vatnsins með Margréti Laxness.

**Netverð á mann í tvíbýli frá:**

# 199.900 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli Le Palme, akstur til og frá hóteli.

**Fararstjóri:** Margrét Laxness

## Sigling um Miðjarðarhafið

**8. júní-18. júní - Allt innifalið á skipi!**

Það er algjört ævintýri að geta sameinað dvöl í hinni dýrðlegu Barcelona og vikusiglingu um Miðjarðarhafið þar sem lifað er í vellystingum um borð í lúxusskipinu Sovereign.

**Verð á mann frá:**

# 289.000 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting í þrjár nætur í Barcelona með morgunverði. Sigling í 7 daga í innri klefa í skipinu með fullu fæði og allir drykkir innifaldir. Flugvallaskattar og hafnargjöld.





## Páskaferð til Berlínar

**2. apríl-9. apríl**

Í þessari ferð verður sameinuð menning, listir, sögulegur fróðlegur, skoðunarferðir á mjög spennandi staði og afþreying af ýmsum toga. Íslensk fararstjórn.

**Netverð á mann í tvíbýli frá:**

# 132.900 kr.

**Innifalið:** Flug til Berlínar með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með ríkulegum morgunverði og íslensk fararstjórn.

# BORGIR

**Express ferðir**

Ármúli 7, 108 Reykjavík | expressferdir.is | sími: 5 900 100

# Er Vettel hinn nýi Schumacher?

Keppnistímabilið í **Formúlu 1** hefst á morgun þegar ástralski kappaksturinn verður ræstur á götubrautinni í Melbourne. Sebastian Vettel hafði gríðarlega yfirburði í fyrra og var öruggur heimsmeistari þegar fjögur mót voru eftir af tímabilinu. ***Birgir Þór Harðarson*** kannaði hvort Vettel gæti reynst jafn sigursæll og Michael Schumacher, sigursælasti ökuþór allra tíma.



**ARFTAKINN** Michael Schumacher er sigursælasti ökuþór allra tíma í Formúlu 1. Sebastian Vettel hefur nú sitt fimmta heila tímabil í mótaröðinni og ætlar að sækja sinn þriðja titil í röð. Vettel hefur bæði hæfileika og tækifæri til að verða jafn sigursæll og lærifaðir hans, ef ekki betri. NORDICPHOTOS/AFP

Þegar Michael Schumacher var upp á sitt besta í byrjun aldarinnar voru yfirburðir hans slíkir að talið var að hann myndi aldrei eiga sér jafnoka, hvorki í framtíð né fortíð. Hægt er að hafa skoðanir á því eins og hverju öðru, hvort Schumacher sé allra bestur eða ekki, en eitt er víst að landi hans, Sebastian Vettel, hefur sýnt hversu hæfileikaríkur hann er rétt eins og Schumacher gerði forðum.

Sebastian Vettel fæddist í Heppenheim í Þýskalandi árið 1987, um það leyti sem Schumacher var að skapa sér gott orð í mótorsporti í heimalandinu. Seinna varð Schumacher fyrirmynd Vettels, sem enn lítur upp til gamla meistarans.

Þó ferill Vettels í Formúlu 1 hafi verið stuttur hefur hann verið ævintýralegur. 24 ára gamall er Vettel nú þegar orðinn tvöfaldur heimsmeistari eftir ekki nema fjögur heil tímabil í heimsmeistarakeppninni. Það er afrek sem hæst skrifuðu ökumenn allra tíma náðu aldrei, nema Michael Schumacher.

Schumacher keppir enn og hefur nú þriðja ár endurkomu sinnar í Formúlu 1. Þeir Ross Brawn, liðsstjóri Mercedes-liðsins, hafa átt mjög farsælt samband í Formúlu 1. Brawn var hjá Benetton og Ferrari öll heimsmeistaraár Schumachers og hefur sagt það vera draum sinn að gera Schumacher að sigurvegara aftur. Ef Mercedes-bíllinn lofar getur Schumacher bætt sigurmet sitt sem nú er 91 mótssigur. Það gera 32% af öllum þeim mótum sem hann hefur ræst.

Hingað til hefur ferill Vettels í Formúlu 1 verið ótrúlega áþekkur upphafi ferils Schumachers. Báðir byrjuðu á miðju tímabili (1991 og 2007), báðir sóttu sinn fyrsta sigur ári síðar og báðir urðu tvöfaldir heimsmeistarar með besta liðinu á ráslínunni eftir fjögur ár í deildinni. Það er því ekki úr vegi að spyrja hvort Vettel sé hinn nýi Schumacher?

### Í vænni stöðu

Það má færa góð rök fyrir því að Vettel verði sigursælli en Schumacher. Schumacher færði sig um set í lok árs 1995, þegar hann var á svipuðum stað og Vettel er nú, og fór yfir til Ferrari. Það átti eftir að reynast góð ákvörðun en það tók hann samt fimm ár að ná titlinum aftur. Vettel er í þeirri stöðu nú að vera enn í heimsmeistarabílnum og eiga bestu möguleikana á heimsmeistaratitlinum.

Mótið á morgun mun samt sem áður segja okkur mikið um hversu góður Sebastian Vettel virkilega er. Formúla 1 snýst nefnilega ekki bara um hversu hratt ökuþór kemst hringinn, heldur líka hversu góðan skilning hann hefur á ökutækinu og keppnisáætluninni sem liðið leggur upp fyrir hann.

Sagt er að það sem á endanum gerði Schumacher að sigursælasta ökuþór allra tíma sé ótrúleg þekking hans á bílnum, keppnisáætlunum og stærðfræðinni á bak við velgengni. Þannig náði hann að byggja upp Ferrari-liðið og fullkomna bílinn ár eftir ár.

Það sem ástralski kappaksturinn mun segja okkur um Vettel er hversu áreiðanlegur hann er sem ökuþór til langs tíma. Hér treystir Red Bull-liðið á tækniþekkingu hans og þroska til að takast á við verkefni sem uppskera ekki fyrr en eftir langan tíma.

Þótt óþjálfuðu auga geti sýnst Formúla 1 vera einstaklingsíþrótt er það fjarri lagi. Liðsheild skiptir miklu máli og góður andi er mikilvægur svo samstarfið gangi betur en hjá andstæðingunum. Christian Horner, liðsstjóri Red Bull, skaut því að fjölmiðlamönnum sem fylgdust með æfingum keppnisliðanna í Barcelona í byrjun mánaðarins, að Vettel ætti enn eftir að sýna hvað í honum býr í raun. Við höfum séð hversu fáránlega vel hann getur ekið einn stakan hring í tímatökum en eigum enn eftir að sjá hann þroskast frekar í keppninni sjálfri.

Þrátt fyrir það er Vettel nú þegar tvöfaldur heimsmeistari og sigurstranglegastur fyrir tímabilið í ár. Michael Schumacher þarf að fara að spýta í lófana ætli hann að halda meti sínu til eilífðar.

## FORMÚLU 1 TÍMABILIÐ 2012

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | **Ástralía** | *Melbourne* | 18. mars |
| 2 | **Malasía** | *Kúala Lúmpúr* | 25. mars |
| 3 | **Kína** | *Sjanghæ* | 15. apríl |
| 4 | **Barein** | *Sakhir* | 22. apríl |
| 5 | **Spánn** | *Barcelona* | 13. maí |
| 6 | **Mónakó** | *Monte Carlo* | 27. maí |
| 7 | **Kanada** | *Montreal* | 10. júní |
| 8 | **Evrópa** | *Valencia* | 24. júní |
| 9 | **Bretland** | *Silverstone* | 8. júlí |
| 10 | **Þýskaland** | *Hockenheim* | 22. júlí |
| 11 | **Ungverjal.** | *Budapest* | 29. júlí |
| 12 | **Belgía** | *Spa* | 2. sept. |
| 13 | **Ítalía** | *Monza* | 9. sept. |
| 14 | **Singapúr** | *Marina Bay* | 23. sept. |
| 15 | **Japan** | *Suzuka* | 7. október |
| 16 | **Kórea** | *Yeongam* | 14. október |
| 17 | **Indland** | *Nýja Delhi* | 28. október |
| 18 | **Abu Dhabi** | *Yas Marina* | 4. nóv. |
| 19 | **BNA** | *Austin* | 18. nóv. |
| 20 | **Brasilía** | *Sao Paulo* | 25. nóv. |







Heimild: FIA © GRAPHIC NEWS

## ■ FIMM ATRIÐI SEM VERT ER AÐ FYLGJAST MEÐ

**1. Hausinn á Hamilton**
Lewis Hamilton átti mjög erfitt uppdráttar í fyrra einfaldlega vegna þess að hugarfarið var ekki í lagi. Hann virkaði oft og tíðum pirraður og lenti í óþarfa óhöppum. Nú segist hann vera búinn að taka til í sínu lífi. Það verður áhugavert að sjá hvernig það er í raun.



**Á RÉTTRI BRAUT** Lewis Hamilton segist vera kominn á beinu brautina aftur eftir að hafa þjáðst af einbeitingarskorti í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

**2. Liðsfélagaslagir**
Tvö spennandi einvígi munu eiga sér stað í öllum 20 mótum ársins. Fyrst ber að nefna Force India-slaginn þar sem Paul di Resta og Nico Hülkenberg takast á. Báðir eru jafn reyndir í Formúlunni, hafa keppt í 19 mótum. Annars vegar verður háð barátta innan Toro Rosso þar sem nýliðarnir Daniel Ricciardo og Jean-Eric Vergne munu berjast um að hafa yfirhöndina. Orðrómur þess efnis að sigurvegari einvígisins muni erfa sæti Marks Webber hjá systurliðinu Red Bull hefur flogið hátt undanfarið.

**3. Ferrari og Alonso**
Ferrari átti ömurlegt undirbúningstímabil og lítur út fyrir að fyrri hluti tímabilsins verði liðinu erfiður ljár í þúfu. Ekki má því gleyma að Fernando Alonso hefur oft reynst göldróttur og gæti allt eins galdrað fram sigur eða tvo í rauða Ferrari-brakinu.



**LÍTUR VEL ÚT** McLaren liðið hefur framleitt góðan bíl í vetur. Liðið verður þó að framleiða stöðugar uppfærslur á bílinn til að missa ekki af lestinni.

**4. Tæknistríð og nýjungar**
Í Formúlu 1 er gríðarleg áhersla lögð á einföldustu smáatriði við smíði bílanna. Búið er að banna tvöfalda loftdreifa, pústblásna loftdreifa og fyrirframforrituð vélkerfi vegna þeirra yfirburða sem nýjungarnar veittu þeim sem notuðu slíkt. Ekkert lið virðist hafa fundið sérstaka glufu í reglum ársins en bílarnir eru í stöðugri þróun yfir allt tímabilið og því spennandi að sjá með hvaða tæki liðin mæta í mót ársins.

**5. Kimi Räikkönen**
Finninn fljúgandi er mættur aftur, enn jafn hreinskilinn og ekkert að flækja hlutina óþarflega mikið. Kimi hefur alltaf verið eldfljótur og sannaði á undirbúningstímabilinu að hann er það enn. Hann mun vonandi geta strítt stóru strákunum aðeins nái hann taktinum aftur.

## ■ SEX HEIMSMEISTARAR Á RÁSLÍNUNNI

**Fjórðungur allra þeirra sem ræsa kappaksturinn í Melbourne hafa einhvern tíma orðið heimsmeistarar.**

Á morgun keppa sex heimsmeistarar í Formúlu 1 og hafa aldrei fleiri heimsmeistarar keppt samtímis. Útlit er fyrir að titilbaráttan verði gríðarlega jöfn, þá sérstaklega á milli Red Bull og McLaren. Þeir Sebastian Vettel, Jenson Button og Lewis Hamilton eru taldir líklegastir til að sigra.

Kimi Räikkönen snýr aftur eftir að hafa keppt í rallýi undanfarin tvö ár. Hann er orðinn leiður á því og ekur fyrir Lotus sem sýnt hefur fína takta á undirbúningstímabilinu. Kimi benti á það í viðtali nýverið að það væru mikil mistök að afskrifa hann í baráttunni um titilinn.

Þá mæta þeir Fernando Alonso og Michael Schumacher til leiks, yfirvegaðir en grimmir.


33%
MARMARA MORTEL
Verð áður ............. 4.499
Tilboðsverð ........... 2.999
Þú sparar ............... 1.500
Tefal talent
• Öll línan
20%
20%
GARMIN
HLAUPAÚR FR-110
Verð áður ........... 29.900
Tilboðsverð ......... 23.920
Þú sparar ............... 5.980
20%
GARMIN
LEIÐSÖGUTÆKI NUVI 40
Verð áður ........... 24.900
Tilboðsverð ......... 19.920
Þú sparar ............... 4.980
20%
GARMIN
ÚTIVISTARTÆKI DAKOTA 10
Verð áður ........... 29.900
Tilboðsverð ......... 23.920
Þú sparar ............... 5.980
25%
ÖLL
MUFFINSFORM
20%
AEG RYKSUGA 4120
Verð áður ........... 19.900
Tilboðsverð ......... 15.920
Þú sparar ............... 3.980
40%
GASTROMAX
OSTASKERI
Verð áður ............... 999
Tilboðsverð ............. 599
Thermos
• Öll línan
100 ár í fararbroddi
20%
50%
PÖNNUKÖKUPANNA
Á ALLAR HELLUR
Verð áður ............. 4.389
Tilboðsverð ........... 2.194
Þú sparar ............... 2.195
33%
TRISTAR
SALT&PIPARKVÖRN
Verð áður ............. 2.999
Tilboðsverð ........... 1.999
Þú sparar ............... 1.000
Kringlukast
NÝTT KORTATÍMABIL
allt að 55% afsláttur
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
20%
GUFUSLÉTTIR
Verð áður ............. 9.990
Tilboðsverð ........... 7.990
Þú sparar ............... 2.000
35%
SCHOU
14L POTTUR MEÐ LOKI
Verð áður ........... 17.999
Tilboðsverð ......... 11.699
Þú sparar ............... 6.300
30%
HOMEDICS RAKATÆKI
Verð áður ........... 24.999
Tilboðsverð ......... 17.499
Þú sparar ............... 7.500
20%
ERGORAPIDO
SKAFTRYKSUGA
Verð áður ........... 24.900
Tilboðsverð ......... 19.920
Þú sparar ............... 4.980
55%
STÁLSKAFA&SAXARI
Verð áður ............. 2.199
Tilboðsverð ............. 999
Þú sparar ............... 1.200
50%
ELDHÚSVOG
1GR TIL 3KG
Verð áður ............. 5.999
Tilboðsverð ........... 2.999
Þú sparar ............... 3.000
20%
HOMEDICS SHIATSU
NUDDSESSA
Verð áður ........... 45.750
Tilboðsverð ......... 36.600
Þú sparar ............... 9.150
20%
HOMEDICS SÆNSKT
NUDDSESSA
Verð áður ........... 29.875
Tilboðsverð ......... 23.900
Þú sparar ............... 5.975
2 illy espressó- og cappucinobollar fylgja með. Verðmæti 8.521
33%
FRANCIS FRANCIS Y1
Verð áður ........... 29.900
Tilboðsverð ......... 19.900
Þú sparar ............. 10.000
FRANCIS FRANCIS X7
Verð áður ........... 36.900
Tilboðsverð ......... 29.990
Þú sparar ............... 6.910
23%
Frítt bragðefni að verðmæti 1.199 fylgir með
SÓDAVATNSTÆKI
WASSERMAX - STÁL
Verð áður ........... 21.999
Tilboðsverð ......... 16.999
Þú sparar ............... 5.000
RYKSUGUVÉLMENNI frá Hoover
• Ryksugar meira og á styttri tíma
HOOVER
RBC 003
Verð áður ........... 64.990
Tilboðsverð ......... 56.990
Þú sparar ............... 8.000
RBC 006
Verð áður ........... 74.990
Tilboðsverð ......... 65.990
Þú sparar ............... 9.000
RBC 009
Verð áður ........... 84.990
Tilboðsverð ......... 74.990
Þú sparar ............. 10.000
ÓDÝRI HEIMILIS-TÆKJA MARKAÐURINN
ALLT Á 2.990
25%
34%
25%
25%
25%
Þú sparar 10.000
EXQUISIT ÞVOTTAVÉL
Verð áður ........... 74.900
Tilboðsverð ......... 64.900
Þú sparar ............. 10.000
Þú sparar 5.000
EXQUISIT ÞURRKARI
Verð áður ........... 54.900
Tilboðsverð ......... 49.900
Þú sparar ............... 5.000
Þú sparar 10.000
EXQUISIT KÆLISKÁPUR
Verð áður ........... 39.900
Tilboðsverð ......... 29.900
Þú sparar ............. 10.000
40%
MEBUS
ÞRÁÐLAUS VEÐURSTÖÐ
Verð áður ............. 9.999
Tilboðsverð ........... 5.999
Þú sparar ............... 4.000
30%
TRISTAR BLANDARI 500W
MEÐ 1.5L GLERKÖNNU
Verð áður ............. 9.999
Tilboðsverð ........... 6.999
Þú sparar ............... 3.000
25%
ALLAR
BAÐVOGIR
33%
NAFNAKANNA
Verð áður ............. 1.499
Tilboðsverð ............. 999
50%
HNÍFASETT
MEÐ BRETTI
Verð áður ............. 1.999
Tilboðsverð ............. 999
Þú sparar ............... 1.000

## STRÍÐSSÖGUR FYRIR UNGLINGA?



**Suzanne Collins höfundur Hungurleikanna** hefur sagt frá því að hún fékk hugmyndina að Hungurleikunum þegar hún var að flakka á milli sjónvarpsstöðva og fylgdist eina stundina með raunveruleikaþætti og skipti svo yfir á stöð þar sem verið var að fjalla um Íraksstríðið.

Og Hungurleikana má vissulega sjá sem ádeilu á bæði raunveruleikasjónvarp og stríð. Þegnum Panem er haldið í skefjum með því að neyða þá til þátttöku í skelfilegum raunveruleikaþætti þar sem ofbeldi og átök eru sjónvarpsefni sem allir horfa á, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Þríleikur Collins er dystópía, þegnar Panem búa við ógnarstjórn þar sem einungis íbúar höfuðborgarinnar hafa nóg að bíta og brenna. Raunar þurfa þeir ekki að afla sér matar sjálfir og gangast aðallega upp í því að hugsa um útlitið, breyta því, bæta og lagfæra.

Collins hefur væntanlega rakað inn fé á bókunum, en ef marka má netráp býr hún enn í Connecticut með manni og börnum, rétt eins og áður. Áður en hún setti þá á blað hafði hún getið sér gott orð fyrir fimm bóka fantasíu-seríu, Undirheima-annálana (Underworld Chronicles). Og áður en hún gerðist rithöfundur starfaði hún sem textahöfundur fyrir barnasjónvarp. Vegurinn þaðan yfir í harðneskju Hungurleikanna er langur en átök og orrustur í Undirheima-annálunum gefa fyrirheit um það sem koma skyldi.

Faðir Collins, sem var liðsforingi í Bandaríkjaher, veitti henni ráð áður en hún hóf að skrifa um Undirheimana, en efniviður þeirra bóka tengist hernaði með margvíslegum hætti. Faðir hennar sagði henni raunar margt um stríð og orrustur fyrr og nú. Og Collins upplifði það sem barn að sjá á eftir föður sínum í Víetnamstríðið, en biðin eftir að hann sneri aftur var erfið að hennar sögn.




Unglingarnir sem eru aðalsöguhetjur Hungurleikanna eru settir í ómanneskjulegar aðstæður, og grimmilegt ofbeldi sögunnar hefur reynst sumum lesendum tilefni til þess að túlka þríleikinn sem allegóríu um erfiðleika unglingsáranna. Það líst höfundi ekki á: „Ég skrifa um stríð. Fyrir unglinga," sagði hún í viðtali við The New York Times.

Öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi

AÐAL FUNDUR

Félags iðn- og tæknigreina

verður haldinn í Iðnaðarmannasalnum Skipholti 70, laugardaginn 24. mars 2012 kl. 11.00.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar lýst.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Tillögur um fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2012.
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
8. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA



**SNJÖLL MEÐ BOGANN** Katniss Everdeen bregst ekki bogalistin í Hungurleikunum.

# Upp á líf og dauða

Kvikmyndin Hungurleikarnir verður frumsýnd í næstu viku. Myndin er byggð á samnefndri bók eftir rithöfundinn **Suzanne Collins**, fyrstu bók í þríleik sem hefur heltekið milljónir lesenda um heim allan. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** kynnti sér um hvað æðið snýst.

Fyrsta bókin í þríleik Suzanne Collins sem segir frá ævintýrum Katniss Everdeen kom út árið 2008. Bókin sló í gegn og sama á við um bækurnar tvær sem fylgdu í kjölfarið en bækurnar hafa selst í 11 milljónum eintaka bara í Bandaríkjunum. Sem dæmi um slagkraft bókanna þá útnefndi vikuritið Time Collins sem eina af 100 áhrifamesta fólki heims árið 2010. Collins tókst sem sagt heldur betur að ná eyrum fjöldans með bók sem sumum þykir allt of hryllileg fyrir þau ungmenni sem hún var skrifuð fyrir. En þess ber að geta að líkt og bækurnar um Harry Potter, hafa bækurnar um Katniss Everdeen náð athygli fullorðinna lesenda.



**Í AÐALHLUTVERKI** Þau Jennifer Lawson og Josh Hutcherson sem leikur Peeta voru glaðbeitt á galafrumsýningu Hunger Games.

### Rústir Norður-Ameríku

Sögusvið bókarinnar er ríkið Panem sem reist er á rústum ríkis sem eitt sinn hét Norður-Ameríka. Höfuðstaðurinn Kapitól ræður lögum og lofum í ríkinu sem sett er saman úr tólf umdæmum auk höfuðborgarinnar. Þau höfðu áður verið þrettán en í uppreisn umdæmanna gegn höfuðborginni, áratugum áður en sagan hefst, var því þrettánda eytt. Stjórnvöld kalla uppreisnartímann Myrkratíðina og það er tími sem þau vilja alls ekki að endurtaki sig. Til þess að tryggja hlýðni borgara Panem hafa þau gripið til ýmissa ráða, ekkert samband er til að mynda milli umdæma og fjölmiðlar flytja einungis fregnir sem stjórnvöldum eru þóknanlegar. En eitt helsta kúgunartæki stjórnvalda eru Hungurleikarnir. Þeir fara fram ár hvert í refsingarskyni fyrir uppreisnina og í þeim felst að umdæmin tólf þurfa að senda eina stelpu og einn strák til að taka þátt í leikum upp á líf og dauða, aðeins einn þátttakandi lifir af grimmilegan bardaga sem fram fer á risastórum útileikvangi. Öllu sem á sér stað á leikvanginum, sem hannaður er af leiksmiðum sem hafa mikinn metnað til að gera umhverfið sem ævintýralegast, er sjónvarpað og þurfa íbúar umdæmanna að fylgjast með því hvernig hver þátttakandinn af öðrum fellur við þessar grimmúðlegu aðstæður.

Í upphafi bókarinnar Hungurleikarnir er dagur sláttunnar einmitt runninn upp, en svo nefnist dagurinn þegar nöfn þátttakenda leikanna eru dregin – í pottinum eru nöfn allra barna í umdæmunum sem eru á aldrinum tólf til átján ára.

### Sextán ára söguhetja

Aðalsöguhetja bókanna, hin sextán ára Katniss Everdeen, óttast Hungurleikana eins og önnur börn í tólfta umdæmi, þar sem hún býr. Á hverju ári síðan hún varð tólf ára hefur miði með nafni hennar verið settur í nafnapottinn sem dregið er úr. En til þess að afla fjölskyldu sinni matar hefur hún einnig náð í auka matarskammt gegn því að setja nafn sitt í pottinn og því eru tuttugu miðar með nafninu hennar í pottinum, ekki bara fimm eins og þeir ættu að vera.

En það er ekki nafn hennar sem dregið er út í sláttunni, heldur nafn litlu systur hennar, Primrose Everdeen. Katniss býður sig umsvifalaust fram í stað hennar og þannig hefst þátttaka hennar í leikunum.

Katniss er eftirminnileg söguhetja. Hún hefur séð fjölskyldu sinni fyrir mat með ólöglegum veiðum en færni hennar með bogann kemur sér vitaskuld vel í Hungurleikunum. Hún kann að berjast upp á líf og dauða, greina kringumstæður og leysa vandamálin með því að hugsa út fyrir kassann. Hún er hins vegar heldur lélegri í því að skilja og átta sig á tilfinningum annarra, hvort sem það er veiðifélagi hennar, Gale, aðdáandi hennar og hinn þátttakandi tólfta umdæmis í Hungurleikunum, Peeta. Sorgarviðbrögð móður hennar þegar faðir hennar lést eru henni einnig óskiljanleg. Í upphafi bókarinnar kemur fram að hún er ekki enn búin að fyrirgefa móður sinni fyrir að hafa brotnað saman þegar það gerðist, fimm árum fyrr. Eina manneskjan sem hún elskar skilyrðislaust er litla systir hennar, Prim, og það skýrir hvers vegna hún vill ekkert frekar en vernda hana.

Töffaraskapurinn, sjálfsbjargarviðleitni og lítið innsæi þegar kemur að tilfinningum kallar fram hugrenningatengsl við aðra kvensöguhetju í nýlegum þríleik, Lisbeth Salander í Millennium-þríleiknum, þó að ekki sé hægt að bera bækurnar saman að öðru leyti. Þær eiga það vissulega sameiginlegt að vera söguhetjur sem ráða við óraunverulegt álag og taka ráðin í sínar hendur þegar við á.

### Blóði drifin saga

Hungurleikarnir eru æsispennandi og hröð saga, óhugnanleg og blóði drifin. Hún hentar sem sagt býsna vel til kvikmyndagerðar og kapphlaupið um réttinn til að mynda bækurnar hófst um leið og sú fyrsta var komin út. Reyndar var svo keppst um ýmislegt fleira, nokkrir leikstjórar komu til að mynda til greina en það var Gary Ross, sem meðal annars leikstýrði kvikmyndinni Seabiscuit, sem hreppti hnossið. Þríleikur Collins á sér dygga aðdáendur og þeir fylgdust grannt með því þegar verið var að velja í hlutverk í kvikmyndinni.

Einkum var fylgst grannt með því hver yrði valinn í hlutverk Katniss. Fjölmargar leikkonur voru kallaðar til en sú sem hreppti hnossið heitir Jennifer Lawrence, hingað til best þekkt fyrir aðalhlutverk í myndinni Winter's Bone en hún hlaut Óskarsútnefningu fyrir leik sinn í þeirri mynd. Margir aðdáendur létu í ljós áhyggjur sínar af þessu vali, hún væri of gömul og of ljóshærð. Lawrence sem er 21 árs litaði á sér hárið fyrir töku myndarinnar og sór að taka hlutverkið afar alvarlega. Aðdáendur geta dæmt um hvernig henni hefur tekist upp frá og með næsta föstudegi en þá verður myndin heimsfrumsýnd hér á landi.

# FERMINGARGJAFIR

LAUGARDAGUR **17. MARS 2012**

**Kynningarblað** Fermingar fyrr og nú, óskir fermingarbarna, hárið og sniðugar gjafir



MYND/VALLI




# *Syngur sjálf í veislunni*

Þórhildur Kristinsdóttir fermist í Víkurkirkju þann 9. apríl, annan í páskum. Fermingarbörnin þann daginn verða þrjú í heildina en tvær skólasystur Þórhildar fermast með henni. „Hinir tveir krakkarnir í árganginum fermast svo á hvítasunnudag,“ segir Þórhildur sem hefur haft gaman af öllum undirbúningnum í vetur. „Fermingarfræðslan hjá séra Haraldi M. Kristjánssyni var mjög skemmtileg og við lærðum mjög margt,“ upplýsir Þórhildur en fermingarbörnin fimm hittust einu sinni í viku á heimili prestsins. „Við höfum lært öll boðorðin, trúarjátninguna og ýmislegt fleira utanbókar. Svo er séra Haraldur mjög skemmtilegur og fékk okkur til að spjalla um ýmislegt sem tengist trúnni,“ segir Þórhildur sem þótti bara skemmtilegt að mæta í messur í vetur og þykir allt eins líklegt að hún haldi því áfram.



Þórhildur Kristinsdóttir fermist ásamt tveimur skólasystrum sínum í Víkurkirkju á annan í páskum. MYND/HARPA JÓNSDÓTTIR

Fermingarveisla Þórhildar verður í Víkurskóla og boðið verður upp á kökuveislu. Þórhildur segir að fjölmörgum hafi verið boðið og vonast hún til þess að sem flestir mæti þó um nokkuð langan veg sé að fara.

Innt eftir því hvers hún óskar sér í fermingargjöf nefnir hún tvennt. „Ég vonast eftir að fá ferðatösku og ef það er ekki allt of dýrt þá langar mig svolítið í rafmagnspíanó,“ segir Þórhildur sem hefur sjálf lært á píanó. Tónlistariðkun er enda rík á heimilinu enda faðir Þórhildar, Kristinn Níelsson, deildarstjóri tónlistarskólans í bænum. Þórhildur er einnig mikill söngfugl og nýtur þar leiðsagnar móður sinnar, Hörpu Jónsdóttur, sem menntuð er í söng. Þórhildur og vinkona hennar stóðu sig enda með prýði á dögunum þegar þær unnu söngvakeppni Samsuðs og tóku þátt í söngvakeppni Samfés.

En ætlar hún að taka lagið í veislunni sinni? „Já, það getur vel verið að ég syngi eitt eða tvö lög í veislunni,“ segir hún glaðlega.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is s. 512 5429
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

**IN HOC SIGNO VINCES**
**(Undir þessu tákni muntu sigra)**




*Fyrir orrustuna um Milvian brú yfir Tiberfljót, 28. október 312 fyrir réttum 1700 árum, sá Konstantín mikli teikn krossins á himni og orðin “in hoc signo vinces” “Undir þessu tákni muntu sigra”. Árið 313 er Konstantín var orðinn keisari veitti hann kristnum mönnum trúfrelsi eftir langvarandi ofsóknir.*

Menin eru smíðuð á Íslandi eftir hugmynd Dr Gunnars Jónssonar og fást silfurhúðuð á **3.500,-** úr silfri: **5.900,-** (með demanti: **11.500,-**) og úr 14k gulli á **49.500,-** (með demanti: **55.000,-**).

**Erna**
Skipholti 3
Sími: 552 0775
www.erna.is




**Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum og á www.blind.is.**

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • www.blind.is





Blómaskrautið er í ýmsum útfærslum. Einnig er hægt að fá hárbönd með litlum blómum. Ágústa Hreinsdóttir, hársnyrtimeistari Hár Expo, segir að blóm í alls kyns útfærslum séu það nýjasta í hárskrauti. Á myndinni til hægri er Ágústa á stofunni.

# Fléttur og blóm í hárið

**Ágústa Hreinsdóttir, hársnyrtimeistari hjá Hár Expo, er nýkomin frá New York þar sem hún sat námskeið fyrir fagfólk. Hún segir að blóm í öllum gerðum séu vinsæl um þessar mundir.**

Tískan í hárklippingu eða -greiðslu er mjög í anda fatatískunnar. Einfaldleikinn fær að njóta sín. Léttir liðir, eðlilegir litir og hárið er enn sítt. Mikilvægt er að halda því vel hirtu og fallegu,“ segir Ágústa.

„Vafningar ýmiss konar í hárinu eru vinsælir, líkt og sjá mátti á stjörnunum á Óskarsverðlaunahátíðinni. Þá eru fléttur í margvíslegum útfærslum enn mjög vinsælar og verða líklega aðalfermingargreiðslan þetta vorið. Fléttugreiðslurnar þykja látlausar og fallegar,“ greinir hún frá.

### Látlaus tíska

Ágústa segir að hárskrautið eigi að vera látlaust eins og greiðslan og þess vegna komi blóm sterk inn í tískuheiminum. Ég sá í New York að blómamyndir eru á bolum og kjólum fyrir sumarið og þar með verða blómin einnig vinsæl í hárið. Þetta fylgist allt að í tískusveiflum,“ segir hún.

„Ég hef legið yfir vörulistum með fallegu blómaskrauti fyrir hárið undanfarið. Þetta eru til dæmis stór blóm sem hægt er að setja aftan á hnakkann eða mörg lítil. Það má vel nota lifandi blóm ef fermingarbörnin vilja það frekar. Einnig er mikið úrval af hárböndum með litlum blómum. Litirnir eru svipaðir og í fatatískunni, laxableikt, fölbleikt og drapplitað. Einnig er hægt að fá þessi blóm í hvítu en ljós litur er alltaf vinsælastur hjá fermingarstúlkum,“ segir Ágústa.

### Léttir liðir

Hún segir að mömmurnar fari ekki lengur í greiðslu á fermingardegi dótturinnar. „Konur á öllum aldri eru með sítt hár í dag og gæta þess í flestum tilfellum að hirða það vel með litun og klippingu. Síðan er alltaf fallegt að setja létta liði í hárið og það hentar vel síðu hári.“

Þegar Ágústa er spurð um nýjustu straumana í klippingu segir hún að skálínur séu fyrirferðamiklar í vortískunni. Sítt hár er áfram vinsælt en það er mikið tjásað og er það gert með nýrri aðferð.“

# *Krakkarnir taka upplýsta ákvörðun*

Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur hefur búið unglinga undir fermingu í 35 ár. Hann segist ekki finna neinn mun á unglingum dagsins í dag og fyrir þrjátíu og fimm árum. Það sé 4000 ára gömul hefð fyrir því að hafa áhyggjur af óhlýðni unglinga en þeir séu alltaf jafn skemmtilegir.

„Eini munurinn sem ég finn fyrir er sá að þegar ég var að byrja minn prestskap var ég prestur á Sauðárkróki og hafði þá kynnst krökkunum í barnastarfinu áður en kom að fermingarfræðslunni,“ segir Hjálmar spurður hvort honum finnist fermingarbörn dagsins í dag frábrugðin fermingarbörnunum þegar hann var að byrja, fyrir 35 árum. „Þá þekkti maður líka fjölskyldur þeirra og aðstæður. Hér er svæðið stærra og kynnin eru minni og stopulli þangað til kemur að fermingarvetrinum. En krakkar á þessum aldri eru ekkert öðruvísi en þá. Þau eru alveg jafn hugmyndarík og skemmtileg.“

Hjálmar segist ekki hafa nokkrar áhyggjur af því að unglingar í dag séu verr staddir en í gamla daga. „Alls ekki. Ég vitna stundum í fjögur þúsund ára gamalt skrif á leirtöflum þar sem því er lýst að augljóst sé að nú líði að lokum heimsins þar sem börn séu hætt að hlýða foreldrum sínum og allt virðist ganga á afturfótunum. Það eru nú ekki alveg fjögur þúsund ár síðan ég byrjaði en það var líka talað um þetta þá svo ég hef engar áhyggjur af því. Auðvitað er margt að varast en krakkar í dag læra það. Þar eru heimilin, skólarnir og kirkjan gífurlega mikilvæg.“

Stundum er því haldið fram að börn fermist vegna gjafanna, en Hjálmar blæs á þá umræðu. „Það hefur alltaf verið talað um þetta sama. Að börn séu að fermast vegna gjafanna, það er aldrei



Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur segir unglinga ekki hafa breyst neitt á þeim þrjátíu og fimm árum sem hann hefur starfað sem prestur. MYND: STEFÁN

minnst á slíkt þegar menn eiga afmæli eða fólk giftir sig. Ég er sannfærður um að svo er ekki. Unglingarnir ákveða sjálfir hvort þeir fermast og njóta til þess tilstyrks fjölskyldu sinnar. Það fyrsta sem við prestar segjum börnunum í fermingarfræðslunni er að þau séu að taka sjálfstæða ákvörðun en svo eru ýmsir aðrir sem eru andsnúnir fermingu og liggja ekki á þeirri skoðun sinni. Þannig að það fermist enginn án þess að vilja það sjálfur, það þarf jafnvel að ganga gegn ákveðnum fordómum til að fermast. Þess vegna er raunin sú, ekki síður nú en áður, að krakkarnir taka upplýsta ákvörðun um að fermast, byggða á trú sinni og viðhorfum og krakkar í dag eru síður en svo verr í stakk búnir til þess heldur en áður var.“




ENNEMM / SÍA / NM51302



**Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf**

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

**Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# *Amma fermdist í sveit árið 1924*

Prestssonurinn Þórður Sigurðarson, sem fermdist árið 2003, tók viðtal við ömmu sína, Svanfríði Guðnýju Kristjánsdóttur frá Brautarhóli, daginn fyrir eigin fermingu. Svanfríður er látin en Fréttablaðið fékk leyfi til að birta spjallið.

„Ég fæddist 1910 svo fermingin hefur verið 1924. Þetta var á hvítasunnu. Ég hafði gengið til prestsins á Völlum fyrir ferminguna. Presturinn, séra Stefán Kristinsson, spurði okkur út úr í kirkju og hlýddi okkur yfir. Ég kunni nú marga sálma, milli fjörutíu og fimmtíu. Flest fermingarbörnin höfðu metnað og vildu kunna sem flesta sálma því presturinn vildi það.

Fermingarmessurnar voru alltaf fjölmennar. Á þessum hvítasunnudegi var hríðarveður. Engu að síður var kirkjan troðfull og þurfti að setja inn aukastóla. Börnin voru miklu fleiri í sveitinni þá en nú. Mörg systkini á hverjum bæ.

## Fermingarkjóll að láni

Ég var í hvítum kjól og mér var kalt. Kjóllinn var þunnur og fínn. Ég átti hann ekki því hann var fenginn að láni. Fermingarkjólar voru hvítir og ónothæfir fyrir aðra daga og voru því lánsföt. Ég fékk síðan sparikjól fyrir önnur tilefni. Þetta var áður en kyrtlarnir komu til sögunnar. Ég var í dönskum skóm sem svo voru kallaðir. Þeir voru svartir og ágætir. Við fórum út að Völlum þar sem presturinn bjó og svo skiptum við stelpurnar um föt inni á kontór prestsins. Vinkona mín var með kyrtil og í skautbúningi.



Svanfríður Guðný Kristjánsdóttir frá Brautarhóli með fermingarsystur sinni, Önnur Stefánsdóttur frá Gröf. Þær fermdust árið 1924 að Völlum.

Þegar við vorum búin að fara í fermingarfötin gengum við út í kirkju með fjölskyldum okkar. Við fengum sérstakt sæti í messunni. Þegar stólræðan var búin var sunginn fermingarsálmur: „Lát þennan dag, ó Drottinn, nú.“ Þá færðum við okkur upp að altarinu og settumst þar. Presturinn hélt ræðu númer tvö, fermingarræðuna, og talaði beint til okkar. Síðan vorum við fermd. Við þurftum ekki að svara prestinum með öðru en jáyrði því yfirheyrslur voru búnar í spurningum. Svo tók presturinn í hönd okkar um leið og hann var búinn að ferma. Það var engin altarisganga í guðsþjónustunni en hún var í vikunni á eftir.

## Sauðburður hafði áhrif

Þetta var eftirminnilegur dagur. Við vinkonurnar, og allir krakkar á þessum tíma, tókum fermingarheitið alvarlega. Við vildum tilheyra Guði. Það var engin veisla. Börnunum sem fermdust og foreldrum þeirra var boðið inn á prestssetrið. Þegar við komum heim skipti ég um föt, enda var sauðburður og allir að sinna skepnunum. Ég fór að ná saman kindunum sem voru úti. Það var ekki vonskuveður en nauðsynlegt að koma skepnunum inn.

Það var ekki til siðs að gefa margar gjafir á þessum tíma. Ég fékk fermingarkort og Gísli bróðir minn hafði keypt notað úr, sem hann gaf mér. Pabbi og mamma gáfu mér kind.“



Gefðu landakort eða hnött. Stór landakort og flottir hnettir fást víða. Kortin er hægt að ramma inn eða hengja beint upp á vegg og fara vel í unglingaherbergi. Láttu teiknibólur fylgja með svo fermingarbarnið geti merkt inn á kortið staði sem það hefur heimsótt og staði sem það langar til að sækja heim.



Gefðu tré. Fermingarbarnið getur gróðursett það í garðinum og það vex með því. Það getur verið gaman að vitja þess seinna og segja börnum og barnabörnum frá því að þarna sé fermingartréð orðið fullvaxta.

# Gjafir sem endast

**Það er margt sem hugur fermingarbarna girnist enda eiga þau lífið fram undan. Símar, fartölvur, húsgögn í herbergið, myndavélar og utanlandsferðir eru þar á meðal. Umræddar gjafir eru þó ekki á færi allra og það má láta sér detta ýmislegt annað í hug.**





Gefðu myndaalbúm. Standir þú barninu nærri áttu eflaust myndir af því við ýmis tilefni; úr fjölskylduboðum, útilegum, utanlandsferðum og úr daglegu lífi. Þetta geta jafnvel verið myndir sem unglingurinn og foreldrar hans hafa aldrei séð og vekja eflaust lukku. Það er ekki verra að dunda sér við að skreyta albúmið en í föndurverslunum fást alls kyns fallegir límmiðar til að gera gjöfina enn persónulegri.



Gefðu ferðatösku. Góð ferðataska eru lífstíðareign og kemur yfirleitt að góðum notum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gefðu spegil. Sjálfsmyndin mótast sem aldrei fyrr í kringum fermingaraldurinn og fáir aldurshópar spegla sig meira. Gefðu fallegan spegil í herbergið. Þú getur verið viss um að hann verður í stöðugri notkun.





Gefðu tíma í hljóðveri. Hver vill ekki eiga upptöku af sér að syngja uppáhaldslagið? Það getur verið óborganlegt að eiga slíka upptöku seinna og upplagt að grafa hana upp fyrir stórveislur og brúðkaup síðar um ævina.


FERMINGARBÖRNIN EIGA SKILIÐ ALLT ÞAÐ BESTA!

NINTENDO 3DS
Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU
Í HEIMI LEIKJATÖLVA

PAKKATILBOÐ:
Nintendo 3DS
með tölvuleik:
44.900 kr
• Mario 3D Land fylgir hvítri tölvu
• Cats & Dogs fylgir bleikri tölvu

ENDALAUS ÆVINTÝRI

NINTENDO 3DS Verð: 39.900 kr

Wii -LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

Nintendo SPENNA · SNERPA · SNILLD Wii
Mario Kart fylgir ..!!
Verð: 33.900 kr

PIONEER • X-HM10/20-K
Pioneer
DÚNDUR HLJÓMTÆKJASTÆÐA
X-HM10-K
Verð: 39.900,-
Án iPod-vöggu
X-HM20-K
Verð: 49.900,-
Með iPod-vöggu

SHARP • LC22DV510
SHARP
22" LED SJÓNVARP með DVD
Upplausn: 1920 x 1080 • Full-HD
~~Verð: 79.900 kr~~ TILBOÐ: 69.900 kr

OLYMPUS VG-160
HÁGÆÐA MYNDAVÉL
Verð: 16.900,-

Verð: 9.900,-
SJÓNAUKAR OG MYNDAVÉLAR Í MIKLU ÚRVALI
8x21

XLHF151PH
MÖGNUÐ STÆÐA með iPod-vöggu
SHARP
Geislaspilari · Útvarp · iPod/iPhone vagga · Vekjaraklukka
Verð: 44.900 kr

UE22D5004BW
22" LED SJÓNVARP
SAMSUNG
Upplausn: 1920 x 1080 Full HD • 100 Hz
Verð: 64.900 kr

NP305U1A
SAMSUNG
FRÁBÆR FARTÖLVA
Skjár/upplausn: 11.6" 1366x768 LED Gloss • Örgjörvi: AMD E450 • Vinnsluminni: RAM 4 GB • Harður diskur: 500GB • 5400RPM • Skjákort: AMD Radeon™ (Int. Graphic) shared • Rafhlöðuending: 6 klst. • Litur: Svört/Silfur
Verð: 99.900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## GUÐBERGUR ER HEIÐURSBORGARI

**Menningarvika Grindavíkurbæjar hefst í dag og stendur til 25. mars. Tónleikar, leiksýningar, myndlistarsýningar, ljósmyndasýningar, fyrirlestrar og skemmtanir verða í fyrirrúmi.**


NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233





NÝJAR VÖRUR
FRÁBÆRT VERÐ

Fyrir mömmur, ömmur og frænkur fermingarbarnsins.

Stærðir S - 3XL

Opið aðeins þennan eina laugardag 17. mars milli kl. 13 -17

LOGY ehf. Lyngháls 10. v/hliðina á Heiðrúnu ÁTVR.
(þýsk-íslenska húsinu)



Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

www.gabor.is



Sérverslun með Gabor® 25 ár á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16




# ALLT ORÐIÐ KLÁRT FYRIR EUROVISION

**MUNDU EFTIR MÉR** *Jón Jósep Snæbjörnsson, eða Jónsi Í svörtum fötum, hefur í nógu að snúast þessa dagana við undirbúning Eurovision-ferðar sem er að komast á lokastig. Í kvöld verður sungið í Ólafsvík.*

Þessi helgi er óvenjuróleg hjá mér og þá hef ég meiri tíma fyrir fjölskylduna og verkefni sem ég er að vinna fyrir námið mitt í Háskólanum í Reykjavík. Eurovision-hópurinn er að skila af sér stórum pakka með ýmsum upplýsingum, myndbandi með laginu í lokaútgáfu, búningum og hugmyndum varðandi sviðshreyfingar en þessi pakki er að fara til Aserbaídsjan. Nú er allt klárt,“ segir Jónsi sem upplýsir að búningarnir verði þjóðlegir líkt og í Söngvakeppninni sjálfri. „Ég má ekki upplýsa strax hvort við syngjum á ensku,“ segir Jónsi. Líklegast búast þó flestir við að svo verði. Hópurinn fer utan 12. maí.

**ÁRSHÁTÍÐ OG GÆSAPARTÍ**

„Í kvöld verður Í svörtum fötum að spila á árshátíð Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Það

**NÝVAKNAÐIR**
Jónsi við morgunverðarborðið með sonunum Ara og Trausta. Jónsi var á leið til Egilsstaða vegna Skólahreysti og þess vegna var myndin tekin klukkan sjö að morgni.
MYND/GVA

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2


Smurstöðin Dalvegi og Bílaáttan hafa sameinast að Smiðjuvegi 30

Verið velkomin



"Sá smurði gengur"

Bíla...Áttan
Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400




Smiðjuvegur 30 - gul gata

Smurþjónusta og bifreiðaverkstæði

VORFRAKKARNIR KOMNIR



FUCHS SCHMITT
FEEL THE COMFORT
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63
s: 551 4422 • laxdal.is




## HÚMORSÞING

■ **HÚMORSÞING VERÐUR HALDIÐ Í FJÓRÐA SINN Í DAG Á HÓLMAVÍK.** Þjóðfræðistofa og þjóðfræðideild Háskóla Íslands, í samstarfi við Eddu-öndvegissetur, standa fyrir hinu árlega Húmorsþingi í dag. Það er nú haldið í fjórða sinn á Hólmavík á Ströndum. Á málþinginu munu fræðimenn stíga á stokk og varpa ljósi á nýjustu rannsóknir og miðlun á húmor. Í fyrirlestrum og umræðuhópum verður rætt um hinar ýmsu birtingarmyndir húmors í daglegu lífi og fjölmiðlum.

Á meðal þátttakenda verða Þorsteinn Guðmundsson, Ugla Egilsdóttir, Ari Eldjárn, Örn Úlfar Sævarsson, Bryndís Björgvinsdóttir, Íris Ellenberger, Ármann Jakobsson, Sóley Guðmundsdóttir, Kristinn Schram og Kristín Einarsdóttir.

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

er oft mikið stuð á árshátíðum og við leikum okkar lög í bland við önnur vinsæl lög," segir Jónsi þegar hann er spurður um lagavalið. Hann telur fullvíst að beðið verði um Eurovision-lagið Mundu eftir mér. Þannig hafi það verið undanfarið. „Þá syng ég bara báðar raddirnar," bætir hann við en engin kvenrödd er í hljómsveitinni. Á milli þess sem Jónsi syngur með Í svörtum fötum spilar hann á gítar og treður upp sem trúbador. Þá er hann oft fenginn sem veislustjóri og er vinsæll til að gæsa verðandi brúðir.

**VON TRAPP-FJÖLSKYLDAN**

Jónsi er mikill fjölskyldumaður. Hann á tvo syni, Trausta, 11 ára, og Ara, 6 ára. Þeir eru báðir að læra á fiðlu en móðir þeirra, Rósa Björgvinsdóttir, er fiðluleikari þótt hún starfi ekki við það. Trausti er auk þess í karate og Ari í ballett svo það er nóg að gera hjá Jónsa við að skutla strákunum í tómstundir. „Laugardagsmorgnar eru oft annasamir við skutl. Við vöknum því alltaf snemma, enda nóg að gera," segir Jónsi.

Rósa og Jónsi kynntust í Tónlistarskóla Akureyrar þegar þau voru sextán ára. Þá voru bæði að læra tónlist. Þegar Jónsi er spurður hvort fjölskyldan spili og syngi saman jánkar hann því. „Við gerum það undir vissum kringumstæðum, til dæmis í fjölskylduboðum. Við búum oft til skemmtidagskrá fyrir fjölskylduveislur og gerðum það síðast um áramótin. Við erum hægt og sígandi að breytast í Von Trapp-fjölskylduna. Það er töluvert líf á þessu heimili," segir Jónsi sem er sálfræðinemi í HR og útskrifast þaðan eftir eitt ár.

„Vegna þess hve mikill tími hefur farið í undirbúning Eurovision þá bíða mín stór verkefni fyrir skólann sem ágætt verður að klára um helgina."



**HRESSIR STRÁKAR** Ari og Trausti leika báðir á fiðlu og spila oft með foreldrum sínum í fjölskylduveislum. MYND/GVA

**FRÆÐSLA UM ASERBAÍDSJAN**

Jónsi tók áður þátt í Eurovision-keppninni árið 2004. Hann komst síðan áfram í undankeppninni hér heima árið 2007. „Ég er mjög spenntur yfir að fara í keppnina núna, sérstaklega vegna þess að við erum að fara til lands sem ég myndi ekki annars heimsækja. Rebekka A. Ingimundardóttir, leikstjóri og búningahönnuður hópsins, ætlar að halda fyrirlestur um Aserbaídsjan fyrir okkur, segja frá siðum og venjum og kenna okkur nokkur orð í málinu. Hún hefur farið víða um heiminn og kynnt sér meðal annars menningu þessa lands," segir Jónsi.

Á sumrin starfar Jónsi sem flugþjónn hjá Icelandair og svo verður aftur í sumar. Hann fer því beint í loftið aftur þegar hópurinn kemur heim frá Bakú. Hann segir að námið í sálfræði henti vel fyrir flugþjóna og komi oft að góðum notum í háloftunum. „Vinnusálfræði heillar mig mikið," segir Jónsi. ■ elin



**ALLTAF FJÖR**

**„Við erum hægt og sígandi að breytast í Von-Trapp-fjölskylduna. Það er töluvert líf á þessu heimili."**




Enn glæsilegri í flík frá topphúsinu.
Vattjakkar, 4 litir, kr. 19.900
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
NÆG BÍLASTÆÐI

Fermingartilboð
Áttablaðarós rúmföt
Stærð 140x200



áður 11.890 kr
nú 9.512 kr
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



Miðaverð er 2000 kr.
Miðasala er í Borgarleikhúsinu og á midi.is
NEMENDALEIKHÚS JSB
KYNNIR:
Ísland er land þitt
Borgarleikhúsinu 19. og 20. mars 2012
UM SÝNINGUNA:
Sýningargestum er boðið í ferðalag um Ísland. Ferðin tekur óvænta stefnu þar sem náttúran og ýmis óræð öfl setja mark sitt á ferðalagið.
JSB
DANSLISTARSKÓLI
45 ára starfsafmæli JSB
1967 - 2012



Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
BYLGJAN 989 25 ÁRA
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# ego dekor



PARKER hillur
Breidd: 125cm
Verð: 129.900,-

Litir: White Oak/walnut



DAKOTA leðurtungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar - stærð: 277x165
Verð: 328.000,-



OSCAR leðurtungusófi
Stærð: 282X167 - Stillanlegir höfuðpúðar
Verð: 348.000,-

# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



EASTON tungusófi
Stærð: 297X166
Tilboðsverð 212.400,-



SOMERSET TV skenkur
Litur: tobacco
Breidd: 180cm
Verð: 108.000,-



FOREX tungusófi
Stærð: 270x160
Tilboðsverð 197.100,-



HARLOW tungusófi
Stærð: 296X192
Tilboðsverð 219.600,-



SOMERSET skenkur
Litur: tobacco
Breidd: 150cm
Verð: 138.000,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



# SPENNANDI TÆKIFÆRI FYRIR TÖLVUSNILLING

N1 er skemmtilegur vinnustaður þar sem áhugaverðar áskoranir og góður andi fara saman. Nú leitum við að metnaðarfullum tölvumanni í hópinn. Meðal verkefna eru rekstur og viðhald á Microsoft Dynamics Ax auk annarra tilfallandi verkefna fyrir eitt öflugasta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins. Góð kjör eru í boði og við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um þetta áhugaverða starf!

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum æskileg.
- Þekking og reynsla af Microsoft Dynamics Ax viðskiptahugbúnaði – þ.m.t forritun og þróun á kerfinu. Navision þekking og reynsla kemur einnig til greina.
- Góð þekking á gagnagrunnum.
- Áræði, lipurð í mannlegum samskiptum auk agaðra og vandaðra vinnubragða.

**Nánari upplýsingar veitir Kristján Gunnarsson deildarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 440 1017 eða með pósti á kristjan@n1.is. Áhugasamir sæki um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is fyrir 28. mars nk.**

WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni




*Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem gegnir forystuhlutverki á sínu sviði, samhæfir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Hagstofan sinnir rannsóknum og safnar, vinnur og miðlar áreiðanlegum hagtölum sem lýsa samfélaginu. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum með því að tryggja öllum sama aðgang að upplýsingum.*

# Sviðsstjóri

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sviðsstjóra til starfa. Starfið felur í sér framkvæmdastjórn við uppbyggingu hagskýrslugerðar sem fullnægja þarf innlendum og alþjóðlegum kröfum. Um er að ræða lykilstarf hjá stofnuninni með mikilli stjórnunarlegri ábyrgð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

✓ Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
✓ Reynsla af stjórnun er nauðsynleg
✓ Reynsla af uppbyggingarstarfi
✓ Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika
✓ Mikil færni í mannlegum samskiptum

Hagstofa Íslands

Borgartún 21a
150 Reykjavík
☏ 528 1000
www.hagstofa.is

Umsóknarfrestur er til **10. apríl 2012**. Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að sá sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

*Póstáritun* Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík
*Netfang* starfsumsokn@hagstofa.is
*Upplýsingar* Ólafur Arnar Þórðarson *[olafur.thordarson@hagstofa.is]*



# Forritari

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða forritara til að vinna að hönnun og smíði næstu kynslóðar vefkerfa. Hjá upplýsingatæknisviði BÍ er unnið að þróun hugbúnaðar fyrir íslenskan landbúnað. Í dag eru í rekstri og þróun 12 vefkerfi sem byggja á miðlægum Oracle-gagnagrunni.

**Hæfniskröfur**
- Góð almenn forritunarkunnátta
- Reynsla af forritun í einhverju af eftirtöldu: Java, PHP, Python, Django, Javascript, jQuery og CSS
- Reynsla af Oracle-gagnagrunni og/eða PostgreSQL gagnagrunni og Agile/SCRUM aðferðafræði.

Í boði er spennandi starf þar sem reynir á hópvinnu, sjálfstæð vinnubrögð og getu til að takast á við ögrandi verkefni.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda starfsumsóknir á netfangið jbl@bondi.is. Umsóknarfrestur er til 22. mars. Nánari upplýsingar gefur Jón Baldur Lorange, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs BÍ, í síma 563-0300.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændasamtök Íslands - Bændahöllinni við Hagatorg - 107 Reykjavík - www.bondi.is

---

Kópavogsbær

# Sumarstörf

**Tekið verður við umsóknum um sumarstörf hjá Kópavogsbæ frá 16. mars – 10. apríl 2012.**

Sótt er um sumarstörfin á heimasíðu Kópavogsbæjar, www. kopavogur.is , og þar er að finna allar nánari upplýsingar.

- Skilyrði fyrir ráðningu er að umsækjandi eigi lögheimili í Kópavogi.
- Ekki verður tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur 10. apríl.
- Takmarkaður fjöldi starfa er í boði.

**www. kopavogur.is**

---




BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


---

Capacent Ráðningar

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á VERÐBRÉFAMARKAÐI?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í verðbréfamarkaðseftirlit. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi með góða greiningar- og samskiptahæfni. Í boði eru fjölbreytt verkefni og áhugavert starf í krefjandi umhverfi.**

**Starfssvið:**
- Almennt eftirlit á verðbréfamarkaði
- Viðskiptagreining vegna mögulegra innherjasvika og markaðsmisnotkunar
- Þátttaka í þróun og vinnu við rafræn skýrsluskil og úrvinnslukerfi
- Greining verðbréfaviðskipta í vöruhúsi gagna
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði er æskileg
- Reynsla af verðbréfamiðlun er kostur
- Reynsla af vinnu með vöruhús gagna ásamt haldgóðri þekkingu á Excel/SQL er kostur
- Rík greiningarhæfni nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, góðir samskiptahæfileikar, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk færni til að tjá sig í ræðu og riti

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphöll o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---


# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is
sími: 511 1144

VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2011

# Umdæmisstjóri VÍS á Norðurlandi

VÍS leitar að umdæmisstjóra á Norðurlandi. Umdæmisstjóri er staðsettur á þjónustuskrifstofu félagsins á Akureyri og ber ábyrgð á rekstri tíu þjónustuskrifstofa víðsvegar um Norðurland. Umdæmisstjóri þarf að að vera þjónustulundaður, árangursmiðaður og vera tilbúinn til að vinna samkvæmt gildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

**Starfssvið:**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi umdæmisins
- Gerð sölu- og rekstraráætlana
- Samskipti við viðskiptavini á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla á vinnumarkaði
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfni og faglegur metnaður

VÍS er öflugt þjónustufyrirtæki sem á djúpar rætur í íslensku samfélagi. Markmið VÍS er að vera ávallt í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi. Ánægja viðskiptavina og starfsfólks er lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. VÍS er vel rekið og fjárhagslega stöndugt vátryggingafélag með traust eignasafn.

Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir (**agla.bjornsdottir@capacent.is**) og Jónína Guðmundsdóttir (**jonina.gudmundsdottir@capacent.is**) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars nk. og skulu umsækjendur sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

VÍS

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

---

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐSKIPTAGREININGU

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða sérfræðing í viðskiptagreiningu á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði. Næsti yfirmaður er forstöðumaður viðskiptagreiningardeildar.**
Markaðs- og viðskiptaþróunarsvið er ábyrgt fyrir kynningu og sölu á vörum og þjónustu Landsvirkjunar. Sviðið sér um samskipti við núverandi og væntanlega viðskiptavini, gerð nýrra samninga og eftirfylgni með gerðum samningum.

**Helstu verkefni eru:**
- Greining á innlendum og erlendum mörkuðum
- Greining á viðskiptaumhverfi Landsvirkjunar
- Greining á viðskiptaumhverfi raforkukaupenda
- Þróun fjölbreyttra viðskiptatækifæra
- Þátttaka í samningaviðræðum

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt vinnuumhverfi
- Krefjandi verkefni
- Tækifæri til starfsþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í fjármála- og/eða raungreinum sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningarvinnu áskilin
- Reynsla af fjármálatengdum störfum æskileg
- Færni í módelsmíð, t.d. í Excel
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð kunnátta í ensku áskilin
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---





## Vilt þú gefa kost á þér til setu í fulltrúaráði Sólheima?

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

**Framkvæmdastjórn Sólheima auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum sem vilja gefa kost á sér til kjörs í fulltrúaráð Sólheima til næstu fjögurra ára. Lögð er áhersla á að fá til starfa í fulltrúaráðið einstaklinga sem hafa fjölbreytta starfsreynslu, reynslu af félagsstörfum og vilja til að leggja sitt af mörkum við að efla og styðja við starf Sólheima.**

**Fulltrúaráð Sólheima er skipað 17 fulltrúum og er kjörtímabil fulltrúaráðsmanns fjögur ár, heimilt er að endurkjósa fulltrúaráðsmann. Fulltrúaráðið kýs 5 manna framkvæmdastjórn úr hópi fulltrúaráðsmanna til eins árs í senn. Starf í fulltrúaráði er ólaunað.**

**Gera má ráð fyrir að fulltrúaráð Sólheima komi saman tvisar til þrisvar á ári. Meðal þeirra mála sem fulltrúaráð Sólheima fjallar um eru stefnumótun, skipulagsmál, framkvæmdaáætlun, fjárhagsáætlun auk þess að staðfesta ársreikning Sólheima.**

**Framkvæmdastjórn Sólheima hefur skipað þriggja manna nefnd sem mun fara yfir umsóknir og gera tillögur til aðalfundar fulltrúaráðsins um nýja fulltrúaráðsmenn. Auk þess geta einstakir fulltrúaráðsmenn gert tillögu um nýja fulltrúa í ráðið. Nefndina skipa Margrét Tómasdóttir, Valgeir Ástráðsson og Sigurjón Örn Þórsson.**

**Umsókn ásamt æviferilsskrá berist stjórnarformanni Sólheima á netfangið petur@solheimar.is eigi síðar en fimmtudaginn 25 mars n.k.**

**Nánari upplýsingar um starfsemi Sólheima er að finna á vef Sólheima www.solheimar.is**

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og m enningarmálum í 80 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakaríi, matvinnslu og gistiheimili. Á staðnum eru sex mismunandi listasmiðjur, leirgerð, kertagerð,vefstofa, jurtastofa og smíðastofa. Menningarstafssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús og íþróttaleikhús.

## BERGEN PERSONAL AS

Bergen Personal AS ble etablert i september 2009. Vi er et bemanningsselskap med kontrakter til de største entreprenører i Bergen. Vi jobber i hovedsak mot bygg og anlegg og har pr i dag ca 160 personer i faste jobber hos forskjellige kunder.

**Grunnet stor etterspørsel søker vi:**

- **Faglærte tømrere**
- **Telemontører med erfaring**
- **Elektrikere**
- **Ingeniører med elektriker bakgrunn/kjennskap**

Felles for alle stillingene er at språket er skandinavisk og/eller engelsk.
Stillingene er lagt ut på www.bergenpersonal.no

**Ønsker du en prat eller ytterligere informasjon er vi å treffe på rekruteringsmesse på Borg Hotel tirsdag 20. mars fra kl. 12.00 – 18.00.**



## MCTS KERFISSTJÓRNUN Á FERILSKRÁNA

Nú er mikil eftirspurn eftir fólki í upplýsingatæknigeiranum, gríptu tækifærið og styrktu stöðu þína á vinnumarkaðnum.

**Promennt** býður upp á **námskeið** í MCTS kerfisstjórnun sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa eða þá sem stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

Nemendur læra allt það helsta sem viðkemur uppsetningu og rekstri Small Business Server 2011 frá Microsoft, nethögun (networking), uppsetningu, rekstur og stillingar á Windows 7.

Námskeið hefst: **22. mars 2012**
Lengd: **110 std., þri. og fim. kl. 17.00–20.30**
Verð: **149.000 kr.**

Innifalið í námskeiðsgjaldi er allt kennsluefni. Bjóðum upp á VISA/EURO staðgreiðslulán til allt að 36 mánaða. Flest stéttarfélög, ásamt VMST, niðurgreiða þetta námskeið.

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • www.promennt.is

**www.promennt.is**

# Flugvallarstjóri á Akureyri

*Isavia leitar að flugvallarstjóra til að sjá um daglegan rekstur flugvallar og flugstöðvar á Akureyri og vera leiðandi í breytingum og uppbyggingu þjónustunnar.*

### Menntun og hæfni

- Háskólamenntun er kostur og /eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og/eða menntun af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Reynsla af stjórnunarstörfum.
- Þekking á markaðsmálum, öryggis- og gæðastjórnunarkerfum er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu.

*Leitað er að starfsmanni sem hefur framúrskarandi samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, töluglöggur og eiga auðvelt með að vinna undir álagi.*

### Umsóknir

Upplýsingar um starfið veitir Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri í síma **424 4114** eða tölvupóstfang: **haukur.hauksson@isavia.is**.

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

Umsóknum skal skila á: **www.isavia.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til **23. mars**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna.**

Hjá móðurfélagi Isavia starfa um 630 manns. Auk þess starfa hjá dótturfélögum um 130 manns hjá Fríhöfninni og um 30 hjá Tern. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- og millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

12-0620 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Verkstjóri/ Gæðastjóri (snyrting og pökkun)**

Stormur Seafood

Stormur Seafood leitar að drífandi einstaklingi í starf verkstjóra og gæðastjóra í matvælavinnslu félagsins í Hafnarfirði. Skilyrði er að umsækjandi hafi reynslu í störfum tengdum fiskvinnslu.
Upplýsingar í símum 692-9003 og 565-0516 eða netfang steini@stormurseafood.is




# CCP IS HIRING

- » Engineering Manager-Core
- » Engineering Manager-Web
- » Senior Graphic Designer
- » Database Administrator
- » Virtual World Systems Administrator
- » German Speaking Game Master
- » Russian Speaking Game Master
- » Senior Hard Surface 3D Modeler
- » Associate Quality Assurance Tester
- » Senior Accounting Manager
- » Accountant
- » Vfx Artist / Character Technical Generalist
- » Senior Analyst
- » Content Designer (EVE)
- » Quality Assurance - Web
- » Cinematic artist

CCP is comprised of intrepid pioneers willing to push their talents to the limits to create award winning virtual worlds and online games. It is a team that possesses the drive and ability to break through the boundaries of conventional wisdom and hold fast in frontiers that others fear to tread. As a result, we have built a team comprised of 20 nationalities, speaking 30 languages and from every walk of life all sharing the same trait, the capacity to successfully accomplish what many have told them was "impossible" to do.

All positions demand good organizational capabilities, excellent people skills, proficiency in reading and writing English, and the ability to thrive in a dynamic environment.

Apply today at **www.ccpgames.com/jobs**

CCP

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

## Starf í Dreifingarmiðstöð ÁTVR

**Starfssvið:**
- Almenn lagerstörf
- Afleysing í gjaldkera- og sölustarfi

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Nákvæmni og samviskusemi
- Tölvukunnátta nauðsynleg

Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30.

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ**. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **1. apríl** nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinbudin.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

HAGVANGUR

grafa.is

**Vegna aukinna umsvifa óskar Grafa & grjót ehf. eftir verkstæðismanni/vélamanni.**
Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu sem nýtist í starfinu, vinnuvélapróf og meirapróf er kostur.
Allar umsóknir sendist á grafa@grafa.is.

SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS

## SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST

Laus er til umsóknar staða sálfræðings á Skólaskrifstofu Suðurlands.

Umsókn um starfið, ásamt yfirliti um náms- og starfsferil og upplýsingum um meðmælendur sendist Skólaskrifstofu Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss fyrir 4. apríl 2012.

Vel er að starfsmönnum búið til að sinna endur- og símenntun, erlendis sem og hérlendis. Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Á Skólaskrifstofu Suðurlands starfa, auk framkvæmdastjóra, níu sérfræðingar á sviði sálfræði-, kennslu-, talmeina- og leikskólaráðgjafar ásamt þriggja manna ART-meðferðarteymi. Þrír sálfræðingar starfa á skrifstofunni. Hópurinn er samhentur og hefur mikið samstarf sín á milli. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við aðrar stofnanir sem koma að velferð barna og ungmenna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðingur með löggildingu.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af vinnu með börnum.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á skólastarfi
- Æskilegt er að umsækjendur kunni á þau greiningartæki sem notuð eru í grunn- og leikskólum og séu færir í að beita sannreyndum, hagnýtum aðferðum.

Á vefslóðinni www.skolasud.is er að finna upplýsingar um skrifstofuna. Nánari upplýsingar veitir Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri á netfanginu khreins@skolasud.is og Ragnar S Ragnarsson sálfræðingur á netfanginu ragnar@skolasud.is og í síma 480 8240.

Skátasamband Reykjavíkur

## Síkátur verkefnisstjóri í æskulýðsstarfi.

Skátasamband Reykjavíkur óskar eftir að ráða verkefnisstjóra fyrir skrifstofu sína og verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf fyrir kröftuga, þroskaða, lipra og lífsglaða sál með gott verkvit.

**Atriði sem horft er til við ráðningu verkefnastjórans:**
- Þjálfun, þekking, menntun og/eða reynsla af æskulýðsstarfi.
- Þekking á rekstri.
- Góð íslenskukunnátta.
- Óhræddur við að taka til hendinni jafnt inni sem úti.
- Hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur Helgi í síma 692 6812. Fullum trúnaði er heitið við ráðningarferlið.

Senda ber umsóknir til Skátasambands Reykjavíkur fyrir 1. apríl nk. á netfangið ssr@skatar.is


BYLGJAN 25 ÁRA 989
Hemmi Gunn – og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

Viðlagatrygging Íslands

## Skrifstofustarf

Viðlagatrygging Íslands auglýsir laust til umsóknar skrifstofustarf. Um er að ræða ráðningu í sumarafleysingar með möguleika á fastráðningu eftir þriggja mánaða starf. Viðlagatrygging Íslands starfar á grundvelli laga nr. 55/1992 og hefur það hlutverk að vátryggja gegn beinu tjóni af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla og vatnsflóða.

**Helstu verkefni í sumar:**
- Almenn skrifstofustörf, símsvörun og afgreiðsla viðskiptavina
- Samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Skráning tjónaupplýsinga
- Skjalaumsjón

**Að loknum þriggja mánaða reynslutíma, auk ofantalinna verkefna:**
- Bókhald

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði, skipulagning og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð þekking og reynsla af vinnu við bókhald
- Góð íslenskukunnátta
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 15. maí 2012.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðlagatrygging Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.**

**Nánari upplýsingar:**

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Viðlagatrygging Íslands

# Lögfræðingur

Viðlagatrygging Íslands auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings. Viðlagatrygging Íslands starfar á grundvelli laga nr. 55/1992 og hefur það hlutverk að vátryggja gegn beinu tjóni af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla og vatnsflóða. Staða lögfræðings er ný hjá Viðlagatryggingu Íslands.

**Helstu verkefni**

- Þátttaka í stefnumörkun í þjónustu og verkefnum VÍ
- Samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Ábyrgð á útgáfu vátryggingarskírteina
- Umsagnir um ýmis mál er varða stofnunina

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- Marktæk starfsreynsla til a.m.k. 5 ára
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu og/eða tryggingamála er æskileg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Geta til sjálfstæðra vinnubragða
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku, bæði talaðri og ritaðri

**Markmið starfsins**

- Að viðskiptavinir Viðlagatryggingar Íslands njóti réttlætis og virðingar í samskiptum sínum við stofnunina
- Að stuðla að því að starfsemi VÍ sé ávallt í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um stofnunina
- Að starfsemin sé í stöðugri þróun og aðlögun að því verklagi sem best þykir miðað við aðstæður hverju sinni

**Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð. Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri og er ennfremur lipur í mannlegum samskiptum.

**Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðlagatrygging Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.**

**Nánari upplýsingar:**

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Vegna aukinna umsvifa óskar Toyota Kópavogi eftir að ráða öfluga liðsmenn

Við leitum að jákvæðum, metnaðarfullum og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

## Almennt verkstæði

**Starfssvið:**
- Almennar bílaviðgerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00 og fös 08:00 – 15:30

## Auka- og varahlutaverslun

**Starfssvið:**
- Sala á auka- og varahlutum
- Almenn afgreiðslustörf
- Símsvörun og aðstoð við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og vinnugleði

Vinnutími er: mán-fös aðra hvora viku frá 08:00 – 18:00 og 09:00 - 18:00

## Málningar- og réttinga-verkstæði Kletthálsi

**Starfssvið:**
- Almenn vinna við bílamálun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bílamálun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00 og fös 08:00 – 15:30

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Framtíðarsýn fyrirtækisins er: „Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi"

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 26. mars ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt hverri deild.**

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 2-8**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

# Þjónustu- og viðskiptastjóri

Aflvélar ehf. auglýsir eftir þjónustu- og viðskiptastjóra. Fyrirtækið hefur í 20 ár sérhæft sig í sölu og þjónustu á tækjum og vélum fyrir viðhald flugbrauta, auk þess að selja og þjónusta vinnuvélar og aukabúnað á vinnuvélar, fyrir viðhald þjóðvega og gatnakerfa. Aflvélar ehf starfa eingöngu á fyrirtækjamarkaði og meðal viðskiptavina eru ríkisstofnanir, bæjarfélög og verktakar. Sölu- og þjónustuvörur okkar eru sanddreifarar, snjótennur, snjóblásarar, vélsópar, sláttuvélar, malbiksbílar, holræsabílar og hreinlætisvélar og tæki.

**Starfslýsing**

- Bilanagreining og viðgerðarþjónusta.
- Umsjón með varahlutum í tæki og vélar (pantanir & sala).
- Söluráðgjöf til viðskiptavina.
- Er í senn tæknilegur ráðgjafi, þjónustuaðili og söluráðgjafi.

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði véla og tækja t.d. vélvirkjun, vélstjórn eða bifvélavirkjun er æskileg.
- Reynsla á sviði véla og tækja er nauðsynleg.
- Þarf að geta talað, skrifað og lesið ensku. Önnur tungumál, danska eða þýska er kostur en ekki skilyrði.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði (notkun word og excel).
- Gilt bílpróf skilyrði, meirapróf æskilegt.
- Þarf að hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika.
- Þarf að vera samviskusamur, áreiðanlegur og stundvís.

Við leitum eftir áhugasömum einstakling með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem hefur áhuga á að vera þátttakandi í ört vaxandi fyrirtæki. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, með ferilskrá og mynd, merkt „Þjónustu- og viðskiptastjóri" til:

Aflvélar ehf, Vesturhrauni 3, 210 Garðabær

AFLVÉLAR

Vesturhraun 3 • 210 Garðabær • Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is

SKIPAVÍK

## Skipavík ehf. Stykkishólmi

**Óskar eftir járniðnaðarmönnum**

- **Vélfræðing**
- **Stálsmiði**
- **Vélvirkja**
- **Menn vönum járnsmíði**

Skipavík rekur dráttarbraut og sinnir allri almennri járnavinnu m.a. fyrir sjávarútveg og stóriðju.
Einnig sinnir Skipavík byggingarverktöku ofl.

Umsóknir sendist á netfangið skipavik@skipavik.is eða Skipavík, Nesvegi 20 , 340 Stykkishólmi

Upplýsingar gefur framkvæmdarstjóri í síma 430-1400

NAUST marine

Vaxandi fyrirtæki leitar að:

## Verkefna- og gæðastjóra

Hæfniskröfur:
- Reynsla af verkefna- og gæðastjórnun.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi tekið þátt í að innleiða vottað gæðastjórnunarkerfi.
- Sjálfstæð vinnubrögð, kraftur og útsjónarsemi við lausn verkefna.

## Tækniteiknara á sviði rafmagnshönnunar

Hæfniskröfur:
- Þekking á forritunum Caddy og Autocad.
- Almenn tölvuþekking.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór í síma 414 8081. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Naust Marine, Miðhellu 4, 221 Hafnarfirði eða á netfangið naust@naust.is.

# Vantar þig starfsmann?

**- við leysum málið.**

**Nánari upplýsingar hjá Vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144

Eltel builds, connects and cares for Infranet solutions – the interplay between electricity, telecom and IT. Eltel has 8000 employees in 10 countries and sales of EUR 1,0 billion.

**The goal is to become the leading Infranet company in Europe.**



# In the western part of Norway we are looking for

- Technicians in telecommunication
- Electricians
- Engineers within telecommunication or similar

The work will be related to building and maintaining the network for fixed telecommunication. You are offered a job in an expanding company and an opportunity to grow.

We will be represented at the Recruitment day in Reykjavik Tuesday March 20th from 12 to 18 and will invite candidates to a short interview on this day.

**For more information and submitting your application go to: www.eltelnetworks.no**

Questions? Contact District Manager Roar Salen
roar.salen@eltelnetworks.com +47 90 86 05 31

ELTEL
Boosting Infranet Quality

## Heilsuleikskólinn Holtakot auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra í 90 % starf frá og með 1. apríl 2012.

Holtakot er fjögurra deilda leikskóli á Álftanesi með um 80 börnum. Grunngildi leikskólans eru:
**Uppeldi til ábyrgðar, Grænfáninn og Heilsustefna.**

**Starfssvið:**
Aðstoðarleikskólastjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og Skólastefnu Álftaness.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar gefur Ragnhildur Skúladóttir, leikskólastjóri ragnhildur@alftanes.is eða í síma 8215018/ 5502341

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólastjórnenda og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.alftanes.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars 2012.**

Sveitarfélagið ÁLFTANES

## Dekkjavinnsla - lyftarapróf er nauðsyn

**Einnig vantar vanan mann í viðgerðir á verkstæði Hringrásar**

**Starfslýsing:**
- Taka á móti viðskiptavinum
- Að flokka dekk
- Að aðstoða við að halda dekkjaverksmiðju í fullum afköstum
- Íslenskukunnátta er skilyrði

**Starfslýsing :**
- Vörubíla og tækjaviðgerðir
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknir sendist á starf@hringras.is fyrir 26. mars næstkomandi.

Hringrás – fyrir umhverfið og okkur.

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslu- og umhverfisverndarfyrirtæki landsins, með starfsemi á 5 stöðum og rekur einnig dótturfélag með sömu starfsemi í Kanada. Starfsmenn eru um 80 talsins. Hringrás endurvinnur ýmiskonar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum, sem er síðan breytt í verðmætt hráefni. Hráefnið er flutt á erlendan markað þar sem það er endurunnið í ýmsar vörur. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun gjaldeyristekna.

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

## ERTU RITFÆR?

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir textagerðarmanni í fullt starf á samskiptasvið. Í starfinu felst ábyrgð á og umsjón með fjölbreyttri textagerð á íslensku og ensku í samvinnu við annað starfsfólk.

**STARFSSVIÐ**
- Textagerð og ritstjórn á efni á vef HR, í samvinnu við vefstjóra
- Textagerð fyrir kynningarbæklinga, auglýsingar og annað markaðsefni
- Skrif fréttatilkynninga
- Prófarkalestur á íslensku og ensku

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólapróf á sviði íslensku, bókmennta og/eða ensku
- Víðtæk reynsla af textagerð á íslensku og ensku
- Þekking á og reynsla af skrifum fyrir rafræna miðla
- Tölvufærni og reynsla af notkun vefumsjónarkerfa

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2012.**

Tekið er á móti umsóknum á vefsíðu HR www.hr.is/lausstorf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs, á netfanginu **johannavigdis@ru.is**

**www.hr.is**

# Do you fit our helmet?





Empowered



Proactive



Specialized

ELTEL
Boosting Infranet Quality

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Bæjarskrifstofur Garðabæjar**
- Innheimtufulltrúi
- Matráður á kaffistofu starfsmanna
- Þjónustufulltrúi í 50% starf

**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**
- Starfsmaður við ræstingar og gæslu í kvennaklefa

**Sumarstörf ungmenna**

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

HELSE PERSONAL AS

# Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktig sykepleiere til ulike oppdrag i Bergen og omegn til oppdrag innenfor sykehjem, hjemmesykepleie og bofellesskap.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Man må beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

Ønsker du en prat, eller mer informasjon, så er vi å treffe på rekruteringsmessen i

**Reykjavik 20.03.2012 på Hotel Borgen kl 12.00-18.00**

Kontaktinformasjon: Trude Vereide, +47 908 30 003
post@helsepersonal.no www.helsepersonal.no

ORF LÍFTÆKNI

## ORF Líftækni leitar eftir áhugasömum sérfræðingum í eftirfarandi störf:

### Sameindalíffræðingur – klónun og skimun

**Starfslýsing:** Almenn vinna með DNA (plasmíð, klónun, PCR o.s.frv.), prótein-skimun (Western Blot / ELISA) og skráning og utanumhald gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur:** B.Sc. í sameindalíffræði eða sambærilegt. Reynsla af rannsóknarvinnu nauðsynleg.

### Lífefnafræðingur - Tæknimaður í próteinframleiðslu.

**Starfslýsing:** Framleiðsla á próteinafurðum félagsins og greining á framleiðsluafurðum með t.d. SDS-PAGE. Starfið er að einhverju leyti utan hefðbundins dagvinnutíma.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** M.Sc. í lífefnafræði með reynslu í próteinlífefnafræði eða sambærilegt. Reynsla í próteinhreinsitækni (chromatography, filtration, fractionation) æskileg. Þekking á tækni við greiningu próteina og reynsla af notkun SDS-PAGE og Western blot greininga æskileg.

Leitað er eftir starfsmönnum sem hafa metnað í starfi og sýna frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum, auk þess að búa að góðri samskiptahæfni og tölvukunnáttu. Nánari upplýsingar veitir Júlíus B. Kristinsson starfsmannastjóri.

Áhugasömum einstaklingum, sem vilja taka þátt í uppbyggingu og þróunarstarfi hjá spennandi fyrirtæki er bent á að senda umsókn með ferilskrá til starf@orf.is fyrir 2. apríl.

ORF Líftækni hf. er vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir með mikla möguleika á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.

Fyrirtækið er leiðandi í framleiðslu hágæða sérvirkra próteina fyrir læknisrannsóknir, húðvörur og líftækniiðnað. Með þróun og nýtingu á einstakri framleiðsluaðferð sinni, sameindaræktun í byggi, stefnir ORF markvisst að enn frekari uppbyggingu sem hátæknifyrirtæki í fremstu röð á alþjóðlegum markaði.

Áhersla er lögð á að selja vaxtaþætti, á markaði fyrir húðvörur, til rannsóknastofa á sviði frumurannsókna (t.d. stofnfrumurannsókna), frumuræktunar og þróunar vefjasmíði (regenerative medicine) undir vörumerkjunum BIOEFFECT™, ISOkine™ og öðrum vörumerkjum.

# ERTU SNJALL FORRITARI?

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir forritara í fullt starf á upplýsingatæknisvið. Í starfinu felst ábyrgð á og umsjón með fjölbreytilegri forritun í rekstrarumhverfi skólans í samstarfi við annað starfsfólk.

**STARFSSVIÐ**
- Greining á þörfum, tæknilegum kröfum og hönnun
- Þátttaka í þróun upplýsingatækni innan skólans
- Útfærsla á lausnum
- Þátttaka í rekstri og þjónustu upplýsingatækni

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Þekking og reynsla af viðurkenndum aðferðum við hugbúnaðarþróun
- Þekking á og reynsla af PHP, JAVA, .NET og SQL
- Færni til að greina og sjá lausnir

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2012.**

Tekið er á móti umsóknum á vefsíðu HR www.hr.is/lausstorf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiðar Jón Hannesson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, á netfanginu **hjh@ru.is**

**www.hr.is**

# LAGHENTUR STARFSMAÐUR ÓSKAST

**Okkur vantar laghentan starfsmann á verkstæði okkar. Um er að ræða viðgerðir á vatns- og kaffivélum, sjálfsölum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Á verkstæði okkar starfa 6 starfsmenn.**

Hæfniskröfur:
- Þekking, reynsla og færni í viðgerðum er áskilin.
- Stundvísi og samviskusemi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Reyklaust umhverfi

**Umsóknum skal skilað í tölvpósti á netfangið olafurj@selecta.is**
**Allar nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Ólafur Jóhannesson í síma 696 8586

Umsóknarfrestur er til 26. mars

selecta

Innnes er einn stærsti og öflugasti matvöruinnflytjandi landsins og eru vörumerki fyrirtækisins neytendum vel kunnug. Innnes á m.a. velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki en hjá Innnes starfar samhent liðsheild um 100 starfsmanna. Innnes er eigandi Selecta á Íslandi sem sérhæfir sig í drykkjarlausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir.
Höfuðstöðvar Innnes eru að Fossaleyni í Grafarvogi.
Auk þess rekur fyrirtækið útibú á Akureyri.



www.innnes.is



Triangel Software AS is a part of the Triangel Group in Norway, established in 1984 with offices in Oslo, Ålesund and Kristiansund. Headquarters is located in Molde. The group has two business areas: Consulting and IT solutions. Our IT solutions for time and resource management uses web / mobile web and SMS. They range from the administration of the substitution needs in the health sector and SMS-based calling systems for blood donors to timesheet systems for businesses. The systems are well established in the market and the company has a clear strategy to increase its market share in the years to come.

To further strengthen our position we are looking for:

## Senior Software Engineer

You will work as project manager / system architect and be a part of our development team. With us you will have the opportunity to combine market-leading technology to future-oriented solutions. You must show a good level of coding experience in ASP. Net, C #, SQL, HTML and Web services.

You are independent, but like to work in the project team You seek to solve problems and are not afraid of challenges. You have good technical knowledge and gain the trust of customers. Your higher education (Bachelor / Master) in information technology and at least 4 years relevant job experience enables you to master the development process as well as understand the customer`s business case.

## Software Engineer

You will be part of our development team and assist in using market-leading technology to build future-oriented solutions. You master technologies such as ASP.Net, C #, SQL, XML and Web services.

We are looking for a person that will work independently as well as show good cooperation skills. You like to face new tasks and challenges and possess formal development expertise in software development.

Offices are in Molde, Norway. Molde is in middle of Møre and Romsdal County and features good communications, unique "fjord" nature, diverse industry, good growing conditions and a rich and diverse sporting and cultural environment. We can offer: We offer an inclusive, exciting and competent environment in a well established company. In addition, we offer competitive salary, good insurance and pension plans. Training in relevant products and internal tools.

Triangel
Molde - Kristiansund - Ålesund

Any questions regarding the position may be directed to: CEO Geir D. Sylte, telephone +47 47 30 91 70 or send your CV and application to geir.sylte @ triangel.no. For more information, see our website www.triangel.no. Application deadline for the position: 10th of April. Interviews will be made in Iceland after the initial deadline.



Jobconnect

# LOOKING FOR JOB IN NORWAY?

## MEET US IN REYKJAVIK 20th OF MARCH!

***Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of several Norwegian companies.***

- **WE ARE LOOKING FOR PEOPLE WHO HAVE WORK EXPERIENCE WITH THE FOLLOWING QUALIFICATIONS AND CHARACTERISTICS:**
  - Tinsmiths with journeyman's certificate and/or 3 years documented experience in sheet metal
  - Mechanical engineers
  - Electro/automation engineers
  - Engineers within construction, civil engineering, energy

And a lot more…

- **GENERAL QUALIFICATIONS AND SKILLS:**
  We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. It is also important with good communication skills in English or Danish/Norwegian.

- **WE CAN OFFER:**
  - Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development
  - Competitive salary terms and good insurance
  - A great working environment and good conditions

***Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to the contact person below or meet us at Hotel Borg in Reykjavik Tuesday 20th of March from 12:00 to 6:00 PM.***

*Contact: Erland Borgen, Partner, Manager Jobconnect IT & Engineering | e-mail: erland@jobconnect.no | www.jobconnect.no*

# Atvinnutækifæri í Noregi

**Tíu norsk fyrirtæki og vinnumiðlanir, í samstarfi við EURES í Noregi og á Íslandi, kynna störf og starfstækifæri á Hótel Borg, Gyllta salnum, þriðjudaginn 20. mars milli kl. 12 og 18.**

**Fulltrúar frá eftirtöldum fyrirtækjum verða á staðnum:**

Helse Bergen www.helse-bergen.no
Helse Personal AS www.helsepersonal.no
Bergen Personal AS www.bergenpersonal.no
Skudeviken Personell www.skutevikenpersonell.no
Match Bemanning www.matchbemanning.no
Jobconnect AS www.jobconnect.no
National Oilwell Varco www.nov.com
AF-gruppen www.afgruppen.no
Eltel Networks AS www.eltelnetworks.no
AM Direct AS www.amdirect.no

**M.a. er verið að leita að fólki í heilbrigðisgeiranum, fjarskiptum, tæknigreinum tengdum byggingariðnaði, verkfræðingum og tölvunarfræðingum. Sum störfin eru þegar auglýst á www.eures.is**

**Eures ráðgjafar frá Noregi veita upplýsingar um almenn starfstækifæri.**

nav

VINNUMÁLA STOFNUN

EURES

www.eures.is



Vistvæn Orka ehf.

# Líffræðingur

Vistvæn Orka ehf er ört vaxandi fyrirtæki sem er leiðandi í ræktun á plöntulífmassa með LED ljósdíóðutækni.

Fyrirtækið leitar nú að öflugum liðsmanni til að sinna nýjum verkefnum í tengslum við ræktun á þörungum í starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík og á landsbyggðinni.

**Starfssvið:**
- Mótun og umsjón með nýjum rannsóknarverkefnum.
- Vinna við þróun framleiðsluaðferða.
- Skipulagning og umsjón með sýnatökuleiðöngrum.
- Mat á niðurstöðum mælinga og úrvinnsla gagna.
- Skýrslugerð.

**Hæfniskröfur:**
- MSc eða PhD-próf í líffræði eða skildum greinum er skilyrði.
- Reynsla af rekstri og uppsetningu rannsóknarverkefna.
- Reynsla af rannsóknum og ræktun á þörungum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Mjög góð enskukunnátta og samskiptahæfni í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar hjá framkvæmdastjóra í síma 553-6752 (553-ORKA). Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur óskast sendar á netfang: atvinna@vo.is

**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2012.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Skrifstofustarf | Viðlagatrygging Íslands | Reykjavík | 201203/066 |
| Lögfræðingur | Viðlagatrygging Íslands | Reykjavík | 201203/065 |
| Sérfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201203/064 |
| Sérfræðilæknar | Landspítali, kvenna- og barnasviði | Reykjavík | 201203/063 |
| Ritari | Landspítali, meltingar- og nýrnad. | Reykjavík | 201203/062 |
| Starf í dreifingarmiðstöð | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Reykjavík | 201203/061 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarn., sjúkral. | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | Blönduós | 201203/060 |
| Forseti | Háskóli Íslands, heilbrigðisvísindas. | Reykjavík | 201203/059 |
| Dósent í barnalæknisfræði | Háskóli Íslands, heilbrigðisvísindas. | Reykjavík | 201203/058 |
| Sviðsstjóri fjármálasviðs | Háskóli Íslands, fjármálasvið | Reykjavík | 201203/057 |
| Verkefnisstjóri | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201203/056 |
| Sviðstjóri | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201203/055 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarnemar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201203/054 |
| Verkefnastjóri í upplýsingatækni | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Reykjavík | 201203/053 |
| Læknaritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201203/052 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201203/051 |
| Hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201203/050 |
| Læknaritari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201203/049 |
| Sérfræðingur | Neytendastofa | Reykjavík | 201203/048 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201203/047 |
| Hjúkr.fr., hjúkr.n., ljósm., sjúkral. | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201203/046 |



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0674

## Hugbúnaðarstýring Vodafone bíður eftirvæntingarfull eftir liðsfélaga

Sérfræðingur í hugbúnaðarstýringu verður að hafa unun af því að þróa nýjar og snjallar lausnir bæði af eigin rammleik og í liði með öðrum. „Það er ekki hægt“ er ekki til í orðaforða hugbúnaðarsérfræðingsins.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á **vodafone.is/storf**.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2012.**

**Vinnustaðurinn okkar er skemmtilegur og fólk sem tekst á við krefjandi verkefni með bros á vör er okkur að skapi. Við tökum verkefnin hátíðlega en ekki okkur sjálf og viljum gera viðskiptavini okkar þá ánægðustu á Íslandi.**

**Þín ánægja er okkar markmið**

Gallery Restaurant

VIÐEYJARSTOFA Restaurant

## Gallery Restaurant og Viðeyjarstofa leita af starfsfólki í eftirfarandi stöður:

**Gallery Restaurant – Hótel Holti leitar af fagmanni í framreiðslu (þjónn). Fullt starf.**
Viðkomandi vinnur 15 daga í mánuði sem vaktstjóri og hefur umsjón með starfsmannahaldi og annarri skipulagningu. Umsókn sendist á gallery@holt.is

**Gallery Restaurant – Hótel Holti leitar af matreiðslunemum. Fullt starf.**
Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á eldhúsi og öllu sem við kemur matreiðslu.
Umsókn sendist á gallery@holt.is

**Viðeyjarstofa leitar af starfsmanni sem hefur yfirumsjón með allri veitingasölu í eyjunni. Fullt starf.**
Viðkomandi sér um daglegan rekstur hússins og þarf að hafa góða reynslu af veitingarstörfum. Yngri en 25 ára koma ekki til greina.
Umsókn sendist á Videyjarstofa@holt.is




## Viltu vinna á landsbyggðinni?

ISS Ísland óskar eftir að ráða matreiðslumann og aðstoðarfólk í virkjun á Suðurlandi

***Matreiðslumaður***
Veitingasvið ISS óskar eftir að ráða matreiðslumann til þess að sinna daglegum störfum í mötuneyti í virkjun á Suðurlandi. Starfið er unnið í 7 daga og frí í 7 daga.

***Aðstoðarfólk***
ISS leitar einnig á sama stað eftir aðstoðarfólki í eldhús og þrif. Starfið er unnið 5 daga vikunnar.

***Starfsmenn á svæðinu þurfa að geta gengið í öll störf sem eru í umsjón ISS á svæðinu, sem eru m.a. mötuneyti, þrif, þvottur og fl. Einnig þarf starfsmaður að vera sveigjanlegur, nákvæmur, samviskusamur, vera íslenskuumælandi og sýna frumkvæði.***

Umsóknir og ferilskrá berist til Sigríðar Héðinsdóttur starfsmannastjóra á netfangið siggah@iss.is

***Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu www.iss.is, vinsamlega tilgreinið hvaða starf er sótt um.***



# Ert þú leiðtogi?

Bandalag íslenskra skáta auglýsir eftir **verkefnastjóra** á sviði mannauðs- og leiðtogaþjálfunar í fullt starf.

**Starfsvið:**

- Stjórnun málefna fullorðinna sem sinna sjálfboðastörfum fyrir skátahreyfinguna í samvinnu við skátafélögin í landinu
- Virk þátttaka við stefnumótun, þróun og áætlanagerð á sviði sjálfboðastarfs fullorðinna innan skátahreyfingarinnar og leiðtogaþjálfunar skátahreyfingarinnar
- Nýliðun sjálfboðaliða og virk tengsl við félagseiningar eldri skáta
- Umsjón með leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar í samvinnu við formann Fræðsluráðs BÍS, leiðbeinendur og ábyrgðarmenn námskeiða
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Lipurð í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipuleg vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af skátastarfi eða öðru sjálfboðastarfi er æskileg

Nánari upplýsingar gefa Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri í síma 550 9800 (hermann@skatar.is) og Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs í síma 892 2468 (proppe@hi.is)

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2012.

Skátarnir
www.skatar.is




www.vso.is

## VSÓ RÁÐGJÖF



## Verkfræðingar

VSÓ Ráðgjöf leitar að ungum og ferskum starfsmanni til að takast á við aukin verkefni við hönnun lagna- og loftræsikerfa í byggingar hér heima og erlendis, starfsmanni sem:

- Hefur lokið framhaldsnámi (M.Sc.).
- Hefur faglegan metnað og vilja til að þroskast í starfi.
- Er með kunnátu í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli.
- Á auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.
- Er jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.

Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, góðir vinnufélagar og fjölbreytt verkefni.

Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast til Helenu M. Áskelsdóttur á netfangið helena@vso.is eða í móttöku VSÓ Ráðgjafar fyrir 1. apríl 2012.

*VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.*

*Hjá VSÓ Ráðgjöf starfa nú um 50 manns við alhliða ráðgjöf og hönnun vegna hvers konar mannvirkjagerðar.*

*Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi og þar er rekið öflugt starfsmannafélag.*

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

Stormur Seafood

**Verkstjóri/ Gæðastjóri (snyrting og pökkun)**

Stormur Seafood leitar að drífandi einstaklingi í starf verkstjóra og gæðastjóra i matvælavinnslu félagsins í Hafnarfirði. Skilyrði er að umsækjandi hafi reynslu í störfum tengdum fiskvinnslu.
Upplýsingar í símum 692-9003 og 565-0516 eða netfang steini@stormurseafood.is

# SÉRFRÆÐINGUR MÆLIFRÆÐI

Neytendastofa óskar eftir að ráða tæknimenntaðan mann til starfa á Mælifræðisviði stofnunarinnar. Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem reynir á tæknilega ráðgjöf um reglur er varða lögmælifræði, framkvæmd eftirlits með mælitækjum og fræðslu og kynningu á reglum er gilda um mælingar í viðskiptum við neytendur.

**Helstu verkefni eru:**

- Framfylgd laga og reglna á sviði lögmælifræði
- Tækníleg ráðgjöf við þróun laga og reglna
- Tækníleg ráðgjöf fyrir notendur eftirlitsskyldra mælitækja
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunarkerfi
- Umsjón og kennsla á námskeiðum til löggildingar vigtarmanna
- Innlent og erlent samstarf á svið lögmælifræði

**Menntun:**

Háskólapróf á sviði tækni- eða raungreina, einkum verkfræði, eðlisfræði eða tæknifræði.

**Almenn þekking og hæfniskröfur:**

- Almenn þekking á íslensku stjórnkerfi og stjórnsýslu
- Áhugi á mælingum, mælitækjum og framþróun mælifræði
- Hæfni til að starfa í hópi
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki ásamt lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli

Reynsla og þekking sem nýtist í starfinu er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is – starfsumsóknir. Tilvísun starfsins er: Mælifræði 12-01. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. apríl 2012.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Árnason sviðsstjóri Mælifræðisviðs og Tryggvi Axelsson forstjóri, s. 510 1100. Netföng: tryggvi@neytendastofa.is og gudmundur@neytendastofa.is.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Störf með utangarðsfólki í Reykjavík og fólki með margháttaðan vanda

**Borgarverðir** er nýtt þjónustuúrræði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem veitir utangarðsfólki og fólki með margháttaðan vanda þjónustu á vettvangi. Um er að ræða færanlegt teymi sérfræðinga sem veitir þjónustu og aðstoð á vettvangi. Borgarverðir er samstarfsverkefni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Lögreglustjórans á
höfuðborgarsvæðinu og samanstendur af verkefnisstjóra, hjúkrunarfræðingi og lögreglumanni. Föst vinnuaðstaða er til staðar á vegum þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, en fyrst og fremst er um að ræða færan-legt vinnuaðstæður í bifreið þar sem um vettvangsvinnu er að ræða.
Vinnutími er frá kl. 11.00 til kl. 19.00 virka daga.

**Laus eru til umsóknar störf verkefnisstjóra og hjúkrunarfræðings í teymi Borgarvarða. Störfin eru tímabundin í eitt ár.**

**Starfssvið verkefnisstjóra Borgarvarða:**

- Leiðir verkefnið Borgarverðir
- Er faglegur stjórnandi á vettvangi
- Skipuleggur starfsemi og innra skipulag Borgarvarða
- Veitir faglega ráðgjöf og þjónustu til utangarðsfólks
- Stýrir og ber ábyrgð á samstarfi við önnur þjónustuúrræði sem koma að málefnum utangarðsfólks
- Ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana Borgarvarða
- Ber ábyrgð á skráningu og skýrslugerð verkefnisins

**Menntunar – og hæfniskröfur verkefnisstjóra Borgarvarða:**

- Háskólamenntun á félagsvísindasviði eða sálfræði
- Reynsla af starfi með áfengis- og vímuefnasjúkum og/eða geðfötluðum æskileg
- Reynsla af ráðgjafarstarfi í félags- eða heilbrigðisþjónustu æskileg
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, leiðtogahæfni, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Starfssvið hjúkrunarfræðings Borgarvarða:**

- Ber ábyrgð á og sinnir hjúkrunarþjónustu við utangarðsfólk á vettvangi
- Veitir faglega ráðgjöf og sinnir umönnun utangarðsfólks
- Sinnir skráningu og skýrslugerð varðandi starf sitt eftir því sem við á

**Menntunar- og hæfniskröfur hjúkrunarfræðings Borgarvarða:**

- Hjúkrunarfræðingur með íslenkst starfsleyfi.
- Reynsla af starfi með áfengis- og vímuefnasjúkum og/eða geðfötluðum æskileg
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Um er að ræða frumkvöðlastörf í þjónustu- og leitarstarfi á vettvangi við utangarðsfólk. Áhugi á málefnum og aðstæðum utangarðsfólks er því nauðsynlegur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magðalena Kjartansdóttir, deildarstjóri á Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í gegnum netfangið magdalena.kjartansdottir@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, undir . „störf í boði".
**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. APRÍL 2012.**

**Dagsetur** sem rekið er af Hjálpræðishernum er úrræði fyrir heimilislaust fólk. Þar er boðið upp á mat, þvotta, hreinlætisaðstöðu, hvíldaraðstöðu og iðju. Í Dagsetri starfar auk starfsmanna Hjálpræðishersins sérfræðingur í iðju fyrir utangarðsfólk á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ætlar að auka þjónustu við utangarðsfólk í Dagsetri enn frekar með fjölgun starfsmanna.

**Laust er til umsóknar fullt starf stuðningsfulltrúa og hálft starf félagsráðgjafa eða iðjuþjálfa.**

**Starfssvið stuðningsfulltrúa í Dagsetri:**

- Sinnir gestum Dagseturs
- Tekur þátt í og aðstoðar við iðju fyrir utangarðsfólk
- Aðstoðar við dagleg störf á Dagsetri

**Menntunar- og hæfniskröfur stuðningsfulltrúa í Dagsetri:**

- Félagsliðamenntun æskileg
- Reynsla af starfi með utangarðsfólki, vímuefnasjúklingum og/eða geðfötluðum æskileg
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið félagsráðgjafa/iðjuþjálfa í Dagsetri (50% starf):**

- Þróar iðju fyrir utangarðsfólk í samráði við sérfræðing í Dagsetri
- Almenn virkniþjálfun gesta í Dagsetri
- Samstarf við samstarfsaðila og þróun verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur félagsráðgjafa/ iðjuþjálfa í Dagsetri:**

- Félagsráðgjafamenntun eða iðjuþjálfamenntun
- Reynsla af starfi við virkniþjálfun æskileg
- Reynsla af starfi með utangarðsfólki, vímuefnasjúklingum og/eða geðfötluðum æskileg
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magðalena Kjartansdóttir, deildarstjóri á Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í gegnum netfangið magdalena.kjartansdottir@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, undir „störf í boði".
**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. APRÍL 2012.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

vinna.is
sími: 511 1144

# SNAPS

BISTRO - BAR

## Erum að leita að skemmtilegu, jákvæðu og sjálfstæðu fólki

Stöður sem við erum að ráða í
**Kokkur auk aðstoðarfólks í eldhús**
**Vaktstjóra yfir þjónustu, helst lærðum þjón.**

Áhugasamir hafi sambandi með því að senda inn umsókn á snapsbistro@snapsbistro.is

# [ RUB23 ]

RESTAURANT

FISH - MEAT - SUSHI

## Starfsfólk óskast

**Veitingastaðurinn Rub23 Reykjavík óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:**

- Matreiðslumenn
- Starfsmenn í eldhús með áhuga á sushi

Við leitum að áhugasömum og metnaðarfullum starfskröftum, reynsla er kostur.
Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á reykjavik@rub23.is

## Ráðgjafar Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar

SJÁLFSBJÖRG

**Auglýst er eftir 3 ráðgjöfum fyrir Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar sem er nýtt verkefni á vegum Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins.**

Miðstöðinni er ætlað að efla hreyfihamlað fólk með upplýsingagjöf varðandi t.d. aðgengi, gagnlegar lausnir í hversdagslífinu og réttindi. Aðstandendur, einstaklingar með tímabundna hreyfiskerðingu sem og aðrir geta einnig nýtt sér Þekkingarmiðstöðina.

Fræðslustarfsemi í formi námskeiða og jafningjafræðslu verður mikilvægur þáttur í starfseminni ásamt öflugri heimasíðu.

Ráðgjafar miðstöðvarinnar sinna upplýsingagjöf, ýmist í síma eða með viðtölum. Einnig eru þeir tengiliðir við samstarfsaðila.

**Við leitum eftir einstaklingum með háskólamenntun sem nýtist í eftirfarandi störfum:**
- Ráðgjafi/staðgengill forstöðumanns. Leitað er eftir iðjuþjálfa eða starfsmanni með aðra sambærilega menntun.
- Ráðgjafi/umsjónarmaður heimasíðu Þekkingarmiðstöðvar innar. Viðkomandi þarf að búa yfir haldgóðri reynslu í heima síðu- og tölvumálum.
- Ráðgjafi/umsjónarmaður fræðslumála. Leitað er eftir kennara eða einstaklingi með aðra sambærilega menntun.

**Aðrar hæfniskröfur sem gerðar eru til umsækjenda:**
- Áhugi og þekking á málefnum hreyfihamlaðs fólks
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfileiki til að tjá sig í mæltu og rituðu máli
- Góð almenn tölvufærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og geta til að vinna í hópi.

Hreyfihamlaðir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Gert er ráð fyrir 80-100% starfshlutfalli, en annað hlutfall kemur til greina.

Miðstöðin mun opna í júní 2012, því er æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veitir Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar í síma 895 0593. Tölvupóstur: gudbjorg@sjalfsbjorg.is. Nánari upplýsingar um Þekkingarmiðstöðina er að finna á sjalfsbjorg.is.
**Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2012.**

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á framangreint póstfang, ásamt með ferilsskrá og greinargerð er lýsir hvers vegna umsækjandi sækir um starfið og hví hann telur sig til þess fallinn að gegna því.

## Starfskraftur á Sequence Capture rannsóknarstofu

Roche

Starfið felur í sér framleiðslu, gæðapróf og framleiðsluþróun í Sequence Capture deild. Tilvonandi starfsmaður mun vinna við alla þætti framleiðslunnar í samræmi við verklýsingar, m.a. DNA framleiðslu, samsetningu lokaafurðar og almennan stuðning við afgreiðslu pantana.

**Við leitum að** nákvæmum og áhugasömum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna sjálfstætt sem og í hóp. Í boði er áhugavert starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í líffræði, lífeindafræði eða skyldum greinum
- Starfsreynsla af rannsóknarstofu er æskileg
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta og tölvufærni

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá (CV) á netfangið: reykjavik.jobs@roche.com

Nánari upplýsingar veita
Freyja Eiríksdóttir, freyja.eiriksdottir@roche.com (s: 414-2147)
Elsa Þórey Eysteinsdóttir, elsa_thorey.eysteinsdottir@roche.com (s: 414-2116)

**Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk.**




# SÖLUMAÐUR

Söludeild Hreyfingar er að leita að hörkuduglegum, heilbrigðum og lífsglöðum sölumanni. Á meðal verkefna er að annast tilboðsgerð og frágang sölusamninga auk þess að annast viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Við leitum að einstaklingi sem uppfyllir eftirfarandi hæfniskröfur:

- Hefur reynslu af sölustörfum
- Er samviskusamur og metnaðarfullur
- Býr yfir framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hefur frumkvæði og á gott með að vinna í teymi
- Háskólamenntun er kostur
- Er reyklaus

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá með mynd og upplýsingar um meðmælendur á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 23. mars.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

# WOW talar pólsku! Hvað með þig?

WOW air leitar logandi ljósi að starfsmanni í hálft starf í þjónustuver sitt. Viðkomandi þarf að hafa einskæran áhuga á flugi, símsvörun og upplýsingagjöf auk þess að tala reiprennandi pólsku, íslensku og ensku. Já, pólsku.

Reynsla af starfi í ferðaþjónustu er æskileg, auk þess sem ævintýraþrá, ferðahugur, glaðlyndi og skipulagshæfileikar eru allt kostir sem við erum að leita að.

**Erum við nokkuð að tala um þig?**

Sendu umsókn á
**egtalapolsku@wowair.is**
fyrir 15. mars, 2012.

Brandenburg

WOW air

## Reyndur matreiðslumaður óskast

Reyndur matreiðslumaður óskast í veiðihús Noregi. Góð laun í boði fyrir réttan aðila og ferðakostnaður greiddur af vinnuveitanda. Áhugasamir hafi samband í síma +47 4028 4641 / karl@heggoyaktiv.no

Olíudreifing

## Sölumaður - Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf.
Óskar eftir að ráða sölumann hjá söludeild.
**Starfslýsing:**
Sala á tæknibúnaði til einstaklinga, iðnaðar og sjávarútvegs fyrirtækja.
Um framtíðarstarf er að ræða.

**Menntunar-og hæfniskröfur.**

- Vanur sölumaður.
- Góðir sölu og skipulagshæfileikar.
- Tæknimentunn.
- Vélstjóri
- Vélvirki
- Rafvirki
- Góð íslensku og ensku kunnáta
- Talað mál
- Ritað mál
- Almenn tölvu þekking
- Excel
- Powerpoint
- Ökuréttindi.

Allar nánari upplýsingar veita:
Jónas Kristinsson
Sími: 550-9914 jonas@odr.is
Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

# ÚTBOÐ

fsr FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

## SKÚLAGATA 4, ENDURBÆTUR 1. HÆÐ OG ÞAK

### ÚTBOÐ NR. 6330048

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Sjávarútvegshússins, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við verkið: „Skúlagata 4, endurbætur 1. hæð og þak“

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Innveggir | 300 m² |
| Glerveggir | 80 m² |
| Loft | 700 m² |
| Innihurðir | 20 stk |
| Málning | 1.800 m² |
| Parket | 365 m² |
| Loftræsisamstæða | 1 heild |
| Lampar | 200 stk |
| Þakgluggar | 72 stk |
| Þakpappi | 400 m² |

Vettvangsskoðun verður haldin 22. mars 2012 kl. 10.00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 31. ágúst 2012.

Útboðsgögn verða til sýnis og afhendingar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, Borgartúni 7A, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 20. mars 2012, opnunartími 8.30-16.00.

Tilboðin verða opnuð hjá Framkvæmdasýslu ríkisins 3. apríl 2012 kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

# Útboð

Verksýn ehf. f.h. Húsfélagsins Krummahólum 6 í Reykjavík, óskar eftir tilboði í verkið „Krummahólar 6, viðhaldsframkvæmdir.“
**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Alhreinsun og filtun svala | 605 m² |
| • Háþrýstiþvottur veggflata | 1217 m² |
| • Endursteypa byggingarhluta | 180 m² |
| • Endurnýjun glers og glerlista | 90m² |
| • Endurnýjun glugga | 44 stk. |
| • Endurnýjun svalahandriða | 356 lm |
| • Klæðning veggflata | 95 m² |
| • Málun veggflata | 1217 m² |
| • Málun gluggapósta og karma | 2137 lm |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi hjá Verksýn ehf. Síðumúla 1 í Reykjavík, frá og með fimmtudeginum 22. mars. 2012 gegn 7.000.- kr. óafturkræfu gjaldi.

Tilboði merktu **“Krummahólar 6, viðhaldsframkvæmdir”** skal skila til Verksýnar ehf. Síðumúla 1 fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 3. apríl nk. og verða tilboð þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Verksýn ehf.
Síðumúla 1, 108 Reykjavík
www.verksyn.is

VERKSÝN

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

# Aðalfundur

Aðalfundur Ferðaþjónustu bænda hf. verður haldinn **á Hótel Núpi, Dýrafirði, þriðjudaginn 27. mars 2012 kl. 10.30.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 15. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórnin.

## AÐALFUNDUR

**Brúar félags stjórnenda**
verður haldinn mánudaginn 19. mars 2012 kl. 19:00 í húsakynnum félagsins Skipholti 50d.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundastörf .
Félagar fjölmennum.
Stjórnin

BFS BRÚ – FÉLAG STJÓRNENDA

## Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannaþjónustu

**verður haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 17 að Grettisgötu 89, 1.hæð.**

**Dagskrá:**

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins.
- Lagabreytingar.
- Stjórnarkjör kynnt.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
- Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
- Kosið í stjórnir orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs, styrktar- og sjúkrasjóðs samkvæmt reglum þeirra.
- Fjárhagsáætlun.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

Boðið verður upp á léttan kvöldverð.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## LAUGAVEGUR

**verslunarhúsnæði TIL LEIGU**

**Bjart, opið, hátt til lofts 70 m2 við mið Laugaveg til leigu**

Áhugasamir sendi uppl. um sig og rekstur á sigs81@yahoo.com

## VINNUFATNAÐUR.IS

Verslunin og vefverslunin **Vinnufatnaður.is** er til sölu.
Lager, verslun og vefverslun.
Mikil tækifæri framundan.

Allar nánari upplýsingar í netfanginu valur@vinnufatnadur.is

Verslunin er staðsett á Akureyri.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir úr Æskulýðssjóði

Mennta og menningarmálamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr. 60/2008. Umsóknarfrestur er **1. apríl 2012**. Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur sjóðsins er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is

## ALÞJÓÐLEGIR FRIÐARSTYRKIR RÓTARÝHREYFINGARINNAR 2013-2015

**Rótarýsjóðurinn, ROTARY FOUNDATION,** sem rekinn er af Alþjóða Rótarýhreyfingunni, mun veita allt að 60 styrki til tveggja ára meistaranáms skólaárin 2013-2015. Styrkirnir verða veittir til náms og rannsókna sem tengjast alþjóðasamstarfi og eflingu friðar í heiminum og eru ætlaðir fólki sem þegar hefur reynslu af alþjóðastarfi auk þess að hafa lokið fyrstu háskólagráðu.

Í þessu skyni hefur Rótarýsjóðurinn komið á samvinnu við sjö virta háskóla:

*Universidad del Salvador, Argentínu*
*University of Queensland, Ástralíu*
*Duke University & University of North Carolina, USA*
*University of Bradford, Englandi*
*Uppsala University, Svíþjóð*
*International Christian University, Japan*

Styrkirnir, sem eiga að standa undir tveggja ára námskostnaði, eru alþjóðlegir samkeppnisstyrkir. Rótarýhreyfingin á Íslandi má senda eina umsókn. Val íslenska umsækjandans fer fram eftir ítarleg viðtöl og könnun á námsferli og störfum. Makar, afkomendur og makar afkomenda lifandi Rótarýfélaga geta ekki sótt um styrkinn. Tíu Íslendingar hafa fengið friðarstyrki frá því þeir voru fyrst veittir árið 2002.

Nánari upplýsingar um námið, háskólana og umsóknarskilmála er að finna á heimasíðu Rotary International: http://www.rotary.org/EN/STUDENTSANDYOUTH/EDUCATIONALPROGRAMS/ROTARYCENTERSFORINTERNATIONALSTUDIES/Pages/HowToApply.aspx . Umsóknareyðublaðið er að finna undir World peace fellowship. Einnig má nálgast upplýsingar á skrifstofu Rótarýumdæmisins (rotary@rotary.is). Sími 568-2233 (eða í síma 525-4818).

**Þeir sem hafa hug á að sækja um styrk eru beðnir um að senda ítarlegt æviágrip og lýsingu á markmiði með framhaldsnámi fyrir 22. apríl til Skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík, merkt „Friðarstyrkur“.**

## Vehicle's for sale

**The American Embassy are seeking offers in the following vehicles**

SN-P95 Ford Econoline 2010 driven 7500 miles Grey Automatic Gasoline/Flex fuel.

Customs fees and VAT of approximately ikr. 1946.000 will be added to the bidding price.

The vehicle will be available for viewing and inspection Tuesday March 20th between 2 and 4 p.m. Please contact Gudrun Benediktsdottir on cell 693 9234 or Tryggvi Korneliusson on cell 693 9223.

Bids shall be delivered on available forms in a closed envelope to the American Embassy, post 1 before 17.00 Thursday March 22nd.

## Bíll til sölu

Bandaríska Sendiráðið óskar eftir tilboðum í eftirtaldar bifreiðar.

SN-P95 Ford Econoline 2010 ekinn 9234 km. Grár sjálfskiptur bensín/etanól.

Tollar og gjöld, áætluð kr 1946.000 bætast við boðið verð.

Bifreiðin verður til sýnis þriðjudaginn 20. mars n.k. í samráði við Guðrúnu Benediktsdóttur í síma 693 9234 og Tryggva Korneliusson í síma 693 9223

Tilboðum skal skilað á þar til gerðum tilboðsblöðum í lokuðu umslagi í móttökku Bandaríska Sendiráðsins fyrir kl. 17.00 fimmtudaginn 22. mars.

Sendiráðið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

# ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykja víkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur :

***Sæmundargata 2. áfangi.***
***Gatnagerð, jarðvinna á lóð og veitur***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá og með þriðjudeginum 20. mars 2012 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1. hæð. Opnun tilboða: 2. apríl 2012 kl. 10:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver. 12778. Nánari upplýsingar er að finna www.reykjavik.is/utbod.

Orkuveita Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

Kópavogsbær

## Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í: Útleiga á líkamsræktaraðstöðu við sundlaugar í Kópavogsbæ

Í útboðinu fellst að leigja aðstöðu í Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni Versölum og reka þar líkamsræktarstöð.

Útboðsgögn verða seld í Þjónustuveri Kópavogsbæjar Fannborg 2 ( 1.hæð ) frá og með þriðjudeginum 20. mars 2012 á kr 5.000.
Þegar útboðsgögn eru keypt skal skrá samskiptaaðila bjóðanda í útboði.

Tilboðum skal skila fyrir kl.: 11:00 3. apríl 2012 til þjónustuvers Kópavogs, Fannborg 2 (1. hæð).

**www. kopavogur.is**

Landsvirkjun

## Kárahnjúkavirkjun

### Forval nr. 20080, KAR-22B
### Ufsarstífla. Endurröðun ölduvarnar

**Landsvirkjun leitar eftir verktaka til endurröðunar ölduvarnar Ufsarstíflu.**

Verkið felst í að endurraða ölduvörn Ufsarstíflu og vinna grjót í grjótnámu til viðbótar því grjóti sem fyrir er í ölduvörninni.

Gert er ráð fyrir að endurraða þurfi allt að 13.500 rúmmetrum ölduvarnar og vinna um 6.000 rúmmetra af grjóti í námu.

Forvalskröfur eru m.a. að verktaki hafi á að skipa að minnsta kosti tveimur gröfumönnum sem hafi færni og reynslu í grjótröðun á stíflu- eða brimvarnargarða og góðum tækjakosti. Einnig verður horft til fjárhagsstöðu verktaka.

Vinnusvæðið er í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Verkbyrjun verður um 15. júní 2012 og eru áætluð verklok 15. september 2012.

Forvalsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 20. mars n.k. gegn óafturkræfu gjaldi kr 2.500 fyrir hvert eintak.

Verktaki skal skila upplýsingum í samræmi við forvalsgögn til Landsvirkjunar, innkaupadeild, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 11:00 þriðjudaginn 27. mars 2012, þar sem nöfn umsækjenda verða lesin upp að viðstöddum þeim umsækjendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

Landsvirkjun

## Búðarhálsvirkjun
## Útboð BUD-32, nr. 20083
## 245 kV háspennustrengir og endabúnaður

**Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í framleiðslu og tengingu háspennustrengja fyrir Búðarhálsvirkjun.**

Verkið felst í framleiðslu, prófunum, pökkun og afhendingu háspennustrengja og endabúnaðar, sem og frágangi endabúnaðar og tengingu samkvæmt nánari lýsingu í útboðsgögnum. Málspenna er 245 kV.

Áætluð verklok eru 1. ágúst, 2013.

Útboðsgögn á ensku verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000 fyrir hvert eintak, frá og með þriðjudegi 20. mars, 2012. Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 8. maí 2012, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## ÚTSÖLUSTAÐUR FYRIR BAKARÍ

Garðabær auglýsir húsnæði til leigu fyrir útsölustað bakarís (konditori).

Húsnæðið er um 75m² að stærð á 1. hæð í væntanlegu hjúkrunarheimili að Strikinu 3 í Garðabæ.

Frekari upplýsingar eru á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is.**

Áhugasamir skili upplýsingum um sig og væntanlegan rekstur í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en þriðjudaginn 3. apríl kl. 16:00.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

## Verkefnastjóri í upplýsingatækni hjá LÍN

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða verkefnastjóra (deildarstjóra) í upplýsingatækni (UT) sjóðsins. Hugbúnaðarþróun og stórum hluta rekstrar á kerfum sjóðsins er úthýst. UT annast verkefnastjórnun upplýsingatæknimála, gæðamál, tækniþjónustu við starfsmenn og ýmis dagleg rekstrarmál.

**Starfssvið**
- Stýra upplýsingatækni, gæðamálum og vefmálum LÍN.
- Umsjón með rekstri tölvukerfa sjóðsins, virkni upplýsingavinnslna og úrvinnslu úr gagnagrunni sjóðsins.
- Samþætting tölvukerfa sjóðsins og gæðastjórnunar.

**Eiginleikar umsækjanda**
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun nauðsynleg.
- Æskilegt væri að hafa reynslu af stýringu upplýsingatækniverkefna.
- Þekking og reynsla af gæðamálum mikilvæg.
- Reynsla af forritun, SQL og rekstri kerfa æskileg.

Í boði er lifandi og krefjandi starfsumhverfi þar sem starfsþróun og uppbygging öflugrar þjónustu haldast í hendur.
Umsóknir skulu sendar á gudrun@lin.is, merktar „Verkefnastjóri í UT LÍN". Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2012.

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna // Borgartúni 21 // 105 Reykjavík
Sími 560 4000 // Fax 560 4090 // lin@lin.is // www.lin.is

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

**Naustabryggja 54 - Íbúð 302**
**Opið hús sunnudaginn 18.mars frá kl. 15:00 - 15:30**




**Hér þarf bara að flytja inn!**
Laus við kaupsamning.
Einstök íbúð með áhvílandi lánum kr. 23 millj.
Hönnun í sérflokki • Mikið af húsgögnum fylgja • Suðvestur svalir • Frábært útsýni • Fataherbergi • Fjarstýrð lýsing • Baðherbergi með öllum tækjum frá Philippe Starck • Glerhurðir • Þvottavél í íbúð • Geymsla í sameign.
**Verið velkomin sjón er sögu ríkari!**


Lóa Sveinsdóttir,
Sölufulltrúi.
Sími: 698 8733
loa@fasteignasalan.is


Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

**Sími 698 8733**

**Mikil sala - Vantar eignir á skrá**

## Helluvað 1-5
110 Reykjavík
Glæsileg 4ja herb. með bílageymslu

**Stærð: 119 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 21.700.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind






**Laugardagur 17. Mars milli kl.16-16.30** | **Verð: 29.800.000**

Vel skipulögð og smekkleg 4ja herbergja íbúð á 2. hæð í Helluvaði 1-5. Stæði í bílakjallara, sér inngangur af svölum og lyfta. Stórar svalir með gríðarlega fallegu útsýni til suðurs í átt að Elliðavatni. Stór herbergi, HTH innréttingar, parket og flísar á gólfi. Þvottahús innan íbúðar.
Aðeins eru um 200m í Norðlingaskóla.

Stefán Jarl tekur á móti gestum milli kl.16-16.30


Stefán Jarl
Sölufulltrúi
**8929966**
stefan@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Máshólar 8
111 Reykjavík
Vandað einbýli með auka íbúð.

**Stærð: 242,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1979**
**Fasteignamat: 48.100.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind






**Laugardagur 17. Mars milli kl.17-17.30** | **Verð: 59.900.000**

Fallegt og vandað 242,9 fm. einbýlisishús með 57,8 fm. 2ja herb íbúð með sér inngangi og útgengi út í garð. Fallegur gróinn garður umlykur húsið með garðhúsi með rafmagni og köldu vatni. Nýlegt hellulagt bílaplan og tröppur með snjóbræðslu. Svalir með fallegu útsýni með nýjum flísum og nýtt handrið með hertu gleri. Nýlega málað að utan. Spennandi eign með miklum möguleikum á þessum gríðarlega vinsæla stað.
Stefán Jarl tekur á móti þér milli kl.17-17.30


Stefán Jarl
Sölufulltrúi
**8929966**
stefan@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Þrastarás 57
221 Hafnarfjörður
Vönduð eign í alla staði

**Stærð: 187,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 35.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind





**Verð: 44.700.000**

Remax Lind kynnir: Nýlegt og vel skipulagt 5 herbergja 187,7fm2 endaraðhús og þar af 24fm2 innbyggðum bílskúr,hannað af VA arkitektum.
Þetta er virkilega vönduð eign í alla staði og hefur ekkert verið til sparað í byggingu þessarar eignar.Húsið stendur þannig að njóta má sólar allan daginn,að framan fyrir hádegi á trépalli og á baklóð eftir hádegi.Lóðin er gróin og falleg, einstaklega gott útsýni er úr þessari eign.Allar nánari uppls gefur Páll í sima 8619300 eða Þórarinn Jónsson sími 5107900.


Páll Guðmunds
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## lyngdalur 8
190 Vogum
Stórglæsilegt einbýlishús í Vogum

**Stærð: 242 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 61.330.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind





**Open house?..** | **Verð: 40.500.000**

Auðveld kaup ( Yfirtaka á áhvílandi láni 40.215.595 kr. og mánaðarleg greiðsla af lánum 193.584 kr.)
Remax Lind Kynnir:Stórglæsilegt hús til sölu í Vogum Vatnsleysuströnd
Lyngdalur 8 (ATH lækkað verð úr 49,900.000 í 40.500.000)
Nýlegt einbýlishús, staðsett í botngötu í útjaðri bæjarins með náttúruna í bakgarðinum.
Búið er að skipta húsinu í tvær jafnstórar íbúðir en mjög einfalt er að skipta því aftur í eina íbúð. Allar nánari uppls gefur Páll Sími 861-9300 eða Þórarinn sími 5107900


Páll Guðmunds
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Bergstaðastræti 48a
101 Reykjavík
Falleg íbúð í miðborginni

**Stærð: 84,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1943**
**Fasteignamat: 22.350.000**

RE/MAX Senter




**Mánudaginn 19. mars kl. 18.00-18.30** | **Verð: 26.900.000**




RE/MAX Senter kynnir gullfallega íbúð á þriðju hæð í 101-Reykjavík.
Lýsing; Komið er inn í íbúðina um tvöfaldar dyr sem opnast inn í hol með fataskáp, þaðan er gengið inn í allar aðrar vistaverur. Eldhúsið sem snýr út að götunni er með hvítri/grárri innréttingu þar er ágæt aðstaða fyrir eldhúsborð. Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa og innréttingu. Stofur eru tvær, rúmgóðar með fallegum gluggum og miklu útsýni í vestur, útgengt er á svalir úr öðru rýminu. Í dag er önnur stofan nýtt sem svefnherbergi. Hjónaherbergið er rúmgott með skápum upp í loft. Gólfefni íbúðarinnar eru Maghony parket á stofum og gangi, hvíttað eikarparket á svefnherbergi, dökkur marmari á gólfi í eldhúsi og flísar á baðherbergi. Innihurðir eru hvítar. Íbúðinni fylgir lítil geymsla í kjallar og sameiginlegt þvottahús. Garður snýr í vestur og er skjólgóður. Þetta er vel skipulögð eign á góðum stað í miðbænum.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Grafhólar 10
800 Selfoss
Fallegt 5 herb. parhús m/bílskúr.

**Stærð: 163,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 25.400.000**

RE/MAX Senter



**OPIÐ HÚS á sunnudag 18. mars, frá kl. 16:00 til 17:00.** | **Verð: 32.800.000**




Ath. möguleiki að skipta á 4 herb. einbýli/parhúsi í Borgarnesi.
REMAX Senter og Ingunn kynna: Sérlega vandað, nýlegt og vel skipulagt 5 herbergja parhús, byggt 2006 með bílskúr. 4 svefnherbergi og þar af er eitt íbúðarherb. ásamt baðherb. m/sturtu. Íbúðin skiptist síðan í forstofu, sjónvarpshol, stórt baðherb. m/hornbaðkari og sturtuklefa, eldhús, stofu/borðstofu. Verönd með skjólvegg og 10 fm. bjálkahúsi. Mikið skápapláss er í allri íbúðinni og húsið er allt innréttað árið 2007 með vönduðum innréttingum og hurðum frá Selos ehf.
Stutt í: Sunnulækjarskóla, leikskóla Hulduheima, leiksvæði, sundlaug Selfoss, mikið af upplýstum gönguleiðum og stutt í flestalla þjónustu.
Upplýsingar gefa: Ingunn Halldóra Nielsen í síma
611-6007 eða á ingunn@remax.is Ástþór Reynir Guðmundsson í síma 414-4700 eða á arg@remax.is


Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi
**611 6007**
Ingunn@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Laufásvegur 10
101 Reykjavík
Húsið fékk viðurkenningu árið 2011

**Stærð: 59,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1924**
**Fasteignamat: 14.700.000**

RE/MAX Senter



**OPIÐ HÚS, mánud. kl. 18:00 til 18:30, inng. f/neðan hús.** | **Verð: 20.600.000**




RE/MAX Senter og Ingunn kynna: Frábærlega vel staðsetta 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og útsýni á tjörnina. Húsið stendur á góðri eignarlóð nálægt Kvennaskóla í Reykjavík, Listasafni Íslands, Fríkirkjunni, Reykjavíkurtjörn og flr. góðum stöðum. Árið 2011 fékk húsið viðurkenningu frá Reykjavíkurborg fyrir endurbætur á eldri húsum og glæsilegt útlit.

Íbúðin býður upp á mikla möguleika og hentar vel fyrir fjárfesta og er tilvalin til útleigu eða þá sem vilja vera nálægt miðbænum. Falleg eign í tveggja mín. gangi frá Reykjavíkurtjörn, stutt í verslanir og flest alla þjónustu. Eignin skiptist í: Eldhús, svefnherbergi, stofu/borðstofu, gangi, baðherbergi og tvær geymslur og þvottahús í sameign með þvottavél.
Upplýsingar gefa: Ingunn H. Nielsen
í síma 611-600, ingunn@remax.is Ástþór Reynir Guðmundsson í síma 414-4700 eða á arg@remax.is.


Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi
**611 6007**
Ingunn@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**



**Hrafnhildur Bridde löggiltur fasteigasali s: 821 4400**

ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR

# HB FASTEIGNIR

Holtasmári 1 • 203 Kópavogur

## Opið hús í dag á milli kl. 13:30 - 14:00



**Kirkjustétt 19, Grafarholti. Bjalla 302.**

**Laus 1.maí !** Glæsileg og vel skipulögð 5 herbergja íbúð (skráð 121,5 fm ) á 3.hæð + stæði í bílageymslu (ekki inni í ferm.) í góðu fjölbýlishúsi í grafarholti. tvær stofur og þrjú svefnherbergi, en gert var ráð fyrir því í upphafi að svefnherbergin væru fjögur, þ.e að borðstofan væri eitt herbergi. íbúðin er mjög opin og björt og með útsýni. vönduð gólfefni og innréttingar. sér bílastæði í bílageymslu. ekkert áhvílandi en mögulegt er að taka 80 % lán hjá íbúðalánasjóði eða öðrum lánastofnununum. **Verð kr. 31,5 millj.**

## TIL SÖLU SÖLUTURN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA / TILVALIÐ FYRIR SAMHELDNA FJÖLSKYLDU

Um er að ræða mjög vel staðsettan og snyrtilegan söluturn. Mikil íssala sem auðvelt er að auka verulega, spilakassar, öflug dvd leiga.
Snyrtilegt og nýlega endurnýjað húsnæði. Vel staðsett við 2 skóla og þétta blandaða byggð.
Miklir framtíðarmöguleikar, vaxandi velta.
**Ásett verð 8 millj**
Nánari uppl. veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931

**LANDMARK**

**FASTEIGNASALA**
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.

## Góð eign gulli betri

### Lerkiás 5 í Garðabæ

**Opið hús í dag og á morgun sunnudag á milli kl. 16-17**






Glæsilegt 141 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Hellulögð innkeyrsla og afgirtur suður garður sem er allur ein stór timburverönd. Tvö svefnherbergi. Stór stofa og eldhús með innfelldri lýsingu og fallegu eikarparketi á gólfi. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Bílskúr með geymslulofti fyrir ofan sem ekki er skráð í fermetratölu. Kjörin eign fyrir þá sem vilja eina hæð. **Verð 46,9 millj.**
Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum S: 895 3000.-

### Lindarbraut 41 á Seltjarnarnesi




**Opið hús í dag og á morgun sunnudag á milli kl. 15-16**

Glæsilegt 210 fm einbýlishús á einni hæð. Húsið er mikið endurnýjað. Skjólsæll garður með stórri timburverönd og nýlegri sólstofu. Hér er á ferðinni einkar bjart og vel skipulagt hús með 3-4 svefnherbergjum ásamt rúmgóðum bílskúr.
**Verð 63,9 millj.**
Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum með allar nánari upplýsingar S: 895 3000.-

# Fjárfestar gistihúseigendur athugið!

## Til sölu vinsælt gistiheimli í hjarta miðbæjarins.

Um er að ræða Gistiheimilið Loka sem hefur starfað í 5 ár og hefur reksturinn frá upphafi gengið mjög vel.








** Opið hús á sunnudaginn 17. mars kl 17:00 og 18:00 **

**Upplýsingar um eignina veita Gylfi s. 770-4040**
**gylfi@domusnova.is og Sverrir s. 661-7000 sverrir@domusnova.is**

## Til sölu heil húseign í miðbæ Reykjavíkur

### Fjárfestar veitingahúseigendur athugið!

Til sölu rótgróinn veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur ársvelta 130 milljónir og fer vaxand góð EBITA

### Til sölu veitingastaðir í Reykjavík

ársvelta 330 milljónir góðir vaxtamöguleikar.
Bókaðu fund fyrir nánari upplýsingar hjá Sverrir s 661-7000 eða Gylfa í s 770-4040

## Fjárfestar - Gistihúseigendur ATH!

Vorum að fá í sölu heila húseign í miðbæ Reykjavíkur alls 488 fm
Lyklar á skrifstofu!
Hringdu núna til að bóka skoðun!
Sverrir s. 661 7000

**DOMUSNOVA**
Fasteignasala Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is



Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Vandaður sportfatnaður til sölu, allt nýlegar vörur

Vörupartý á frábæru verði
Skipti koma til greina.

Fyrirtækjasala Ísl
520-3500

---

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum

Asphalia for natural sleep

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

---

XPRENT -merkir allt!

* gegn framvísun miðans

50% afsláttur í mars

50% afsl. á sandblásturs-filmum út mars *

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

---

## SKARTGRIPANÁMSKEIÐ

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð. Allt til gler og leir vinnslu.

Erum á Facebook.com/glitehf

GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

www.glit.is

---

## LOK Á HEITA POTTA

- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

Fjarðarbólstrun Sími 864 4188
fjardarbolstrun@gmail.com

---

Tölvusérfræðingur frá Quantumtuning í Bretlandi er staddur á landinu og er hann að gera tölvupp-færslu á bílvélum, sem gefur meiri kraft og getur sparað eldsneyti.

Breytum flestum tegunda bifreiða og vinnuvéla.

http://quantumtuning.co.uk/

Nánari uppl veittar í síma 892-1880

---

## Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn

Skógarhlíð 10 • 105 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562

Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.

Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

OPIÐ FRÁ 10-22 MÁNUDAGA - LAUGARDAGA
LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM

---

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

---

Byggingafélagið Bogi ehf
Alhliða byggingaverktakar

Stefán Ómar Oddsson
Húsasmiðameistari
Nýsmíði og viðhaldsvinna

Lyngrimi 1
112 Reykjavik
Kt: 600100-2620

Sími : 861-0003
Reikn. 0135-26-6100
E-mail: bogiehf@talnet.is

---

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.

OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

---

*Lífgaðu upp á tilveruna.*

Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.

EFNISSALAN EHF.

EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

---

- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Hellulagnir*
- *Jarðvegsvinna*
- *Öll almenn-verktakavinna*

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

*Brotafl ehf*
*Símar 894 8040*
*894 8044*
*Fax 565 0050*
*Netfang: brotafl@simnet.is*

---

Full búð af nýjum vörum,
læknahaldarar komnir
í svörtu og húðlit.

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

Bílalíf bílasala

*Sími: 562 1717*

*...í bílum erum við sterkir!*

Skráðu bílinn þinn *FRÍTT* hjá bilalif.is

Bílalíf • Klettháls 2 • www.bilalif.is

---

Hjólhýsi á flúðum til sölu með stæði á tjaldsvæði !!

Hjólhýsið er af gerðinni LMC favorite, 2008 árgerð.
Er mjög vel farið og er með sólskigni, fortjaldi, tvær sólarsellur, Alde kerfi, hjónarúm, koja og góður borðkrókur sem hægt er að breyta í svefnpláss fyrir 3 til 4 manns.

Verð: 5.000.000 upplýsingar í síma 860-3520 eða netfang gadda@simnet.is.

---

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!

698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist
Parketlagnir og viðhald

---

# Alla fimmtudaga
og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is



## HOLL BRAUÐTERTA MEÐ ROASTBEEF

**Brauðtertur eru** ákaflega vinsælar á fermingarborðið og vel þegnar hjá gestum. Hér er uppskrift að brauðtertu með roastbeef sem virðist vera í hollari kantinum. Hægt er að skreyta kökuna að vild. Uppskriftin miðast við tólf.

6 sneiðar gróft samlokubrauð án skorpu
12 sneiðar fínt samlokubrauð án skorpu



**Lifrarkæfufylling**
200 g lifrarkæfa
1 dl hrein jógúrt
1 dl súrsuð agúrka, smátt söxuð

*Hrærið jógúrt saman við kæfuna og blandið agúrku saman við. Bragðbætið með salti og pipar ef þarf.*

**Beikonfylling**
150 g beikon, smátt sneitt
1 dl hakkaður rauðlaukur
1 dl majónes
1 dl hrein jógúrt

*Steikið beikonið þar til það verður stökkt og látið síðan fituna renna af á eldhúspappír. Kælið. Blandið beikoninu síðan saman við hakkaðan rauðlauk, majónes og jógúrt. Bragðbætið með salti og pipar ef þarf.*

**Ofan á tertuna og á hliðar**
200 g rjómaostur
4 msk. majónes
½ tsk. karrí
½ tsk. turmerik
2 msk. sítrónusafi

*Blandið vel saman öllum hráefnum.*



**Til skreytingar**
12 sneiðar roastbeef
1 dl steiktur laukur
12 sneiðar súrsaðar gúrkur
6 kirsuberjatómatar, skornir í helminga
Lollo rosso salat eða annað salat til skrauts og fersk steinselja.

*Leggið 6 fínar brauðsneiðar þétt saman á fat. Smyrjið beikonfyllingunni yfir brauðið. Leggið síðan 6 grófar brauðsneiðar yfir. Smyrjið lifrarkæfufyllingu yfir. Leggið aftur sex fínar brauðsneiðar yfir og smyrjið ostafyllingunni ofan á og á hliðarnar.*

*Skreytið hliðarnar smekklega með salati til hliðar og smávegis ofan á tertuna. Reynið að klemma roastbeef sneiðar saman svo hver sneið líti út eins og blóm. Leggið fallega ofan á tertuna. Skreytið kringum hverja „rós" með agúrku, kirsuberjatómötum, steiktum lauk og ferskum kryddjurtum.*

## MIKILVÆG MÁLTÍÐ



**Fermingarbörn vakna** gjarnan snemma með hnút í maganum af spennu fyrir stóra daginn. Staðgóðum morgunmat má þó ekki sleppa þó lystin sé lítil þar sem kvíðahnúturinn stækkar bara á tóman maga. Byrja skal því daginn á hollum og trefjaríkum morgunmat með fjölskyldunni. Ef kvíðahnúturinn hefur ekki minnkað eða horfið eftir matinn má reyna að losa um hann með því að setja tónlist í eyrun og syngja hástöfum með. Þá er mikilvægt að muna eftir því að drekka vatn.




# Fermingargjöf Arion banka



Þegar stórum áfanga er náð er mikilvægt að huga að framtíðinni. Við gefum fermingarbarninu 5.000 kr. eða bol frá Dogma ef 30.000 kr. eða meira eru lagðar inn á Framtíðarreikning þess í Arion banka. Hið sama á við ef Framtíðarreikningur er stofnaður í nafni fermingarbarnsins.

**Láttu gjöfina taka vaxtarkipp hjá okkur.**

arionbanki.is/namsmenn – 444 7000

Arion banki

# Enga slöngulokka

**Edda Hermannsdóttir spyrill í Gettu betur átti ljúfan fermingardag fyrir norðan og getur kinnroðalaust flett í gegnum fermingarmyndaalbúmið tólf árum síðar.**

Ég fermdist árið 2000. Kjóllinn var ekta fermingarkjóll, skósíður blúndukjóll með hlýrum og svo var ég í gollu yfir axlirnar. Allt hvítt og ég valdi fötin sjálf í Centro, sem var aðal tískubúðin á Akureyri," segir Edda Hermannsdóttir, spyrill í Gettu betur þegar hún er spurð út í fermingarkjólinn.

„Svo man ég að ég klippti mig rétt fyrir ferminguna. Ég hafði lengi verið með mjög sítt hár en vildi ekki vera eins og allar hinar með slöngulokka og klippti það því stutt. Þetta var dramatísk og róttæk aðgerð," segir hún og hlær. Hún segir uppátækið þó ekki hafi valdið miklum usla og mamma hafi verið sátt. „Já, já, það var ekkert verið að leggja mikið upp úr formlegum reglum í kringum þetta. Fermingardagurinn minn var mjög skemmtilegur. Veislan var haldin í Sveinbjarnargerði en þar er mjög fallegt í kring, öll fjölskyldan og vinir mættu og við borðuðum saman langt fram eftir kvöldi. Ég fékk rúm í fermingargjöf frá mömmu og pabba og mig minnir að við höfum allar vinkonurnar fengið rúm í fermingargjöf."



„Þetta hefði getað verið verra, ef slöngulokkarnir hefðu bæst við hvíta dressið," segir Edda. Hún fermdist árið 2000 og segist vel geta horft á fermingarmyndirnar án þess að fara hjá sér. MYND/ÚR EINKASAFNI



Edda Hermannsdóttir spyrill í Gettu betur klippti hárið stutt rétt fyrir ferminguna. MYND/ANTON

Aðspurð hvort hún geti horft á fermingarmyndirnar án þess að fara hjá sér segir hún það lítið mál. „Þær eru bara skemmtilega halló, þetta hefði getað verið verra, ef slöngulokkarnir hefðu bæst við hvíta dressið."

Edda á tvö börn, fjögurra ára dóttur og eins árs dreng. Það er því ekki alveg komið að því að hún þurfi að ferma sjálf. „Nei, ég hef enn þá tíma til að undirbúa mig," segir hún hlæjandi. „Dóttir mín er reyndar strax orðin svo ákveðin með kjólaval að ég get farð að stressa mig fyrir það. Ég á reyndar kjólinn minn enn þá, hún kannski fær hann bara."

# Sannur svikahrappur

„Ég fermdist árið 1997 í Árbæjarkirkju. Í fermingarfræðslunni var haldið Biblíumaraþon í kirkjunni þar sem Biblían var lesin í sólarhring. Ég las um miðja nótt og man vel eftir svipnum á prestinum þegar hann kom að mér að rappa Wu-Tang texta í predikunarstólnum en ekki að lesa guðspjöll," segir Ágúst Bent Sigbertsson tónlistarmaður, þegar hann er beðinn að rifja upp ferminguna sína.



Var klæddur í „slick" jakkaföt og bindi, „eins og sönnum svikahrappi sæmir", segir Bent um fermingarfötin. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þegar hann er spurður hvort fermingardagurinn hafi verið skemmtilegur segir hann: „Allt af gaman að halda partí. Veislan var haldin heima og ég deildi henni með jafngamalli stjúpsystur minni. Ég fékk peninga frá mömmu og græjur til að framkalla ljósmyndir frá pabba," rifjar hann upp en segir að því miður eigi hann ekki mikið eftir af fermingargjöfunum í dag.

„Nei, tíminn hefur læst klónum í þetta allt saman. Skömmin situr ein eftir," segir hann og viðurkennir að hafa ekki spáð mikið í fermingarföt eða annað tengt fermingunni þar sem hann hafi ekki látið fermast af heilum hug. „Þetta var náttúrulega allt bara „scam" til að fá gjafir, þannig að ég spáði lítið í lúkkið. Yndisleg móðir mín klæddi mig þó fallega. „Slick" jakkaföt og bindi, eins og sönnum svikahrappi sæmir," segir hann og glottir. „Þegar menn selja æru sína fyrir Numark-mixer þá skiptir litlu máli hvort hárið er greitt aftur eða skipt í píku. Ég neitaði að fara í fermingarmyndatöku en þegar ég sé myndir úr veislunni þá sé ég eftir þessu. Ég vissi alveg að Guð væri ekki til, en lék með, því mig langaði svo í DJ-græjur."



Ágúst Bent Sigbertsson tónlistarmaður rappaði Wu- Tang í predikunarstólnum.






Snædís Logadóttir spilar knattspyrnu með Val og ætlar að fermast í Háteigskirkju. MYND/ANTON

# Langar í fótboltaskóla á Englandi

Snædís Logadóttir fermist í Háteigskirkju 15. apríl hjá séra Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Undirbúningur er á fullum krafti.

Snædís segir að fermingin sé fyrir hádegi og veislan klukkan tvö. „Hún verður í matsal Fjölbrautaskólans við Ármúla. Við ætlum að bjóða um 130 manns en nokkrir eru búsettir erlendis svo það verða einhver afföll. Ég hef ekki ákveðið hvort einhver skemmtiatriði verða en við ætlum að bjóða upp á létta rétti. Mamma ætlar að gera kjúklingaspjót og frænka mín býr til sushi. Það verða margir sem hjálpast að við að gera þessa veislu," segir Snædís.

Foreldrar hennar eru Bryndís Valsdóttir og Logi Ólafsson. Þau eru bæði knattspyrnufólk og svo er einnig með Snædísi. Hún spilar fótbolta með Val og óskar sér helst ferðar í fótboltaskóla í Manchester á Englandi í fermingargjöf. „Við erum nokkrar vinkonur sem langar að fara saman í þennan skóla. Þar fyrir utan langar mig í föt og skartgripi," segir Snædís sem er ekki búin að finna fermingarkjólinn. „Mig langar í ljósbleikan kjól í millisídd. Síðan fer ég í klippingu og hárgreiðslu."

Snædís er í Réttarholtsskóla þannig að hún fermist ekki með bekkjarsystkinum. Vinkonur hennar úr boltanum fermast hins vegar í Háteigskirkju eins og hún. Snædís stundar auk þess fimleika svo það er nóg að gera. Með fimleikunum styrkir hún líkamann en hún stefnir á að verða atvinnumaður í knattspyrnu. „Ég er oftast miðja eða í vörn," segir Snædís sem er farin að hlakka til stóra dagsins í apríl.



## UM FERMINGUNA

**Fermingar snúast** um meira en veislu og gjafir, eins og fram kemur á heimasíðu Þjóðkirkjunnar www.kirkja.is. Þar er ferming fyrst og fremst skilgreind sem staðfesting á trú. Það er að segja, unglingurinn staðfestir skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni. Hann fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Áður þarf hann að hafa lagt stund á fermingarfræðslu hjá presti sínum eða fermingarfræðara. Börn mega reyndar frá unga aldri ganga til altaris ásamt foreldrum sínum þótt reglan sé að þau neyti í fyrsta sinn kvöldmáltíðarsakramentisins við fermingu eða meðan á fermingarfræðslu stendur.



## BORGARALEG FERMING

**„Hátíðleg athöfn** sem ekki tengist kirkju eða kristni en er haldin fyrir börn á fermingaraldri (í kjölfar fræðslu um siðfræðileg og félagsleg efni.)“ Þannig er borgaraleg ferming skilgreind í íslenskri orðabók.

Siðmennt hefur boðið upp á borgaralega fermingu allt frá 1989. Líkt og börn í kristinni fermingarfræðslu þurfa börn sem fermast borgaralega að sækja námskeið þar sem ýmislegt er til umræðu.

Á vef Siðmenntar www.sidmennt.is segir að íslenska orðið ferming sé þýðing á latneska orðinu confirmare sem merki meðal annars að styðja og styrkja. Ungmenni sem fermist borgaralega séu einmitt studd í því að vera heilsteyptir og ábyrgir borgarar í lýðræðislegu samfélagi en megintilgangur borgaralegrar fermingar sé að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og kenna þeim að bera virðingu fyrir manninum, menningu hans og umhverfi.

Hápunktur borgaralegu fermingarinnar er virðuleg lokaathöfn sem foreldrar barnanna skipuleggja og stjórna með hjálp Siðmenntar. Þar eru börnin í aðalhlutverkinu. Þau koma fram prúðbúin, flytja ávörp, ljóð og sögur, spila á hljóðfæri og dansa svo fátt eitt sé nefnt. Að lokum fá þau afhent skrautritað skjal til staðfestingar því að þau hafi lokið fermingarnámskeiðinu.

Ekki er nauðsynlegt að vera skráður í Siðmennt og raunar er 16 ára aldurstakmark til slíkrar skráningar. Foreldrar fermingarbarns þurfa heldur ekki að vera meðlimir Siðmenntar. Öllum er frjálst að fermast borgaralega, hvort sem fólk er skráð í trúfélög eður ei.

*Heimild: sidmennt.is/visindavefur.is*

## UM 90% UNGMENNA KJÓSA AÐ FERMAST

**Ferming hefur** alla tíð verið mikilvæg athöfn í augum Íslendinga og rausnarlega er lagt í veisluhöld og gjafir. Nokkuð algengt er að ungmenni sem ekki voru skírð í barnæsku fái skírn fyrir ferminguna. Í ár eru það unglingar sem fæddir eru árið 1998 sem hafa gengið til prestsins í vetur og fengið fermingarfræðslu. Um hundrað íslensk börn fermast erlendis, þar af 56 í Noregi og 24 í Svíþjóð.

Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu eru 4303 ungmenni hér á landi á fermingaraldri. Þar af eru 3587 í þjóðkirkjunni, eða 83%, sem fermast þetta vorið. Að auki eru tæplega 5% þessara ungmenna í lútersku fríkirkjunum. Þegar kaþólsku kirkjunni er bætt við má gera ráð fyrir að um 90% unglinga fermist í kristnum kirkjum.

Þá má geta þess að árið 1962 fermdust tæplega 95% ungmenna á Íslandi í kristnum kirkjum. Alls voru 3711 börn á fermingaraldri 1. janúar það ár. 3284 fermdust í þjóðkirkjunni og 235 í lúthersku fríkirkjunum. Árið 2002 fermdust um 4200 börn í þjóðkirkjunni af þeim 4628 sem voru í þeim árgangi, eða 90 prósent.




# Gefðu sparnað í fermingargjöf

**Fermingarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

**Fermingarkortið er gjöf** sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í öllum útibúum Landsbankans.




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



## ALTARISGANGA

Altarisganga er hluti fermingarinnar og fer hún fram í fermingarmessunni. Þá ganga fermingarbörn til altaris ásamt foreldrum og öðrum aðstandendum sem það kjósa. En hver er hugmyndin á bak við altarisgöngu? Meðal annars er litið á altari í kirkjum sem borð Drottins, tákn um nærveru hans, þar sem kvöldmáltíðin er sviðsett. Að ganga til altaris er því líka kallað að ganga til Guðs borðs. Þar sem altarið er tákn um nærveru Guðs er það jafnframt helgasti staður hverrar kirkju.

*Heimild: visindavefur.is*



MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

## GJAFADAGBÓK

**Bókhald yfir** fermingargjafirnar er bráðsniðug hugmynd, ekki til að bera saman hver gaf hvað heldur til að muna hver gaf hvað. Þá getur fermingarbarnið sent þakkarbréf til hvers og eins nokkrum dögum eftir veisluna og þakkað sérstaklega fyrir það sem viðkomandi gaf. Þeir sem hafa lagt mikið upp úr því að leita búð úr búð að gjöf handa fermingarbarninu hafa sérstaklega gaman af því að fá að heyra nokkru síðar hvort gjöfin hitti í mark. Svo er líka sjálfsögð kurteisi að þakka fyrir sig með kveðju.



## FERMINGARHANSKAR

**Ekki ber** öllum saman um hvenær hefðin að klæðast fermingarhönskum hófst. Sumir tengja hanskana við hreinleika en aðrir telja þá hreinlega fylgifiska tískunnar, sem markist af því að fermingarstúlkur vilji vera snyrtilegar á stóra deginum. Sígildir satín- og blúnduhanskar hafa notið vinsælda meðal fermingarstúlkna gegnum tíðina. Sumar klæðast hekluðum hönskum sem hafa gengið í arf milli kynslóða. Svo hefur alltaf verið vinsælt að brydda upp á nýjungum með grifflum og þess háttar.

## HUGMYNDIR FYRIR HEIMILIÐ

**Foreldrar eru** misfærir í að finna góðar hugmyndir fyrir fermingarveisluna, sérstaklega hvað varðar skreytingar. Vefsíðan www.hugmyndirfyrirheimilid.is er fyrirtaks upphafsreitur fyrir foreldra sem vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga.

Að baki síðunni standa tvær vinkonur sem hafa í gegnum tíðina sankað að sér alls konar sniðugum hugmyndum fyrir heimilið. Þar er til að mynda að finna ýmsar hugmyndir fyrir ferminguna, til dæmis um borðskraut, blóm og skreytingar, myndatökur, kökur, pakkaskreytingar, hárgreiðslu og uppskriftir.







# HVAMMUR
## FASTEIGNASALA




Sigurður S. Sigurðsson
Fasteignasali
siggi@kaupa.is



Svala Jónsdóttir
svala@kaupa.is
s. 663 5260



Björn Davíðsson
bubbi@kaupa.is
s. 862 0440


**HAFNARSTRÆTI 99-101, 600 AKUREYRI SÍMI 466 1600 WWW.KAUPA.IS**



**Þingvallastræti 25**
Virðulegt og vandað einbýlishús á horni Þingvallastrætis og Byggðavegar. Stór og gróin lóð.
**Stærð 346,4fm þar af bílskúr og geymsla 53,6fm**
**Verð 58,9millj.**



**Eyrarlandsvegur**
Fallegt einbýli með auka íbúð í kjallara, á einstökum útsýnisstað á Akureyri. Húsið hefur fengið gott viðhald og er í góðu ástandi. Þak, gluggar, lagnir og fleira hefur verið endurnýjað.
**Stærð 236,1fm**
**Verð 54 milljónir.**



**Undirhlíð 3**
Glæsilegt og nútímalegt hús fyrir 50 ára og eldri. Einfalt fyrirkomulag en jafnframt klassíst útlit. Íbúðirnar eru 3ja-4ra herbergja með stórum gluggum sem veita mikla og góða birtu. Öllum íbúðum fylgir sérgeymsla í kjallara, stæði í bílageymslu og svalir með lokunarkerfi. Lagður hefur verið metnaður í faglegan frágang bæði að utan sem innan
**Verð frá 33,9 millj.**
**Aðeins 8 íbúðir eftir.**





**Hafnarstræti 28**
Glæsileg 2ja herbergja efri hæð í litlu fjölbýli í innbænum – 10 mín göngufæri við miðbæinn
Eignin var mikið endurnýjuð árið 2007 s.s. innrétt-ingar, rafmagn, lýsing ofl.
**Stærð 49,9fm**
**Verð 14,0millj.**





**Örk eyjafjarðarsveit**
Stórt einbýlishús með tveimur auka íbúðum og bílskúr á neðrihæð.
**Stærð 313,2fm þar af bílskúr 40,3fm. 10.910fm eignarlóð**
**Verð 49,0millj.**





**Hólshús**
6 herbergja einbýli á tveimur hæðum á 3000fm eignarlóð í Eyjafjarðarsveit
**Stærð 158,4fm**
**Verð 22,0millj.**



**Bjarmastígur 2**
Skemmtilegt þriggja hæða hús við miðbæ Akureyrar með fjórum svefnherbergjum, tveimur stofum, tveimur baðherbergjum og góðu geymslu plássi. Falleg 2ja herbergja íbúð er á jarðhæð.
**Stærð 272fm**
**Verð 48,5millj.**



**Stekkjartún 11**
Glæsileg 3ja herbergja íbúð á efri hæð og með suður svölum. Eignin er teiknuð sem 4ra herbergja og því auðvelt að breyta samkvæmt því.
**Stærð 110,0fm**
**Verð 25,9millj.**



**Skálatún 10**
Glæsileg 4ra herbergja raðhúsaíbúð með sambyggðum bílskúr og ca 100fm steyptri suður verönd.
**Stærð 165,0fm þar af bílskúr 38,2fm**
**Verð 39,0millj. Góð áhv lán**



**Skessugil 5**
Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á efri hæð í fjórbýli. Íbúðin er með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Flott útsýni er úr íbúðinni.
**Stærð 92,7fm**
**Verð 21,8millj. Áhv lán 18,9millj.**



**Gata mánans**
Nýlegt orlofshús með góðri suður verönd og heitum potti við Kjarnaskóg við Bæjarmörkin á Akureyri.
**Stærð 82,0fm**
**Verð Tilboð**



**Rauðamýri 10**
Gott 5 herbergja einbýlishús, hæð og kjallari á vinsælum stað á Brekkunni. Útleigumöguleikar eru í kjallara.
**Stærð 205,8fm**
**Verð 29,5millj.**



**Hrafnabjörg 5**
Mjög vandað 6-7 herbergja einbýli á pöllum með innbyggðum bílskúr á fallegum stað í bænum. Einstakt útsýni út fjörðinn
**Stærð 284,9fm**
**Verð 59,8millj.**



**Drekagil 16**
Vel skipulögð 4ra herbergja endaraðhúsaíbúð á einni hæð
**Stærð 108,2fm**
**Verð 25,5millj.**



**Ljómatún 5**
Glæsilegar fullbúnar 4ra herbergja íbúðir með sér inngang í fjórbýli. Húsið er í byggingu og verða íbúðirnar tilbúnar til afhendingar í vor
Íbúðirnar eru um 113fm og 118fm að stærð
**Verð 27,4millj og 29,1millj.**



**Tjarnarlundur 19**
Góð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í fjölbýli. Stutt í verslun, bakarí ofl.
**Stærð 83,6fm**
**Verð 13,5millj.**
**Tilvalin orlofsíbúð“**



**Brúnahlíð**
Fallegt timburhús í Vaðlaheiði gengt Akureyri. Húsið er á einni hæð, 4ra herbergja og með aukaíbúð sem hentug er til útleigu. Stór timbur verönd er í kringum húsið og útsýni stórbrotið.
**Stærð 169,3fm**



**Miðbraut 7, Hrísey.**
Vel skipulögð 3ja herbergja parhúsaíbúð staðsett ofarlega í eyjunni.
**Stærð 92,0fm**
**Verð 9,0millj.**
**Eignin er laus til afhendingar strax.**

# Furðulegustu fótboltameiðslin

Ever Banega, leikmaður Valencia á Spáni, meiddist þegar bíllinn hans rann yfir fótinn á honum á bensínstöð í síðasta mánuði. **Skringileg íþróttameiðsl** eru býsna algeng og þá sérstaklega hjá markvörðum, eins og *Kjartan Guðmundsson* komst að.

Flestir knattspyrnumenn verða fyrir meiðslum inni á vellinum, í leikjum eða á æfingum, en það er ekki algilt. Reglulega verða þeir fyrir hnjaski við hversdagslegri og gjarnan neyðarlegri aðstæður og þurfa að taka sér frí frá spilamennsku meðan þeir jafna sig, leka slíkar fréttir óhjákvæmilega út til fjölmiðla.

Einn þeirra er Darren Fletcher, leikmaður Manchester United, sem er einkar óheppinn þegar kemur að salernismálum eins og sýndi sig þegar hann hugðist nota eitt slíkt í búningsherberginu eftir leik gegn Lyon í Meistaradeildinni árið 2008. Klósetthurðin losnaði af hjörunum og féll á hausinn á Fletcher, sem steinrotaðist og þurfti að láta sauma nokkur spor í ennið.

Leroy Lita, leikmaður Swansea, tognaði í læri þegar hann vaknaði og teygði úr sér í rúminu einn morguninn og gat ekki leikið knattspyrnu í nokkrar vikur á eftir. Þá tókst landsliðsmanninum Rio Ferdinand að skaða hásin heima í stofu hjá sér, þar sem hann hafði fótinn í sömu stöðu meðan yfir stóð nokkurra klukkustunda löng seta við PlayStation.

Það getur líka reynst hættulegt að fagna um of, eins og Arsenalmaðurinn Steve Morrow komst að þegar hann skoraði sigurmarkið í úrslitaleik Deildabikarsins árið 1993. Eftir leikinn lyfti fyrirliðinn Tony Adams félaga sínum upp á herðar sér í fögnuði en missti hann á jörðina. Morrow braut viðbein, var ófær um að veita meðalíunni viðtöku og spilaði ekki það sem eftir lifði tímabilsins.

Ein allra furðulegustu fótboltameiðslin hljóta þó að tilheyra Darius Vassell, fyrrum leikmanni Aston Villa, sem fékk blæðingu undir nöglina á annarri stórutánni. Vassell náði sér í rafmagnsbor, boraði gat á nöglina til þess að létta á þrýstingnum, fékk blóðeitrun og þurfti að láta fjarlægja nöglina.



**SKAMMVINNUR FÖGNUÐUR** Steve Morrow skoraði sigurmark Arsenal í úrslitum deildarbikarsins árið 1993. Í fagnaðarlátunum að leik loknum missti fyrirliðinn Tony Adams hann og Morrow braut viðbein. NORDICPHOTOS/GETTY

## MATUR ER KNATTSPYRNUMANNSINS MEGIN




Þegar **Darren Bent** lék með Charlton skar hann sig svo illa í fingur við samlokugerð að hann gat ekki leikið með liði sínu næstu sex vikurnar á eftir.

Skotinn **Kirk Broadfoot**, sem skoraði gegn Íslandi á Laugardalsvellinum árið 2008, hefur líka átt í vandræðum með matargerð. Árið 2009 sauð Glasgow Rangers-maðurinn tvö egg í örbylgjuofni á heimili sínu og þegar hann bjóst til að snæða herlegheitin sprakk annað eggið og brennandi heitur vökvinn sprautaðist framan í leikmanninn. Breska pressan hefur sjaldan átt jafnauðvelt með að búa til hnyttnar fyrirsagnir.

## HÖFÐU EKKI HEMIL Á SÉR

Argentínumaðurinn **Ever Banega**, leikmaður Valencia, leikur ekki knattspyrnu næstu fimm mánuðina hið minnsta eftir ökklameiðsli sem hann varð fyrir í lok febrúar. Banega var að dæla bensíni á bílinn sinn en gleymdi að setja í handbremsu svo bíllinn rann aftur á bak og yfir fót leikmannsins.

Kólumbíumaðurinn **Faustino Asprilla**, sem var kallaður Kolkrabbinn og lék meðal annars með Newcastle, missti af úrslitaleiknum í Evrópukeppni bikarhafa árið 1993, þegar hann lék með Parma á Ítalíu, vegna meiðsla. Þá lenti leikmaðurinn í árekstri við strætisvagn, fór út úr bílnum, sparkaði í gegnum hurðina á strætisvagninum og skarst illa. Alls lenti Asprilla sex sinnum í árekstri fyrsta mánuðinn sem hann lék á Ítalíu.

## MARKVERÐIR MARKVERÐIR

Markmenn eru sérkapítuli út af fyrir sig hvað skringileg meiðsli varðar. Líklega tilheyra hin merkilegustu sjálfum **Alex Stepney**, fyrrum leikmanni Manchester United og enska landsliðsins, sem öskraði svo mikið á liðsfélaga sína í leik árið 1975 að hann fór úr kjálkalið og var borinn af velli.

**Dave Beasant**, sem lék með Wimbledon og fleiri liðum, missti krukku af salatsósu í eldhúsinu hjá sér og reyndi að grípa hana með fætinum með þeim afleiðingum að hann missti úr nokkra leiki. Af svipuðum toga voru meiðsli **Santiago Canizares,** markmanns Spánar, sem missti af HM 2002 eftir að hann missti rakspíraglas á löppina á sér og sleit í sundur sin.

Þeir **David James** og **David Seaman** eiga fleira sameiginlegt en fornafnið og feril með enska landsliðinu því þeir meiddust báðir við að teygja sig eftir fjarstýringunni fyrir framan sjónvarpið.

Kollegi þeirra hjá enska landsliðinu, **Richard Wright**, var að hita upp í vítateignum fyrir leik með Everton þegar hann datt um skilti sem á stóð „Ekki hita upp í vítateignum". Hann sneri sig á ökkla, en þremur árum áður hafði Wright meiðst illa þegar hann datt niður af háaloftinu heima hjá sér.

Þá er ótalinn Daninn **Michael Stensgaard** hjá Liverpool, sem þurfti að leggja skóna á hilluna eftir að hann meiddist á öxl við að brjóta saman straubretti.






## BLESSAÐ BARNAÓLÁN



Börn eru yndisleg, en geta líka reynst atvinnuknattspyrnumönnum skeinuhætt. Það ætti enski harðhausinn **David Batty** að vita, en bata hans eftir ökklameiðsli var seinkað um nokkra mánuði þegar þriggja ára dóttir hans hjólaði yfir fótinn á pabba sínum á þríhjólinu sínu.

Þá hafa bæði **Fabio Aurelio** hjá Liverpool og fyrrum Chelseamaðurinn **Mario Melchiot**, sem leikur nú með liðinu Umm Salal í Quatar, meiðst alvarlega og misst út nokkra mánuði af spilamennsku eftir að hafa leikið sér í fótbolta við börnin sín úti í garði.

## HUNDAÓHEPPNI



Norðmaðurinn **Svein Gröndalen** (til vinstri á mynd) komst á spjöld sögunnar þegar hann bjó sig undir leik í undankeppni HM með því að hlaupa úti í skógi á áttunda áratugnum. Gröndalen hljóp á elg og slasaðist svo alvarlega að hann var ófær um að spila leikinn.

Enn verr fór fyrir **Chic Broadie**, markverði Brentford, árið 1970 þegar hundur hljóp inn á völlinn í leik gegn Colchester og felldi markmanninn sem braut hnéskelina. Meiðslin bundu enda á feril Broadies.

Þá reyndist hundur írska landsliðsmannsins **Liam Lawrence** honum óþægur ljár í þúfu árið 2008. Lawrence ætlaði á salernið um miðja nótt, hrasaði um hundinn og niður stiga og var lengi frá keppni.

## FINNINN ÓHEPPNI



Knattspyrnustjórinn Roy Hodgson sagði Finnann **Jari Litmanen** óheppnasta knattspyrnumann sem hann hefði kynnst þegar þeir störfuðu saman hjá Fulham, en á löngum ferli glímdi sá síðarnefndi við endalaus meiðsli, hjartavandamál og sýkingar í eyrum meðal annars. Þegar Litmanen var einu sinni sem oftar á góðum batavegi, og átti að leika varaliðsleik með Fulham daginn eftir, þrumaði varamarkmaður liðsins boltanum í hnakka Finnans af þvílíkum krafti að Litmanen steinrotaðist, fékk heilahristing og náði því aldrei að spila leik með félaginu. Finninn fljúgandi hafði áður meðal annars dottið niður stiga og slasað sig. Þegar hann lék með Malmö í Svíþjóð opnaði þjálfari liðsins gosdós með neftóbaksdós, en tappinn flaug í augað á Litmanen, sem missti af landsleik með Finnum í kjölfarið.

# VILT ÞÚ EIGNAST MILLJÓN Í PENINGUM?



**ÞÚ ÞARFT BARA AÐ MÆTA Á STAÐINN**



**Það eina sem þú þarft að gera er að mæta í verslun okkar að Víkurhvarfi 6, Kópavogi og skrá nafn þitt og símanúmer.**

**Vinningshafi verður dreginn út á Bylgjunni 31. mars 2012.**

**Víkurverk – allt í ferðalagið**

VÍKUR V • E • R • K

Víkurhvarf 6 - 203 Kópavogur - sími: 557 7720 - vikurverk.is

## APPELSÍN OG DJASS

„Undirstaðan í hinu hefðbundna kennslukerfi ætti að vera sköpun og tjáning, það er meðvituð og áunnin sköpun hljóðfæraleikara,“ segir í inngangi nýrrar kennslubókar Albertos Porros Carmora sem gengur út á það að nota tilfinningar sem undirstöðu í hljóðfæraleik.

Þegar henni er flett þá blasir við ýmiss konar efni sem ekki er vanalega í kennslubókum fyrir hljóðfæri. Til dæmis eru nótur lagsins My Funny Valentine sem vekur ekki furðu en hins vegar er óvanalegt að sjá spurningarnar sem eru á sömu blaðsíðu og nemendur eiga að svara. Þar er spurt: Er lagið glaðlegt eða sorglegt? og: Hvað ímyndar þú þér þegar þú spilar lagið?

Þetta er í samræmi við þá aðferð Albertos að nota tilfinningar við tónlistarkennslu. En fleira skemmtilegt er í bókinni. Til dæmis er ein síða með myndasögu þar sem bent er á möguleikana sem misfullar appelsínflöskur gefa til þess að kenna á blásturshljóðfæri. Í þeirri sögu má sjá þá Tikk og Takk sem birtast víða á síðum bókarinnar en þeir eru verk Haraldar Inga teiknara.



Svo eru myndir af listaverkum og ýmiss konar fjölbreytileg verkefni.

Alberto kennir nemendum sínum líka slökun og öndun. „Það mega alltaf stoppa tímann og biðja um 30 sekúndna slökun. Og eftir það þá gengur okkur alltaf betur,“ segir hann.

Bækur Albertos verða fáanlegar í Eymundsson og Tónastöðinni. Þær verða einnig gefnar út fyrir ipad og aðrar spjaldtölvur. Bækurnar verða seldar á kostnaðarverði enda verkefnið hugsjónarverkefni Albertos.





**Í GÓÐRA NEMENDA HÓPI** Alberto og nemendur hans í Tónlistarskólanum á Akureyri. MYND/HEIÐA .IS

# Gleðin er lykilatriðið

**Alberto Porro Carmona** fæst við kennslu og tónlistarstjórn á Akureyri. Nýjasta hugðarefni hans er er hins vegar útgáfa óvenjulegra kennslubóka í tónlist. *Sigríður Björg Tómasdóttir* hitti hann að máli.

Upphaflega ætlaði ég bara að vera á Akureyri í eitt ár. En svo hef ég ílengst hér og kann afar vel við mig,“ segir Alberto Porro Carmona sem flutti til Akureyrar fyrir þremur árum. Alberto er spænskur en hafði reyndar búið víða áður en hann kom til Íslands.

„Ég sæki innblástur í nýja staði og nýtt landslag og finnst mjög gott að breyta til. Ég lauk ungur háskólanámi í sögu, tónvísindum og tónlistarstjórn og var farinn að kenna í Háskólanum í Salamanca 21 árs gamall. Þá bauðst mér að stjórna hljómsveit Háskólans í Havana á Kúbu og ég sló til. Þó að mömmu fyndist að ég ætti að vera áfram heima í þessari góðu stöðu,“ segir Alberto og hlær.

Eftir Kúbu tók við dvöl í Argentínu, Kanada og Skotlandi en þaðan flutti Alberto til Akureyrar. Þar starfar hann við Tónlistarskóla Akureyrar, kennir á saxófón og stjórnar hljómsveit skólans. Þar fyrir utan kennir hann spænsku í Háskólanum á Akureyri en sú kennsla hefur, eins og annað sem hann tekur sér fyrir hendur, aukist að umfangi.

„Það er ekki það að ég sé svo upptekinn af því að hafa mikið að gera, mér þykir bara svo gaman að því sem ég geri að mér finnst frábært að sökkva mér niður í verkefnin,“ segir Alberto og bætir við að hann sé alltaf að læra eitthvað nýtt sjálfur.

### Skemmtilegra að kenna börnum

„Hér á Akureyri hef ég til dæmis gert mér grein fyrir því að mér þykir miklu skemmtilegra að kenna börnum en fullorðnum. Og lykilatriði í þeirri kennslu er að skemmta sér vel. Mér er sama þó að þau spili ranga nótu, aðalatriðið er að það sé gaman í tímunum.“

Alberto hefur smám saman þróað kennsluaðferð í tónlist sem hann segir virka afar vel. Hún felst í því að styðjast við fleiri listgreinar en tónlist í kennslutímum. „Ég læt börnin til dæmis skrifa nýjan enda á þekkt ævintýri eins og Búkollu, og svo í framhaldinu að breyta enda á lagi sem ég samdi um Búkollu. Þeim finnst það miklu auðveldara eftir að hafa prófað að breyta ævintýrinu.“

Alberto lætur nemendur sína líka skoða málverk og velta fyrir sér tilfinningum sem liggja að baki sköpunarverkum listamanna. „Það skiptir svo miklu máli að hafa tilfinningar með í tónlistarnáminu, það hjálpar börnunum mjög mikið í því að læra á hljóðfæri.“

### Seldar á kostnaðarverði

Alberto hefur nú tekið sig til og sett kennsluaðferðir sínar á blað. Kennslubók fyrir saxófón kemur út í vikunni og svo stefnir hann á að gefa út kennslubækur fyrir öll helstu hljóðfærin. Í bókunum eru lög, ævintýri, teiknimyndasögur og margt fleira sem tengist kennsluaðferðum Albertos.

„Þessar bækur verða seldar á kostnaðarverði, ég gef alla vinnu mína og þessi útgáfa væri ekki möguleg ef ég hefði ekki fengið margvíslega styrki. En þetta er draumaverkefni sem ég vonast til að verði gefið út um heim allan,“ segir hann að lokum.


# SÝNING LAUGARDAG KL. 11:00-15:00




# NÝJUNG á íslenskum innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# RUGL VERÐ TOSHIBA

## TOSHIBA SJÓNVÖRP Á RUGLVERÐI




**Toshiba 32AV833N**
32" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **74.990**




**Toshiba 40LV833N**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **114.990**




**Toshiba 32DB833N**
32" FHD LED EDGE sjónvarp með innbyggðum Blue-ray spilara, 1920x1080p upplausn, 300.000:1 skerpu, 3D Digital Comb Filter, stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **129.990**




**Toshiba 42SL863N**
42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamótakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

RUGL VERÐ **149.990**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

TOSHIBA Leading Innovation

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# *Sykursætir pastellitir í sumar*

Það er gömul trú sem segir að pastellitir veki traust hjá öðrum. Það voru hins vegar ekki margir sem hoppuðu hæð sína þegar þeir sáu að stóru tískuhúsin á borð við Marc Jacobs, Valentino, Prada og Chanel létu liti á borð við ljósbleikan, mintugrænan, fölgulan og ljósbláan ráða ríkjum í **sumartískunni**. Þó að fáir hrífist af þessari fölu litapallettu er engin ástæða til að örvænta því með ýmsum einföldum brögðum getur hver sem er klætt sig í sumarlitina. ***Álfrún Pálsdóttir*** sökkti sér ofan í pastellitina.

## Grænn



PRADA MARC JACOBS ACNE



CHANEL

- Mintugrænn er vinsælasti pastellitur sumarsins og því öruggast að byrja á að fjárfesta í flík í þeim lit.
- Hann fer bæði dökkhærðum og ljóshærðum vel.
- Mintugrænar prjónapeysur voru vinsælar á tískupöllunum og flottar yfir hvítar skyrtur eða við munstraðar flíkur.
- Fyrir þá sem vilja stíga varlega til jarðar í pastelæðinu er bent á að byrja á að kaupa naglalakk í pastellitunum til að venja sig við herlegheitin.

## Gulur

- Ljósgulur á það til að fara dökkhærðum betur en ljóshærðum.
- Frískaðu litinn til með því að blanda honum saman við sterka liti á borð við appelsínugulan eða grasgrænan.
- Til að forðast það að líta út eins og páskaungi er gott að velja ljósgular flíkur sem eru úr grófum efnum, eins og ull, galla eða leður.



MARNI



CHANEL



PRADA

## Bleikur



LOUIS VUITTON VALENTINO GIAMBATTISTA VALLI

- Ljósbleikur er vandasamur litur til að klæðast, sérstaklega í byrjun vors þegar húðin er oft föl eftir sólarleysi vetrarins. Þess vegna ber að forðast það að nota ljósbleikar flíkur við andlitið.
- Fjárfestu frekar í ljósbleikum buxur eða pilsi og notaðu við grófar ullarpeysur eða leðurjakka.
- Flott er að blanda ljósbleikum við dökkar flíkur og forðast að nota ljósbleikan og hvítan saman. Litirnir ljósbleikur og vínrauður fara mjög vel saman.



MARNI

## Blár



LOUIS VUITTON



JIL SANDER

- Ljósblár á að klæða ljóshærða betur en dökkhærða .
- Ekki ofgera litnum og klæðast honum frá toppi til táar en sú regla á við alla litina í pastelpallettunni,
- Fallegt er að klæðast ljósblárri flík við skærbláan eða svartan til að dempa hann niður.



MARC JACOBS



VALENTINO

# ÍSLANDS-MEISTARI!




Kaffitár óskar **Finnboga Fannari Kjeld** til hamingju með sigurinn á Kaffitársmótinu og á Íslandsmóti kaffibarþjóna. Við erum stolt af því að Finnbogi verður fulltrúi Íslands á heimsmeistaramóti kaffibarþjóna 2012 sem fram fer í Austurríki í sumar.

Kaffitár þakkar Finnboga og öðru starfsfólki fyrir frábær störf þar sem þau leggja heiminn að vörum landsmanna á degi hverjum.

**Komdu og fáðu þér Kaffitár í notalegu umhverfi hjá landsins bestu kaffibarþjónum.**

Kaffitár

www.baddydesign.com

# Krossgáta

**Lárétt**

**1.** Flaug í hug hvort reköld skipi niður (8)
**5.** Kála klerkunum við skiltin (10)
**9.** Drepið dverga við klettaásinn (10)
**10.** Sjóuð skepna lætur göngu gegn gjaldi (9)
**12.** Brenglun bræðra borgar sig (6)
**13.** Set sjávardýr í gylltar tunnur (7)
**14.** Leita að guðdómlegu kexi í iðukóstum rússneskrar móðu (7)
**15.** Á tyllidögum dútlum við í fjárhirslum (11)
**19.** Toppstykki er hættulegur höfuðglæpur (8)
**20.** Mammonsdýrkendur kaupa ótrúlegustu hluti (7)
**21.** Rámar geta orðið berbar (5)
**23.** Erilsamar bryggjur útheimta mörg verk (8)
**25.** Bregða ekki út af sínu ritúali (11)
**27.** Söng fyrir gæja sem spiluðu poppleikinn Óla Án þín (6)
**28.** Ekki beint hornóttur en óbeint samt (10)
**30.** Talan er svipuð og eftirmælin (8)
**33.** Hnoð fyrir tvö misseri og hóp sunnan Skarðsheiðar (11)
**34.** Nískur geymir bæði eyri og und (7)
**36.** Lotta laug með kjánabros á vör (9)
**37.** Stoppa og betrumbæta díla á töfrandi stað (11)
**38.** Því fastar sem undið er, þess erfiðara (11)
**39.** Annálar þeirra geyma erni, beiskar veigar og feigðarflan (10)

**Lóðrétt**

**1.** Jarðar snarlega smávini Jónasar þótt fagrir séu (11)
**2.** Pirruð drulla er fljót upp (7)
**3.** Brauðrist, sjónvarp og tölva eru dónahlass (7)
**4.** Reið borgum harðskeyttum (8)
**5.** Loftuðu og kynntu hugmyndir hjá brauðskorpu (7)
**6.** Kann enga lausn á bólgu (8)
**7.** Ristar ís sólina, spyrja snarruglaðir kommarnir (14)
**8.** Skaraðir í eldinn og lokaðir kirfilega (8)
**11.** Mer Tróju, nartar svo í gómsætt bakkelsið (14)
**16.** Óbognar ganga til dóma (11)
**17.** Teningur í vökvagúlpinn miðjan, þá snýr vopnið aftur (14)
**18.** Surtarbrandur myndast úr flóasverði (6)
**19.** Er ég met úrþvætti duga rógur og níð (8)
**22.** Hef fjarlægðina frá spássíu utan við töfina (11)
**24.** Nuddtími er en hvorki var né verður (5)
**26.** Uppþornaðar eru algjörlega úr lausu lofti gripnar (10)
**29.** Það drekkur, fólkið sunnan Grundar (7)
**31.** Það sem kemur upp um Rómverjana er a; latína (7)
**32.** Pípukambur hvílir á dýrindis dúni (7)
**35.** Stefnan sett á matarboð og pjátur (5)
**37.** Geislabaugur djöfla (3)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L | Í | K | A | M | I | N | N | | | | L | | Ó | | H | | Ó | | S |
| A | | A | | A | | | Á | R | Á | S | A | R | H | N | E | I | G | Ð | U |
| N | Ý | L | E | N | D | U | M | | G | | U | | R | | L | | N | | M |
| D | | E | | N | | | U | | I | Ð | G | R | Æ | N | T | | A | | A |
| L | E | I | R | F | I | N | N | U | R | | A | | S | | I | Ð | R | A | R |
| U | | K | | J | | | D | | N | | V | | I | | N | | S | | H |
| K | | U | | A | | S | A | N | D | G | E | R | Ð | I | | | T | | Ý |
| T | Æ | R | A | N | D | I | | A | | | G | | | L | Í | K | J | Ö | R |
| | V | | | D | | N | O | S | T | R | U | M | | L | | | Ó | | U |
| M | I | S | K | I | N | N | | A | | | R | | E | I | N | Æ | R | U | M |
| | S | | R | | | A | | S | | S | | S | | N | | | N | | |
| S | K | A | U | T | | S | K | J | Á | L | F | A | N | D | I | | I | | L |
| | E | | M | | | K | | Ó | | E | | K | | I | | | N | | E |
| R | I | T | M | Á | T | I | N | N | | I | N | N | A | N | G | E | N | G | I |
| | Ð | | A | | | P | | | | F | | Æ | | | I | | I | | K |
| E | I | N | F | Æ | T | T | | A | Ð | A | L | M | A | N | N | A | | | R |
| Y | | | Ó | | | U | | R | | R | | R | | | S | | O | | Æ |
| R | É | T | T | S | Ý | N | | T | Ó | L | G | A | R | K | E | R | T | I | N |
| N | | | U | | | U | | Ú | | A | | | | | N | | I | | I |
| A | N | D | R | A | M | M | U | R | | G | L | A | U | M | G | O | S | A | R |

Lausnarorð síðustu viku var
**REYKJALUNDUR**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi bókina Málverkið frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét Magnúsdóttir.**




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ein vinsælasta dægradvöl Íslendinga um áratugaskeið, oft í einrúmi en þó enn frekar með öðrum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. mars næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „17. mars".





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




VERÐVERND BYKO
**LÆGSTA VERÐIÐ**

# BÚÐU HEIMILIÐ Á BETRA VERÐI

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Vnr. 65103208
SINBO brauðrist, hvít, 700W.
**1.990 kr.**

Vnr. 65103201
SINBO töfrasproti, 170W.
**1.990 kr.**

Vnr. 65103221
SINBO samlokugrill.
**2.790 kr.**

Vnr. 65103214
SINBO djúpsteikingarpottur 1l.
**3.790 kr.**

Vnr. 65103211
SINBO safapressa, 450W.
**6.990 kr.**

Vnr. 65103222
SINBO matvinnsluvél með aukahlutum, 600W.
**8.990 kr.**

Vnr. 85540083-1083
BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
**6.990 kr.**

FEGRAÐU HEIMILIÐ FYRIR PÁSKANA

Vnr. 86620040-3737
KÓPAL glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.
**5.990 kr.**

Vnr. 86610040-1337
KÓPAL birta innimálning, gljástig 20, allir litir, 4 l.
**6.990 kr.**

## KAFFIHORN
**BYKO BREIDD**

PIZZA, SAMLOKA EÐA PYLSA MEÐ GOSI Á AÐEINS:
**195 kr.**

Harris®
Vnr. 83072110-30
HARRIS Expert, pensill.
Verð frá:
**265 kr.**

Harris®
Vnr. 83000350-66
HARRIS Classic, málningarverkfæri.
Verð frá:
**587 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ALEXANDER MCQUEEN** (1969-2010) tískufatahönnuður hefði orðið 43 ára í dag

*„Ef þú spyrð hvaða konu sem er þá vilja þær vera hærri, grennri og þú veist, vilja vera með mitti. Ég er ekki hér til að láta fólk líta út eins og kartöflupoka.“*



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Kristín Jóhannesdóttir**

frá Hraunhálsi,

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 28. febrúar, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu mánudaginn 19. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Anna Birna Ragnarsdóttir**
**Kristján G. Ragnarsson** **Anna María Antonsdóttir**
**Sveinbjörn Ó Ragnarsson** **M. Dögg Pledel Jónsdóttir**
**Jóhannes Eyberg Ragnarss.** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Stefanía Björg Björnsdóttir**

frá Grófarseli í Jökulsárhlíð,
Víðivangi 5, Hafnarfirði,

lést þann 14. mars sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði. Stefanía verður jarðsungin frá Garðakirkju þriðjudaginn 20. mars kl. 13.00.

**Agnes Svavarsdóttir**
**Björn Svavarsson** **Sigríður Kristjánsdóttir**
**Magnús B. Svavarsson** **Bryndís Aradóttir**
**Rakel Björg, Kristín og Magnhildur Birna**
**Kristján Ómar og Svava**
**Stefanía, Arna og Stefán Ómar**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**María Sigríður Hermannsdóttir**

Smáratúni 20, Keflavík,

andaðist að kvöldi dags 10. mars á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlévangi í Keflavík. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 20. mars kl. 13.00.

**Eydís B. Eyjólfsdóttir** **Hafsteinn Guðnason**
**Elínrós B. Eyjólfsdóttir** **Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**Guðrún B. Eyjólfsdóttir**
**Þórarinn B. Eyjólfsson** **Ólöf Ásgeirsdóttir**
**Anna María Eyjólfsdóttir** **Ólafur Ingi Reynisson**
**Elsa Lilja Eyjólfsdóttir**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947


EINAR MÁR GUÐMUNDSSON: HLÝTUR NORRÆN BÓKMENNTAVERÐLAUN

# ÁNÆGJULEG STAÐFESTING

„Ég varð hissa eins og alltaf þegar ég dett svona í lukkupottinn. Á hinn bóginn veit ég að þessi ákvörðun er tekin af mikilli yfirvegun og það er kannski það sem gerir þessa viðurkenningu að svo miklum heiðri. Ætli það megi ekki segja að þetta sé ánægjuleg staðfesting á því sem ég hef gert,“ segir rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson sem hlýtur Norræn bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar í ár fyrir framlag sitt til bókmennta. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1986 og þykja einhver mesti heiður sem norrænum rithöfundum getur hlotnast. Þau eru stundum nefnd „Litli Nóbelinn“, enda valin af sömu akademíu og velur Nóbelsverðlaunin ár hvert.

Einar Már, sem veitir verðlaununum viðtöku í Stokkhólmi þann 11. apríl næstkomandi, hefur átt tryggan lesendahóp á Norðurlöndunum nánast allan sinn höfundaferil. „Ég lít alltaf á Ísland sem heimavöllinn og svo er ég í stærra samhengi Norðurlandabúi, Evrópubúi og heimsborgari. En bækurnar mínar hafa fengið góða útbreiðslu og mikla umfjöllun á Norðurlöndunum. Fyrsta ljóðabókin mín kom út hér á landi árið 1980 og svo í Danmörku strax árið eftir,“ segir Einar Már, en hann er þriðji Íslendingurinn sem hlýtur þessi virtu verðlaun. Thor Vilhjálmsson hlaut þau árið 1992 og Guðbergur Bergsson árið 2004.

Einar Már telur líklegt að sænska akademían hafi horft til þeirra mörgu sviða ritlistarinnar sem hann hefur starfað á, til að mynda skáldsagna, smásagna, ljóða og kvikmyndahandrita. „Í síðustu tveimur bókum, Hvítu bókinni og Bankastræti núll, hef ég beitt skáldskapnum á þann þjóðfélagsveruleika sem við okkur blasir. Í raun er það svo að ég er alltaf að gera eitthvað nýtt en líka alltaf það sama. Á þessum rúmlega þrjátíu ára höfundaferli hef ég verið að flytja lærdóm milli bókmenntagreina. Það sem mér finnst einna áhugaverðast við bókmenntasköpun í nútímanum er hversu mörkin milli veruleika og skáldskapar eru ógreinileg. Mér þykir dálítið frjótt að standa á þessum landamærum,“ segir Einar Már, sem er með fleiri en eitt skáldverk í smíðum.

kjartan@frettabladid.is



**VERÐLAUNAHAFI** Einar Már segir mikinn heiður fólginn í því að hljóta hin norrænu bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar. Staðfestingin á verðlaununum barst honum í pósti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Guðmundssonar**

Dælengi 17, Selfossi.

Vinátta ykkar er okkur mikill styrkur.

**Guðmundur Sigurðsson**
**Ingvi Rafn Sigurðsson** **Laufey Kjartansdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir** **Örn Grétarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, kærleik og vináttu við andlát og útför elsku mömmu minnar og tengdamömmu,*

**Valdísar Guðrúnar Þorkelsdóttur (Vallý)**

Bollagörðum 57, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir yndislega umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún V. Haraldsdóttir** **Guðlaugur H. Jörundsson**



†

*Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Sæmundur Þorsteinsson**

Hamraborg 36, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 14. mars. Útförin auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Ingólfs Ólafssonar**

vélstjóra,
frá Grænumýri, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu, deild H-1.

**Árný Valgerður Ingólfsdóttir** **Kolbeinn Guðmundsson**
**Sigríður Ingólfsdóttir**
**Ólafía Ingibjörg Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Danskir dagar
NÝTT
VISATÍMABIL
Direkte fra Danmark
Pylsubrauð
hatting frosin pylsubrauð
á danska vísu
Danskar pylsur
ekta danskar pylsur
French dog dressing
dressing fyrir pylsubrauð og pylsur
Ekta danskar
hotdog pylsur og pylsubrauð
Burger dressing
með borgaranum
Pommes frites sauce
með frönskunum
STEFF HOULBERG
Danskir
frystiréttir
frá Steff Houlberg
Kjötbollur
með mildri karrísósu
og hrísgrjónum
Hamborgarhryggur
með aspassósu,
grænmeti og kartöflum
Steiktur svínakambur
með rauðkáli,
kartöflum og sósu
Hakkabuff
með kartöflumús
Danskt buff
með lauk, sósu
og kartöflum
Direkte fra Danmark
Toms Extra súkkulaði
margar tegundir
Direkte fra Danmark
GOTT VERÐ
199kr/stk
Jolly Cola
0,5 líter
Direkte fra Danmark
Toms lakkrísstangir
Merrild kaffi
3 tegundir
Nyheder på danske dage
GOTT VERÐ
89kr/stk
Mjúkar rúsínubollur
nýbakaðar
Direkte fra Danmark
Hreinn djús
3 tegundir
Nyheder på danske dage
Lakrids, handgerður
3 spennandi tegundir
Direkte fra Danmark
Malaco nammi
Direkte fra Danmark
Dan Cake
kökur og rúllutertur
Direkte fra Danmark
Carletti nammi
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Þorleifsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Kjarnalundi 9. mars. Útför hennar hefur farið fram. Starfsfólki Kjarnalundar eru færðar innilegar þakkir fyrir umönnun hennar.

**Þorleifur Leo Ananíasson — Ingveldur Bryndís Jónsdóttir**
**Sigurður G F Ananíasson — Emilía Gústafsdóttir**
**Bergrós Ananíasdóttir — Heiðar Jóhannsson**
**Ásta Ananíasdóttir — Páll Sigurjónsson**
**Ólöf Ananíasdóttir — Hallur Vilhjálmsson**
**Björn Þór Ananíasson — Sigrún Finnsdóttir**
**ömmu og langömmubörn.**



*Innilegt þakklæti til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Þóru Kristínar Kristjánsdóttur**

frá Ísafirði, til heimilis á Sogavegi 158, Reykjavík,

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Eir, 4. hæð og 2. hæð suður.

**Ólína K. Óladóttir Ermert — Terrence Lee Ermert**
**Svandís Bára Steingrímsdóttir**
**Bárður Árni Steingrímsson**
**Kristján Steingrímsson — Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Laufey Steingrímsdóttir — Hannes Einarsson**
**Erlingur R. Steingrímsson — Hafdís Björnsdóttir**
**Steinþór Steingrímsson — Þorbjörg E. Jensdóttir**
**Kristín S. Steingrímsdóttir — Jóhann Pétur Jónsson**
**Þorgerður K. Halldórsdóttir**
**Gunnar Örn Steingrímsson — Margrét Björk Magnúsdóttir**
**Lilja Steingrímsdóttir — Anna Cecilia**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,*

**Brynja Svandís Kristjánsdóttir**

Þverholti 5, Vopnafirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 13. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristján Magnússon — Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Magnús Kristjánsson — Anna Dóra Halldórsdóttir**
**Signý Björk Kristjánsdóttir — Höskuldur Haraldsson**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát systur okkar, mágkonu og frænku,*

**Kristínar Helgadóttur**

Brekkubæ 3, Reykjavík.

**Logi Helgason**
**O. Stefanía Helgadóttir — Bergþór Engilbertsson**
**Bryndís Helgadóttir**
**Jón Tryggvi Helgason — Hrönn Ísleifsdóttir**
**Helgi Þór Helgason — Soffía Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Baldvinsson**

læknir,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 14. mars. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Reykjavík föstudaginn 23. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hann er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Inger Hallsdóttir**
**Halldóra Kristjánsdóttir — Jóhannes Vilhjálmsson**
**Baldvin Þ. Kristjánsson — Gunnur Helgadóttir**
**Kristján Ingi Kristjánsson — Guðleif Þórunn Stefánsdóttir**
**Elías Kristjánsson — Ásdís Harpa Smáradóttir**
**Birgitta Bonde**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steingrímur Einar Arason**

bókbindari,
Framnesvegi 13, Reykjavík,

andaðist þann 13. mars á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

**Hjörtný Árnadóttir**
**Jónína Árndís Steingrímsdóttir — Þorsteinn Helgason**
**Sigmar Arnar Steingrímsson — Ásta Benediktsdóttir**
**Bryndís, Unnur Arna og Steinunn Helga Þorsteinsdætur**
**Arndís Auður, Gunnbjört Þóra og Hjörtur Steinn Sigmarsbörn.**



*Okkar ástkæri*

**Hilmar Pétur Hilmarsson**

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á framtíðarreikning dóttur hans í Landsbanka, 0130-15-630756, kt. 231151-4869.

**Ástvinir.**



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gréta Halldórs**

er lést á heimili sínu 3. mars síðastliðinn var jarðsungin 12. mars í kyrrþey. Þökkum samúð og vinarhug.

**Helga Sigríður Kristjánsdóttir — Jón Þór Guðjónsson**
**Árni V. Kristjánsson — Ragnheiður Skúladóttir**
**Sverrir Þór Kristjánsson — Guðrún Hörn Stefánsdóttir**
**Margrét Jónína Kristjánsdóttir — Páll Pálsson**
**Kristján Ísak Kristjánsson — Sigríður G. Pálmadóttir**
**Gunnar Freyr Kristjánsson — Margrét Dögg Bjarnadóttir**
**Elín Íslaug Kristjánsdóttir — Kristinn Ágúst Ingólfsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**



**SALURINN** Partítónlist fyrri alda hljómar í Salnum í Kópavogi í dag.

# Partítónlist fyrri alda í Salnum

**Síðustu tónleikar Töfrahurðarinnar á þessu ári fara fram í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 18. mars klukkan 13. Þar verður kynnt danstónlist frá klassíska tímabilinu, eða partítónlist fyrri alda. Dansarar frá Listdansskóla Íslands dansa við undirleik Skólahljómsveitar Austurbæjar.**

**Stuðið hefst með dansupphitun klukkan 12.30 á torgi Salarins, þar sem líka verður boðið upp á hárgreiðslu. Gestir eru hvattir til að mæta í grímubúningum og helst í diskóstíl.**



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Kjartan Magnússon**

andaðist 15. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. mars kl. 15.00.

**Jón Andrés Jónsson**
**Stefanía Ólöf Jónsdóttir**



*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og góðar kveðjur við andlát og útför okkar ástkæra*

**Þórðar Ólafssonar.**

Sérstakar þakkir fá starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, Helgi Sigurðsson krabbameinslæknir, séra Sigfinnur Þorleifsson og karlakórinn Fóstbræður.

**Lára Alexandersdóttir**
**Gígja Þórðardóttir — Páll Liljar Guðmundsson**
**Orri Þórðarson**
**Silja Þórðardóttir — Jóhann Gunnar Jónsson**
**Sölvi, Lára og Laufey afabörn og litla nýfædda afastelpan.**



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigrúnar Björgvinsdóttur**

Jörundarholti 16, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Höfða fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Gunnar Lárusson**
**Lára Dröfn Gunnarsdóttir — Jarle Reiersen**
**Eyrún Signý Gunnarsdóttir**
**Hafdís Gunnarsdóttir — Ágúst Páll Sumarliðason**
**Anna Björg Gunnarsdóttir — Teitur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Nikon

At the heart of the image

# I AM YOUR BEST DEAL

## Nikon 1 J1

Verð frá 119.995.-

I AM | 1 CLICK AHEAD




KAUPAUKI




**Nú er hægt að taka öðruvísi ljósmyndir.** Taktu ljósmynd um leið og þú tekur hreyfimynd. Taktu alltaf bestu myndina með nýja snjallmyndavalinu. Búðu til hreyfimynd úr ljósmynd. Allt þetta og miklu meira með nýju Nikon 1 myndavélinni með skiptanlegum linsum. Fáanleg í 5 mismunandi litum.

**KAUPAUKI** Innifalið í kaupum á Nikon J1 myndavél fylgir taska og 8GB minniskort að verðmæti kr 12.995 kr.

## COOLPIX

Verð 29.995.-




KAUPAUKI




**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**KAUPAUKI** Innifalið í kaupum á Nikon S3300 myndavél fylgir taska og 4GB minniskort að verðmæti kr 7.995 kr.

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**KRAKKSKAK.IS** er ný heimasíða þar sem börn læra að tefla og þjálfa sig í skáklistinni. Þar horfa þau á kennslumyndbönd og geta teflt við önnur börn á netinu. Auk þessa er fjölbreytt efni á vefnum svo sem skákþrautir og litabækur með taflmönnum.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

7

Bragi Halldórsson

„Æi," sagði Kata önug. „Eigum við núna að fara að kubba?" Hún dæsti. „Þetta er nú meiri ratleikurinn. Kubba!" „Nei," svaraði Lísaloppa. „Þetta er þraut." „Nú," sagði Kata spyrjandi. „Hvernig þá?" „Jú," sagði Lísaloppa. „Við eigum að telja hversu margir kubbar eru í þessarri kubbastæðu og þá líka þá kubba sem ekki sjást." „Eigum við þá að nota röntgengleraugu?" sagði Kata glottandi. „Við þurfum þess ekki," sagði Lísaloppa. „Við getum reiknað út hvað það eru margir kubbar sem ekki sjást út frá þeim kubbum sem við sjáum." „Allt í lagi, reikna út og telja," sagði Kata og fór að rýna í kubba stæðuna.

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að telja hversu margir kubbar eru í þessarri kubbastæðu?



## BRANDARAKISTAN



**Mamma: Af hverju setur þú bangsann þinn inn í frysti?**
**Halli: Af því mig langar í ísbjörn.**

**Mamma, litli bróðir er með ofsalega viðkvæm eyru!**
**Af hverju segirðu það?**
**Hann fer að hágráta í hvert sinn sem ég toga í þau.**

**Ari kallar til mömmu sinnar: Mamma það er maður hérna frammi að safna fyrir elliheimili. Á ég að gefa honum ömmu?**

**Hvernig brenndi drekinn sig á hendinni?**
**Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði.**

**Hvernig veistu að fíll hefur verið í ísskápnum?**
**Það eru fótspor í smjörinu.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# SKIPTIR MESTU AÐ LIFA SIG INN Í DANSINN

**Mörg börn dreymir um að verða dansarar þegar þau verða stór. En er hægt að vera bara dansari? Já, það er hægt. Katrín Gunnarsdóttir lifir af því að dansa og kenna dans og sagði Krakkasíðunni frá sjálfri sér og vinnunni.**

Ég heiti Katrín Gunnarsdóttir, ég er 25 ára, vinn sjálfstætt sem samtímadansari og danshöfundur. Ég kenni dans í Danslistarskóla JSB og tek þátt í að skipuleggja opnun Barnamenningarhátíðar í Reykjavík sem verður haldin 17. til 22. apríl. Á opnun hátíðarinnar sem haldin verður í Hörpu munu allir nemendur í 4. bekk grunnskóla Reykjavíkur dansa saman.

***Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að læra að dansa?*** Ég byrjaði níu ára, fyrst aðeins í ballett en fljótlega skipti ég yfir í freestyle-dans og svo nútímadans.

***Varstu þá búin að ákveða að verða dansari þegar þú yrðir stór?*** Nei, alls ekki, þá ætlaði ég að verða vísindamaður.

***Þarf maður ekki að vera svakalega duglegur að æfa sig?*** Jú, svo sannarlega, æfingin skapar meistarann.

***Hvað er skemmtilegast við að vera dansari?*** Að fá að vinna með skemmtilegu og skapandi fólki og njóta þess að dansa og búa til list.

***En leiðinlegast?*** Það er stundum erfitt að vera þolinmóður þegar eitthvað tekst ekki í fyrstu tilraun.

***Getur maður unnið bara við það að dansa?*** Já, það er alveg hægt en maður þarf að skapa sér vinnu sjálfur og maður verður ekki ríkur!

***Hefurðu dansað í mörgum sýningum?*** Já, bæði dansað og samið dans í alls konar sýningar, ég er til dæmis að semja atriði fyrir Nemendasýningu JSB í Borgarleikhúsinu 19. og 20. mars.

***Hvað leggurðu mesta áherslu á við krakkana sem þú ert að kenna?*** Það skiptir alltaf mestu máli að lifa sig inn í dansinn og hafa gaman af.

***Hver er skemmtilegasta sýningin sem þú hefur tekið þátt í?*** Að fá að dansa hangandi í 45 metra hæð yfir Austurvelli í fyrra, það var ótrúleg tilfinning!

***Ertu fræg?*** Það veit ég ekki. Ég hef verið í sjónvarpinu og sýnt í helstu leikhúsum borgarinnar, er maður þá frægur? **- fsb**



Katrín Gunnarsdóttir dansari segir stundum erfitt að vera þolinmóður í dansæfingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## KJARRIVAXNAR ÚTSÝNISLÓÐIR Í HVALFIRÐI



Til sölu eða leigu stórar, fallegar lóðir með frábæru útsýni yfir Hvalfjörð. Lóðirnar eru í skjólgóðri, kjarrivaxinni hlíð sem snýr mót suðri í landi Kalastaða, 55 km frá Reykjavík. Tilbúnar til afhendingar. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu. Sund, golf, veiði og gönguleiðir.
**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 663 2712 og á www.kalastadir.com**


## KRAKKAKYNNING



### Elín Katla Henrysdóttir



**Aldur:** 8 ára. Verð 9 ára í maí.

**Í hvaða skóla ertu:** Háteigsskóla.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Nautinu.

**Áttu happatölu?** Já, 4.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Spila á píanó, æfa handbolta og leika mér við vini mína.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Teiknum dýrin.

**Besti matur?** Pasta og tortillur.

**Eftirlætisdrykkur?** Vatn.

**Hvaða námsgrein er í eftirlæti?** Samfélagsfræði, þar hef ég lært um bíla og himingeiminn.

**Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Nei.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Öskudagur, þá má maður slá köttinn úr tunnunni og fara í búninga.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Páll Óskar.

**Uppáhaldslitur?** Blár og gulur.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Ég keyrði kringum allt landið. Í haust fór ég til Parísar og Madagaskar og hitti fullt af lemúrum.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Fimm-bækurnar, Ævintýra-bækurnar og Harry Potter.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin/n stór?** Rithöfundur eða leikari.


FREYJA
PÁSKARATLEIKUR FREYJU
RÍSEGG
Draumaegg
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
PÁSKAEGG NR.
40
SKELLTU ÞÉR ÚT Í FJÁRSJÓÐSLEIT
Í HEIÐMÖRK EÐA Á AKUREYRI!
FYLGSTU MEÐ HJÁ SIMMA OG JÓA
Á BYLGJUNNI Í DAG FRÁ KL: 9-12.
FÁÐU DÝRMÆTAR VÍSBENDINGAR Á:
Facebook.com/freyjuheimur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. plat, 6. samtök, 8. drulla, 9. kvk nafn, 11. óreiða, 12. aðfall, 14. skaf, 16. drykkur, 17. húsfreyja, 18. kerald, 20. til, 21. skrifa.

**LÓÐRÉTT**
1. gera við, 3. frá, 4. þegn, 5. steinbogi, 7. hagnaður, 10. þrá, 13. heyskaparamboð, 15. koddi, 16. lítill sopi, 19. ólæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gabb, 6. aa, 8. for, 9. gró, 11. rú, 12. aðsog, 14. skrap, 16. te, 17. frú, 18. áma, 20. að, 21. rita.
**LÓÐRÉTT:** 1. laga, 3. af, 4. borgara, 5. brú, 7. arðsemi, 10. ósk, 13. orf, 15. púði, 16. tár, 19. at.


101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson
Opið hús í dag milli kl. 16-17.
Víðimelur 59 – 107 Rvk – Opið hús.


Mjög falleg og björt 76,3 fm, 3. herb. íbúð á annari hæð í góðu húsi á þessum vinsæla stað. Mjög snyrtileg sameign. Skólp og dren endurnýjað. **Guðrún tekur vel á móti ykkur í dag milli kl: 16-17. Gsm. 820-8102**







# Hið sprelllifandi lík

**BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar**



Um daginn heyrði ég mikinn harmagrát í útvarpinu. Þetta var ósköp snoturt, lítið lag flutt af Bubba Morthens og Mugison. Það heitir „Þorpið“. Mér fannst samt hálfónotalegt að sitja undir þessum jarðarfararsálmi. Líkið er nefnilega í fullu fjöri.

**TEXTI** lagsins dregur upp vægast sagt nöturlega mynd af litlu sjávarplássi. Allt unga fólkið er farið suður að vinna og dreyma af því að hvorugt virðist vera hægt að gera úti á landi. Hrum gamalmenni eru ein eftir í plássinu, læst innan fangelsismúra fjallahringsins í iðjuleysi eða með nál og tvinna í höndunum á meðan hrægammarnir hnita hringi yfir höfði þess. Tækifærin eru öll fyrir sunnan, væntanlega af því að þau geta aðeins fæðst í höfuðborginni sem tímir ekki að senda þau út á land. Tækifæri eru m.ö.o. ölmusa sem Reykvíkingar þurfa að rétta þessum greyjum úti á landi, því eins og allir vita fylgir því þroskahömlun, sem gerir fólk með öllu ósjálfbjarga og ófært um að finna sjálft nokkurn skapaðan hlut sér til viðurværis, að eiga heima þar sem íbúafjöldinn nær ekki fimm stafa tölu.

**ÉG EFAST** ekki um að gott eitt vaki fyrir flytjendunum og þeir séu báðir sannir vinir landsbyggðarinnar í hjarta sínu. En ég fæ ekki skilið hvernig þeim dettur í hug að henni sé einhver greiði gerður með þessari ósönnu hryllingsmynd.

**EF ÞEIR** vildu raunverulega hjálpa til myndu þeir einmitt lýsa plássunum sem landi tækifæranna, þar sem hugmyndaauðgi og framkvæmdagleði eru allt sem þarf til að koma hlutunum í verk, þar sem allar boðleiðir eru styttri og skilvirkari en í stórborginni, þar sem smæð samfélagsins gerir hvern einstakling miklu mikilvægari og verðmætari en í mannhafinu fyrir sunnan, þar sem nálægð fjallahringsins setur fólk einmitt í nánara samband við landið sitt, þar sem hin nánu tengsl við náttúruöflin afbrjála forgangsröðunina og fylla mann auðmýkt gagnvart sköpunarverkinu og skaparanum, þar sem maður horfir út á fjörðinn eða inn í dalinn af svölunum hjá sér en ekki yfir svalirnar á öllum hinum blokkunum, þar sem nýjustu uppfærslunar á vedur.is og vegagerdin.is skipta daglegt líf miklu meira máli en hvað gerðist á facebook á meðan maður svaf, þar sem lifað er í alvöru en ekki í ímynd.

**MÖRG** af fegurstu og áhrifamestu verkum tónlistarsögunnar eru vissulega sálumessur. En að syngja þær yfir hinum sprelllifandi er helber dónaskapur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## MIKIÐ FYRIR PENINGINN

2 kjúklingabitar, 2 Zinger strips, 4 Hot Wings, 2 skammtar af frönskum, 2 heitar sósur, 4 Hot sósur og BBQ dip sósa

KFC

# DUO BUCKET

## TVÖFALDAÐU ÁNÆGJUNA!




**1.990 kr.**

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS

# menning

menning@frettabladid.is



**Á MILLI KLUKKAN** 14 og 16 í dag verður óformleg leiðsögn um sýningu myndlistarmannsins Ragnars Þórissonar, Manngerðir, sem nú stendur yfir í Gallerí Ágústi, Baldursgötu 12. Ragnar notast helst við olíumálningu og málar á stóra fleti á striga með dulúðugum litum.

## Hrakfarasýning opnar í dag



**KOMIN YFIR HAFIÐ** Listaverk Antoni Tàpies eru komin til landsins eftir mikla óvissu.

Yfirlitssýning með verkum spænska listamannsins Antoni Tàpies opnar á Kjarvalsstöðum í dag. Illa gekk að koma listaverkum hans til landsins. „Sem betur fer gekk allt upp á endanum. Verkin komu á þriðjudagsmorgun til Seyðisfjarðar og voru komin á Kjarvalsstaði seinni partinn. Þá kröfðust spænsku forverðirnir að málverkin yrðu ekki tekin úr umbúðunum strax vegna breytts hita- og rakastigs og því gátum við ekki byrjað að taka verkin upp fyrr en á miðvikudag," segir Soffía Karlsdóttir kynningarstjóri safnsins.

Málverkin sem spanna sjö áratuga feril Tàpies, áttu að koma með Norrænu til Seyðisfjarðar í síðustu viku. Hins vegar komst ferjan ekki lengra en til Færeyja vegna veðurs og þurfti að snúa aftur til Kaupmannahafnar. Soffía segir mikla óvissu hafa verið á tímabili hvort af sýningunni yrði en það hefði þýtt mikið tjón fyrir safnið og styrktaraðila þess hefði þurft að aflýsa henni.

Antoni Tàpies, sem er einn fremsti málari og myndhöggvari samtímans, lést fyrir rúmum mánuði, þá 88 ára að aldri. Sýningin á Kjarvalsstöðum er því sú fyrsta sem opnuð hefur verið eftir andlát hans. Hún ber yfirskriftina Antoni Tàpies - Mynd, líkami, tregi og eru flest verkin úr hversdagslegum hlutum, fundnu efni, mold, sandi, jarðvegi, þurrkuðu blóði og steinryki. Soffía segir mikla vinnu liggja á bak við sýninguna og þá sérstaklega síðustu daga. „Vegna óvenjulegra aðstæðna hefur fólk þurft að vinna mjög hratt. Hins vegar er allt að smella saman og við sjáum fram á glæsilega opnun."

Sýningin opnar klukkan fjögur í dag og stendur til 20. maí. **- st**



**OPNAR SÝNINGU** Myndlistarmaðurinn Þórður Grímsson opnar sýninguna Hugrof í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Gallerí Fold í 20 ár** 1992–2012



**Nikhil Nathan Kirsh**

17. mars – 4. apríl



**Þorsteinn Helgason**

Samspil

17. mars – 4. apríl

LISTMUNASALA fold

**Opnun sýninganna er kl. 15 · Allir velkomnir**

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Málar út frá aðferðafræði Dalí

**Myndlistarmaðurinn Þórður Grímsson opnar sýninguna Hugrof í Dauðagalleríinu á Laugavegi 29 í dag.**

Á sýningu Þórðar Grímssonar verða sýndar blekteikningar unnar út frá aðferðafræðinni Paranoiac Critical Method sem var fundin upp af Salvador Dalí. Hún er fólgin í því að láta hugann tengja á milli óreiðukenndra hugmynda og búa til form, fígúrur eða landslag. „Á mannamáli snýst aðferðin um það að skvetta á pappír og leyfa sköpunarparti hugans að ákveða hvað kemur úr mynstrinu," útskýrir Þórður. Hugmyndin um að opna sýningu kviknaði í framhaldi af níu mánaða barneignaleyfi Þórðar. „Til að komast úr þeirri rútínu og aftur í myndlist fór ég á vinnustofuna til að virkja hugann. Kollegi minn, Hafsteinn Mikael Guðmundsson, benti mér á Dalí og aðferðafræði hans sem ég heillaðist strax af. Í kjölfarið var ákveðið að opna sýningu." Þórður segir mikla vinnu liggja að baki. „Ég vann stanslaust með blek og þykkan pappír í þrjá mánuði og valdi svo úr bestu verkin." Þórður er búsettur í Reykjavík og útskrifaðist úr Listháskóla Íslands árið 2009. Þetta er þriðja einkasýning hans en fyrstu sýninguna hélt hann árið 2004. Sýningin í dag verður opnuð klukkan 18 og stendur yfir í tvær vikur. **- st**







# Kortið færir þér fríðindin




Kortið veitir þér aðgang að viðburða- og fríðindakerfi Hringtorgs.

Hringtorg er miðpunkturinn í lífi þeirra sem eru með Kortið, kreditkort frá Arion banka. Af Hringtorginu opnast leiðir í allar áttir og þú getur sótt þér upplýsingar um fríðindi, viðburði og betri kjör.

Hringtorg er app hins upplýsta viðskiptavinar.

**Kynntu þér málið á hringtorg.is**

Arion banki

arionbanki.is – 444 7000

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 17. mars 2012

**Gjörningar**

**13.00** Málverkagjörningur verður í miðbæ Reykjavíkur í tengslum við einkasýningu Huldu Hlínar Magnúsdóttur, Lit-lifun upplifun í lit. Gjörningurinn hefst við Hallgrímskirkju.

**Fundir**

**14.00** Aðalfundur Félags eldri borgara í Kópavogi verður haldinn að Félagsheimilinu Gullsmára, Gullsmára 13. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.

**Sýningar**

**14.00** Opnuð verður sýning á verkum nemenda barna- og unglingadeildar Myndlistaskólans í Reykjavík í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Verkin eru öll unnin út frá Þingvallamynd Þórarins B. Þorlákssonar.

**16.00** Sýning á verkum Antonis Tápies, eins fremsta málara og myndhöggvara samtímans, verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum.

**16.00** Rebekka Líf opnar einkasýningu í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5. Yfirskrift sýningarinnar er Dulúð og er þetta fyrsta ljósmyndasýning Rebekku Lífar.

**17.00** Jóhann Ludwig Torfason opnar sýninguna Þú kemur með næst, á vegum fyrirtækis Pabba kné. Sýningin verður í Gallerí Klósett og stendur aðeins yfir um helgina.

**Málþing**

**10.00** Málþing verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands um Sigurð Guðmundsson málara, og menningarsköpun á Íslandi á árunum 1857-1874. Málþingið er hluti af verkefni undir forsjá Terry Gunnell, þjóðfræðiprófessors við HÍ og verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Tónlist**

**21.00** Sannkölluð rokkveisla verður á Bar 11 þar sem hljómsveitin The Wicked Strangers spilar. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Magnús Einarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** A Band on Stage heldur tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** GRM sem er skipað þeim Gylfa Ægis, Rúnari Þór og Megasi spilar á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.



**00.00** Páll Óskar kemur fram á Nasa ásamt strákabandinu Blár ópal. Miðaverð er 1.500 krónur og forsala fer fram á Midi.is.

**Leiðsögn**

**14.00** Ragnar Þórisson verður með óformlega leiðsögn um sýningu sína Manngerðir sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst. Allir velkomnir.

**15.00** Guðbjörg Ingvarsdóttir ræðir við gesti og leiðir þá í gegnum sýninguna Rætur - íslensk samtímaskartgripahönnum í Hafnarborg.

**Fyrirlestrar**

**11.30** Frosti Sigurjónsson verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Allir velkomnir og heitt á könnunni.

**13.00** Myndlistarmaðurinn Pétur Thomsen og færeyski ljósmyndarinn Regin W.Dalsgaard ræða um verk sín á fyrirlestri fyrirlestraraðarinnar Panora - listir, náttúra og stjórnmál í Listasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

### Sunnudagur 18. mars 2012

**Tónleikar**

**15.15** Efnisskrá með verkum eftir Dimitri Shostakovits verður flutt í tónleikasyrpunni 15:15 í Norræna húsinu. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

**17.00** Kórar Víðistaða- og Vídalínskirkju halda sameiginlega tónleika í Vídalínskirkju. Einsöngvarar eru Jóhanna Ósk Valsdóttir og Marta Guðrún Halldórsdóttir.

**Listasmiðja**



**15.00** Snertismiðja fyrir fjölskyldur verður haldin á Kjarvalsstöðum undir yfirskriftinni Tákn og áferð. Smiðjan er sérstaklega ætluð börnum á aldrinum 8 til 11 ára, í fylgd með fullorðnum.

**Fræðsla**

**11.00** Árlegur skattadagur Lögréttu, félags laganema við HR verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík, Sólinni í samstarfi við KPMG og Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar. Almenningi verður boðið upp á endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala.

**Fundir**

**15.00** Origami Ísland verður með opinn félagsfund í aðalsafni Borgarbókasafnsins Tryggvagötu. Kennd verða skemmtileg pappírsbrot.

**Félagsvist**

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**Kvikmyndir**

**15.00** Rússneska hrollvekjan Fobos - klúbbur óttans (Klúb strahka - Fobos) verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Myndin er á rússnesku en verður með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Þynnkubíó Priksins verður á sínum stað. Allir velkomnir og popp í boði.

**Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í félagsheimili þeirra að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

**Leiðsögn**

**14.00** Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni mun leiða gesti um sýninguna Hjálmar R. Bárðarson í svarthvítu sem stendur nú yfir í safninu. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**15.00** Einar Falur Ingólfsson verður með leiðsögn um sýningu sína, SKJÓL, í Listasafni ASÍ. Aðgangur er ókeypis.

**Markaðir**

**11.00** Bílskúrssala verður haldin á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Til sölu verður allt á milli himins og jarðar á frábæru verði. Meðal annars verða barnaföt frá 50 krónum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




BLÁR OPAL
NASA
KYNNIR
DJ PÁLL ÓSKAR
SÉRSTAKIR GESTIR
BLÁR ÓPAL
LAUGARDAGINN
17. MARS
KL. 0.00 – 4.30
FORSALA Á MIDI.IS
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ATH. ÓBREYTT MIÐAVERÐ VIÐ HURÐ
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ UPPLIFA
NASA Í ALLRI SINNI DÝRÐ OG GLEYMA SÉR Á
STÆRSTA DANSGÓLFI REYKJAVÍKUR.
PÁLL ÓSKAR OG BLÁR ÓPAL ER BLANDA SEM
MUN SPRENGJA ÞAKIÐ AF HÚSINU.
WWW.NASA.IS



**KÖNNUNARFAR TIL MARS** Evrópska geimferðastofnunin [ESA] hefur lagt áherslu á að sent verði könnunarfar til plánetunnar Mars árin 2016 og 2018. Óvissa var um verkefnið eftir að Bandaríkin hættu við að taka þátt í verkefninu. Rússar hafa núna hlaupið í skarðið fyrir þá.

# Hvers vegna er efast um tilvist leggangafullnægingar?

**?** Ég rak augun í pistil þinn „Feikuð fullnæging“ frá 16. desember 2010 og kannaðist við kauða. Ég hef hitt hann oft, í mismunandi útgáfum, í mismunandi svefnherbergjum. En jú, það hefur aldrei feilað að nýr maður segir við mig: „Já en, allar sem ég hef verið með hingað til hafa ekki átt í neinum erfiðleikum með þetta.“ Og þá bölva ég kynsystrum mínum fyrir að taka þátt í þessari blekkingu og ýta undir hana. Og ég hef reynt að segja þessum blessuðu mönnum að því miður sýni rannsóknir að margar af þessum stelpum hafi logið að þeim, og feikað það, því meirihluti kvenna fær það ekki bara hviss, búmm, bang. Ég á þó einhverjar vinkonur sem eiga agalega auðvelt með þetta og án allrar „aðstoðar“ (fingra, tækja o.þ.h.) og hef svo sem engar ástæður til að rengja þær.

Ég hef að sjálfsögðu gúglað efnið í spað og dottið niður á einhver hlutföll um hitt og þetta, en maður veit aldrei hvað er vísindalega sannað. Þess vegna langaði mig að spyrja þig í framhaldi af þessum pistli frá því í desember 2010, hverjar eru niðurstöðurnar sem liggja að baki þessu: „Sannleikurinn er að meirihluti kvenna getur ekki fengið fullnægingu í beinum samförum heldur þarf aðra örvun. Margir kynfræðingar efast um tilvist fyrirbærisins leggangafullnægingar og telja að snípurinn sé eini staðurinn sem geti framkallað fullnægingu.“ Hversu stór er þessi meirihluti? Hvers vegna efast margir um tilvist leggangafullnægingar?



**ÖRVUN** Lesandi veltir fyrir sér hvers vegna margir efist um tilvist leggangafullnægingar. NORDICPHOTOS/GETTY

**SVAR** Rannsóknir eru oft aðferðafræðilega ólíkar og það getur verið erfitt að bera saman tölur en þær rannsóknir sem ég vitna í segja hlutfallið vera á bilinu 75% til 85% kvenna sem geta ekki fengið fullnægingu nema með örvun sníps. Þekking okkar á snípnum er takmörkuð en vitað er að hann teygir anga sína inn í leggöng og niður eftir börmum og því er örvunarsvæði hans ekki bundið við hin sýnilega hnapp þó þar virðist flesta taugaenda að finna. Til að setja það í samhengi við karlmenn þá er snípur fósturfræðilega skyldur kónginum á typpi. Sumar stellingar í samförum geta örvað snípinn og það leitt til fullnægingar. Fullnæging í leggöngum gæti því verið óbein örvun á sníp þó þetta hafi ekki verið rannsakað í þaula.

Einstaklingar eru ólíkir og eru til konur sem geta hugsað sér til líkamlegrar fullnægingar en fyrir bróðurpart kvenna þá þarf beina örvun sníps og það þarf ekki að skammast sín fyrir það. Snípurinn var hannaður sérstaklega fyrir örvun og ánægju og því er gott að leyfa honum að uppfylla tilætlað hlutverk.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is






www.matarfikn.is
Esther Helga Guðmundsdóttir M.Sc.
MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana
Síðumúli 6, 108 Rvk, sími 5683868
www.matarfikn.is

Meðferð vegna matarfíknar og átraskana!

Einstakt tækifæri til að vinna með reyndustu meðferðaraðilum í heiminum í dag!

**6 daga meðferðarnámskeið 23. - 28. mars 2012.**
Meðferðaaðilar eru Phil Werdell MA, Mary Foushi BA, CENAPS og Esther Helga Guðmundsdóttir MSc.
**Staðsetning: Stokkalækur (við Hellu)**



Phil Werdell
MA

**Dvalarmeðferðin er sniðin fyrir:**
- Þá sem vilja stuðning til að byrja í fráhaldi
- Þá sem hafa áður verið í fráhaldi en hafa verið að "hrasa"
- Þá sem eru í fráhaldi en vilja dýpka batann sinn



Mary Foushi
BA, CENAPS

Nánari upplýsingar í síma 568 3868 eða á
matarfikn@matarfikn.is
www.matarfikn.is



Hver hremmir bráðina?

NÝR KRIMMI EFTIR HÖFUND KONUNNAR Í BÚRINU




„... grípandi, óhugnanleg og atburðarásin hröð.“
Kristjana Guðbrandsdóttir / DV

„Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu.“
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu





BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



Grunnskólanemendur



**Ert þú að ljúka grunnskóla og farin(n) að huga að framtíðinni?**

**Við tryggjum nýnemum sem ljúka tveimur önnum við málmiðnaðardeild Iðnskólans í Hafnarfirði sumarvinnu 2013**

Eftirtalin fyrirtæki og Iðnskólinn hafa gert með sér samkomulag um að nemendur sem ljúka tveimur önnum í fyrrihluta námi í málmiðngreinum með fullnægjandi árangri fái sumarvinnu uppfylli þeir almenn ráðningarskilyrði fyrirtækjanna.

**Upplýsingar eru veittar í Iðnskólanum í Hafnarfirði í síma 585 3600**
**Umsóknir berist í gegnum www.menntagatt.is**

marel
HÉÐINN
RioTintoAlcan
VHE VÉLAVERKSTÆÐI
HAMAR
TEKNÍS
FRAMTAK.IS
STÁLSMIÐJAN



HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**250.000 DOLLARA** kostaði afmæliskvöldverður Robins Thicke sem er vinur Jay-Z og Beyoncé. Jay-Z gerðist svo höfðinglegur að borga reikninginn fyrir vin sinn í tilefni dagsins.









**GRÆNT OG VÆNT** Dagur heilags Patreks er haldinn hátíðlegur víða um heim í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Drukkið til heiðurs Heilögum Patreki

Dagur heilags Patreks verður haldinn hátíðlegur víða um heim í dag. Dagurinn er þjóðhátíðardagur Íra og fagnar kristnitöku þjóðarinnar sem þeir tengja að miklu leyti við heilagan Patrek, en honum er einnig gefið að hafa fælt burtu alla snáka úr landinu.

Dagurinn er haldinn hátíðlegur víða um heim, meðal annars í Bandaríkjunum, Bretlandi, Japan, Kóreu, Ástralíu og Danmörku. Á Íslandi hefur verið hefð fyrir því undanfarinn áratug að fagna deginum með bjórdrykkju, söng og dansi og verður dagurinn sífellt vinsælli meðal landsmanna og skiptir þá engu hvort þeir séu írskir eður ei.

- sm




**The Dubliner:** Þetta er 17. árið sem haldið er uppi á daginn á The Dubliner. Þar er boðið upp á írska kássu á meðan birgðir endast, Guinness og tónlistaratriði. Staðurinn opnar klukkan 12.00 og verður opinn fram á nótt.

**Enski barinn:** Staðurinn opnar klukkan 12.00 og fram á kvöld verða tilboð á öllum írskum drykkjum. Lifandi tónlist er á staðnum frá klukkan 21.00 auk þess sem staðurinn verður skreyttur að írskum sið.

**Celtic Cross:** Staðurinn opnar klukkan 15.00 og þar verður Guinnessinn á helmingsafslætti fram á kvöld og írsk kjötsúpa fylgir drykkjum á meðan birgðir endast. Hljómsveitin Playmo spilar frá miðnætti.

**Ölstofan:** Staðurinn opnar klukkan 16.00 og þar verður írskt öl á tilboði fram á nótt auk þess sem sérstakur afsláttur verður á öðrum drykkjarföngum. Írsk tónlist fær einnig að óma í tilefni dagsins.

**Boston:** Staðurinn opnar klukkan 16.00 og verða Jameson viskí og Stout bjór á tilboði til miðnættis.

# VILTU LÉTTAST?

## Nupo næringarfæðið hjálpar þér að léttast!




Máltíðin aðeins frá **167 kr***

PRUFAÐU
**5 DAGA**
PAKKANN

Nupo næringarfæðið er meðal áhrifamestu og öruggustu aðferða sem þekkjast í því skyni að léttast. Nupo er vottað af læknum og lyfjafræðingum en Nupo tryggir að líkaminn fái öll þau vítamín, steinefni og næringarefni sem hann þarfnast, það eina sem skorið er við nögl eru hitaeiningarnar.

Kynningar í Hagkaup Kringlunni og Smáralind um helgina, laugardag og sunnudag kl: 14-17

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

nupo®
ÖRUGG LEIÐ TIL AÐ LÉTTAST

*m.v. söluverð dags. 16.03. 2012 í Hagkaup



**EKKERT GRÍN** Jonah Hill er orðinn þreyttur á gamanhlutverkunum.

## Þreyttur á gríninu

**Jonah Hill er orðinn þreyttur á gamanhlutverkunum sem hann er þekktastur fyrir. Hann segir að dramatísk hlutverk veiti honum meiri innblástur.**

Hill, sem hefur leikið í Superbad og Knocked Up, var í dramahlutverki í íþróttamyndinni Moneyball. Hann vill einbeita sér að slíkum hlutverkum í framtíðinni. „Síðustu tíu ár hef ég leikið í mörgum gamanmyndum. Þær veita mér ekki lengur jafnmikinn innblástur og áður. Ég hef gaman af því að leika í þeim en eftir að ég lék í Moneyball hef ég meiri áhuga á að prófa eitthvað nýtt," sagði hann.

# Tískustelpan sem allir fylgjast með

**Rússneski blaðamaðurinn Miroslava Duma hefur verið eitt vinsælasta myndefni götutískuljósmyndara og bloggara upp á síðkastið. Duma þykir einstaklega lunkin við að blanda saman litríkum og munstruðum flíkum. Duma var eitt sinn ritstjóri Harper´s Bazaar en er nú sjálfstætt starfandi blaðamaður og skrifar fyrir blöð á borð við rússneska Harper´s Bazaar, Tatler og Glamour. Hún er fastur gestur á fremsta bekk á tískusýningum en uppáhaldshönnun hennar kemur frá Prada, Miu Miu, Lanvin, Alexander Wang og YSL.**



**FALLEGIR LITIR** Hér er Duma í litríkum fatnaði frá Chloé frá toppi til táar í París fyrir nokkrum dögum. NORDICPHOTOS/GETTY



**LITRÍK** Duma er fræg fyrir litríkan fatastíl en hér er hún ásamt tveimur rússneskum fyrirsætum.



**BLÁIR SKÓR** Hér er hún ásamt fatahönnuðinum Vika Gazinskaya á tískuvikunni í París.



**HÁIR HÆLAR** Duma klæðist Derek Lam á tískuvikunni í New York.



**HVÍTKLÆDD** Duma sést hér klæðast síðum hvítum kjól á góðgerðakvöldverði.

**MUNSTUR** Miroslava Duma klæðist hér munstruðum kjól og vesti í stíl á sýningu Derek Lam í New York.








**Í VANDRÆÐUM** Russell Brand kom sér í vandræði þegar hann henti síma inn um rúðu á lögfræðiskrifstofu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Grýtti síma inn um rúðu

Handtökuskipun hefur verið gefin út á hendur gamanleikaranum Russell Brand eftir að hann henti síma í gegnum glugga á lögfræðiskrifstofu í New Orleans.

Brand hafði rifið símann úr höndum ljósmyndara og þeytti honum því næst í gegnum rúðu á lögfræðiskrifstofu sem er í götunni. Brand skrifaði um atvikið á Twitter-síðu sinni og sagði ástæðuna að baki hegðun sinni vera þá að hann kynni því illa þegar fólk notaði uppfinningar Steve Jobs í illum tilgangi. Leikarinn hefur boðist til að bæta fyrir tjónið sem hann olli en sleppur þó ekki við handtöku og dóm.

Brand er staddur í New Orleans við tökur á nýrri kvikmynd.

Nýtt kortatímabil!

tilboðin gilda aðeins í Lindum

# LINDIR KÓPAVOGI
# FERMINGARDAGAR

## ALLA HELGINA – FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM






9.740 [fullt verð 14.990]

35% afsláttur

**ADIDAS COLORADO WINDBREAKER**
Renndur vindjakki með hettu. Herrastærðir: Svartur, dökkblár, rauður. Dömustærðir: Svartur.



16.490 [fullt verð 21.990]

25% afsláttur

**MCKINLEY DENALI 19**
2ja laga svefnpoki. Þægindahitastig +3° til -3°C. Þolir allt að -19°C. Hámarkshæð notanda 195cm. Hægt að festa 2 poka saman.



30% afsláttur

6.990 [fullt verð 9.990]

**NIKE PREMIER TEAM FIFA**
Vandaður fótbolti, FIFA QUALITY.



3.490 [fullt verð 4.990]

30% afsláttur

**T90 PROTEGGA SHIELD III**
Fótboltalegghlífar. Ökklahlífar lausar frá.



17.990 [fullt verð 22.990]

20% afsláttur

**MCKINLEY TREKKER**
Gönguskór úr leðri með vatnsheldri AQUAMAX filmu. Stærðir: 42-46.

INTERSPORT

OPIÐ VIRKA DAGA 11-19 LAU. 11-18 OG SUN. 12-18

Gildir meðan birgðir endast!



1098 kr. kg.

Frosið lambalæri frá Goða






29 kr. stk.

Krónu appelsín.

399 kr. pk.

Freyja Bestu molarnir

Öll kerti og servíettur

25% afsláttur



KRÓNAN

OPIÐ ALLA DAGA 10-20 Í LINDUM

35% afsláttur

14.995
Fullt verð 22.995



**TOSHIBA**
Blu-ray spilari frá Toshiba sem spilar Blu-Ray, DVD og CD diska og styður algengustu skráarsnið. Tengimöguleikar eru HDMI, Digital coax, LAN og USB.
BDX1250KE

Þú getur verið með 2 símakort frá mismunandi símafyrirtækjum á sama tíma. Nýttu þér frítt innan símafyrirtækis hjá tveimur símafyrirtækjum í einu tæki.



9.995
Fullt verð 13.995

29% afsláttur

Tekur 2 SIM kort

**NOKIA**
GSM sími sem tekur 2 SIM kort (Dual Sim). Allt að 13 klst í tali og 1.000 tímar í bið. MP3 hringitónar. 1,8" 65 þúsund lita skjár. Með dagatali, vekjaraklukku, vasaljósi, T9, FM útvarpi, MP3 spilara o.m.fl.



25% afsláttur

12.745
Fullt verð 16.995



18.745
Fullt verð 24.995

25% afsláttur

5 ára ábyrgð

**BaByliss**
**6615E/6616E.** Einn sá vandaðasti og öflugasti á markaðnum með AC mótor og fimmfaldri endingu á við hefðbundna blásara. 2 litir.

**PHILIPS**
**RQ1160.** W&D vél í SensoTouch seríunni með GyroFlex 2D rakhaus sem fer vel með húðina. Full hleðsla á 1 tíma gefur 50 mín endingu.




25% afsláttur

8.995
Fullt verð 11.995
RECKONING
KINGDOMS OF AMALUR

8.995
Fullt verð 11.995
SYNDICATE

ELKO

OPIÐ VIRKA DAGA 11-19 LAU. 11-18 OG SUN. 12-18




MYNDINNI ER SPÁÐ EINNI STÆRSTU OPNUN
ALLRA TÍMA Í BANDARÍKJUNUM

**HEIMSFRUMSÝND 23.MARS**

EINN STÆRSTI KVIKMYNDAVIÐBURÐUR ALLRA TÍMA!

LAUGARÁS BÍÓ · SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · BORGARBÍÓ · KEFLAVÍK SAMBÍÓIN

# sport

sport@frettabladid.is



**BIKARMEISTARAR** verða krýndir í blakinu um helgina þegar lokaúrslit Asicsbikarsins fara fram í Laugardalshöllinni. Undanúrslitaleikirnir í karla- og kvennaflokki fara fram í dag og úrslitaleikirnir eru síðan á morgun. Hjá konunum spila Þróttur Nes - Eik (klukkan 12.00) og Afturelding - HK (14.00) en hjá körlunum mætast Þróttur R - Stjarnan (16.00) og HK - KA (18.00). Úrslitaleikirnir fara síðan fram klukkan 13.30 (konur) og 15.00 (karlar) á morgun.

## KARFAN Í GÆR

*Iceland Express karla*

**Keflavík - Stjarnan 69-94 (41-53)**

**Stig Keflavíkur**: Charles Michael Parker 25 (5 stolnir), Valur Valss. 14, Jarryd Cole 12, Magnús Þór Gunnarss. 7, Sigurður Gunnarss. 4, Halldór Halldórss. 3, Andri Daníelss. 2, Arnar Jónss. 2.

**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse 20 (6 stoðs.), Renato Lindmets 17 (9 fráköst), Keith Cothran 15, Marvin Valdimarss. 13, Jovan Zdravevski 10, Fannar Helgas. 8 (13 fráköst), Dagur Jónss. 5, Guðjón Láruss. 5, Sigurjón Láruss. 1.

**Tindastóll - Þór Þorl. 97-80 (48-47)**

**Stig Tindastóls:** Curtis Allen 25 (9 fráköst), Maurice Miller 25, Igor Tratnik 11 (10 fráköst), Hreinn Birgiss. 9, Helgi Margeirss. 8, Friðrik Hreinsson 7, Þröstur Jóhannss. 6 (9 fráköst/5 stoðs.), Helgi Viggóss. 6

**Stig Þórs:** Darrin Govens 21, Blagoj Janev 20, Matthew Hairston 16, Darri Hilmarsson 10, Guðmundur Jónsson 6, Baldur Ragnarsson 5 (6 stoðs.), Grétar Erlendsson 2.

**Valur - KR 72-105 (40-53)**

**Stig Vals:** Benedikt Blöndal 14 (6 stoðs.), Birgir Pétursson 13 (11 frák.), Kristinn Ólafsson 13, Marvin Jackson 13, Ragnar Gylfason 11, Alexander Dungal 6, Bergur Ástráðsson 2.

**Stig KR:** Emil Jóhannss. 14, Robert Ferguson 14, Hreggviður Magnúss. 14, Dejan Sencanski 12, Martin Hermannss. 10 (6 stoðs.), Jón Kristjánss. 10, Joshua Brown 10, Finnur Magnuss. 8, Krist ófer Acox 5, Skarphéðinn Ingas. 4 (5 stoðs.), Ágúst Angantýsson 2, Björn Kristjánss. 2

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 20 | 17 | 3 | 1799-1599 | 34 |
| KR | 20 | 13 | 7 | 1784-1681 | 26 |
| Stjarnan | 20 | 13 | 7 | 1761-1643 | 26 |
| Þór Þ. | 20 | 13 | 7 | 1704-1613 | 26 |
| Keflavík | 20 | 12 | 8 | 1785-1697 | 24 |
| Snæfell | 20 | 11 | 9 | 1877-1780 | 22 |
| Tindastóll | 20 | 10 | 10 | 1675-1732 | 20 |
| Njarðvík | 20 | 9 | 11 | 1682-1714 | 18 |
| ÍR | 20 | 8 | 12 | 1770-1855 | 16 |
| Fjölnir | 20 | 8 | 12 | 1714-1801 | 16 |
| Haukar | 20 | 6 | 14 | 1575-1654 | 12 |
| Valur | 20 | 0 | 20 | 1516-1873 | 0 |

# Barcelona er of sterkt fyrir Milan

**Dregið var í átta liða og undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í gær. Heimir Guðjónsson, sérfræðingur 365 í Meistaradeildinni, segir að Barcelona sé of stór biti fyrir AC Milan. Hann spáir því að Chelsea lendi í vandræðum með Benfica en býst við því að Real Madrid og FC Bayern fari auðveldlega í undanúrslit.**

**FÓTBOLTI** Stórleikur átta liða úrslitanna er klárlega viðureign AC Milan og Barcelona. Þarna mætast tvö af stærstu knattspyrnuveldum Evrópu.

„Bæði lið hafa verið að spila vel upp á síðkastið og Milan er komið á toppinn á Ítalíu. Barca er þó á siglingu og Messi er með sýningu í hverjum leik. Ég held að Barcelona taki þetta og ekki síst þar sem þeir eru úr leik í baráttunni á Spáni og leggja ofuráherslu á þessa keppni,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH og sérfræðingur 365 í Meistaradeildinni.

„Barca og Milan léku saman í riðlakeppninni og þar náði Milan óvænt jafntefli á Spáni en Barca vann á Ítalíu og sýndi að það er sterkara,“ segir Heimir, en hvað með Milan-liðið? Það sýndi frábæran fyrri leik gegn Arsenal en var svo hræðilegt í seinni leiknum.

„Þeir virðast ekkert hafa lært af sögunni er þeir féllu út gegn Deportivo á sínum tíma og svo leikurinn frægi gegn Liverpool í Tyrklandi. Það sýnir að það vantar stöðugleika í Milan-liðið. Þeir ætluðu að taka Arsenal með vinstri og það er aldrei hægt í Meistaradeildinni.“

Svíinn Zlatan Ibrahimovic fær enn og aftur tækifæri í þessum leikjum til þess að sýna Barca hverju þeir eru að missa af. Það hefur ekki alltaf gengið vel.

„Hann á ekki alltaf sína bestu leiki í stóru leikjunum en lék vel í fyrri leiknum gegn Arsenal. Hann passaði ekki inn í kerfi Barcelona enda ekki til í að hlaupa mikið. Leikur þeirra gengur út á að vinna boltann strax aftur með hlaupum. Það var ekki fyrir hann og er svo að senda pillur á Guardiola sem ég hef aldrei skilið. Guradiola er að þjálfa besta félagslið frá upphafi og dapurt að Zlatan sé að þenja sig.“

Heimir segir að Real Madrid og FC Bayern eigi nokkuð greiða leið í undanúrslitin en býst við því að Chelsea lendi í vandræðum.

„Real Madrid er númeri of stórt fyrir APOEL. Bayern klárar Marseille án mikilla vandræða. Chelsea gegn Benfica verður hörkuviðureign. Benfica er með flott lið og Chelsea hefur ekki verið sannfærandi í vetur. Portúgalska liðið á vel að geta strítt Chelsea.“

henry@frettabladid.is

**Meistaradeildin**

**8-liða úrslit:**

APOEL - Real Madrid
Marseille - Bayern Munchen
Benfica - Chelsea
AC Milan - Barcelona
Fyrri leikirnir fara fram 27. og 28. mars og seinni 3. og 4. apríl.

**Undanúrslit:**

Marseille/Bayern - APOEL/Real Madrid
Benfica/Chelsea - AC Milan/Barcelona
Fyrri leikir 17. og 18. apríl og seinni 24. og 25. apríl.



**ANNAÐ TÆKIFÆRI** Augu margra verða á Zlatan Ibrahimovic er hann mætir sínu gamla félagi á ný. Hann fagnar hér marki í leik liðanna fyrr í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY








## PISTILLINN

**Helga Margrét Þorsteinsdóttir** frjálsíþróttakona

# Að vera samferða sjálfum sér

Fyrir nokkrum vikum bætti ég Íslandsmetið mitt í fimmtarþraut. Í kjölfarið átti ég samtal við eina bestu vinkonu mína sem vakti mig til umhugsunar og gaf mér innblástur í þennan pistil. Þessi vinkona mín æfir og keppir einnig í frjálsum íþróttum. Síðastliðin ár hafa verið henni erfið á brautinni og ekki gengið sem skyldi. En loksins núna í vetur fóru hlutirnir aftur að gerast hjá henni og hún er farin að hlaupa á mun betri tímum en síðastliðin ár. Sama dag og ég setti Íslandsmetið hafði hún einmitt hlaupið á flottum tíma. Við vorum því báðar sáttar með daginn. Ég talaði mest um hvað mér hefði þótt gaman í dag en hún talaði mest um hvað hún ætti mikið inni sem kæmi fram í næsta hlaupi. Auðvitað var ég sammála henni í því en fannst ég þó verða að stoppa hana þegar hún sagði: „Ó, það verður svo gaman hjá okkur næsta sumar.“

Af hverju þurfum við alltaf að vera einu skrefi á undan okkur sjálfum? Við erum varla komin yfir endamarkslínuna þegar við erum farin að tala um hvað næsta hlaup á að vera rosalega öflugt. Þegar íslenska landsliðið í handbolta hefur keppni á stórmóti virðist það stundum skipta meira máli að ná góðu sæti upp á að komast inn á næsta stórmót eða lenda í góðum riðli í næstu undankeppni í stað þess að ná virkilega góðum árangri á því móti sem er í gangi akkúrat þá stundina.

Þegar ég set Íslandsmet í fimmtarþraut innanhúss gefur það góð fyrirheit fyrir sumarið. Að sjálfsögðu má líta á það þannig en væri ekki gáfulegra bara að taka öllum árangri fagnandi án þess að þurfa sífellt að skilyrða hann við eitthvað sem hugsanlega getur orðið í framtíðinni? Ég veit að fyrir frjálsíþróttafólk skiptir sumarið 2012 miklu máli en það kæmi mér ekki á óvart ef að árangur sumarsins 2012 verði tengdur við sumarið 2016 þegar Ólympíuleikarnir verða haldnir aftur.

Ég sjálf stend mig oft að því að vera byrjuð að plana næsta æfinga- og keppnistímabil áður en núverandi æfinga- og keppnistímabili er lokið. Næsta sumar ætla ég að stökkva svona langt, lyfta svona þungt, hlaupa svona hratt, æfa svona mikið, vinna allar keppnir sem ég tek þátt í og bæta öll met. Það er auðvelt að gleyma sér í framtíðinni og missa af núverandi tímabili, tímabilinu sem síðasta sumar átti einmitt að vera tímabilið sem allt átti að ganga upp.

Það er mikilvægt að vera samferða sjálfum sér, taka eitt skref í einu og byrja á réttum enda. Ætli maður sér að verða Ólympíumeistari er gott að byrja á því að tryggja sér keppnisrétt á leikunum fyrst.



# ERU FÓTBOLTASKÓRNIR Í MESSI...

ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!



# ...KOMINN TÍMI Á NÝJA?

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF FÓTBOLTASKÓM FRÁ ADIDAS OG NIKE OG ÍÞRÓTTASKÓM FRÁ ADIDAS, NIKE, REEBOK OG ASICS

Reebok NORTH ROCK adidas Champion asics

NORTH ROCK ÆFINGABUXURNAR KOMNAR AFTUR, KR. 4.995. - CHAMPION ÍÞRÓTTATOPPAR KR. 3.995.
LEGGHLÍFAR OG FÓTBOLTABÚNINGAR

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

STÆRSTA OUTLET LANDSINS
MEÐ ÍÞRÓTTAVÖRUR!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

## > Nicole Kidman

„Ég les aldrei gagnrýni. Ég er stolt af vinnu minni.“

***Ástralska leikkonan fer með eitt aðalhlutverkanna í fjölskyldumyndinni The Golden Compass sem sýnd er á Stöð 2 Bíói klukkan 20.00 í kvöld.***



# dagskrá

## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 Sport kl. 05.40

### Formúlan hefst á ný

***Formula 1 kappaksturinn er sá vinsælasti í heimi og núna er komið að stóru stundinni. Fyrsta keppni ársins fer fram í Melbourne í Ástralíu og ökuþórarnir mæta á ráslínuna eldsnemma morguns. Mikil eftirvænting er meðal aðdáenda kappakstursins og búist er við meiri spennu en verið hefur undanfarin tvö ár þar sem Þjóðverjinn Sebastian Vettel hefur sigrað örugglega fyrir lið Red Bull. Núna er Finninn Kimi Räikkönen kominn aftur í Formúluna og það verða því sex fyrrverandi heimsmeistarar sem keppa í ár, fleiri en nokkru sinni fyrr. Lýsendur keppninnar eru þau Rúnar Jónsson og Halldóra Matthíasdóttir.***



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Skáld í útlegð **11.00** Guðsþjónusta í Lágafellskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Maður sem kallar allt sínu rétta nafni **15.00** Öryggissjóður verkalýðsins **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.30 Melissa og Joey** (9:30) (e)

**10.52 Hljómskálinn** (3:6) (e)

**11.30 Djöflaeyjan** (e)

**12.15 Meistaradeild í hestaíþr.** (e)

**12.30 Silfur Egils**

**13.50 Bikarúrslit í blaki** BEINT frá úrslitaleikjum kvenna og karla.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Skellibær** (49:52)

**17.40 Teitur** (26:52)

**17.50 Veröld dýranna** (48:52)

**17.55 Pip og Panik** (5:13)

**18.00 Stundin okkar**

**18.25 Basl er búskapur** (1:7) (Bonderøven)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Landinn**

**20.15 Höllin** (8:20) (Borgen) Myndaflokkur um valdatafl í dönskum stjórnmálum.

**21.15 Emilíana Torrini á tónleikum** Upptaka frá tónleikum hennar í Sviss.

**22.05 Sunnudagsbíó - Fuglar Ameríku** (Birds of America) Ungur maður sem á erfitt í einkalífi og starfi þarf að bjarga systkinum sínum úr vandræðum. Meðal leikenda eru Matthew Perry, Ben Foster og Hilary Swank. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.30 Silfur Egils** (e)

**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 The Golden Compass**

**08.00 Hachiko: A Dog's Story**

**10.00 The Last Song**

**12.00 Tooth Fairy**

**14.00 Hachiko: A Dog's Story**

**16.00 The Last Song**

**18.00 Tooth Fairy**

**20.00 The Golden Compass**

**22.00 Robin Hood**

**00.15 We Own the Night**

**02.15 Fired Up**

**04.00 Robin Hood**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Spaugstofan**

**12.30 Nágrannar**

**13.10 Nágrannar**

**13.50 Nágrannar**

**14.15 American Dad** (11:18)

**14.35 Friends** (3:24)

**15.00 American Idol** (20:40)

**15.45 Týnda kynslóðin** (27:40)

**16.15 Reykjavík Fashion Festival** Nýr og áhugaverður íslenskur sjónvarpsþáttur um alþjóðlegu tískuvikuna Reykjavík Fashion Festival sem fram fór sl. vor.

**16.55 Spurningabomban** (8:10)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.45 Sjálfstætt fólk** (23:38)

**20.25 The Mentalist** (13:24) Fjórða serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann leysir flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.10 Homeland** (3:13) Stórbrotin þáttaröð í anda 24 með Claire Danes í aðalhlutverki. Carrie Mathieson starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna og fær upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandarískum stríðsfanga á sitt band. Skömmu síðar frelsa bandarískir hermenn félaga sinn sem hafði verið í haldi hryðjuverkamanna í átta ár og var talinn af. Hermaðurinn Nick Brody snýr heim sem þjóðhetja en Carrie er sannfærð um að hann sé föðurlandssvikari og vinni með hryðjuverkamönnum.

**22.00 Boardwalk Empire** (6:12)

**23.00 60 mínútur**

**23.45 The Daily Show: Global Edition**

**00.10 Smash** (2:15)

**00.55 The Glades** (11:13)

**01.40 V** (6:10)

**02.25 Supernatural** (6:22)

**03.10 The Event** (2:22)

**03.55 One Night with the King** Stórbrotin mynd sem gerist í ævintýralegum heimi fullum af rómantík og ráðabruggi.

**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**05.40 Formúla 1: Ástralía** BEINT frá fyrstu keppni ársins í Formúlunni sem fram fer í Melbourne í Ástralíu. Það eru sex fyrrverandi heimsmeistarar meðal ökuþóra og má búast við spennandi keppni í ár.

**07.50 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Napoli**

**10.20 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**

**10.55 Evrópudeildarmörkin**

**11.45 Formúla 1: Ástralía** Útsending frá fyrstu keppni ársins í Formúlunni.

**13.50 Chelsea - Leicester** BEINT frá 8 liða úrslitum ensku FA bikarkeppninnar.

**15.50 Liverpool - Stoke** FA bikarkeppnin.

**18.05 Spænski boltinn: Sevilla - Barcelona**

**19.50 La Liga Report**

**20.20 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga** BEINT

**22.30 Chelsea - Leicester**

**00.15 Liverpool - Stoke**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.40 Wigan - WBA**

**11.30 Fulham - Swansea**

**13.20 Wolves - Man.United** BEINT

**15.45 Newcastle - Norwich** BEINT

**18.00 Liverpool - Everton**

**19.50 Wolves - Man.United**

**21.40 Newcastle - Norwich**

## EXTRA

**15.35 Íslenski listinn**

**16.00 Bold and the Beautiful**

**16.40 Bold and the Beautiful**

**17.20 Bold and the Beautiful**

**17.40 Falcon Crest** (11:30)

**18.30 ET Weekend**

**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.40 The Glee Project** (11:11)

**20.25 American Idol** (19:40) (20:40)

**22.35 Damages** (13:13) (1:13)

**00.25 Falcon Crest** (11:30)

**01.15 ET Weekend**

**02.00 Íslenski listinn**

**02.25 Sjáðu**

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Gamansaman **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldhús meistranna **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartar tungur **18.00** Tveggja manna tal **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Bubbi og Lobbi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** You tube spjallið **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**11.05 Dr. Phil** (e)

**11.50 Dr. Phil** (e)

**12.35 Dr. Phil** (e)

**13.20 Dynasty** (9:22) (e)

**14.05 90210** (8:22) (e)

**14.55 Britain's Next Top Model** (1:14) (e)

**15.45 Once Upon A Time** (11:22) (e)

**16.35 HA?** (25:31) (e)

**17.25 Solsidan** (6:10) (e)

**17.50 The Office** (22:27) (e)

**18.15 Matarklúbburinn** (5:8) (e)

**18.40 Survivor** (15:16) (e) Þegar aðeins þrír keppendur eru eftir bíða krefjandi spurningar frá kviðdóminum sem ákveður hver hlýtur milljón dali.

**19.25 Survivor** (16:16)

**20.10 Top Gear Australia** (5:6) Ástralska útgáfa Top Gear þáttanna hefur notið mikilla vinsælda en þátturinn er í umsjá þeirra Shane og Ewens.

**21.00 Law & Order** (1:22) Lögreglumaður er drepinn í kjölfar misheppnaðs ráns. Vísbendingarnar leiðir lögregluna á slóð hinna ríku og frægu.

**21.45 The Walking Dead** (7:13) Leyndarmál síðasta þáttar draga dilk á eftir sér og Shane heimtar að eitthvað verði gert í málunum.

**22.35 Blue Bloods** (5:22) (e)

**23.25 Prime Suspect** (8:13) (e)

**00.15 The Walking Dead** (7:13) (e)

**01.05 Whose Line is it Anyway?** (27:39) (e) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.

**01.30 Smash Cuts** (36:52) (e)

**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.15** Transitions Championship 2012 (3:4) **11.45** Golfing World **12.35** Transitions Championship 2012 (3:4) **17.05** Inside the PGA Tour (11:45) **17.30** Transitions Championship 2012 (4:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 2008 **23.15** Monty's Ryder Cup Memories **00.05** ESPN America

## BBC entertainment

**06.30** EastEnders **07.30** EastEnders **08.35** Come Dine With Me **10.15** Come Dine With Me **11.55** QI **12.25** QI **12.55** QI **13.25** Top Gear **14.20** Come Dine With Me **15.10** Come Dine With Me **16.00** QI **16.30** QI **17.00** This Is Sport Relief **17.30** Sport Relief 2012 **18.30** Sport Relief 2012 **19.30** QI **20.00** Derren Brown Mind Control **20.55** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.40** Live at the Apollo **22.25** QI **22.55** QI **23.25** Lee Evans Big Tour **00.15** Deal **05.00** My Family **05.30** The Weakest Link

## DR 1

**10.50** Dybfrosne forfrysninger **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** BingoBoxen **11.25** Hortons hovedpine - selvmordshovedpinen **12.00** Verdens børn er blevet voksne **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.50** Krummerne 3. Fars gode idé **15.15** HåndboldSøndag **15.30** HåndboldSøndag **17.00** Fodbold EM Magasinet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Oceaner af liv **18.50** Downton Abbey **20.00** 21 Søndag **20.40** Fodboldmagasinet **21.10** Clement Søndag **21.50** McBride **23.10** DR1 Dokumentaren

## NRK 1

**06.10** Førkveld **06.50** Norge rundt **07.15** Brenner - historier fra vårt land **07.55** V-cupfinale alpint **08.35** Sportssøndag **08.55** V-cupfinale hopp **10.00** V-cupfinale skiskyting **11.30** Sportssøndag **12.15** V-cupfinale langrenn **13.30** V-cupfinale skiskyting **14.10** V-cupfinale langrenn **15.00** Sport i dag **16.30** Underveis **17.00** Bokprogrammet **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.05** Norske røter **19.55** Erobreren **20.55** Virtuos **22.15** Kveldsnytt **22.30** Filmbonanza **23.00** Filmens historie

## svt1

**08.00** Alpint **08.40** Vinterstudion **09.00** Alpint **09.40** Vinterstudion **10.30** Alpint **11.10** Vinterstudion **11.30** Alpint **12.10** Vinterstudion **12.30** Skidor **13.15** Vinterstudion **14.15** Skidor **14.55** Vinterstudion **15.35** Suits **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Äkta människor **21.00** Damages **21.45** Rapport **21.50** Antikrundan **22.50** 30 grader i februari **23.45** Smartare än en femteklassare

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Meira á www.intersport.is
Ferming 2012
15.990
MCKINLEY SORRENTO AQAMAX
Léttir gönguskór með vatnsheldri AQUAMAX-öndunarfilmu.
Dömu- og herrastærðir: 37-46
100% VERÐVERND
INTERSPORT
EF ÞÚ FINNUR SÖMU VÖRU Á LÆGRA VERÐI
ÞÁ ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR MISMUNINN*
ALLTAF
LÆGSTA VERÐIÐ
MEÐ VERÐVERND INTERSPORT*
9.990
fullt verð 11.490
3.490
fullt verð 4.990
3.990
VIEWLUX POCKET
Sjónauki. Stækkun 8 X 21.
Stækkun 10 x 25 kr. 4.490
T90 PROTEGGA SHIELD III
Fótboltalegghlífar.
Ökklahlífar lausar frá.
6.990
SHIMANI HYPERLOOP 4000 RB
Veiðihjól. Lína fylgir.
Fæst eingöngu á Bíldshöfða.
fullt verð 15.990
12.990
fullt verð 9.990
6.990
ADIDAS HOODED FLOCK
Rennd hettupeysa úr polyester.
Herrastærðir.
ADIDAS TRACKPANT
Íþróttabuxur úr polyester.
Herrastærðir.
NIKE PREMIER TEAM FIFA
Vandaður fótbolti,
FIFA QUALITY.
16.490
fullt verð 21.990
fullt verð 9.990
6.990
DISCOVERY 28 W
28 lítra göngubakpoki fyrir dömur.
MCKINLEY DENALI 19
2ja laga svefnpoki. Þægindahitastig +3° til -3°C.
Þolir allt að -19°C. Hámarkshæð notanda 195cm.
Hægt að festa 2 poka saman.
fullt verð 17.990
14.990
NIKE MERCURIAL VICTORY II FG
Fótboltaskór úr léttu efni.
Stærðir: 40 - 46.
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 17. – 23. MARS
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA
*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tvær vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvöru.
EXPO · www.expo.is
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.



> Stöð 2 kl. 20.00

**Charlie St. Cloud**

*Zac Efron úr High School Musical og 17 Again leikur titilhlutverkið í þessari áhrifamiklu og rómantísku mynd. Hann leikur ungan mann sem verður að velja á milli þess að efna loforð sem hann gaf yngri bróður sínum, sem lést í bílslysi, eða láta hjartað ráða för og byrja með stúlku sem hann fellur fyrir.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR SAKNAR CHARLIES

# *Kutcher kúkar upp á bak*

Sjónvarpsþátturinn Two and a Half Men verður seint talinn til stórvirkja í sjónvarpsþáttagerð en á meðan Charlie Sheen var í einu aðalhlutverkanna átti hann þó sína spretti. Það var fínt að fleygja sér á sófann í heilaletinni að afloknum vinnudegi og glotta út í annað að hinni óforskömmuðu persónu Charlies, sem margir hafa haldið fram að byggi á persónu hans sjálfs.

Það var því hálfgert áfall að frétta að Sheen hefði verið sparkað og Ashton Kutcher ráðinn í hans stað. Og ekki nóg með það heldur er svo vandlega girt fyrir endurkomu Charlies í þættina að nýja þáttaröðin hefst á jarðarför hans. Einhvern veginn segir mér svo hugur að um leið hafi farið fram jarðarför þáttanna sjálfra, því persónan sem Kutcher leikur er bara hvorki skemmtileg né aðlaðandi. Kutcher virðist heldur ekki ná neinu sambandi við hlutverkið og túlkunin er sorglega einhliða. Milljónamæringurinn með barnssálina er strax eftir þrjá þætti orðinn óheyrilega pirrandi og hreint út sagt hundleiðinlegur. Svo leiðinlegur að áhorfi á þættina er sjálfhætt jafnvel í ítrustu heilaletiköstum.



Nú er bara að krossa fingur og vona að einhver sniðugur sjónvarpsframleiðandi fylli gatið sem Charlie skildi eftir í amerískri sjónvarpsmenningu með því að ráða hann til að leika sjálfan sig, enn og aftur, í einhverjum nýjum þáttum. Þá yrði nú kátt í heilaletihöllinni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Oberto **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Gettu betur** (4:7) (Menntaskólinn á Akureyri - Kvennaskólinn í Reykjavík) (e)
**11.30 Hrunið** (3:4) (e)
**12.25 Hrunið** (4:4) (e)
**13.25 Kiljan** (e)
**14.15 Heimskautin köldu – Vor** (2:6) (Frozen Planet) (e) Náttúrulífsflokkur frá BBC.
**15.05 Gerð Heimskautanna köldu** (2:6) (The Making of Frozen Planet) (e)
**15.20 Septemberblaðið (The September Issue) (e)**
**16.50 360 gráður** (e)
**17.20 EM í knattspyrnu** (1:8) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.58 Bombubyrgið** (22:26) (Blast Lab)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (10:13) (The Adventures of Merlin)
**20.30 Hljómskálinn** (3:6)
**21.15 Skin og skúrir** (Come Rain Come Shine) Framagosi sem hefur lifað á lánum lendir í kröggum.
**22.50 Smáfiskar** (Little Fish) Fyrrverandi heróínsjúklingi býðst að taka þátt í fíkniefnaviðskiptum til að bjarga fjárhag sínum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.45 Sherlock** (1:3) (Sherlock) (e) Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Date Night**
**10.00 Fame**
**12.00 Alice In Wonderland**
**14.00 Date Night**
**16.00 Fame**
**18.00 Alice In Wonderland**
**20.00 Shallow Hal**
**22.00 Fast Food Nation**
**00.00 Stieg Larsson þríleikurinn**
**02.30 The Last House on the Left**
**04.20 Fast Food Nation**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (11:11)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 American Idol** (19:40)
**15.05 Sjálfstætt fólk** (22:38)
**15.45 New Girl** (5:24)
**16.10 Two and a Half Men** (11:16)
**16.35 ET Weekend**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir og íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan**
**20.00 Charlie St. Cloud** Charlie sem er fastur í fortíðinni eftir bróðurmissi býr enn í smábæ hjá foreldrum sínum. Öllum að óvörum snýr gömul skólasystir hans aftur til bæjarins og hjarta Charlie tekur kipp.
**21.40 12 Rounds** Hörkuspennandi mynd um rannsóknarlögreglumanninn Danny Fisher sem uppgötvar að kærustu hans hefur verið rænt af fyrrum fanga sem hann kom bakvið lás og slá á sínum tíma. Fanginn leggur 12 lífshættuleg verkefni fyrir Danny sem hann þarf að ljúka til að endurheimta kærustuna.
**23.25 Not Easily Broken** Áhrifamikil mynd um ungt par sem lendir í bílslysi og í kjölfarið breytist samband þeirra.
**01.05 Rachel Getting Married** Dramatísk mynd með Anne Hathaway í aðalhlutverki. Hún leikur unga konu sem er nýkomin úr meðferð en heldur heim til sín til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar.
**02.55 Delta Farce** Gamanmynd um seinheppna þjóðvarðliða sem lenda í ýmsum hremmingum. Vegna miskilnings er haldið að þeir séu hermenn og eru sendir til Íraks. Vélin lendir í stormi og á meðan þeir sofa er herjeppanum þeirra varpað fyrir borð og þeir lenda í Mexíkó. Þegar þeir vakna halda þeir að þeir séu í Írak og vita ekkert í sinn haus.
**04.25 ET Weekend**
**05.05 Two and a Half Men** (11:16)
**05.30 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.05 Golfskóli Birgis Leifs** (9:12)
**08.35 Meistarad. Evr.: Bayern - Basel**
**10.25 Ástralía - Tímataka** Útsending frá tímatökunni fyrir keppni í Formúlu 1.
**12.05 FA Cup - Preview Show**
**12.35 Everton - Sunderland** BEINT frá 8 liða úrslitum ensku FA bikarkeppninnar.
**14.50 Meistarad. Evr.: Inter - Marseille**
**16.45 La Liga Report**
**17.20 Tottenham - Bolton** BEINT frá 8 liða úrslitum ensku FA bikarkeppninnar.
**19.20 Spænski boltinn: Sevilla - Barcelona** BEINT
**21.15 Everton - Sunderland**
**23.05 Tottenham - Bolton**
**01.00 Sergio Martinez - Matthew Macklin** BEINT frá hnefaleikakeppni sem fram fer í Madison Square Garden.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.05 Liverpool - Everton**
**11.55 Arsenal - Newcastle**
**13.45 Premier League World**
**14.15 Premier League Preview**
**14.45 Fulham - Swansea** BEINT
**17.15 Wigan - WBA**
**19.05 Arsenal - Newcastle**
**20.55 Fulham - Swansea**
**22.45 Wigan - WBA**

## EXTRA

**16.40 Nágrannar**
**18.25 Cold Case** (15:22)
**19.10 Spurningabomban** (8:10)
**20.00 Týnda kynslóðin** (27:40)
**20.30 Twin Peaks** (12:22)
**21.20 Numbers** (11:16)
**22.05 The Closer** (13:15)
**22.50 Bones** (6:23)
**23.35 Perfect Couples** (4:13) (5:13) (6:13) (7:13)
**01.00 Cold Case** (15:22)
**01.45 Íslenski listinn**
**02.10 Sjáðu**
**02.40 Spaugstofan**
**03.10 Týnda kynslóðin** (27:40)
**03.40 Spurningabomban** (8:10)

## SKJÁREINN

**14.05 Dr. Phil** (e)
**14.45 Dr. Phil** (e)
**15.30 Dynasty** (8:22) (e)
**16.15 Got to Dance** (3:15) (e)
**17.05 Innlit/útlit** (5:8) (e)
**17.35 The Firm** (3:22) (e)
**18.25 The Jonathan Ross Show** (17:19) (e) Sean Bean er aðalgestur Jonathans í þessum þætti.
**19.15 Minute To Win It** (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (12:48)
**20.25 Eureka** (11:20) Carter lendir í óþægilegri stöðu þegar það hleypur snurða á þráðinn í brúðkaupsundirbúningi S.A.R.A.H. og Andy. Zane heldur áfram að reyna að toga upplýsingar upp úr Jo sem hún vill ekki veita.
**21.15 Once Upon A Time** (11:22) Sidney reynir að fá Emmu til að slást í lið með sér gegn Reginu og í ævintýralandi fær Leopold konungur þrjár óskir uppfylltar en hann þarf að vanda valið.
**22.05 Saturday Night Live** (12:22) Það er Harry Potter-stjarnan Daniel Radcliffe sem er gestastjórnandi kvöldsins.
**22.55 Married to the Mob** Bandarísk gamanmynd frá árinu 1988 með Michelle Pfeiffer og Alec Baldwin í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um uppljóstrara bandarísku alríkislögreglunnar sem fellur fyrir eiginkonu nýlátins mafíósa.
**00.40 HA?** (25:31) (e)
**01.30 Whose Line is it Anyway?** (26:39) (e)
**01.55 Real Hustle** (7:20) (e)
**02.20 Smash Cuts** (35:52) (e)

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Transitions Championship 2012 (2:4) **11.10** Ryder Cup Official Film 2004 **12.25** Golfing World **13.15** Inside the PGA Tour (11:45) **13.40** Transitions Championship 2012 (2:4) **16.40** Golfing World **17.30** Transitions Championship 2012 (3:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 2006 **23.15** Inside the PGA Tour (11:45) **23.40** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**08.10** ,Allo ,Allo! **09.15** ,Allo ,Allo! **10.20** Keeping Up Appearances **11.20** Keeping Up Appearances **12.25** My Family **12.55** My Family **13.25** My Family **13.55** QI **15.00** QI **15.30** QI **16.00** My Family **16.30** My Family **17.00** Doctor Who **18.05** Doctor Who Confidential **18.20** Strictly Come Dancing **19.45** Strictly Come Dancing **20.30** Hustle **21.25** PAs **22.20** The Whistleblowers **23.10** Come Dine With Me **00.00** Deal or No Deal **05.05** Come Dine With Me **05.55** Fawlty Towers

## DR 1

**09.50** Aaron Stone **10.10** Mille **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn **11.55** Sign up **12.15** Verdens børn er blevet voksne **12.45** Jamies mad på 30 minutter **13.10** Ved du hvem du er? **14.10** Lykke **15.10** X Factor **16.10** X Factor Afgørelsen **16.40** Før søndagen **16.50** Sporløs **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Limbo 1+2 **19.00** Krummerne 3. Fars gode idé **20.25** Wallander - vidnet **21.55** Nævningen

## NRK 1

**13.30** V-cupfinale skiskyting **14.10** V-cupfinale langrenn **15.00** Birkebeinerrennet. Direkte fra folkefesten **15.10** V-cupfinale hopp **15.55** Birkebeinerrennet. Direkte fra folkefesten **16.05** V-cup fristil **17.00** Birkebeinerrennet. Direkte fra folkefesten **17.05** Sport i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Amigo Grande **19.25** Mesternes mester **20.25** Valens Rikskringkasting **20.55** Nye triks **21.45** Morgendagens Virtuos **22.00** Kveldsnytt **22.15** Om forlatelse

## svt1

**08.00** Alpint **08.40** Vinterstudion **09.00** Alpint **09.40** Vinterstudion **09.50** Längdskidor **10.30** Alpint **11.10** Vinterstudion **11.30** Alpint **12.10** Vinterstudion **12.30** Skidor **13.15** Vinterstudion **14.15** Skidor **14.50** Vinterstudion **15.00** Handboll **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Smartare än en femteklassare **20.00** Robins **20.30** Mardröm i paradiset **21.25** Rapport **21.30** Suits **22.50** Jonathan Ross show **23.40** Crossroads

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Tveggja manna tal **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala

vísir

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.

# Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

Komdu í kaffi og kleinur. Kynntu þér spartækni Ford.




## Lífið er greit

Spyrðu um fram-
lengda verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 5.390.000 kr.
Lægra verð fyrir beinskiptan með 140
hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari
upplýsingar á ford.is
hjá ráðgjöfum.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 6.290.000 kr.
Betra verð fyrir sjálfskiptan með 163
hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari
upplýsingar á ford.is
eða hjá ráðgjöfum.

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
Tökum allar tegundir
bíla uppí nýja

**Komdu í kaffi og kleinur**
**Komdu í Brimborg í dag**
Opið 12 til 16

## Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 12 og 16*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

## PERSÓNAN



*Hörður Snævar Jónsson*

**Aldur:** 22 ára
**Starf:** Ritstjóri vefsíðunnar 433.is
**Búseta:** Kópavogur
**Foreldrar:** Alda Harðardóttir, fjármálastjóri og Jón Friðrik Snorrason
**Stjörnumerki:** Vatnsberi

Hörður er ritstjóri fótboltasíðunnar 433.is sem fór í loftið í gær.

# Íslendingar eru nammisjúkir

„Ég vildi opna búð sem fær viðskiptavininn til að segja vá þegar hann labbar inn. Hingað til hafa flestir sagt vá þegar þeir ganga inn um dyrnar," segir Alfreð Chiarolanzio eigandi nýju nammibúðarinnar Nammibarinn á Laugavegi.

Nammibarinn státar af alls 430 nammiboxum og telur Ólafur að hann bjóði upp á mesta úrval sælgætis á Íslandi. „Ég held að þetta sé stærsti nammibar á Íslandi og ég hef fengið að heyra að við séum ekki með nógu stóra poka til rúma allar tegundirnar," segir Alfreð en hann hefur lengi langað að opna búð sem býður einungis upp á sælgæti. „Ég hef verið að vinna í nammibransanum lengi og fannst vanta búð þar sem það er hreinlega upplifun fyrir viðskiptavininn að versla."

Nammibarinn er opinn frá 11 til miðnættis á virkum dögum en til tvö á nóttunni um helgar og hafa viðtökurnar verið framar vonum síðan verslunin opnaði fyrir rúmri viku. „Íslendingar eru náttúrulega nammisjúkir og það var frábær stemning hérna síðustu helgi. Það eru ekki bara djammarar í miðbænum á kvöldin um helgar," segir Alfreð sem ætlar sér stóra hluti með Nammibarinn í framtíðinni. „Búðin á Laugavegi er bara sú fyrsta af mörgum enda er greinilegt að það er markaður fyrir svona búð."

Nokkrar flökkusögur hafa verið á sveimi um óhreinlæti nammiboxa í verslunum en Alfreð vill meina að það séu allt ýkjur en hann leggur hins vegar mikið upp úr hreinlæti í búðinni. „Hver og einn fær sína eigin skeið með pokanum sem viðskiptavinurinn skilar til okkar þegar hann er búinn að versla. Við hugsum mikið um hreinlæti." - áp



**430 NAMMIBOX F37160312** Alfreð Chiarolanzio segir viðtökur Nammibarsins hafa verið framar vonum enda séu Íslendingar nammisjúkir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**BIRGIR ÖRN BIRGISSON:** KEMUR Í LJÓS HVAÐA PITSU HANN BAKAR

# KEMUR Á EINKAÞOTU OG BAKAR PITSU Á SELFOSSI

Nýr Dominos veitingastaður opnar á Selfossi í dag og í tilefni þess mun Patrick Doyle, forstjóri Dominos í heiminum, mæta á staðinn og baka eina flatböku. Doyle flýgur með einkaþotu til landsins til þess eins að vera viðstaddur opnunina.

Doyle var í fyrra valinn Forstjóri ársins, eða CEO of The Year upp á enska vísu, af sjónvarpsstöðinni CNBC. Hann flýgur hingað til lands í dag til þess að vera viðstaddur opnun staðarins, klippa á borðann og baka í leiðinni eina pitsu handa heppnum viðskiptavini. Doyle þessi er þekktur fyrir létta lund og leikur forstjórinn til að mynda sjálfur í mörgum auglýsingum fyrirtækisins.

Birgir Örn Birgisson, framkvæmdastjóri Dominos á Íslandi, segir starfsfólk Dominos spennt fyrir að hitta Doyle en þetta er í fyrsta sinn sem forstjórinn heimsækir landið. „Hann ferðast mikið á milli landa en hefur ekki komið til Íslands áður og hafði því mikinn áhuga á að heimsækja landið. Við höfðum samband við hann og þar sem hann er á ferðalagi um Evrópu var auðvelt fyrir hann að koma við í leiðinni."

Inntur eftir því hvort hann viti hvers konar pitsu Doyle muni baka svarar Birgir Örn neitandi. „Það kemur í ljós síðar í dag. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu mjög lengi og unnið sig upp frá grunni þannig ég held að honum verði hæg heimantökin," segir Birgir Örn að lokum.

Sérstök opnunardagskrá verður á Dominos á Selfossi í dag á milli klukkan 12.30 og 14.30.

sara@frettabladid.is



**BAKANDI FORSTJÓRI** Patrick Doyle, forstjóri Dominos í heiminum, verður viðstaddur opnun nýs staðar á Selfossi í dag. Hann mun taka til hendinni og baka eina pitsu.

# Vogue og Eurowoman á RFF

„Það eru ögn færri erlendir fjölmiðlar í ár en hafa verið síðustu ár en það er mjög góðmennt," segir Þórey Eva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Fashion Festival, um komu erlendra fjölmiðla á tískuhátíðina sem fer fram dagana 30. og 31. mars.

Um 20 erlendir aðilar hafa staðfest komu sína á RFF til að berja íslenska tísku augum. Ber það helst að nefna blaðamenn frá þýska, ítalska og breska Vogue, danska Eurowoman og aðstandendur vefsíðnanna Fashionista.com, Fashionetc.com og Stylecaster.com. Einnig hefur innkaupafólk frá danska hönnuðinum Henrik Vibskov sem og frá bandarísku verslanakeðjunni Bloomingdale's boðað komu sína.

„Markaðurinn er óneitanlega stærri erlendis og því er mjög mikilvægt að nota þessa helgi til að mynda samband milli íslenskra hönnuða og erlendu aðilanna. Alþjóðleg markaðssetning er mikilvæg og þessi helgi getur opnað ýmsar dyr fyrir hönnuðina," segir Þórey Eva en á laugardeginum 31. mars verður haldið málþing undir stjórn þýska hönnuðarins Bernhard Willhelm. „Þar verður kjörið tækifæri fyrir íslenska hönnuði að vekja athygli á vöru sinni, fá gagnrýni og mynda tengslanet."

Það styttist óðum í tískuveisluna en markmiðið er að miðbærinn fyllist af lífi þessa helgina. Sérstakir tískudagar verða í verslunum miðbæjarins sem verða opnar til kl. 22 á laugardeginum vegna RFF. Sjálfar tískusýningarnar eru 30. og 31. mars í Hörpu og Gamla Bíó en þar má sjá hönnuði á borð við Munda, Kormák&Skjöld, Ellu, Milla Snorrason, Kalda og Kron by Kronkron sýna nýjustu fatalínur sínar. - áp



**MIKILL ÁHUGI** Alþjóðleg markaðsetning er mikilvæg fyrir íslenska tísku segir Þórey Eva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri RFF, en um 20 erlendir aðilar hafa staðfest komu sína á hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



30% AFSLÁTTUR

**Salatskál með salatgöfflum,**
4.778 kr
**Habitat**

30% AFSLÁTTUR

**Öll Habitat-handklæði,**
margir litir
**30% afsláttur**

30% AFSLÁTTUR

**GARLAND vafningur,**
3.413 kr.
**Habitat**

30% AFSLÁTTUR

**Mokkabollar,**
4 stk. í pakka, 2.975 kr
**Habitat**

30% AFSLÁTTUR

**Eldhúsvog,** stál,
9.555 kr.
**Habitat**

30% AFSLÁTTUR

**Tvöföld glerkrukka með loki,**
3.920 kr.
**House-doctor**

30% AFSLÁTTUR

**Concetta-matarstell,**
**30% afsláttur**
**Habitat**

30% AFSLÁTTUR

**Marglit sprittkerti frá Habitat**
10 stk. í pk. 410 kr.
30 stk. í pk. 956 kr.

Gerum hús að heimili

KRINGLUKAST

TEKK COMPANY

Tekk Company · Sími 564 4480 · www.tekk.is

Kringlunni og Kauptúni

Öll birt verð eru afsláttarverð

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ævintýri Jóhönnu í Noregi

Söngkonan Jóhanna Guðrún er búin að koma sér vel fyrir í nýju húsnæði í Kongsvinger í Noregi ásamt kærasta sínum, tónlistarmanninum Davíð Sigurgeirssyni, og hundinum Bjarti. Þau fluttu til Noregs í byrjun ársins þar sem þau ætla að leita uppi ný ævintýri. Ekki skemmir fyrir að umboðsmaður hennar býr þar í landi. Jóhanna og Davíð eru þegar búin að semja nýtt lag saman og verður fróðlegt að fylgjast með samstarfi skötuhjúanna í framtíðinni. **- fb**



### Grínarar taldir drukknir

Mið-Íslendingarnir **Bergur Ebbi**, Ari Eldjárn og **Dóri DNA** rúntuðu um bæinn á amerískum kagga í vikunni. Rúnturinn var liður í kynningarherferð fyrir þáttaröð grínhópsins sem hefur göngu sína á Stöð 2 á næsta fimmtudag. Þeir voru klæddir í nokkur af gervum sínum úr þáttunum og fyrir utan Menntaskólann við Hamrahlíð voru þeir með háreysti með aðstoð gjallarhorns. Þetta féll í ágætan jarðveg hjá nemendum skólans en síður hjá starfsfólki sem virtist sumt hvert ekki gera sér grein fyrir því hverjir þarna væru á ferð, hlupu til og reyndu að koma þessum drykkjurútum af skólalóðinni. Rétt er að taka fram að grínistarnir voru allsgáðir. **- sh**



### Mest lesið | vísir

1. Verjandi Einars ekki fengið nein gögn um „Veiðileyfið“
2. George Clooney handtekinn
3. Á slysadeild eftir fólskulega líkamsárás
4. Bryndís Schram: Hef ekki búið með barnaníðing í hálfa öld
5. Skúla enn haldið sofandi - sýnir jákvæða svörun

**ENSKI BIKARINN Í BEINNI UM HELGINA**

**LAUGARDAG**
12:35 Everton - Sunderland
17:20 Tottenham - Bolton
**SUNNUDAG**
13:50 Chelsea - Leicester
15:50 Liverpool - Stoke



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

